
Úttekt á stjórnsýslu, rekstri og
fjármálum Sveitarfélagsins
Árborgar og tillögur

Sveitarfélagið Árborg
Unnið fyrir bæjarstjórn

Samantekt

Inngangur

- Með samningi, dags. 24. september 2018, tók HLH ehf. að sér að gera úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjármálum Sveitarfélagsins Árborgar með það að markmiði að koma fram með tillögur að hagræðingu í stjórnsýslu og rekstri, þannig að reksturinn skili meiri framlegð, m.a. til að standa undir afborgunum lána, nýjum framkvæmdum og aukinni þjónustu.

Íbúaföldi

- Eins og tafla 1 sýnir fjölgaði íbúum á landinu öllu um 9,1% á tímabilinu frá 2009 til 2018, þegar fjölgaði um 13,5% í Sveitarfélaginu Árborg og 9,7% á Suðurlandi samtals.
- Á milli áranna 2017 og 2018 fjölgaði íbúum í Sveitarfélaginu Árborg um 524 íbúa, eða um 6,2%.
- Að meðaltali fyrir landið allt eru 66,1% íbúa á aldrinum 17 til 66 ára miðað við janúar 2018. Þetta er sá aldurshópur sem að mestu stendur undir að greiða skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga.
- Hjá sveitarfélaginu Árborg er hlutfallið 62,5%. Samanborið við landið allt þar sem hlutfallið er 66,1%.
- Sveitarfélagið Árborg sker sig nokkuð úr með hátt hlutfall íbúa í aldurshópnum sex til 16 ára, þar sem hlutfallið er 16,9% en til samanburðar er það 14,4% fyrir landið allt.

Skuldir sveitarfélaga

- Sveitarfélagið Árborg var samkvæmt þessu í 14. sæti yfir skuldugustu sveitarfélögin í árslok 2017 með hlutfallið 131,6%.
- Hlutfallið samtals fyrir öll sveitarfélögin var 143% en var í árslok 2016 153%. Þannig hafa skuldir sveitarfélaga samtals sem hlutfall af tekjum þeirra lækkað á milli áranna.

Skuldir Sveitarfélagsins Árborgar

- Eins og tafla 3 sýnir hafa skuldir A-hluta aukist úr 1.998 millj. kr. árið 2002 í 10.499 millj. kr. árið 2017, eða um 8,5 milljarða kr. á verðlagi hvors árs, sem er hækkun um 525%, eða rúmlega fimmföldun skulda á tímabilinu.
- Á sama tíma jukust tekjur A-hlutans úr 1.717 millj. kr. í 6.632 millj. kr., eða um 4.9 milljarða kr., sem er aukning um 386%, eða tæplega fjórföldun tekna á tímabilinu.
- Á sama tímabili lækka skuldir B-hlutans úr 866 millj. kr. í 640 millj. kr. á verðlagi hvors árs.
- Samtals hafa skuldir sveitarfélagsins á þessum tímabili því aukist úr 2.865 millj. kr. árið 2002 í 11.139 millj. kr. árið 2017, sem er aukning um 389%, eða tæplega fjórfaldast.
- Á þessum tíma hækkaði meðaltalsvísitala neysluverðs um 199% og tekjur sveitarfélagsins, A- og B-hluti, um 343%.
- Skuldahlutfall Sveitarfélagsins Árborgar var komið niður í 132% í árslok 2017. Verður

að fara alveg aftur til ársins 2002 til að finna lægra hlutfall skulda af tekjum.

- Skuldir A-hluta Sveitarfélagsins Árborgar við eigin fyrirtæki voru orðnar 1.227 milljónir króna í árslok 2017 en voru í árslok 2016 1.083 milljónir króna.
- B-hluta stofnanir skulda A-hluta í langtímaskuldum 183 milljónir króna og í skammtímaskuldum 882 milljónir króna, eða samtals 1.065 milljónir króna

Veltufé og handbært fé frá rekstri og fjárhreyfingar

- Veltufé frá rekstri segir til um hvað eftir stendur af rekstrartekjum þegar búið er að greiða öll dagleg útgjöld sveitarfélagsins, svo sem laun, rafmagn og hita, skólamat o.s.frv.
- Á árinu 2017 greiddu B-hluta stofnanir, samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins, framlag til A-hlutans samtals að upphæð 188.778 þúsund krónur.
- Framlagið er fært í gegnum sjóðstreymi B-hluta stofnana en sem tekjur undir fjármagnsgjöldum hjá A-hluta. Með þessari aðferð batnar rekstrarafgangur A-hlutans sem þessari upphæð nemur og einnig veltufé frá rekstri A-hluta.
- Að mati skýrsluhöfundar gefur þetta ekki rétta mynd af rekstrarafgangi A- og B-hluta samtals. Í reynd með þessari aðferð eru sömu tekjurnar taldar tvisvar í samstæðu reikningnum, þ.e. í A- og B-hluta, sem hefur sömu áhrif á veltufé frá rekstri.
- Afkoma þriggja B-hluta stofnana, fráveitu, vatnsveitu og Selfossveitna bs. er nokkuð góð og hefur afkoma þessar stofnana veruleg jákvæð áhrif á veltufé frá rekstri A- og B-hluta samtals hjá sveitarfélaginu.
- Eins og tafla 12 sýnir var veltufé frá rekstri, A-hluti, samtals 4,4 milljarðar króna á verðlagi hvers árs á tímabilinu frá 2002 til 2017.
- Þar af voru tekjufærð framlög eigin fyrirtækja samtals á tímabilinu 1.216 milljónir króna. Þannig var veltufé frá rekstri A-hluta, þegar framlög eigin fyrirtækja hafa verið dregin frá, 3.158 milljónir króna.
- Miðað við þetta námu framlög eigin fyrirtækja samtals 28% af veltufé frá rekstri hjá A-hluta á þessu tímabili.
- Að teknu tilliti til þessa var veltufé samtals á tímabilinu frá 2002 til 2017 á verðlagi hvers árs 9.241 milljónir króna. Afborganir langtímalána voru 10.241 milljónir króna og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum 12.753 milljón krónur.
- Þannig má ljóst vera að á tímabilinu dugði veltufé frá rekstri ekki að fullu fyrir afborgunum lána sveitarfélagsins.

Fjárheimild samkvæmt fjárhagsáætlun

- Í viðræðum við stjórnendur sveitarfélagsins kom fram hjá sumum þeirra að þeir líta á fjárhagsáætlun sem áætlun og markmið um útgjöld frekar en fjárheimild.
- Ef þetta er rétt er um alvarlegan misskilning að ræða sem ber að leiðrétta.
- Lögð skal áhersla á að samþykkt fjárhagsáætlun segir til um þá fjárheimild sem viðkomandi stofnun eða forstöðumaður hefur til ráðstöfunar.

- Samtals var niðurstaða af rekstri A-hluta árin 2002 til 2017 á verðlagi hvers árs neikvæð um 2.141 milljónir króna.
- Rekstrarafkoman samtals hjá Sveitarfélaginu Árborg samkvæmt þessu var neikvæð um 541 milljónir króna árin 2002 til 2017, sjá töflu 16, en ekki jákvæð um 675 milljónir eins og reikningar sveitarfélagsins segja til um.

Tekjur

- Eins og tafla 17 sýnir var Sveitarfélagið Árborg með lægstu skatttekjur á hvern íbúa af samanburðar sveitarfélögunum árið 2017, eða 711 þúsund krónur.
- Landsmeðaltal útsvarstekna á hvern íbúa var 528 þúsund krónur árið 2017 til samanburðar við 475 þúsund krónur hjá Sveitarfélaginu Árborg.
- Skatttekjur að meðaltali fyrir landið allt voru 769 þúsund krónur á hvern íbúa, til samanburðar að voru þær 711 þúsund krónur hjá Sveitarfélaginu Árborg.
- Á sama hátt voru skatttekjur að meðaltali fyrir þessi 11 samanburðarsveitarfélög 759 þúsund krónur á hvern íbúa til samanburðar við 711 þúsund krónur hjá Sveitarfélaginu Árborg, eða mismunur sem nemur 48 þúsund krónum á hvern íbúa.
- Með hliðsjón af þessu er spurt hvort nægur jöfnuður sé að nást með framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga miðað við stærð þessara sveitarfélaga og hvað skatttekjur samtals á hvern íbúa eru mismunandi.
- Eins og tafla 21 sýnir sker Sveitarfélagið Árborg sig nokkuð úr hvað varðar skatttekjur á hvern íbúa bæði með og án framlaga, sem eiga að jafna þessar tekjur, frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.
- Það vekur athygli að það sveitarfélag, sem er með hæstu fasteignaskattstekjur á hvern íbúa í þessum samanburði, fær jafnframt hæsta framlagið vegna jöfnunar fasteignaskattstekna af samanburðar sveitarfélögunum.
- Þegar útsvarstekjur, fasteignaskattstekjur, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna á hvern íbúa eru tekin saman samtals sker Sveitarfélagið Árborg sig nokkuð úr með lágar tekjur á hvern íbúa.

Laun

- Heildarlaunagjöld allra sveitarfélaga, sem hlutfall af tekjum samtals, A-hluti, á árinu 2017, voru 53%.
- Hlutfallið hjá Sveitarfélaginu Árborg var 60% árið 2017 en til samanburðar var það að meðaltali fyrir þessi 11 sveitarfélög 53% og að meðaltali fyrir öll sveitarfélög á landinu var það einnig 53%.
- Eins og tafla 26 sýnir var yfirvinna og álag sem hlutfall af föstum launum 9,2% hjá sveitarfélaginu öllu, þ.e. A- og B-hluta samtals.

Stöðugildi

- Miðað við 1. apríl 2017 voru samtals 554 stöðugildi hjá Sveitarfélaginu Árborg, A- og B-hluti.
- Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá samanburðar sveitarfélögunum er skoðaður í þessum samanburði voru þrjú sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögunum með færri íbúa á hvert stöðugildi en Sveitarfélagið Árborg, sjá töflu 27.

- Að meðaltali fyrir þessi sveitarfélög voru 17,4 íbúar á hvert stöðugildi. Til samanburðar voru 15,3 íbúar á hvert stöðugildi hjá Sveitarfélaginu Árborg.
- Ef fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hefði verið sá sami í Sveitarfélaginu Árborg og meðaltið var fyrir samanburðar sveitarfélögin hefði stöðugildafjöldinn verið 487,6 en þau voru 554,3. Mismunurinn er 66,7 stöðugildi.

Annar rekstrarkostnaður

- Eins og tafla 29 sýnir var annar rekstrarkostnaður sem hlutfall af tekjum lægra hjá sex sveitarfélögum af samanburðar sveitarfélögunum en hjá Sveitarfélaginu Árborg árið 2017.

Stjórnsýslan

- Eins og mynd 7 sýnir eru sviðin fjögur, þ.e. fjármálasvið, fræðslusvið, félagsþjónustusvið og tækni- og veitusvið. Auk þess heyrir undir framkvæmdastjóra skrifstofa framkvæmdastjóra og embætti skipulags- og byggingafulltrúa.
- Til viðbótar hefur orðið til nýtt svið, menningar- og frístundasvið. Yfirmaður sviðsins ber starfsheitið menningar- og frístundafulltrúi. Sviðið hefur starfað frá árin 2011 og hefur ekki verið samþykkt sérstaklega í bæjarstjórn að sögn menningar- og frístundafulltrúa.
- Samtals heyra beint undir bæjarstjóra 10 starfsmenn.

Fjármálasvið

- Samkvæmt skipuriti á vef sveitarfélagsins er fjármálasviðinu skipt niður í þrjár deildir, þ.e. launadeild, þjónustuver og fjármál og áætlanir.
- Samkvæmt þessu yfirliti heyra 16,93 stöðugildi undir sviðið og að auki fjármálastjóri, eða samtals 17,93 stöðugildi.
- Þrátt fyrir að sviðinu væri skipt í þrjár deildir var að skilja í viðræðum við fjármálastjóra og starfsmenn að enginn formlegur deildarstjóri væri yfir hverri deild og að hver starfsmaður á sviðinu heyrði beint undir fjármálastjóra.
- Eðlilegra væri að allar greiðslur á vegum sveitarfélagsins heyri undir bæjargjaldkera, allt bókhald sé hjá aðalbókara o.s.frv.
- Fram kom í viðræðum við starfsmenn að nokkuð væri um að ekki væri verið að nýta allar þær nýjungar sem nútíma fjármála- og stjórnsýslukerfi bjóða upp á.
- Vegna þessa er aukið álag á starfsmönnum og verið að vinna óþarfa verkefni sem hægt væri að gera á mun auðveldari hátt.
- Jafnframt er verið að prenta mikið út af pappír sem ekki er síðan notaður.
- Selfossveitur eru ekki með heimasíðu eða svæði á heimasíðu sveitarfélagsins.
- Sem dæmi má nefna að umsóknir um heimæðar eru ekki aðgengilegar á netinu nema til útprintunar fyrir viðkomandi.
- Allar umsóknir til sveitarfélagsins eru handskrifaðar.

- Þegar skjöl eru prentuð út eru kerfin þannig stillt í sumum tilfella að margfalt fleiri blöð eru prentuð en þörf er á. T.d. ef þörf er á einu skjali á einni blaðsíðu þá koma yfirleitt aukablöð sem er ýmist hent eða sett í möppur.
- Meðal annarra verkefna sem umsjónarmaður heimasíðu annast er umsjón og utan umhald á innkaupakortum vegna Kaupás og Bónus.

Félagsþjónusta

- Félagsmálastjóri er yfirmaður sviðsins.
- Á sviðinu starfar verkefnastjóri og undir hann heyra barnavernd, fjárhagsaðstoð og félagsleg ráðgjöf.
- Auk þess að vera yfirmaður sviðsins fer félagsmálastjóri með málefni aldraðra, málefni fatlaðra og málefni flóttamanna hjá sveitarfélaginu.
- Í sveitarfélaginu eru rekin tvö félög eldri borgara, þ.e. Félag eldri borgara á Selfossi og Félag eldri borgara á Eyrarbakka.
- Þessi tvö félög annast félagsstarf eldri borgara á hvorum stað. Á Stokkseyri er umsjónarmaður sem annast félagsstarf eldri borgara.
- Þeir sem eru 67 ára og eldri og þeir sem eru lögblindir með lögheimili í sveitarfélaginu geta sótt um niðurgreiðslu á leigubílaakstri innan sveitarfélagsins.
- Félagsmálastjóri og forstöðumaður heimaþjónustu halda utan um biðlista og úthlutanir á félagslegum og almennum íbúðum fyrir aldraða.
- Eins og mynd 12 sýnir fækkaði barnaverndarmálum frá árinu 2012 til 2016 en fjölgaði á milli árána 2016 og 2017.
- Eins og mynd 13 sýnir hefur fjöldi þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð farið fækkandi á milli ára frá árinu 2012 með undantekningu árið 2015. Á sama hátt hefur samtals veitt fjárhagsaðstoð farið lækkandi með undantekningu árið 2015.
- Árið 2012 fengu flestir fjárhagsaðstoð á þessum tímabili, eða 138. Á sama hátt var fjárhagsaðstoðin mest þetta ár, eða 44 milljónir króna.
- Til samanburðar fengu 71 fjárhagsaðstoð árið 2018 og veitt fjárhagsaðstoð samtals það ár var 26 milljónir króna.
- Starfsmaður í 50% starfi annast félagslegt leiguhúsnaði, annað en fyrir eldri borgara.
- Starfsmaðurinn vinnur matsblað og kannar hvort viðkomandi uppfylli skilyrði um félagslegt leiguhúsnaði. Þetta er allt unnið handvirkt.
- Árlega fer starfsmaðurinn yfir allar fyrirbyggjandi umsóknir og er þá kallað eftir gögnum til að athuga hvort umsækjendur uppfylla m.a. tekju- og eignamörk.
- Þegar leigjendur tilkynna um bilanir eða viðhaldsþörf á íbúðum er málinu vísað til ritara á skrifstofu bæjarstjóra sem tekur málið til afgreiðslu.
- Varðandi viðhaldsþörf á félagslegum íbúðum hafa ritari á skrifstofu bæjarstjóra, fjármálastjóri, umsjónarmaður fasteigna og starfsmaðurinn ásamt stjórn félagsins

komið að ákvörðunartöku.

- Einstaklingur sem er með 300 þúsund krónur eða lægri upphæð í tekjur á mánuði greiðir ekkert fyrir heimaþjónustu. Á sama hátt greiða hjón ekkert ef tekjur á hvort þeirra eru 238 þúsund krónur eða lægri á mánuði.
- Ef tekjur eru umfram framangreindar upphæðir greiðir þjónustuþegi/-þegar 1.170 krónur fyrir hverja klukkustund sem þjónustan er veitt.
- Þegar leiguíbúð losnar hefur forstöðumaður heimaþjónustu samband við ritara á skrifstofu bæjarstjóra sem hefur samband við fyrirtæki sem tekur íbúðina út og metur hvað á að gera í samráði við forstöðumann.
- Þegar þrífum og lagfæringum á íbúð er lokið tekur forstöðumaðurinn íbúðina út.
- Vegna íbúa í Grænumörk er viðveruvöktun alla daga ársins, þ.e. 365 daga á ári. Vöktunin er tvískipt, annars vegar frá kl. 8:00 til 16:00 og hins vegar frá kl. 16:00 til 24:00.
- Auk þess er deildarstjóri í hlutastarfi vegna þessa.
- Deildarstjórinn er í 40% starfshlutfalli sem slíkur en í samtals 90% starfshlutfalli. Hann vinnur eingöngu á dagvinnutíma á virkum dögum. Auk þess að vera deildarstjóri, þ.e. yfir starfsmönnum á vakt, er hann jafnframt húsvörður í Grænumörk 1, 3 og 5 í 30% starfshlutfalli og annast keyrslu á heimsendum mat í 20% starfshlutfalli.
- Dagdvöl er rekin á tveimur stöðum í sveitarfélaginu. Annars vegar er Árblik, dagdvöl fyrir aldraða, sem rekið er í nýju húsnæði að Grænumörk 5 og hins vegar Vinaminni, dagdvöl fyrir einstaklinga með minnissjúkdóma, sem rekin er að Vallholti 38.

Fræðslusvið

- Fræðslusviðið samanstendur af fræðsluskrifstofu sem m.a. veitir kennsluráðgjöf, sérkennsluráðgjöf, talmeinaráðgjöf, sálfræðiráðgjöf og uppeldis- og sálfræðiráðgjöf, fimm leikskólum, sem starfa á sex stöðum, þremur grunnskólum, sem starfa á fjórum stöðum og heildagsskólum í tengslum við grunnskólana.
- Starfsmenn fræðsluþjónustu eru fræðslustjóri í 100% starfi, ráðgjafi í kennslu barna af erlendum uppruna í 80% starfi, kennsluráðgjafi í 100%, leikskólaráðgjafi í 100% starfi, yfirsálfræðingur í 100%, tveir sálfræðingar í 100% hvor og skólafulltrúi í 100% starfi. Samtals 7,80 stöðugildi.
- Ráðgjafi í kennslu barna af erlendum uppruna, sinnir ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks leik-, grunnskóla og skólaþjónustu, foreldra og nemenda.
- Helstu verkefni kennsluráðgjafa snúa að almennri kennslu- og sérkennsluráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra.
- Helstu verkefni leikskólaráðgjafa snúa að almennri ráðgjöf til starfsfólks leikskóla varðandi starfshætti og starfsþróun, einnig sinnir hann fræðslu til foreldra, aðstoðar við mat á sérkennsluþörf leikskóla, veitir ráðgjöf í starfmannamálum og rekstrarstjórnun.

- Helstu verkefni yfirsálfræðings eru á sviði sálfræðilegra athugana, ráðgjafar og þverfaglegs samstarfs um málefni barna
- Helstu verkefni tveggja sálfræðinga eru á sviði sálfræðilegra athugana, ráðgjafar og þverfaglegs samstarfs um málefni barna.
- Haldnir eru reglulega fundir með skólastjórum grunnskólanna annars vegar og leikskólastjórum hins vegar.
- Í Sunnulækjaskóla er sérdeild fyrir fatlaða nemendur, sem þjónar öllu Suðurlandi. Er þar í sér húsnæði innan skólans og er hluti af skólanum.
- Í Vallaskóla er hátt hlutfall stuðningsfulltrúa sem vinna með kennurum.

Leikskólar í Sveitarfélaginu Árborg

- Í sveitarfélaginu eru reknir fimm leikskólar.
- Eins og tafla 31 sýnir fækkaði börnum samtals í leikskólum Sveitarfélagsins Árborg á tímabilinu frá 2011 til 2017 um 23 börn.
- Eins og tafla 32 sýnir fjölgar HDÍG um 8,8 hjá leikskólum sveitarfélagsins samtals á milli áranna 2011 og 2017.
- Á tímabilinu frá 2011 til 2017 fjölgaði HDÍG um 8,8 hjá sveitarfélaginu en stöðugildum um 28,1.
- Á milli áranna 2012 og 2017 fjölgaði HDÍG um 0,9 en stöðugildum um 17,2.
- Eins og fram kemur í töflu 33 hefur fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi farið fækkandi. Flest voru HDÍG á hvert stöðugildi árið 2011, eða fjögur. Voru 3,3 árið 2017.
- Á Eyrarbakka og Stokkseyri er rekinn einn leikskóli á hvorum stað undir einni yfirstjórn og sem ein sameiginleg rekstrareining, Leikskólinn Brimver/Æskukot
- Samkvæmt þeim reglum sem eru í gildi er hægt að breyta vistunartíma barna á leikskólum sveitarfélagsins á milli mánaða.
- Vegna þessa getur þurft að endurskipuleggja vinnutíma starfsmanna á milli mánaða sem getur valdið óþægindum fyrir starfsemi skólans og starfsmenn.
- Veikindalaun almennt samsvöruðu 14,5% sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum starfsmanna Leikskólans Brimvers/Æskukots.
- Í þessum samanburði er rekstrarkostnaður á hvert HDÍG hæstur hjá Leikskólanum Brimver/Æskukoti.
- Benda má á að kostnaður vegna ræstingar hjá Leikskólanum Brimver/Æskukot er nokkuð hár í þessum samanburði þrátt fyrir að um sé að ræða ræstingar í tveimur húsum.
- Eins og tafla 39 sýnir voru fjórir leikskólar í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi en Leikskólinn Brimver/Æskukot.

- Leikskólinn Jötunheimar er sex deilda leikskóli. Á yngri deildum eru að jafnaði 18 börn og 24 á eldri deild. Eru að taka inn yngst 14 mánaða gömul börn.
- Í þessum samanburði er tveir leikskólar með hærri rekstrarkostnað á hvert HDÍG en Leikskólinn Jötunheimar.
- Tveir leikskólar voru með hærri launakostnað á hvert HDÍG en Leikskólinn Jötunheimar í þessum samanburði.
- Orkukostnaður og kostnaður við ræstingar er hár hjá Leikskólanum Jötunheimar í þessum samanburði.
- Veikindalaun voru sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum 10%.
- Á milli áranna 2011 og 2017 fjölgar stöðugildum um 2,1 en HDÍG fækkar um 0,4 hjá Leikskólanum Jötunheimum. Árið 2011 voru 3,6 HDÍG á hvert stöðugildi en var 3,4 árið 2017, eða fækkun um 0,2.
- Eins og tafla 44 sýnir voru fjórir leikskólar í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi en Leikskólinn Jötunheimar. Einn af þeim er leikskóli í Sveitarfélaginu Árborg, Leikskólinn Árbær.
- Í þessum samanburði er þrír leikskólar með hærri rekstrarkostnaður á hvert HDÍG en Leikskólinn Álfheimar.
- Tveir leikskólar voru með hærri launakostnað á hvert HDÍG en Leikskólinn Álfheimar í þessum samanburði.
- Veikindalaun voru 11% sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum hjá Leikskólanum Álfheimum árið 2017.
- Ef við skoðum breytinguna á milli áranna 2012 og 2017 þá fjölgaði HDÍG um 0,5 en stöðugildum samtals fjölgaði um 4,1 hjá Leikskólanum Álfheimum.
- Eins og tafla 49 sýnir voru tveir leikskólar í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi en Leikskólinn Álfheimar.
- Í þessum samanburði er fimm leikskólar með hærri rekstrarkostnað á hvert HDÍG en Leikskólinn Hulduheimar.
- Þegar einstakir rekstrarliðir eru skoðaðir koma útgjaldaliðir vegna orkukaupa ekki vel út í þessum samanburði hjá Leikskólanum Hulduheimum.
- Veikindalaun voru 11% sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum árið 2017 hjá Leikskólanum Hulduheimum.
- Á milli áranna 2011 og 2017 fjölgar stöðugildum um 6,6 hjá Leikskólanum Hulduheimum. Á sama tímabili fjölgaði HDÍG um 5,3.
- Árið 2011 voru 4,3 HDÍG á hvert stöðugildi en var 3,6 árið 2017, eða fækkun um 0,7 HDÍG hjá Leikskólanum Hulduheimum.
- Þráðlaus nettenging nær ekki um allt húsnæði Leikskólans Árbær.
- Eins og annar staðar á landinu er skortur á talmeinafræðingum í Árborg og hefur

þurft að biðja eftir þjónustu talmeinafræðings fyrir leikskólabörn.

- Í þessum samanburði er þrír leikskólar með hærri rekstrarkostnað á hvert HDÍG en Leikskólinn Árbær.
- Kostnaður við ræstingu hjá Leikskólanum Árbær er nokkuð hár í þessum samanburði og jafnframt hjá Leikskólanum Jötunheimum.
- Veikindalaun voru 19% sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum hjá Leikskólanum Árbær árið 2017.
- Á milli áranna 2011 og 2017 fjölga stöðugildum hjá Leikskólanum Árbær um 8,1. Á sama tímabili fjölgaði HDÍG um 1,9.
- Eins og tafla 59 sýnir var einn leikskóli í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi en Leikskólinn Árbær.
- Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG var lægstur hjá Leikskólanum Hulduheimum árið 2017 hjá leikskólum sveitarfélagsins.
- Á sama hátt var launakostnaður á hvert HDÍG lægstur hjá Leikskólanum Hulduheimum, eða 1.864 þúsund krónur á hvert HDÍG.
- Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG var lægstur hjá Leikskólanum Álfheimum, eða 186 þúsund krónur á hvert HDÍG.
- Kostnaður við kaup á matvælum samtals var hæstur hjá Leikskólanum Árbær, eða 12.890 þúsund krónur.
- Það vekur athygli að kostnaðurinn er um 2,5 milljónum krónum lægri bæði hjá Leikskólanum Hulduheimum og Leikskólanum Jötunheimum. Heilsdagsígildi eru nokkuð áþekkt hjá þessum leikskólum.
- Á sama hátt skera útgjöld vegna orkukaupa sig nokkuð úr í þessum samanburði hjá Leikskólanum Hulduheimum, þar sem þau voru nokkuð há eða samtals 2.269 þúsund krónur.
- Einnig er rétt að vekja athygli á kostnaði við ræstingar hjá Leikskólanum Jötunheimum þar sem kostnaður var 11.050 þúsund krónur. Til samanburðar var kostnaðurinn hjá Leikskólanum Hulduheimum vegna ræstingar 5.604 milljónir króna.
- Veikindalaun sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum var frá því að vera 10% í 19% þar sem hlutfallið var hæst hjá leikskólum sveitarfélagsins.
- Samtals voru veikindalaun án launatengdra gjalda 93,4 milljónir króna árið 2017 hjá leikskólum sveitarfélagsins. Með launatengdum gjöldum áætlast þessi kostnaður samtals um 116 milljónum króna.
- Miðað við það samsvara greidd veikindalaun árið 2017 vegna leikskóla sveitarfélagsins 17,7 stöðugildum.

Grunnskólar í Sveitarfélaginu Árborg

- Eins og tafla 68 sýnir fjölgaði nemendum samtals í grunnskólum sveitarfélagsins öll árin nema árið 2009, 2010 og 2011, þar sem þeim fækkaði frá árinu á undan og árið

2013 þar sem nemendafjöldinn var sá sami og árið áður.

- Mest var fjölgun nemenda á milli áráanna 2016 og 2017 þegar nemendum fjölgaði um 92.
- Á milli áráanna 2011 og 2017 fjölga nemendum samtals í grunnskólum sveitarfélagsins um 210. Í einum grunnskóla á þessu tímabili var fækkun, þ.e. í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri þar sem nemendum fækkaði um 11.
- Starfsemi Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri fer fram á Stokkseyri og Eyrarbakka.
- Kennsla á Eyrarbakka, þar sem eru 50 nemendur, fer fram í aðalhúsinu og fjórum lausum kennslustofum á lóð skólans.
- Fyrsti til sjötti bekkur eru á Stokkseyri og sjöundi til 10. bekkur á Eyrarbakka.
- Öll list-, verkgreina- og sundkennsla fer fram á Stokkseyri. Nemendur á Eyrarbakka fara í leikfimi í félagsheimilinu Stað á Eyrarbakka. Skólinn og félagsheimilið eru á sitt hvorum endanum á Eyrarbakka. Vegna þess þarf einnig að keyra nemendur þar í og úr leikfimi.
- Skólaritar er í 75% á Eyrarbakka. Vinnur frá kl. 8 til 14:00 og annar á Stokkseyri í 90% stöðugildi og vinnur frá kl. 8:00 til 15:00. Þeir fá ekki greidda fasta yfirvinnu.
- Tafla 69 sýnir samantekinn fjölda stöðugilda í nóvember 2018 við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri. Eins og taflan sýnir voru stöðugildin samtals 43,6. Nemendur við skólann eru 135, eða 3,1 nemandi á hvert stöðugildi.
- Samkvæmt aðalbók var kostnaður vegna keyrslu nemenda Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyrar á milli Stokkseyrar og Eyrarbakka 11,4 milljónir króna árið 2017.
- Akstur starfsmanna er að mestu vegna ferða á milli skólanna á Stokkseyri og Eyrarbakka vegna funda, kennslu o.s.frv. Kostnaður vegna þess var 1,9 milljónir króna árið 2017.
- Rétt er að vekja athygli á hvað kostnaður vegna fólksflutninga og ræstinga hækkar mikið á milli áráanna 2015 og 2017 hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
- Ræstingar voru 6,9 milljónir króna árið 2015 en 11,9 milljónir króna árið 2017, eða hækkan sem nemur 4,0 milljónum króna.
- Eins og tafla 71 sýnir voru rekstrarútgjöld samtals, launagjöld og annar rekstrarkostnaður, á hvern nemanda hæst hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri í þessum samanburði, eða 2.840 þúsund krónur á hvern nemanda.
- Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri sker sig nokkuð úr hvað fjölda stöðugilda varðar en þar voru þau flest, eða 39,4
- Til samanburðar var Blönduskóli, sem er skóli með einum færri nemenda en Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, með 21,3 stöðugildi samtals. Mismunurinn á stöðugildum í þessum tveimur skólum var 18,1 stöðugildi.
- Eins og tafla 73 sýnir er Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri með fæsta

nemendur á hvert stöðugildi af þessum skólum. Á það við bæði vegna kennara og annarra starfsmanna en kennara við skólann.

- Í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri voru 3,2 nemendur á hvert stöðugildi samtals, sem reynst hefur lág tala þegar leikskólar eru skoðaðir. Það að skólinn er rekinn á tveimur stöðum skýrir ekki eitt og sér þennan fjölda stöðugilda við grunnskólann.
- Eins og tafla 74 sýnir fór nemendum fækkandi við grunnskólann á tímabilinu. Þrátt fyrir það fækkar stöðugildum kennara ekki og stöðugildum annarra starfsmanna fjölgar.
- Á milli áráanna 2011 og 2017 fækkar nemendum um 11 en stöðugildum kennara fjölgar um eitt og stöðugildum annarra starfsmanna um 4,5 stöðugildi, eða samtals fjölgun stöðugilda um 5,5 á sama tíma og nemendum fækkar um 11.
- Launagjöld hækkðu um 4,7% á milli áráanna 2016 og 2017 hjá Grunnskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Yfirvinna sem hlutfall af fösum mánaðarlaunum var 7,7% árið 2017. Veikindalaun sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum voru 10%.
- Vakin er athygli á mikilli hækkun kostnaðar við fólksflutninga og ræstingar hjá Sunnulækjarskóla. Ræstingakostnaður var 13,7 milljónir króna árið 2015 en 21,5 milljónir króna árið 2017, eða hækkun sem nemur 56%.
- Þegar launagjöld á hvern nemanda eru skoðuð voru fjórir skólar með lægri launagjöld á hvern nemanda en Sunnulækjarskóli.
- Hins vegar var einungis einn skóli með önnur rekstrargjöld á hvern nemanda hærri en Sunnulækjarskóli.
- Þegar gjöldin eru tekin saman á hvern nemanda voru tveir skólar í þessum samanburði með hærri rekstrargjöld samtals án innri leigu á hvern nemanda en Sunnulækjarskóli.
- Einn skóli var með fleiri nemendur á hvert stöðugildi samtals en Sunnulækjarskóli í þessum samanburði.
- Veikindalaun sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum voru 10% árið 2017 hjá Sunnulækjarskóla og hafa farið hækkandi síðustu ár. Voru sem hlutfall af mánaðarlaunum árið 2015 6%.
- Vegna nemenda sem þurfa frekari aðstoð eru starfandi við Vallaskóla sérkennarar, skólafélagsfræðingur og tveir þroskaþjálfar.
- Jafnframt eru stuðningsfulltrúar í öllum bekkjardeildum. Stuðningsfulltrúi er í hverjum bekk í fyrsta til sjöunda bekk. Svo eru tveir stuðningsfulltrúar í hverjum bekk á unglingastigi.
- Þegar launagjöld á hvern nemanda eru skoðuð voru þrír skólar með hærri launagjöld í þessum samanburði en Vallaskóli. Hins vegar var enginn af þessum skólum með önnur rekstrargjöld á hvern nemanda hærri en Vallaskóli.
- Þegar gjöldin eru tekin saman á hvern nemanda var einn skóli í þessum samanburði með hærri rekstrargjöld samtals á hvern nemanda en Vallaskóli.

- Eins og tafla 91 sýnir var einn skóli með færri nemendur á hvert stöðugildi kennara en Vallaskóli í þessum samanburði.
- Tveir skólar voru með færri nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna. Tveir skólar voru með færri nemendur á hvert stöðugildi samtals en Vallaskóli í þessum samanburði.
- Það vekur athygli hversu há rekstrargjöld Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri er í samanburði við Vallaskóla. Nemendafjöldi í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri var 127 árið 2017 samanborið við 575 í Vallaskóla.
- Þannig voru nemendur um 22% af nemendafjölda Vallaskóla. Hins vegar voru launagjöld Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri um 45% af launagjöldum Vallaskóla, annar rekstrarkostnaður um 48% og rekstrarkostnaður samtals 46% af rekstrarkostnaði samtals hjá Vallaskóla.
- Launagjöld á hvern nemanda voru lægst hjá Sunnulækjarskóla, eða 1.021 þúsund krónur á hvern nemanda. Til samanburðar voru þau 2.272 þúsundir króna hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Mismuninum nemur 1.251 þúsund krónum á hvern nemanda.
- Samtals var rekstrarkostnaður á nemanda 1.279 þúsund krónur hjá Sunnulækjarskóla. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.840 þúsund krónur hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, eða mismunur upp á 1.561 þúsund krónur á hvern nemanda.
- Miðað við 127 nemendur sem voru í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri 2017 gerir þetta samtals 198 milljónir króna.
- Einnig vekur athygli að stöðugilda fjöldi samtals við Vallaskóla, þar sem voru 575 nemendur, var nánast sá sami og hjá Sunnulækjarskóla, þar sem nemendur voru 662.
- Nokkur munur var á fjölda nemenda á hvert stöðugildi annarra starfsmanna en við kennslu á milli skólanna í Sveitarfélaginu Árborg.
- Þannig voru 7,6 nemendur á hvert stöðugildi hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, 19,8 hjá Vallaskóla og 30,5 hjá Sunnulækjarskóla.
- Munurinn á milli Vallaskóla og Sunnulækjarskóla liggur líklega í fjölda stuðningsfulltrúa, þar sem stuðningsfulltrúar eru í hverri bekkjardeild.

Menningar- og frístundasvið

- Yfirmaður sviðsins er menningar- og frístundafulltrúi. Að sögn menningar- og frístundafulltrúa hefur sviðið starfað frá haustinu 2011.
- Skipan sviðsins var ekki samþykkt í bæjarstjórn að hans sögn.
- Menningar- og frístundasvið heldur utan um þá málaflokka sem tengjast íþrótt-, æskulýðs-, forvarna-, tómstunda-, atvinnu-, safna- og menningarmálum í Sveitarfélaginu Árborg.
- Vinnuskólinn heyrir undir menningar- og frístundasvið.
- Megin verkefni atvinnu- og viðburðafulltrúa eru ferðamál, þ.m.t. upplýsingamiðstöð ferðamála, og yfirumsjón með viðburðum í sveitarfélaginu, sem eru á vegum þess.
- Í samtali við atvinnu- og viðburðafulltrúa kom fram að um nýtt starf væri að ræða

sem væri í mótun og að auk verkefna tengd megin verkefnum fulltrúans hafi honum verið falin ýmis önnur verkefni og að hans mati gæti hann tekið að sér frekari verkefni.

- Upplýsingamiðstöð við ferðamenn á Selfossi er í húsnæði bókasafnsins. Að sögn forstöðumannsins gengur samstarfið við upplýsingamiðstöðina vel og var forstöðumaðurinn ánægður með að fá upplýsingamiðstöðina aftur í húsnæði bókasafnsins. Starfsemin fari vel saman við starfsemi bókasafnsins.
- Forstöðumaður bókasafnsins tekur vel í þá hugmynd að afgreiðsla Ráðhússins flytji í húsnæði safnsins á fyrstu hæð í Ráðhúsinu en það megi ekki bitna á þjónustu safnsins við íbúa sveitarfélagsins.
- Eins og mynd 21 sýnir hefur útlánur á bókum farið fækkandi frá árinu 2009 á Selfossi.
- Sama þróun á sér stað á Eyrarbakka og á Selfossi, þ.e. útlánur fer fækkandi.
- Frá árinu 2011 hefur útlánur hjá bóksafninu á Stokkseyri farið fjölgandi á milli ára með einni undantekningu, þ.e. árið 2014.
- Við Íþróttahús Vallaskóla starfa fimm starfsmenn í fimm stöðugildum samtals.

Framkvæmda- og veitusvið

- Samkvæmt því sem fram kemur á mynd 28 eru 34 stöðugildi sem heyra undir framkvæmda- og veitusvið.
- Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmda- og veitustjóra eru ekki aðgengilegar upplýsingar í bókhalði sveitarfélagsins um fjárhagsstöðu einstakra framkvæmda hjá sveitarfélaginu. Til að fá slíkar upplýsingar þarf að óska sérstaklega eftir því hjá fjármálastjóra að þær verði teknar saman.
- Verkstjórinn skrifar upp á reikninga, síðan samþykkir deildarstjórinn alla reikninga sem verkstjórinn hefur skrifað upp á vegna daglegs rekstrar.
- Reikningar sem deildarstjórinn skrifar upp á þarf sviðsstóri síðan að samþykkja. Mikill tími fer í að skrifa upp á reikninga.
- Fram kom í máli deildarstjórans að meira samstarf mætti vera á milli byggingarfulltrúa og veitna varðandi nýframkvæmdir.
- Umsjónarmaður fasteigna tekur leiguíbúðir út og leggur til hvað gera skuli ef þess þarf varðandi viðhald. Síðan hefur ákvörðun verið tekin í Ráðhúsinu þar sem bæjarstjóri hefur farið með fjármál leiguíbúða og starfsmaður félagsþjónustusviðs með leigumál.
- Svipað háttar til með Sandvíkursetur þar er stjórn yfir húsinu. Umsjónarmaðurinn tekur ákvarðanir um smærri verk en stjórnin stærri.
- Undir deildarstjóra framkvæmda og þjónustu heyra hreinlætismál, samgöngumál og gatnaviðhald, umhverfismál, fráveita Árborgar og þjónustumiðstöð.

- Eins og tafla 109 sýnir voru tekjurnar af gámasvæðinu 7.742 þúsund krónur árið 2017 og 9.890 þúsund krónur fram til nóvemberlok árið 2018.
- Við þjónustumiðstöð eru 16 stöðugildi, þar með talinn verkstjóri. Þar af er einn starfsmaður í umhverfismálum og þrír starfsmenn í viðhaldi og þjónustu vegna fasteigna sveitarfélagsins annarra en leiguíbúða.
- Bæjarverkstjóri og hans næsti yfirmaður funda ekki reglulega.
- Af fjölmennari sveitarfélögunum í þessum samanburði, sjá töflu 110 skera Akureyrarbær og Sveitarfélagið Árborg sig nokkuð úr hvað varðar fjölda íbúa á hvert stöðugildi í þjónustumiðstöð.
- Hjá Sveitarfélaginu Árborg voru 562 íbúar á hvert stöðugildi og hjá Akureyrarbæ 569. Til samanburðar voru íbúarnir á hvert stöðugildi hjá Reykjanesbæ 1.370, 827 hjá Garðabæ og 1.056 hjá Mosfellsbæ.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

- Skipulags- og byggingarfulltrúi heyrir beint undir bæjarstjóra.
- Skipulags- og byggingarfulltrúi og aðstoðar skipulags- og byggingarfulltrúi hafa skipt með sér verkum. Þannig að skipulags og byggingarfulltrúi hefur séð um skipulagsmálin og aðstoðarmaðurinn um byggingarmál.
- Öll verkefni landbúnaðarnefndar voru sett undir skipulags- og byggingarfulltrúa og landbúnaðarnefnd lögð niður.

Tölvudeild

- Á tölvudeild starfa þrír starfsmenn, í 100% stöðugildi hver.
- Sveitarfélagið á og rekur sinn eigin ljósleiðara sem liggur á milli stofnana í sveitarfélaginu þ.m.t. á Stokkseyri og Eyrarbakka.
- Margir starfsmenn sveitarfélagsins eru með litla prentara hjá sér.

B-hluta stofnanir

- Félagið á og rekur 59 almennar félagslegar leiguíbúðir og 16 félagslegar leiguíbúðir fyrir aldraða að Grænumörk 1 og 3 og eina félagslega leiguíbúð fyrir aldraða að Grænumörk 5, eða samtals 17 félagslegar leiguíbúðir fyrir aldraða.
- Viðhaldskostnaður af félagslegum leiguíbúðum Leigubústaða Árborgar árið 2017 var samtals 34.224 þúsundir króna, sem gerir 46% af leigutekjum félagsins.
- Þar sem húsaleigan er reiknuð sem ákveðið hlutfall af fasteignamati hvernar húseignar, sem er nokkuð mismunandi, er leiguverð á hvern fermetra og hvernar íbúðar nokkuð mismunandi.
- Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu er leiguverð á almennum félagslegum íbúðum miðað við janúar 2019 frá 1.017 krónur á hvern fermetra upp í 1.696 krónur.
- Á sama hátt er leiguverð í Grænumörk 1 til 3 á bilinu frá 1.090 krónur í 1.607 krónur á hvern fermetra.

- Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu er leigan á fermetra miðað við janúar 2019 á bilinu frá 1.585 til 1.682 krónur á hvern fermetra á almennum leiguíbúðum fyrir aldraða að Grænumörk 5.
- Skuldir Sandvíkurseturs ehf. við Sveitarfélagið Árborg í lok árs 2017 voru samtals 445 milljónir króna, eða sem nemur 82% af heildarskuldum félagsins.

Efnisyfirlit

GREINING	20
INNGANGUR	20
ÍBÚAFJÖLDI	20
SKULDIR SVEITARFÉLAGA	24
SKULDIR SVEITARFÉLAGSINS ÁRBORGAR	25
VELTUFÉ OG HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI OG FJÁRHREYFINGAR	29
FJÁRHEIMILD SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN	31
TEKJUR	37
LAUN	43
STÖÐUGILDI	45
ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR	46
STJÓRNSÝSLAN	47
FJÁRMÁLASVIÐ	49
FÉLAGSÞJÓNUSTA	54
FRÆDSLUSVIÐ	66
LEIKSKÓLAR Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG	73
LEIKSKÓLINN BRIMVER/ÆSKUKOT	74
LEIKSKÓLINN JÖTUNHEIMAR	80
LEIKSKÓLINN ÁLFHEIMAR	86
LEIKSKÓLINN HULDUHEIMAR	93
LEIKSKÓLINN ÁRBÆR	99
LEIKSKÓLAR Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG, SAMANTEKIÐ	104
GRUNNSKÓLAR Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG	109
BARNASKÓLINN Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI	110
SUNNULÆKJARSKÓLI	118
VALLASKÓLI	126
GRUNNSKÓLAR, SAMANTEKIÐ	133
MENNINGAR- OG FRÍSTUNDASVIÐ	136
FRAMKVÆMDA- OG VEITUSVIÐ	153
SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI	164
TÖLVUDEILD	166
B-HLUTA STOFNANIR	168
TILLÖGUR.....	173
1. SKULDIR B-HLUTA STOFNANA VIÐ AÐALSIÐ	173
2. LANGTÍMASKULDIR	173
3. ARÐUR B-HLUTA STOFNANA Í SAMSTÆÐU REIKNINGI	173
4. REKSTUR B-HLUTA STOFNANA VERÐI GERÐUR SJÁLFBÆR	174
5. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN	174
6. VINNA VIÐ GERÐ FJÁRHAGSÁÆTLUNAR	174
7. GREINARGERÐ MEÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN	174
8. GREIÐSLUÁÆTLUN	175
9. ÁÆTLUN UM SJÓÐSSTÖÐU	175
10. REGLULEGIR FUNDIR	176
11. VIKULEGIR FUNDIR ÆÐSTU STJÓRNENDA	176
12. REGLULEGIR FUNDIR BÆJARSTJÓRA MEÐ ÆÐSTU STJÓRNENDUM	176
13. FUNDIR VEGNA FJÁRHAGSÁÆTLUNAR OG ÁRSREIKNINGS	176
14. SAMPYKKT REIKNINGA UMFRAM FJÁRHEIMILD	177
15. UPPÁSKRIFT REIKNINGA	177
16. LYKLUN REIKNINGA	177

17. VIÐAUKAR	178
18. FJÁRHAGSÁÆTLUN SEGIR TIL UM FJÁRHEIMILD	178
19. JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA	178
20. YFIRVINNA	179
21. HLUTFALL LAUNA AF TEKJUM SVEITARFÉLAGSINS	179
22. FJÖLDI STÖÐUGILDA SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN	179
23. FJÖLGUN STÖÐUGILDA	179
24. ÚTBOÐ	179
25. ÖRYGGISGÆSLA	180
26. ORKUNOTKUN	180
27. SKIPURIT FJÁRMÁLAPJÓNUSTU	180
28. FJÁRREIÐUDEILD	181
29. BÓKHALDSDEILD	181
30. LAUNADEILD	181
31. HAGDEILD	182
32. FJÁRMÁLA- OG STJÓRNSÝSLUKERFI	182
33. RAFRÆNAR LAUSNIR	182
34. RAFRÆN EYÐUBLÖÐ	183
35. SELFOSSEITUR BS., UPPLÝSINGAGJÖF	183
36. FASTEIGNASKRÁNING	183
37. ÞJÓNUSTUVER	184
38. INNKAUPAKORT	184
39. FUNDARGERÐIR	184
40. SKJALAVARSLA	185
41. GÖGN FYRIR FUNDI BÆJARRÁÐS OG BÆJARSTJÓRNAR	185
42. ENDURSKOÐUN	185
43. LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA	185
44. GREIÐSLUR VEGNA FJÁRHAGSAÐSTOÐAR	185
45. MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS	186
46. DAGGÆSLA BARNNA Í HEIMAHÚSUM	186
47. LEIGUÍBÚÐIR	186
48. MAT Á UMSÓKNUM UM FÉLAGSLEGAR LEIGUÍBÚÐIR	186
49. SAMNINGAR UM LEIGUÍBÚÐIR	187
50. DEILDARSTJÓRI OG HÚSUMSJÓN AÐ GRÆNUMÖRK 1, 3 OG 5	187
51. BIFREIÐ	187
52. RÆSTINGAR	187
53. AKSTUR VEGNA DAGDVALAR	188
54. REKSTRARÚTGJÖLD DAGDEILDAR	188
56. FRÍSTUNDAKLÚBBURINN KOTIÐ, RÆSTINGAR	188
57. BREYTINGAR Á VISTUNARTÍMUM BARNNA Á LEIKSKÓLUM	188
58. ÖPNUN LEIKSKÓLA AÐ MORGNI	189
59. GEYMSLUR FYRIR MAT	189
60. RÆSTINGAR	189
61. ÖPNUN Í LEIKSKÓLANUM JÖTUNHEIMAR	189
62. HÚSNÆÐI LEIKSKÓLANS ÁLFEIMAR	190
63. NETTENGING	190
64. ORKUKAUP	190
65. KAUP Á MAT	190
66. VEIKINDI STARFSMANNA Á LEIKSKÓLUM	191
67. STÖÐUGILDI Á LEIKSKÓLUM	191
68. SKIPTIBORÐ	192
69. SKÓLARITARI VIÐ BARNASKÓLANN Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI	192
70. BIFREIÐ VEGNA BARNASKÓLANS Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI	192
71. SAMKENNSLA ÁRGANGA	192
72. RÆSTINGAR VIÐ VALLASKÓLA	192
73. STUÐNINGSFULLTRÚAR VIÐ VALLASKÓLA	193
74. UMSJÓNARMENN SKÓLAHÚSNÆÐIS	193
75. REGLULEGIR FUNDIR HÚSUMSJÓNARMANNA	193
76. YFIRUMSJÓN MEÐ RÆSTINGUM Í GRUNNSKÓLUM	193
78. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN	194

79. SAMEIGINLEG INNKAUP Á MAT	194
80. ÚTHLUTUNARLÍKAN VEGNA GRUNNSKÓLA SVEITARFÉLAGSINS	194
81. STÖÐUGILDI VIÐ FRÍSTUNDAHEIMILI.....	195
82. BARNASKÓLINN Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI	195
83. SKRÁNING Í MAT	195
84. FRÍSTUNDAAKSTUR	196
85. UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ, VINNUFYRIRKOMULAG	196
86. STARFSEMI UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVAR SAMEINAD BÓKASAFNI.....	196
87. OPNUNARTÍMI BÓKASAFNS	196
88. YFIRVINNA HJÁ SUNDSTÖÐUM	197
89. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN	197
90. VINNUTÍMI VIÐ ÍÐRÓTTAHÚS SUNNULÆKJARSKÓLA	197
91. TÍMSKRÁNING OG VERKBÓKHALD	197
92. RAFRÆNAR UMSÓKNIR OG TILKYNNINGAR	198
93. SORPÍLÁT.....	198
94. LOSUN Á SORPI HJÁ STOFNUNUM SVEITARFÉLAGSINS	198
95. MÆLADEILD	198
96. VIÐHALDSKERFI FYRIR VEITUR.....	199
97. SAMSTARF BYGGINGARFULLTRÚA OG VEITNA	199
98. BAKVAKTAGREIÐSLUR Í ÚTKÖLLUM HJÁ SELFOSSEITUM	199
99. UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA	200
100. UMSJÓN MEÐ VIÐHALDI Á LEIGUÍBÚÐUM.....	200
101. SMÍÐIR Í VIÐHALDSVERKEFNUM	200
102. BÓKUN VIÐHALDS.....	201
103. TILFALLANDI VERKEFNI Í VERKTÖKU.....	201
104. MAIN MANAGER, FASTEIGNASTJÓRNUNARKERFI.....	201
105. VIÐHALDSSAGA FASTEIGNA.....	201
106. GJALDSKRÁ Á GÁMASVÆÐI	202
107. GÁMASVÆÐI.....	202
108. LOSUN RUSLADALLA	202
109. REGLULEGIR FUNDIR	203
110. VERKNÚMER.....	203
111. UPPLÝSINGAR UM FJÁRHAGSSTÖÐU FRAMKVÆMDA	203
112. VINNA ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR Á STOKKSEYRI OG EYRARBAKKA	203
113. AÐGANGUR AÐ FRAMKVÆMDA- OG VEITUÞJÓNUSTU OG SKIPULAGS OG BYGGINGARFULLTRÚA ...	204
114. FJÖLDI STÖÐUGILDA Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ	204
115. VERKEFNI SEM HEYRÐU UNDIR LANDBÚNAÐARNEFND	204
116. SKIL Á GÖGNUM TIL SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚA.....	205
117. SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚL.....	205
118. GAGNAVER	205
119. LJÓSLEIÐARI.....	205
120. LJÓSRITUNARVÉLAR OG PRENTARAR	206
121. VIÐHALD Á FÉLAGSLEGUM LEIGUÍBÚÐUM	206
122. HÚSALEIGA.....	206
123. SANDVÍKURSETUR EHF.	207
124. SELFOSSEITUR BS.	207
125. FJÖGUR SVIÐ.....	207
126. STJÓRNSÝSLUÞJÓNUSTA	208
127. UPPLÝSINGAMÁL	208
128. ÞJÓNUSTUVER.....	208
129. STAÐSETNING ÞJÓNUSTUVERS	209
130. FJÖLSKYLDUÞJÓNUSTA	209
131. HÚSNÆÐI RÁÐHÚSSINS.....	209
132. FRAMKVÆMDA- OG VEITUÞJÓNUSTA	210
LOKAORÐ	211
FYLGISKJÖL	213

Greining

INNGANGUR

Með samningi, dags. 24. september 2018, tók HLH ehf. að sér að gera úttekt á stjórnsýslu, rekstri og fjármálum Sveitarfélagsins Árborgar með það að markmiði að koma fram með tillögum að hagræðingu í stjórnsýslu og rekstri, þannig að reksturinn skili meiri framlegð m.a. til að standa undir afborgunum lána, nýjum framkvæmdum og aukinni þjónustu.

Með hliðsjón af því að Sveitarfélagið Árborg er í samstarfi með öðrum sveitarfélögum um rekstur málefna fatlaðra var ákveðið að skýrsluhöfundur skoðaði ekki þann málaflokk við vinnslu skýrslunnar.

Við vinnslu verkefnisins var stuðst við gögn frá sveitarfélaginu og til samanburðar við gögn sem fengin voru á vef Sambands Íslenskra sveitarfélaga varðandi önnur sveitarfélög sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum frá öðrum sveitarfélögum við vinnslu verkefnisins.

Í verkefninu fólst að eiga samtöl við forstöðumenn og fara yfir fyrirkomulag rekstrar viðkomandi stofnunar. Jafnframt voru skoðuð bókhaldsgögn og rekstrarútgjöld könnuð. Einnig var nokkuð stuðst við upplýsingar úr ársreikningum sveitarfélaga á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Rekstarargjöld og -tekjur sveitarfélagsins voru borin saman við rekstrargjöld og -tekjur hjá 10 sveitarfélögum, sambærilegum að stærð hvað íbúafjölda varðar. Markmiðið með þessum samanburði var að reyna að finna hvað væri öðruvísi hjá Sveitarfélaginu Árborg en hjá þessum sveitarfélögum sem nýtast mætti til hagræðingar í rekstri.

Einnig átti skýrsluhöfundur fundi með bæjarstjóra þar sem farið var yfir ýmis málefni tengd verkefninu.

Öllum framangreindum aðilum eru þökkun hreinskiptin og opin svör við öllu sem varðar greiðan framgang verkefnisins. Tekið skal skýrt fram að þeir aðilar, sem leitað var til, bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar stendur er á ábyrgð skýrsluhöfundar.

ÍBÚAFJÖLDI

Íbúum hefur fjölgað nokkuð í Sveitarfélaginu Árborg á síðustu árum og hefur verið vel yfir landsmeðaltali frá árinu 2015.

Tafla 1: Fjöldi íbúa í Sveitarfélaginu Árborg á Suðurlandi og landinu öllu 2009 til 2018


	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Breyting 2009/2018	Hlutfallsleg breyting
Íbúafjöldi	7.922	7.811	7.827	7.783	7.826	7.889	8.052	8.206	8.471	8.995	1.073	13,5%
Breyting á milli ára		-111	16	-44	43	63	163	154	265	524		
Hlutfallsleg breyting		-1,4%	0,2%	-0,6%	0,6%	0,8%	2,1%	1,9%	3,2%	6,2%		
Suðurland samtals	26.262	25.965	25.921	25.886	25.999	26.253	26.516	26.982	27.528	28.812	2.550	9,7%
Breyting á milli ára		-297	-44	-35	113	254	263	466	546	1.284		
Hlutfallsleg breyting		-1,1%	-0,2%	-0,1%	0,4%	1,0%	1,0%	1,8%	2,0%	4,7%		
Landið allt	319.368	317.630	318.452	319.575	321.857	325.671	329.100	332.529	338.349	348.450	29.082	9,1%
Breyting á milli ára		-1.738	822	1.123	2.282	3.814	3.429	3.429	5.820	10.101		
Hlutfallsleg breyting		-0,5%	0,3%	0,4%	0,7%	1,2%	1,1%	1,0%	1,8%	3,0%		

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 1 sýnir fjölda íbúa í Sveitarfélaginu Árborg, á Suðurlandi og landinu öllu árin 2009 til 2018 í janúar hvert ár. Eins og taflan sýnir fjölgaði íbúum á landinu öllu um 9,1% á þessu tímabili, þegar fjölgaði um 13,5% í Sveitarfélaginu Árborg og 9,7% á Suðurlandi samtals. Í öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi en Sveitarfélaginu Árborg fjölgaði íbúum samtals um 8,1%. Þannig fjölgaði hlutfallslega meira í Sveitarfélaginu Árborg en á landinu öllu að meðaltali og að meðaltali í öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi á þessu tímabili.

Íbúum í Sveitarfélaginu Árborg var ýmist að fjölga eða fækka á milli ára árin 2009 til 2014. Árið 2014 voru færri íbúar í sveitarfélaginu en árið 2009. Það sama á við um Suðurland samtals. Frá og með árinu 2015 hefur íbúum í Sveitarfélaginu Árborg fjölgað hlutfallslega nokkuð meira en að meðaltali fyrir landið allt og Suðurland samtals. Árið 2014 voru íbúar Sveitarfélagsins Árborgar 7.889 en voru orðnir 8.995 í janúar 2018, eða fjölgun um 1.106 íbúa, eða um 14%. Fjölgunin var mest á milli árunna 2017 og 2018, eða um 524 íbúa, sem er fjölgun um 6,2% á milli ára.

Mynd 1: Hlutfallsleg breyting á fjölda íbúa á milli ára árin 2009 til 2018 í Sveitarfélaginu Árborg og á landinu öllu



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 1 sýnir hlutfallslega breytingu á milli ára árin 2009 til 2018 á fjölda íbúa í Sveitarfélaginu Árborg og samtals fyrir öll sveitarfélög á landinu. Eins og myndin sýnir er hlutfallslega meiri fjölgun í Sveitarfélaginu Árborg öll árin frá og með árinu 2015.

Tafla 2: Íbúafjöldi hjá sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúa og þar sem íbúafjöldunin var mest á milli áranna 2009 og 2018


	2009	2018	Fjöldun á milli áranna	Hlutfallsleg fjöldun
Reykjanesbær	14.172	17.805	3.633	25,6%
Mosfellsbær	8.403	10.556	2.153	25,6%
Garðabær	12.876	15.709	2.833	22,0%
Kópavogur	29.976	35.970	5.994	20,0%
Grindavíkurbær	2.850	3.323	473	16,6%
Hafnarfjörður	25.850	29.412	3.562	13,8%
Vesturbyggð	900	1.024	124	13,8%
Sveitarfélagið Árborg	7.922	8.995	1.073	13,5%
Bláskógabyggð	986	1.115	129	13,1%
Hveragerði	2.315	2.566	251	10,8%
Akranes	6.609	7.259	650	9,8%
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.112	2.306	194	9,2%
Landið allt	319.368	348.450	29.082	9,1%
Norðurþing	3.001	3.234	233	7,8%
Akureyri	17.633	18.787	1.154	6,5%
Stykkishólmur	1.111	1.177	66	5,9%
Sveitarfélagið Ölfus	1.997	2.111	114	5,7%
Reykjavík	119.547	126.041	6.494	5,4%
Vestmannaeyjar	4.086	4.284	198	4,8%
Sveitarfélagið Vogar	1.218	1.268	50	4,1%
Seltjarnarnes	4.403	4.575	172	3,9%
Sveitarfélagið Garður	1.550	1.595	45	2,9%
Rangárþing eystra	1.762	1.798	36	2,0%

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 2 sýnir sveitarfélög með yfir 1.000 íbúa, þar sem íbúafjöldunin var mest á milli áranna 2006 og 2018 raðað eftir hlutfallslega mestri fjöldun.

Eins og taflan sýnir var fjöldunin hlutfallslega mest í Reykjanesbæ og Mosfellsbæ. Þar sem íbúum fjölgaði um 25,6% á milli áranna 2009 og 2018. Sveitarfélagið Árborg er í áttunda sæti yfir mestu hlutfallslegu fjöldun íbúa hjá sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúa á milli áranna 2009 og 2018.

Mynd 2: Hlutfallsleg skipting íbúa eftir aldursflokkum hjá sveitarfélögum á Suðurlandi með fleiri íbúa en 2.000 miðað við tölu íbúa í janúar 2018




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 2 sýnir hlutfallslega skiptingu íbúa eftir aldursflokkum fyrir fimm fjölmennustu sveitarfélögin á Suðurlandi og fyrir landið allt. Að meðaltali fyrir landið allt eru 66,1% íbúa á aldrinum 17 til 66 ára. Þetta er sá aldurshópur sem að mestu stendur undir að greiða skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga. Sveitarfélagið Árborg sker sig nokkuð úr ásamt Hveragerðisbæ, hversu þetta hlutfall er lægra en hjá hinum sveitarfélögunum og fyrir landið allt. Hjá sveitarfélaginu Árborg er hlutfallið 62,5%. Samanborið við landið allt þar sem þetta hlutfall er 66,1%.

Sveitarfélagið Árborg er hins vegar með hæsta hlutfall íbúa í þessum samanburði í aldurshópnum 0 til fimm ára, þar sem hlutfallið er 7,5% og á landinu öllu er það 7,4%. Sveitarfélagið Árborg sker sig einnig nokkuð úr með hátt hlutfall íbúa í aldurshópnum sex til 16 ára, þar sem hlutfallið er 16,9% en það er 14,4% fyrir landið allt.

Í aldurshópnum 67 ára og eldri eru 13% íbúa Sveitarfélagsins Árborgar samanborið við 12,1% á landinu öllu.

Mynd 3: Aldursdreifing íbúa Sveitarfélagsins Árborgar árin 2009 og 2018




Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 3 sýnir aldersdreifingu íbúa Sveitarfélagsins Árborgar árin 2009 og 2018.

Eins og myndin sýnir fjölgaði íbúum hlutfallslega í aldurshópnum 67 ára og eldri á milli árána 2009 og 2018. Var 9,9% árið 2009 en 13,0% árið 2018. Íbúum í aldurshópnum 17 til 18 ára fækkaði hlutfallslega. Var 63,3% árið 2009 en 62,5% árið 2018. Íbúum í aldurshópnum 6 til 16 ára fjölga lítillega. Var 16,7% árið 2019 en 16,9% árið 2018. Síðan fækkar íbúum nokkuð hlutfallsega í aldurshópnum 0 til fimm ára. Var 10,1% árið 2009 en 7,5% árið 2018.

Mynd 4: Hlutfall íbúa 17 ára til 66 ára af heildarfjölda íbúa í samanburðar sveitarfélögunum árið 2018



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 4 sýnir hlutfall íbúa 17 ára til 66 ára af samtals íbúum í samanburðar sveitarfélögum árið 2018.


Eins og komið hefur fram hér að framan er um að ræða þann aldurshóp sem að mestu stendur undir að greiða skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga. Það vekur athygli hversu breytilegt þetta hlutfall er hjá þeim sveitarfélögum sem tekið er mið af í skýrslu þessari til samanburðar, þ.e. næstu fimm fjölmennari sveitarfélög en Sveitarfélagið Árborg og næstu fimm með færri íbúa en Sveitarfélagið Árborg.

Reykjanesbær sker sig nokkuð úr með hæsta hlutfallið, þ.e. 68,8% á árinu 2018. Til samanburðar var hlutfallið lægst hjá Sveitarfélaginu Árborg, eða 62,5%.

SKULDIR SVEITARFÉLAGA

Þann 1. janúar 2012 tóku gildi ný sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Samkvæmt lögnum mega sveitarfélög ekki skulda meira en sem nemur 150% af reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Um er að ræða samtals fyrir A- og B-hluta. Reglugerð skýrir frekar hvernig skuldahlutfallið á að reiknast, svo kallað skuldaviðmið.

Mynd 5: Skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluti, sem hlutfall af tekjum árið 2017 hjá sveitarfélögum með hærra hlutfall en 80%



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Mynd 5 sýnir skuldir og skuldbindingar sveitarfélaga, A- og B-hluta, sem hlutfall af tekjum árið 2017 hjá sveitarfélögum með hærra skuldahlutfall en 80% raðað frá hæsta hlutfalli og niður. Um er að ræða heildarskuldir sem hlutfall af tekjum og þá ekki svo kallað skuldaviðmið skv. reglugerð. Eins og myndin sýnir var Reykjanesbær skuldugasta sveitarfélagið í árslok 2017 miðað við skuldir sem hlutfall af tekjum, eða 203%. Sveitarfélagið Árborg var samkvæmt þessu í 14. sæti yfir skuldugustu sveitarfélögin í árslok 2017 með hlutfallið 131,6%

Hlutfallið samtals fyrir öll sveitarfélögin var 143% en var í árslok 2016 153%. Þannig hafa skuldir sveitarfélaga samtals sem hlutfall af tekjum þeirra lækkað á milli árunna.

Rétt er að vekja athygli á því að einungis sjö sveitarfélög voru með skuldir sem hlutfall af tekjum, skuldahlutfall, hærri en 150% í árslok 2017. Til samanburðar má geta þess að í árslok 2008 voru 24 sveitarfélög með hærra skuldahlutfall en 150%.

SKULDIR SVEITARFÉLAGSINS ÁRBORGAR

Skuldir Sveitarfélagsins Árborgar hafa hækkað á undanförunum árun í krónum talið.

Tafla 3: Skuldir Sveitarfélagsins Árborgar, A- og B-hluti, 2002 til 2017, í millj. kr. og verðlagi hvers árs

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Breyting 2002/2017
A-hluti	1.998	2.384	2.869	2.888	3.752	4.557	6.981	7.502	7.929	7.981	8.159	7.935	8.918	9.969	10.169	10.499	525%
B-hluti	866	989	1.065	1.187	1.318	1.431	1.659	1.536	1.466	1.346	1.269	496	1.111	909	694	640	74%
Samtals	2.865	3.374	3.934	4.075	5.070	5.987	8.640	9.038	9.395	9.327	9.429	8.431	10.029	10.878	10.863	11.139	389%
Breyting á milli ára		509	560	141	994	918	2.653	398	357	-68	102	-998	1.598	849	-15	276	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 3 sýnir skuldir Sveitarfélagsins Árborgar, A- og B-hluta, frá árinu 2002 til 2017 í millj. kr. og á verðlagi hvers árs.

Eins og tafla 3 sýnir hafa skuldir A-hluta hækkað úr 1.998 millj. kr. árið 2002 í 10.499 millj. kr. árið 2017, eða um 8,5 milljarða króna á verðlagi hvors árs, sem er hækkun um 525%, eða rúmlega fimmföldun skulda á tímabilinu. Á sama tíma jukust tekjur A-hlutans úr 1.717 millj. kr. í 6.632 millj. kr., eða um 4.9 milljarða kr., sem er aukning um 386%, eða tæplega fjórföldun tekna á tímabilinu. Af þessu má ljóst vera að á tímabilinu hafa skuldirnar aukist meira en tekjurnar, bæði hlutfallslega og í krónum talið.

Með skuldum B-hluta eru ekki meðtaldar skuldir við aðalsjóð Sveitarfélagsins Árborgar, þ.e. skuldir innan samstæðunnar eru ekki meðtaldar.

Á sama tímabili lækka skuldir B-hlutans úr 866 millj. kr. í 640 millj. kr. á verðlagi hvors árs.

Samtals hafa skuldir sveitarfélagsins á þessum tímabili því aukist úr 2.865 millj. kr. árið 2002 í 11.139 millj. kr. árið 2017, sem er aukning um 389%, eða tæplega fjórfaldast. Á þessum tíma hækkaði meðaltalsvísitala neysluverðs um 199% og tekjur sveitarfélagsins, A- og B-hluti, um 343%.

Á tímabilinu lækkuðu skuldir sveitarfélagsins þrisvar sinnum á milli ára, þ.e. árin 2011, 2013 og 2016.

Tafla 4: Skuldir Sveitarfélagsins Árborgar, A- og B-hluti, 2002 til 2017, sem hlutfall af tekjum

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
A-hluti	116,4%	124,2%	137,6%	119,9%	129,4%	138,4%	203,5%	206,6%	204,9%	174,4%	173,0%	156,9%	166,1%	167,5%	153,3%	142,9%
B-hluti	171,2%	162,6%	189,4%	281,2%	228,9%	234,3%	233,6%	205,3%	202,8%	163,1%	146,5%	47,2%	125,9%	95,0%	69,7%	57,3%
A- og B-hluti	128,9%	133,4%	148,6%	144,0%	145,9%	153,4%	208,6%	206,4%	204,6%	172,7%	168,9%	138,0%	160,4%	157,4%	142,4%	131,6%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar 2017

Tafla 4 sýnir skuldir Sveitarfélagsins Árborgar, A- og B-hluta og A- og B-hluta samtals, frá árinu 2002 til 2017 sem hlutfall af tekjum (skuldahlutfall). Eins og tafla 4 sýnir hækkaði skuldahlutfall sveitarfélagsins á árunum 2008 til 2010 í kjölfar bankahrunsins. Hæst var skuldahlutfallið á þessu tímabili árið 2008 þegar það fór í 208,6%. Síðan þá hefur skuldahlutfallið farið lækkandi á milli ára að undanskildu árinu 2014 þegar það hækkaði frá því sem það var árið 2013. Skuldahlutfallið var komið niður í 132% í árslok 2017. Verður að fara alveg aftur til ársins 2002 til að finna lægra hlutfall skulda af tekjum.

Skuldahlutfall A-hlutans var hæst árið 2009, eða 207%. Árið 2017 var skuldahlutfall A-hluta komið niður í 143%. Skuldahlutfall B-hlutans var hæst árið 2005 á þessu tímabili, eða 281%. Það hefur síðan lækkað umtalsvert og var í árslok 2017 komið niður í 57%.

Tafla 5: Samsetning skulda og skuldbindinga Sveitarfélagsins Árborgar, A- og B-hluti, samkvæmt ársreikningi 2017 í millj. kr.

	A- hluti	B-hluti	Jöfnunar- færslur	A- og B- hluti	Hlutfall af skuldum samts	Hlutfall af skuldum samts
Skuldbindingar:						
Lífeyrisskuldbindingar	1.842	114		1.956	17,6%	
Tekjuskattsskuldbinding		149		149	1,3%	
Skuldbindingar samtals	1.842	263		2.105		18,9%
Langtímaskuldir:						
Skuldir við lánastofnanir	5.935	1.219		7.154	64,2%	
Skuldir við A-hluta		183	-183	0		
Langtímaskuldir samtals	5.935	1.402	-183	7.154		64,2%
Skammtímaskuldir:						
Viðskiptaskuldir	391	86		477	4,3%	
Næsta árs afborgun langtímaskulda	613	114		727	6,5%	
Skuldir við eigin fyrirtæki	1.227		-1.227	0		
Skuldir við bæjarsjóð		882	-882	0		
Aðrar skammtímaskuldir	490	185		675	6,1%	
Skammtímaskuldir samtals	2.721	1.267	-2.109	1.879		16,9%
Skuldir og skuldbindingar	10.498	2.932	-2.292	11.138	100%	100%

Heimild: Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar 2017

Tafla 5 sýnir samsetningu skulda og skuldbindinga hjá Sveitarfélaginu Árborg í árslok 2017. Eins og taflan sýnir voru lífeyrisskuldbindingar orðnar tæp 18% af skuldum sveitarfélagsins í árslok 2017. Langtímaskuldir 64% og skammtímaskuldir tæp 17%.

Skuldir A-hluta við eigin fyrirtæki voru orðnar 1.227 milljónir króna í árslok 2017 en voru í árslok 2016 1.083 milljónir krónar. Þannig hækkuðu þessar skuldir um 144 milljónir króna á milli árunna.

B-hluta stofnanir skulda A-hluta í langtímaskuldir 183 milljónir króna og í skammtímaskuldir 882 milljónir króna, eða samtals 1.065 milljónir króna. Þessar skuldir B-hlutans við A-hlutann voru í árslok 2016 975 milljónir króna. Þannig hækkuðu þessar skuldir um 90 milljónir króna á milli árunna.

Tafla 6: Skuldir, tekjur og kröfur á aðalsjóð B-hluta stofnana samkvæmt ársreikningum 2017 í þús. kr.

	Skuld- bindingar	Langtíma- skuldir	Skammtíma- skuldir	Skuldir samtals án aðalsjóðs	Skuld við aðal- sjóð, langtíma	Skuld við aðal- sjóð, skammtíma	Skuldir samts	Tekjur	Skuldir/ tekjum	Kröfur á aðalsjóð
Byggingasjóður aldraðra		242.790	15.044	257.834		145.000	402.834	31.400	12,8	
Leigubústaðir Árborgar ses		546.472	29.123	575.595	77.896	60.873	714.364	91.420	7,8	
Fráveita		98.432	112.680	211.112			211.112	300.848	0,7	830.318
Vatnsveita			93.990	93.990			93.990	242.473	0,4	458.053
Selfossveitur bs.	263.304	248.909	118.171	630.384		396.419	1.026.803	681.476	2	
Sandvíkursetur ehf.		82.602	15.546	98.148	104.819	340.545	543.512	20.304	27	
Samts	263.304	1.219.205	384.554	1.867.063	182.715	942.837	2.992.615	1.367.921	2	1.288.371

Heimild: Ársreikningar Sveitarfélagsins Árborgar 2017

Tafla 6 sýnir skuldir, tekjur og kröfur á aðalsjóð B-hluta stofnana árið 2017. Eins og taflan

sýnir voru skuldir B-hluta stofnana við aðra en aðalsjóð samtals 1.867 milljónir króna kr. Skuldir B-hluta stofnana voru samtals 1.126 millj. kr. við aðalsjóð, eða samtals heildarskuldir B-hlutastofnana 2.993 millj. kr.

Kröfur B-hluta stofnana á aðalsjóð voru samtals 1.288 milljónir króna. Um er að ræða kröfur fráveitu og vatnsveitu á aðalsjóð.

Tafla 7: Greining á langtímaskuldum Sveitarfélagsins Árborgar miðað við stöðuna í september 2018

Kröfuhafi:	Upphæð	Verð- ryggt	Vextir	Fastir /br.	Láns- tími	Kröfuhafi	Upphæð	Verð- ryggt	Vextir	Fastir /br.	Láns- tími
Þéttbýli:						Byggingarsjóður aldraðra:					
Lánasj. sveitarfél.	144.796.302	x	6,05	F	2024	ILS	3.993.675	x	4,9	F	2020
Landsbanki Íslands	1.221.249	x	5,50	F	2018	ILS	171.344.025	x	4,5	F	2044
Lánasj. sveitarfél.	144.880.781	x	5,50	F	2024	ILS	52.242.589	x	1,0	F	2044
Lífeyrisj.Vestmannaeyja	60.981.357	x	5,40	F	2031		227.590.290				
Íslandsbanki	104.307.469	x	5,15	F	2036	Fasteignafélag Árborgar:					
Skuldbréfaðhöð 2008	710.365.967	x	5,00	F	2024	Lánasj. sveitarfél.	461.203.299	x	5,35	F	2024
Lánasj. sveitarfél.	102.872.610	x	4,09	F	2024	Lánasj. sveitarfél.	219.977.789	x	5,05	F	2024
Lánasj. sveitarfél.	157.676.462	x	3,65	F	2024	Lánasj. sveitarfél.	133.388.233	x	4,77	F	2024
Lánasj. sveitarfél.	370.267.684	x	3,50	F	2034	Lánasj. sveitarfél.	175.045.789	x	4,65	F	2022
Lánasj. sveitarfél.	376.491.292	x	3,30	F	2034	Lánasj. sveitarfél.	468.711.431	x	3,60	F	2034
Lánasj. sveitarfél.	257.640.736	x	3,30	F	2034	Lánasj. sveitarfél.	184.560.454	x	3,50	F	2029
Lánasj. sveitarfél.	103.461.138	x	3,20	F	2034	Lánasj. sveitarfél.	171.760.492	x	3,30	F	2034
Lánasj. sveitarfél.	170.323.301	x	2,95	F	2034	Lánasj. sveitarfél.	184.071.183	x	2,85	F	2024
Lánasj. sveitarfél.	588.117.378	x	2,50	F	2035	Lánasj. sveitarfél.	305.000.000	x	2,58	F	2034
	3.293.403.725						2.303.745.669				
Eignasjóður:						Fráveita:					
Brú lífeyrisjóður	298.823.916	x	6,00	F	2034	Íslandsbanki	11.798.938	x	5,20	F	2018
Lánasj. sveitarfél.	656.075	x	5,32	F	2018	Íslandsbanki	41.011.491	x	4,30	F	2019
Landsbanki Íslands	3.932.979	x	5,20	F	2018	Lánasj. sveitarfél.	97.408.272	x	3,85	F	2022
Íslandsbanki	3.932.979	x	5,20	F	2018		150.248.701				
Lánasj. sveitarfél.	250.175.451	x	5,20	F	2024	Selfosveitur:					
Íslandsbanki	2.621.986	x	5,20	F	2018	Lánasj. sveitarfél.	67.399.904	x	3,40	BR	2029
Samv. lq.	3.932.979	x	5,20	F	2018	Lánasj. sveitarfél.	145.804.785	x	3,25	F	2034
Íslandsbanki	10.487.945	x	5,20	F	2018	Lánasj. sveitarfél.	180.000.000	x	2,58	F	2034
Lánasj. sveitarfél.	21.787.356	x	4,50	F	2019	Lánasj. sveitarfél.	56.189.013	x	2,50	F	2024
Íslandsbanki	43.574.709	x	4,30	F	2019		449.393.702				
Lánasj. sveitarfél.	80.690.789	x	4,03	F	2020	Sandvíkursetur:					
Lánasj. sveitarfél.	194.096.497	x	3,50	F	2029	Lánasj. sveitarfél.	95.760.512	x	4,05	F	2024
Lánasj. sveitarfél.	89.887.297	x	3,30	F	2034		95.760.512				
Lánasj. sveitarfél.	486.015.954	x	3,25	F	2034	Verktækni ehf.:					
Lánasj. sveitarfél.	54.847.635	x	3,10	F	2034	Landsbanki Íslands	100.288.567	x	4,50	F	2037
Lánasj. sveitarfél.	515.000.000	x	2,60	F	2034		100.288.567				
Lánasj. sveitarfél.	84.283.524	x	2,50	F	2024	Þjóðmústutöð:					
Faste.sj. jöfnunarsj. sveitarfél.	110.968.530	x	2,00	F	2037	Íslandsbanki	2.621.986	x	5,2	F	2018
	2.255.716.602						2.621.986				

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 7 sýnir langtímaskuldir Sveitarfélagsins Árborgar eins og þær voru í september 2018, A- og B-hluti.

Engar langtímaskuldir eru tengdar erlendra mynt. Allar skuldirnar eru vertryggðar. Vextir eru allt frá 1,0% upp í 6,05%. Þannig er verulegur munur á vaxtakjörum sem sveitarfélagið er með. Nokkur ávinningur ætti að vera á því að greiða upp a.m.k. dýr lán, lán með háum vöxtum.

Lánasjóður sveitarfélaga er í dag að bjóða lán með vöxtum allt niður í 2,50%. Nokkur fjárhagslegur ávinningur ætti að vera að því að greiða þau lán upp sem bera hærri vexti ef það er leyfilegt og taka nýtt lán til þess hjá Lánasjóði sveitarfélga.

VELTUFÉ OG HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI OG FJÁRHREYFINGAR

Veltufé frá rekstri segir til um hvað eftir stendur af rekstrartekjum þegar búið er að greiða öll dagleg útgjöld sveitarfélagsins, svo sem laun, rafmagn og hita, skólamat o.s.frv. Ef veltufé frá rekstri er neikvætt á sveitarfélagið hvorki fyrir daglegum útgjöldum að fullu né afborgunum lána, hvað þá fé til nýframkvæmda. Það sem upp á vantar þarf að taka að láni, fjármagna með sölu eigna og/eða ganga á eigið fé.

Handbært fé frá rekstri sýnir hversu miklu reksturinn skilar að teknu tilliti til breytinga á skammtímalíðum. Eða með öðrum orðum hvað er eftir þegar búið er að standa skil á daglegum útgjöldum ásamt uppgjöri á skammtímalíðum og þá til að standa undir afborgunum langtímalána og nýframkvæmdum.

Tafla 8: Veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Sveitarfélaginu Árborg árin 2002 til 2017 í milljónum króna á verðlagi hvers árs, A-hluti

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Veltufé frá rekstri	84	56	140	214	421	384	-23	107	217	384	446	444	258	217	508	517
Handbært fé frá rekstri	110	79	157	417	83	639	-167	169	219	291	496	479	312	78	639	675
Veltufé frá rekstri/tekjur	4,9%	2,9%	6,7%	8,9%	14,5%	11,7%	-0,7%	2,9%	5,6%	8,4%	9,5%	8,8%	4,8%	3,6%	7,7%	7,0%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 8 sýnir veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Sveitarfélaginu Árborg árin 2002 til 2017 hjá A-hluta í millj. kr.

Eins og taflan sýnir var veltufé frá rekstri, A-hluta, neikvætt árið 2008. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum var hæst árið 2006, eða 14,5%. Árin 2006 og 2007 skera sig úr hvað varðar hátt hlutfall, þ.e. árið 2006 14,5% og 2007 11,7%. Önnur ár er hlutfallið að breytast nokkuð á milli ára. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum var 7% árið 2017 hjá A-hluta.

Á árinu 2017 greiddu B-hluta stofnanir, samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins, framlag til A-hlutans samtals að upphæð 188.778 þúsund krónur. Framlagið er fært í gegnum sjóðstreymi B-hluta stofnana en sem tekjur undir fjármagnsgjöldum hjá A-hluta. Með þessari aðferð batnar rekstrarafgangur A-hlutans sem þessari upphæð nemur og einnig veltufé frá rekstri A-hluta. Síðan varðandi yfirlit yfir sjóðstreymi í ársreikningnum er þetta leiðrétt undir fjármögnunarahreyfingar, þ.e. dregið frá.

Að mati skýrsluhöfundar gefur þetta ekki rétta mynd af rekstrarafgangi A- og B-hluta samtals. Í reynd með þessari aðgerð eru sömu tekjurnar taldar tvisvar í samstæðu reikningnum, þ.e. bæði í A- og B-hluta sem hefur sömu áhrif á veltufé frá rekstri.

Þessi háttur virðist hafa verið hafður á skv. ársreikningum sveitarfélagsins undanfarin ár.

Tafla 9: Veltufé frá rekstri hjá Sveitarfélaginu Árborg árin 2012 til 2017 í millj. kr. á verðlagi hvers árs, A-hluti, að frádregnu framlagi eigin stofnana

	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Veltufé frá rekstri	446	444	258	217	508	517
Veltufé frá rekstri/tekjur	9,5%	8,8%	4,8%	3,6%	7,7%	7,0%
Framlag frá eigin stofnunum	93	112	121	148	165	181
Veltufé frá rekstri - framlag eigin stofnana	353	332	137	69	343	336
Veltufé frá rekstri - (framlag eigin stofnana)/tekjur	7,5%	6,6%	2,6%	1,2%	5,2%	4,6%

Heimild: Ársreikningar Sveitarfélagsins Árborgar árin 2012 til 2017

Tafla 9 sýnir veltufé frá rekstri hjá Sveitarfélaginu Árborg þegar framlag eigin stofnana hefur verið dregið frá fyrir árin 2012 til 2017. Eins og taflan sýnir hefur þetta nokkur áhrif á fjárhæðina og hlutfallið. Þannig var hlutfallið af eiginlegum rekstri A-hlutans 4,6% árið 2017 í stað 7,0% skv. ársreikningi sveitarfélagsins.

Tafla 10: Veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Sveitarfélaginu Árborg árin 2002 til 2017 í millj. kr., A- og B-hluti samtals

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Veltufé frá rekstri	244	201	298	449	664	686	272	534	611	813	972	981	744	770	1.048	1.169
Handbært fé frá rekstri	275	207	339	667	334	967	131	538	771	613	1.047	978	907	603	1.185	1.358
Veltufé frá rekstri/tekjur	11,0%	7,9%	11,3%	15,9%	19,1%	17,6%	6,6%	12,2%	13,3%	15,1%	17,4%	16,1%	11,9%	11,1%	13,7%	13,8%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 10 sýnir veltufé og handbært fé frá rekstri hjá Sveitarfélaginu Árborg árin 2002 til 2017 og veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum hjá A- og B-hluta samtals.

Afkoma þriggja B-hluta stofnana, fráveitu, vatnsveitu og Selfossveitna bs. er nokkuð góð og hefur afkoma þessara stofnana veruleg jákvæð áhrif á veltufé frá rekstri A- og B-hluta samtals hjá sveitarfélaginu. Kemur þetta skýrt fram þegar tafla 9 og 10 eru bornar saman.

Þannig var veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum 13,8% árið 2017 til samanburðar við 7% hjá A-hluta.

Tafla 11: Veltufé frá rekstri hjá Sveitarfélaginu Árborg árin 2012 til 2017 í millj. kr. á verðlagi hvers árs, A- og B-hluti, að frádregnu framlagi eigin stofnana

	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Veltufé frá rekstri	972	981	744	770	1.048	1.169
Veltufé frá rekstri/tekjur	17,4%	16,1%	11,9%	11,1%	13,7%	13,8%
Framlag frá eigin stofnunum	93	112	121	148	165	181
Veltu fé frá rekstri-framlag eigin stofnana	879	869	623	622	883	988
Veltufé frá rekstri/tekjur	15,7%	14,2%	10,0%	9,0%	11,6%	11,7%

Heimild: Ársreikningar Sveitarfélagsins Árborgar árin 2012 til 2017

Tafla 11 sýnir á sama hátt og tafla 9 fyrir A- og B-hluta samtals þegar veltufé frá rekstri hefur verið leiðrétt vegna færslu á framlagi frá eigin stofnunum fyrir árin 2012 til 2017. Samkvæmt þessu var raunverulegt veltufé A- og B-hluta frá rekstri 11,7% árið 2017 samanborett við 13,8% samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins.

Tafla 12: Samantekið yfirlit um sjóðstreymi hjá Sveitarfélaginu Árborg, A-hluti, árin 2002 til 2017 í millj. kr. á verðlagi hvers árs

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals
Veltufé frá rekstri	84	56	140	214	421	384	-23	107	217	384	446	444	258	217	508	517	4.374
Breytingar á skammtímalíðum	26	23	18	203	-338	255	-144	62	2	-93	50	35	54	-139	131	157	303
Afborganir langtímalána	-113	-161	-177	-197	-212	-270	-596	-602	-707	-750	-749	-613	-600	-644	-672	-657	-7.721
Fjárfestingar í varanl. rekstrarfjármunum	-277	-418	-444	-308	-779	-1.124	-1.216	-717	-300	-316	-367	-335	-994	-681	-230	-202	-8.707
Samtals til fjármögnunar	-281	-500	-463	-87	-907	-755	-1.980	-1.150	-788	-775	-620	-470	-1.281	-1.247	-263	-184	-11.752
Sala og eignabreytingar	-88	90	353	-218	-4	621	90	56	118	54	234	376	-147	-11	-14	-2	1.509
Lántökur	387	411	256	220	703	618	2.110	400	561	513	351	385	1.310	1.175	450	500	10.350
Aðrar fjármögnunar hreyfingar	-10	25	-183	341	99	96	-63	123	296	-86	-49	-363	-32	91	-115	-27	143
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	9	26	-36	255	-109	580	157	-571	187	-294	-85	-72	-151	9	59	287	250

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 12 sýnir samandregið yfirlit um sjóðstreymi hjá Sveitarfélaginu Árborg, A-hluti, árin 2002 til 2017 á verðlagi hvers árs í millj. króna.

Eins og taflan sýnir var veltufé frá rekstri, A-hluti, samtals 4,4 milljarðar króna á verðlagi hvers árs á tímabilinu frá 2002 til 2017. Þar af voru tekjufærð framlög eigin fyrirtækja samtals á tímabilinu 1.216 milljónir króna. Þannig var veltufé frá rekstri A-hluta þegar framlög eigin fyrirtækja hafa verið dregin frá 3.158 milljónir króna. Miðað við þetta námu framlög eigin fyrirtækja samtals 28% af veltufé frá rekstri hjá A-hluta á þessu tímabili. Afborganir voru samtals 7,7 milljarðar kr., þannig má ljóst vera að veltufé frá rekstri dugði ekki til að standa undir afborgunum af lánum, og fjárfestingum 8,7 milljarðar kr., eða samtals fjárvöntun vegna rekstrar, afborgana og fjárfestinga 11,8 milljarðar kr. hjá A-hluta.

Eins og fram kemur í töflunni var þetta síðan fjármangað með því að selja eignir nettó að andvirði samtals 1,5 milljarðar kr., tekin ný lán samtals að upphæð 10,4 milljarðar kr. og aðrar fjármögnunar hreyfingar samtals 143 millj. kr., eða seldar eignir nettó og tekin ný lán fyrir samtals 13,2 milljarða kr. á tímabilinu frá 2002 til 2017.

Tafla 13: Samantekið yfirlit yfir sjóðstreymi hjá Sveitarfélaginu Árborg, A- og B-hluti samtals, árin 2002 til 2017 í milljónum króna á verðlagi hvers árs

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals
Veltufé frá rekstri	244	201	298	449	664	686	272	534	611	813	972	981	744	770	1.048	1.169	10.457
Leiðrétting v/framlaga eigin fyrirtækja	-11	-60	-59	-26	-35	-37	-37	-35	-35	-61	-93	-112	-121	-148	-165	-181	-1.216
Veltufé frá rekstri, leiðrétt	233	141	239	423	629	649	235	499	576	752	879	869	623	622	883	988	9.241
Breytingar á skammtímalíðum	31	6	40	218	-330	280	-141	4	160	-200	75	-3	163	-167	137	189	462
Afborganir langtímalána	-137	-184	-206	-250	-269	-374	-681	-733	-879	-934	-771	-1.714	-728	-800	-796	-785	-10.241
Fjárfestingar í varanl. rekstrarfjármunum	-421	-543	-645	-535	-1.067	-1.467	-1.523	-871	-556	-512	-652	-672	-1.403	-839	-447	-599	-12.753
Samtals til fjármögnunar	-294	-580	-572	-143	-1.037	-911	-2.110	-1.101	-699	-895	-469	-1.520	-1.345	-1.184	-224	-206	-13.290
Sala eigna og aðrar eignabreytingar	-55	80	289	79	13	620	127	55	84	98	58	1.017	-138	27	-13	35	2.375
Lántökur	405	501	423	400	825	618	2.260	400	899	532	351	465	1.390	1.175	450	650	11.743
Aðrar fjármögnunar hreyfingar	-14	-16	-162	-0	34	198	-126	85	-53	-30	-41	-57	-15	-0	-205	-125	-529
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	41	-16	-22	335	-165	525	151	-561	230	-294	-102	-95	-108	18	8	353	299

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 13 sýnir það sama fyrir A- og B-hluta samtals og tafla 12 sýnir fyrir A-hluta.

Veltufé frá rekstri samkvæmt ársreikningum var 10.457 milljónir króna á þessu tímabili samtals fyrir A- og B-hluta. Eins og komið hefur fram hér að framan eru framlög frá B-hluta stofnunum í reynd tvífærð í gegnum veltuféð sem síðan er dregin frá peningalegri stöðu undir fjármögnunarahreyfingum.

Til að gefa rétta mynd af veltufé frá rekstri eru framlögin dregin frá veltufé frá rekstri á hverju ári. Samtals er um að ræða 1.216 milljónir króna samanber hér að framan.

Að teknu tilliti til þessa var veltufé samtala á tímabilinu frá 2002 til 2017 á verðlagi hvers árs 9.241 milljónir króna. Afborganir langtímalána voru 10.241 milljónir króna og fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum 12.753 milljón krónur. Þannig má ljóst vera að á tímabilinu dugði veltufé frá rekstri ekki að fullu fyrir afborgunum lána sveitarfélagsins.

Þannig voru samtals 13.290 milljóna króna fjárvöntun, sem síðan var fjármagnað með nýjum lánum að upphæð 11.743 milljónir króna og sölu eigna nettó fyrir 2.375 milljónir króna og öðrum eigna breytingum fyrir 529 milljónir króna.

FJÁRHEIMILD SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

Í viðræðum við stjórnendur sveitarfélagsins kom fram hjá sumum þeirra að þeir líta á fjárhagsáætlun sem áætlun og markmið um útgjöld frekar en fjárheimild. Ef þetta er rétt er um alvarlegan misskilning að ræða sem ber að leiðrétta. Hins vegar er rétt að fram

komi að almennt voru stjórnendur nokkuð meðvitaðir um að fjárhagsáætlun segir til um fjárheimild viðkomandi stofnunar. Lögð skal áhersla á að samþykkt fjárhagsáætlun segir til um þá fjárheimild sem viðkomandi stofnun eða forstöðumaður hefur til ráðstöfunar. Fari stofnun fram úr þeirri fjárheimild, sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun stofnunarinnar og samþykkt liggur ekki fyrir því hjá bæjarstjórn, er um brot á sveitarstjórnarlögum að ræða.

Sveitarstjórnarlögin verða ekki öðruvísi skilin en þannig að það sé ekki heimild til þess að stofna til útgjalda nema gert sé ráð fyrir þeim í fjárhagsáætlun, ef ekki þá þurfi samþykki sveitarstjórnar til þess. Sú samþykkt þarf að liggja fyrir áður en til útgjalda er stofnað í sérstökum viðauka við fjárhagsáætlun. Þegar sveitarstjórn ákveður útgjöld utan fjárhagsáætlunar þarf að liggja fyrir hvernig þeim verður mætt, t.d. með niðurskurði á öðrum liðum, aukinni gjaldtöku, tekjuafgangi og/eða nýrri lántöku. Sveitarstjórnarlög sem tóku gildi 1. janúar 2012 kveða skýrar á um þetta.

Með hliðsjón af þessu er mikilvægt að starfsmenn sveitarfélaga almennt geri sér grein fyrir því að útgjöld skv. fjárhagsáætlun eru ekki einungis markmið og áætlun út af fyrir sig heldur er um að ræða hreina fjárheimild, sem þýðir að umfram útgjöld eru óheimil nema samþykki sveitarstjórnar liggi fyrir, en þá þarf sveitarstjórn jafnframt skv. lögunum að gera grein fyrir því hvernig umfram útgjöldum verði mætt.

Því er mikilvægt að forstöðumenn stofnana sveitarfélaga geri sér grein fyrir því strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir hvort starfsemi viðkomandi stofnunar, eins og hún er fyrirhuguð, geti staðist fjárheimildina sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun, ef ekki þá verði gripið til viðhlítandi aðgerða.

Í gildandi sveitarstjórnarlögum er heimild til endurskoðunar á fjárhagsáætlun t.d. síðla árs ekki heimiluð. Einungis er sveitarstjórnnum heimilt að gera breytingu á gildandi fjárhagsáætlun með sérstökum viðauka. Þannig er ekki heimilt að taka áætlunina í heild sinni til endurskoðunar skv. lögunum. Þetta á að leiða til mun markvissari fjárhaldstjórnar hjá sveitarfélögum almennt. 63. gr. nýrra sveitarstjórnarlaga um þetta ákvæði hljóðar svo:

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 1. mgr. 62. gr. um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélags á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykkttri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

Í reglugerð sem sett er á grundvelli 75. gr. er heimilt að skilgreina þau tilvik þar sem tilfærslur innan málaflokka eru heimilaðar án þess að fyrir liggi samþykktur viðauki, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Þó skulu allar slíkar breytingar færðar í viðauka við fyrsta tækifæri.

Ljóst má vera að skv. 63. gr. sveitarstjórnarlaga er það brot á lögunum fari útgjöld fram úr fjárhagsáætlun, sbr. hér að framan. Einungis er það heimilt hafi sveitarstjórn áður samþykkt viðauka við áætlunina. Jafnframt er skýrt tekið fram að viðaukinn sé ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærslu á því hvernig útgjaldaaukanum verður mætt eða tekjulækkun. Þannig er ekki heimilt að leiðrétta fjárhagsáætlun með einhvers konar

viðauka eftir á. Ef heimila á hærri útgjöld þarf það að gerast áður en stofnað er til þeirra. Þetta er mikil breyting frá því sem var og kallar á mikla aðhaldssemi og aga í fjármálum sveitarfélaga, kallar á vandaða fjárhagsáætlunargerð og ekki síður vandaðar greiðsluáætlanir og eftirfylgni.

Einnig er ákvæði í lögnum, sem kveður á um að ekki sé heimilt að reka sveitarsjóð með halla samtals þrjú ár í röð. A.m.k. þarf að vera svo mikill afgangur eitt árið af þremur að hann brúi hallarekstur hinna tveggja áranna sé um hallarekstur að ræða.

Tafla 14: Rauntölur úr rekstri og áætlun 2017 hjá Sveitarfélaginu Árborg, A-hluti

	Árs- reikningur	Fjárhagsáætlun með viðauka	Mis- munur	Hlutfall af áætlun
Félagsþjónusta	763.293	1.003.021	239.728	76,1%
Fræðslu- og uppeldismál	3.724.431	3.660.601	-63.830	101,7%
Menningarmál	173.755	177.811	4.056	97,7%
Æskulýðs- og íþróttamál	640.750	639.078	-1.672	100,3%
Brunamál og almannavarnir	113.311	106.509	-6.802	106,4%
Hreinlætismál	49.093	17.839	-31.254	275,2%
Skipulags- og byggingarmál	191.643	186.887	-4.756	102,5%
Umferðar- og samgöngumál	261.442	263.754	2.312	99,1%
Umhverfismál	140.637	175.332	34.695	80,2%
Atvinnumál	45.754	42.200	-3.554	108,4%
Sameiginlegur kostnaður	462.431	247.325	-215.106	187,0%
Breyting lífeyrisskuldbindingar	-7.324	40.400	47.724	-18,1%
Eignasjóður	-124.890	-136.105	-11.215	91,8%
Þjónustumiðstöð	43.432	41.170	-2.262	105,5%
Fasteignafélag Árborgar	190.265	181.656	-8.609	104,7%
Verktækni ehf.	-1.925	-11.773	-9.848	16,4%
Málaflokkar samtals nettó	6.666.098	6.635.705	-30.393	100,5%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-288.869	-273.880	14.989	105,5%
Gjöld samtals, nettó	6.377.229	6.361.825	-15.404	100,2%
Skatttekjur	-6.393.197	-6.205.402	187.795	103,0%
A-hluti samtals	-15.968	156.423	172.391	-10,2%
Byggingasjóður aldraðra	21.797	15.785	-6.012	138,1%
Leigubústaðir Árborgar ses	8.358	19.055	10.697	43,9%
Fráveita	-261.624	-243.675	17.949	107,4%
Vatnsveita	-154.520	-122.534	31.986	126,1%
Selfossveitur	-75.935	-32.386	43.549	234,5%
Sandvíkursetur ehf	27.020	22.295	-4.725	121,2%
Sjóðir í B-hluta samtals	-434.904	-341.460	93.444	127,4%
Samantekið samtals, A- og B-hluti	-450.872	-185.037	265.835	243,7%

Heimild: Ársreikningur Sveitarfélagsins Árborgar

Tafla 14 sýnir rauntölur rekstrar árið 2017 á móti fjárhagsáætlun með viðaukum.

Eins og taflan sýnir er heildarniðurstaða rauntölu A-hluta gjöld nettó nokkurn veginn á pari við áætlun, eða fer um 15 milljónir króna umfram áætlun sem er mjög gott. Skatttekjur voru um 188 milljónum krónum hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Þannig

verður heildarniðurstaða A-hluta um 172 milljónum krónum betri en áætlun gerði ráð fyrir. Gert var ráð fyrir að rekstrarafkoma A-hluta yrði neikvæð um 156 milljónir króna en niðurstaðan varð 16 milljóna króna tekjuafgangur.

Þegar málaflökkarnir eru skoðaðir koma þeir almennt nokkuð vel út í samanburði við fjárhagsáætlun með viðaukum með nokkrum undantekningum. Hreinlætismál og sameiginlegur kostnaður fara verulega fram úr áætlun. Hins vegar var félagsþjónustan nokkuð undir áætlun, eða um 240 milljónir króna, sem hefur nokkur áhrif á heildarniðurstöðuna. Ef félagsþjónustunni er sleppt fara aðrir málaflökkar samtals um 270 milljónir króna fram úr áætlun, eða sem nemur 4,8%.

Í krónum talið fer sameiginlegur kostnaður mest fram úr áætlun, eða 215 milljónir króna. Næst koma fræðslumálin sem fóru 64 milljónir króna fram úr áætlun og svo hreinlætismálin sem fóru 31 milljónir króna fram úr áætlun.

Í B-hluta fóru tekjur fráveitu, vatnsveitu og Selfossveitna nokkuð fram úr því sem áætlað var, eða samtals 93 milljónir króna.

Samtals var rekstrarniðurstaða A- og B-hluta um 266 milljónum krónum betri en áætlun gerði ráð fyrir. Niðurstaðan varð jákvæð um 451 milljónir króna en áætlun gerði ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu upp á 185 milljónir króna.

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra voru gerðir tveir viðaukar á árinu 2017. Á árunum 2014 til 2017 var gerður einn viðauki hvert ár.

Í 76. gr. segir að viðauka, sem bæjarstjórn samþykki, eigi að tilkynna til innanríkisráðuneytisins. Þetta ákvæði greinarinnar hljóðar svo:

Skil á upplýsingum um fjármál.


Fjárhagsáætlanir skal senda ráðuneytinu innan 15 daga frá afgreiðslu þeirra. Hið sama á við um viðauka sem eru gerðir við slíkar áætlanir

Samkvæmt upplýsingum fjármálastjóra hafa allir viðaukarnir verið sendir ráðuneytinu eins og lögin kveða á um.

Gera má ráð fyrir að enn betri árangur hefði náðst í rekstri sveitarfélagsins ef tekist hefði að halda þeim málaflökkum innan áætlunar sem mest fóru fram úr áætlun, sjá hér að framan. Til að ná því markmiði er mikilvægt að gerð sé greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hún borin reglulega saman við rauntölur. Þannig er hægt að grípa strax til aðgerða ef kostnaður virðist vera að fara fram úr áætlun. Með því á að vera hægt að fylgja því betur eftir að fjárhagsáætlun standist. Mikilvægt er að þetta verði framkvæmt með vísan til sveitarstjórnarlaga.

Leggja ber áherslu á að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar fjárhagsáætlun og vegna einstakra útgjaldaliða. Ef um breytingar er að ræða á einstökum fjárhagslyklum umfram verðlagsbreytingar er mikilvægt að gerð sé grein fyrir því, þannig að forstöðumenn viti nákvæmlega hver ætlun bæjarstjórnar er.

Mynd 6: Fjöldi sveitarfélaga sem voru með hallarekstur og hlutfall þeirra af heildarfjölda sveitarfélaga árin 2002 til 2017 sem skiluðu ársreikningum tímalega til Sambands íslenskra sveitarfélaga, A- og B-hluti



Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Mynd 6 sýnir fjölda sveitarfélaga sem voru með hallarekstur á árunum 2002 til 2017, og hlutfall þessara sveitarfélaga af heildarfjölda sveitarfélaga, sem skiluðu ársreikningum tímalega, línurit.

Eins og mynd 6 sýnir var tala sveitarfélaga, sem rekin voru með halla um og yfir 40 á árunum fyrir 2012 með einni undantekningu árið 2007. Einnig hefur hlutfall þessara sveitarfélaga af heildarfjölda sveitarfélaga á þessum tímabili verið um og yfir 40%. Fór hæst í 74% árið 2003. Ljóst er að mikil breyting hefur átt sér stað á s.l. árum hvað rekstrarafkomu sveitarfélaga varðar, þar sem sveitarfélögum með neikvæða afkomu hefur farið fækkandi frá og með árinu 2012 með undantekningu árið 2015. Árin 2016 og 2017 voru sveitarfélög, sem voru með neikvæða afkoma, A- og B-hluta samtals, fimm hvort ár.

Sveitarfélagið Árborg var með halla af reglulegri starfsemi samkvæmt ársreikningi sveitarfélagsins í fjögur ár á þessu tímabili, þ.e. árin 2003, 2008, 2009 og 2015.

Með vísan til þess sem sagt var hér að framan varðandi meðferð á greiðslu arðs B-hluta stofnana til A-hlutans leiddi það til betri afkomu í ársreikningi sveitarfélagsins en raunverulega var í samstæðureikningnum. Ef það er leiðrétt bætast þrjú hallaár við hjá sveitarfélaginu, þ.e. árin 2011, 2014 og 2016.

Í 64. gr. sveitarstjórnarlaga er ákvæði um rekstrarafkomuna en greinin hljóðar þannig:

Viðmiðanir um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Skyldu skv. 1. mgr. skal sveitarstjórn fullnægja m.a. með því að:

- 1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv.*

60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og

2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Ráðherra skilgreinir í reglugerð nánar þau viðmið sem lögð eru til grundvallar skv. 2. mgr., þar á meðal um útgjöld, tekjur, eignir, skuldir og skuldbindingar og aðlögun sveitarfélaga að þeim. Þar skal jafnframt heimilt að undanþiggja nánar tilgreindar skuldir eða skuldbindingar einstakra sveitarfélaga þannig að þær hafi engin eða aðeins hlutfallsleg áhrif skv. 2. tölul. 2. mgr.

Ákvæði lagagreinarinnar er skýrt um það að heildarútgjöld til rekstrar A- og B-hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Þannig má ljóst vera að jöfnuður á að vera í rekstri fyrir óreglulega liði og lagaákvæðið heimilar t.d. ekki að nýta megi sér söluhagnað vegna sölu eigna til að ná jöfnuði í rekstri sveitarfélaga.

Tafla 15: Rekstrarafkoma árin 2002 til 2017 hjá Sveitarfélaginu Árborg A- hluti og A- og B-hluti samtals, í milljónum króna á verðlagi hvers árs

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals
A-hluti	31	-76	158	76	44	570	-1.208	-607	-60	-181	-96	-36	-195	-357	-218	16	-2.141
A- og B-hluti	56	-76	168	171	84	659	-1.364	-449	172	35	176	405	102	-21	108	451	675

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 15 sýnir rekstrarniðurstöðu hjá sveitarfélaginu Árborg árin 2002 til 2017 fyrir A-hluta og A- og B-hluta samtals í milljónum króna á verðlagi hvers árs.

Eins og taflan sýnir var niðurstaða rekstrar jákvæð hjá A-hluta sex sinnum á þessu 16 ára tímabili, þ.e. árin 2002, 2004 til og með 2007 og síðan ekki fyrr en árið 2017. Halli hefur verið á rekstri A-hluta öll árin frá og með 2008 til og með árinu 2016. Síðan var afgangur upp á 16 milljónir króna árið 2017 hjá A-hluta. Samtals var niðurstaða af rekstri A-hluta árin 2002 til 2017 á verðlagi hvers árs neikvæð um 2.141 milljón króna.

Þegar samstæðureikningurinn er skoðaður, þ.e. A- og B-hluti samtals var halli í fjögur ár á þessu tímabili, þ.e. árin 2003, 2008, 2009 og 2015. Samtals var afkoman jákvæð hjá A- og B-hluta samkvæmt ársreikningnum sveitarfélagsins á þessu tímabili um 675 milljónir króna.

Eins og kom fram hér að framan er það mat skýrsluhöfundar að leiðrétta beri niðurstöðu samstæðureikningsins um framlög frá B-hluta stofnunum til A-hlutans, sem námu samtals á þessu tímabili 1.216 milljónum króna.

Tafla 16: Rekstrarafkoma leiðrétta um framlög frá eigin stofnunum 2002 til 2017 hjá Sveitarfélaginu Árborg í samstæðureikningi, A- og B-hluti, í milljónum króna

Frmlög eigin fyrirtækja	-11	-60	-59	-26	-35	-37	-37	-35	-35	-61	-93	-112	-121	-148	-165	-181	-1.216
	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Samtals
A-hluti	31	-76	158	76	44	570	-1.208	-607	-60	-181	-96	-36	-195	-357	-218	16	-2.141
A- og B-hluti	45	-136	109	145	49	622	-1.401	-484	137	-26	83	293	-19	-169	-57	270	-541

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar, og ársreikningar Sveitarfélagsins Árborgar

Það er mat skýrsluhöfundar að eins og farið hefur verið með framlög frá B-hluta stofnunum til A-hluta í ársreikningum sveitarfélagsins hafi tekjur í samstæðunni verið tvítaldar sem nemur framlögunum. Það hefði átt að fara með þessi framlög eins og aðrar millifærslur á milli A- og B-hluta í samstæðureikningum, þ.e. að jafna þær út.

Við þessa leiðréttingu fjölgar árunum um þrjú þar sem var halli á samstæðu

sveitarfélagsins. Hallaárin verða þá sjö en ekki fjögur samanber hér að framan. Samkvæmt þessu hefur verið halli á samstæðu reikningi sveitarfélagsins í þrjú ár af s.l. fjórum en samkvæmt ársreikningum sveitarfélagsins var halli í einungis eitt ár af s.l. fjórum.

Rekstrarafkoman samtals samkvæmt þessu var neikvæð um 541 milljón króna árin 2002 til 2017 en ekki jákvæð um 675 milljónir króna eins og reikningar sveitarfélagsins segja til um.

TEKJUR

Þegar kemur að tekjuhlíðinni er rétt að bera tekjur Sveitarfélagsins Árborgar saman við tekjur 10 sveitarfélaga, fimm stærri og fimm minni hvað íbúafjölda varðar miðað við íbúafjölda 1. janúar 2018.

Tafla 17: Skatttekjur samtals á hvern íbúa í þúsundum króna hjá samanburðar sveitarfélögum 2002 til 2017

	Fjöldi íbúa 01.12.2018	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Hafnarfjarðarkaupstaður	29.412	242	256	269	295	325	397	421	436	428	486	510	556	573	598	675	726
Akureyrarbær	18.787	242	250	270	301	332	377	409	439	443	526	557	597	625	683	735	788
Reykjanesbær	17.805	230	239	262	285	328	346	382	415	424	480	496	525	545	626	680	732
Garðabær	15.709	262	269	284	329	366	435	472	454	454	512	544	583	605	641	702	765
Mosfellsbær	10.556	225	250	269	291	330	360	414	399	412	520	553	591	621	676	721	759
Sveitarfélagið Árborg	8.995	245	264	269	297	336	374	392	418	435	507	534	566	579	620	671	711
Akraneskaupstaður	7.259	238	247	265	299	337	373	406	428	438	513	534	576	611	640	704	757
Fjarðabyggð	4.777	296	297	316	336	458	542	531	552	591	635	661	694	727	801	838	901
Seltjarnarnesbær	4.575	264	281	300	351	360	433	426	407	441	488	520	557	581	585	642	714
Vestmannaeyjabær	4.284	264	268	282	328	388	435	483	462	489	583	609	621	614	674	718	761
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.955	276	279	306	338	393	472	499	507	516	550	588	644	668	719	904	950

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 17 sýnir skatttekjur samtals á íbúa á verðlagi hvers árs hjá samanburðar sveitarfélögum í þúsundum króna, fimm stærri sveitarfélög og fimm minni að íbúafjölda en Sveitarfélagið Árborg miðað við íbúafjölda 1. janúar 2018.

Eins og taflan sýnir var Sveitarfélagið Árborg með lægstu skatttekjur á hvern íbúa af samanburðar sveitarfélögum árið 2017, eða 711 þúsund krónur. Til samanburðar voru skatttekjur samtals hæstar hjá Sveitarfélaginu Skagafjörður þar sem þær voru 950 þúsund krónur á hvern íbúa árið 2017. Rétt er að fram komi að það sveitarfélag annast málefni fatlaðra fyrir sveitarfélög á Norðurlandi vestra og fær greiðslur vegna þeirra sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða, sem hefur áhrif á framlögin frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það var eitt sveitarfélag með lægri skatttekjur á hvern íbúa af samanburðar sveitarfélögum árið 2016, þ.e. Seltjarnarneskaupstaður. Frá árinu 2009 til 2016 voru tvö til þrjú sveitarfélög með lægri skatttekjur samtals á hvern íbúa. Af þessu má draga þá ályktun að skatttekjur á hvern íbúa miðað við þessi sveitarfélög eru lágar hjá Sveitarfélaginu Árborg. Hafa ber í huga að hér eru fleiri þættir sem skipta mál en tekjur. Má þar nefna eins og fram kom á mynd 2 og 4 hér að framan þar sem fram kom lágt hlutfall íbúa á aldrinum 17 til 66 ára í samanburði við samanburðar sveitarfélög og sveitarfélög á landinu öllu.

Tafla 18: Greining á skatttekjum á íbúa hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum árið 2017 í þúsund krónum

	Hafnarfjarðar- kaupstaður	Akureyrar- bær	Reykja- nesbær	Garða- bær	Mosfells- bær	Sveitarfélagið Árborg	Akranes- kaupstaður	Fjarða- byggð	Seltjarnar- nesbær	Vestmannaeyja- bær	Sveitarfélagið Skagafjörður	Meðaltal 11 sveitarfélög	Meðaltal öll sveitarfélög
Íbúafjöldi 1. janúar 2018	29.412	18.787	17.805	15.709	10.556	8.995	7.259	4.777	4.575	4.284	3.955	126.114	348.450
Útsvör	525	498	504	577	515	475	508	564	598	538	489	523	528
Fasteignaskattur	103	100	79	91	74	80	69	156	58	71	97	91	110
Framlög úr Jöfnunarsjóði	80	170	137	82	160	142	172	165	52	136	348	131	117
Aðrar tekjur með skattaígildi	18	20	12	15	10	14	8	15	6	17	17	15	13
Skatttekjur samtals	726	788	732	765	759	711	757	901	714	761	950	759	769

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 18 sýnir skatttekjur skipt eftir skattstofni á hvern íbúa í 11 samanburðar sveitarfélögunum, meðaltal þessara 11 sveitarfélaga og meðaltal fyrir öll sveitarfélög árið 2017.

Eins og fram kemur í töflunni voru útsvarstekjur á íbúa lægstar hjá Sveitarfélaginu Árborg af samanburðar sveitarfélögunum. Útsvarstekjur á íbúa í Sveitarfélaginu Árborg voru nokkru lægri en landsmeðaltalið árið 2017. Landsmeðaltalið var 528 þúsund krónur á hvern íbúa til samanburðar við 475 þúsund krónur hjá Sveitarfélaginu Árborg. Hæstu útsvarstekjur á íbúa voru hjá Seltjarnarnesbæ, eða 598 þúsund krónur á hvern íbúa. Þannig voru útsvarstekjur á hvern íbúa í Seltjarnarnesbæ 124 þúsund krónum hærri en í Sveitarfélaginu Árborg árið 2017.

Helmingur af samanburðarsveitarfélögunum, eða fimm, voru með lægri fasteignaskatt á hvern íbúa en Sveitarfélagið Árborg. Meðaltalið fyrir landið allt var 110 þúsund krónur á hvern íbúa til samanburðar við að það var 80 þúsund krónur í Sveitarfélaginu Árborg. Þannig var fasteignaskattur á hvern íbúa um 30 þúsund krónum lægri í Sveitarfélaginu Árborg en að meðaltali fyrir landið allt.

Fimm sveitarfélög í þessum samanburði voru með framlög úr Jöfnunarsjóði á íbúa lægri en Sveitarfélagið Árborg. Hér þarf að skoða þessi framlög sérstaklega þar sem framlög vegna málefna fatlaðra geta skekkt myndina þar sem sum sveitarfélög geta verið að fá framlög vegna annarra sveitarfélaga þar sem þau annast málaflokkinn fyrir þau. Sjá hér síðar.

Af samanburðar sveitarfélögunum voru fjögur með lægri aðrar tekjur með skattaígildi en Sveitarfélagið Árborg. Þessar tekjur á hvern íbúa voru hærri hjá Sveitarfélaginu Árborg en meðaltalið fyrir öll sveitarfélög.

Þegar skatttekjur eru teknar samtals vegna ársins 2017 voru þær lægstar hjá Sveitarfélaginu Árborg í samanburði við samanburðarsveitarfélögin. Skatttekjur að meðaltali fyrir landið allt voru 769 þúsund krónur á hvern íbúa en þær voru 711 þúsund krónur hjá Sveitarfélaginu Árborg. Þannig voru skatttekjur hjá Sveitarfélaginu Árborg um 58 þúsund krónum lægri á hvern íbúa en meðaltal fyrir öll sveitarfélög árið 2017. Hefðu skatttekjur sveitarfélagsins verið jafnar og meðaltalið fyrir öll sveitarfélög á hvern íbúa hefðu skatttekjur sveitarfélagsins árið 2017 verið samtals 522 milljónum krónum hærri en þær voru.

Á sama hátt voru skatttekjur að meðaltali fyrir þessi 11 samanburðarsveitarfélög 759 þúsund krónur á hvern íbúa til samanburðar við 711 þúsund krónur hjá Sveitarfélaginu Árborg, eða mismunur sem nemur 48 þúsund krónum á hvern íbúa.

Með hliðsjón af þessu er spurt hvort nægur jöfnuður sé að nást með framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga miðað við stærð þessara sveitarfélaga og hvað skatttekjur samtals á hvern íbúa eru mismunandi.

Tafla 19: Framlög til 11 samanburðar sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2017 önnur en vegna málefna fatlaðra í þúsundum króna

	Hafnar- fjarðar- kaupstaður	Akur- eyrarbær	Reykja- nesbær	Garða- bær	Mos- fells- bær	Sveitar- félagið Árborg	Akra- nes- kaup- staður	Fjarða- byggð	Sel- tjarnar- nesbær	Vest- manna- eyja- bær	Sveitar- félagið Skaga- fjörður	Samtals 11 sveitar- félög	Samtals öll sveitar- félög
Íbúafjöldi 1. janúar 2018	29.412	18.787	17.805	15.709	10.556	8.995	7.259	4.777	4.575	4.284	3.955	126.114	348.450
Íbúafjöldi 1. janúar 2017	28.703	18.488	16.350	15.230	9.783	8.471	7.051	4.691	4.450	4.292	3.932	121.441	338.349
Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga				176.134								176.134	195.481
Framlög vegna fjárhagserfiðleika			145.000									145.000	160.000
Tekjujöfnunarframlög			459.749			180.978	71.152					711.879	1.250.000
Útgjaldajöfnunarframlög	-256	279.492	293.019	192.894	225.183	291.594	343.074	154.415	137.085	309.395	483.021	2.708.916	9.806.560
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla	743.881	811.376	595.792	380.089	415.426	376.469	218.384	237.907		-16.009	191.995	3.955.310	8.165.328
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	113.850	98.700	78.950	48.200	65.050	46.950	52.350	24.200	10.700	21.500	11.950	572.400	2.178.974
Framlög vegna nýbúafraðslu	36.790	12.003	37.310	14.820	5.980	11.570	11.570	14.300	3.900	5.850	3.120	157.213	282.852
Framlög vegna almennra húsaleigubóta	1.449	387	1.257	245	1.872	513	361	111	95	184	176	6.650	24.702
Framlög vegna sérstakra húsaleigubóta	77	263		336		9	17	26				728	36.043
Framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna		298.415	519.622		27.793	153.362	129.917	236.982		119.157	197.772	1.683.020	4.508.736
Framlög til eflingar tónlistarnámi	24.175	46.800	17.899	16.513	17.987	16.506	19.197	2.190	5.456		1.736	168.459	536.700
Framlög vegna tekna af skatti á fjármálafyrirtæki	54.639	33.488	29.434	31.593	18.485	14.623	13.079	9.950	9.754	8.657	7.041	230.743	650.000
Framlög vegna skólabúða og önnur framlög													75.824
Samtals	974.605	1.580.924	2.178.032	860.824	777.776	1.092.574	859.101	680.081	166.990	448.734	896.811	10.516.452	27.871.200

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 19 sýnir framlög til samanburðarsveitarfélaganna árið 2017 úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga önnur en vegna málefna fatlaðra. Einnig sýnir taflan framlögin samtals til þessara sveitarfélaga og til allra sveitarfélaga samtals.

Tafla 20: Framlög á hvern íbúa til 11 samanburðarsveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2017 önnur en vegna málefna fatlaðra í þúsundum króna

	Hafnar- fjarðar- kaupstaður	Akur- eyrarbær	Reykja- nesbær	Garða- bær	Mos- fells- bær	Sveitar- félagið Árborg	Akra- nes- kaup- staður	Fjarða- byggð	Sel- tjarnar- nesbær	Vest- manna- eyja- bær	Sveitar- félagið Skaga- fjörður	Meðaltal 11 sveitar- félög	Meðaltal öll sveitar- félög
Íbúafjöldi 1. janúar 2018	29.412	18.787	17.805	15.709	10.556	8.995	7.259	4.777	4.575	4.284	3.955	126.114	348.450
Íbúafjöldi 1. janúar 2017	28.703	18.488	16.350	15.230	9.783	8.471	7.051	4.691	4.450	4.292	3.932	121.441	338.349
Framlög vegna sameiningar sveitarfélaga				11,212								1,397	0,561
Framlög vegna fjárhagserfiðleika			8,144									1,150	0,459
Tekjujöfnunarframlög			25,821			20,120	9,802					5,645	3,587
Útgjaldajöfnunarframlög	-0,009	14,877	16,457	12,279	21,332	32,417	47,262	32,325	29,964	72,221	122,129	21,480	28,143
Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla	25,292	43,188	33,462	24,196	39,354	41,853	30,085	49,803		-3,737	48,545	31,363	23,433
Framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda	3,871	5,254	4,434	3,068	6,162	5,220	7,212	5,066	2,339	5,019	3,021	4,539	6,253
Framlög vegna nýbúafraðslu	1,251	0,639	2,095	0,943	0,567	1,286	1,594	2,994	0,852	1,366	0,789	1,247	0,812
Framlög vegna almennra húsaleigubóta	0,049	0,021	0,071	0,016	0,177	0,057	0,050	0,023	0,021	0,043	0,045	0,053	0,071
Framlög vegna sérstakra húsaleigubóta	0,003	0,014		0,021		0,001	0,002	0,005				0,006	0,103
Framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna		15,884	29,184		2,633	17,050	17,897	49,609		27,814	50,006	13,345	12,939
Framlög til eflingar tónlistarnámi	0,822	2,491	1,005	1,051	1,704	1,835	2,645	0,458	1,193		0,439	1,336	1,540
Framlög vegna tekna af skatti á fjármálafyrirtæki	1,858	1,783	1,653	2,011	1,751	1,626	1,802	2,083	2,132	2,021	1,780	1,830	1,865
Framlög vegna skólabúða og önnur framlög													0,218
Samtals	33	84	122	55	74	121	118	142	37	105	227	83	80

Heimild: Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Tafla 20 sýnir framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á hvern íbúa í þúsundum króna til 11 samanburðarsveitarfélaganna, meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og meðaltalið á hvern íbúa miðað við landið allt. Miðað er við íbúafjölda 1. janúar 2018.

Tafla 21: Útsvar, fasteignaskattur, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2017 á hvern íbúa í þúsundum króna

	Hafnarfjarðar- kaupstaður	Akureyrar- bær	Reykja- nesbær	Garða- bær	Mosfells- bær	Sveitarfélagið Árborg	Akranes- kaupstaður	Fjarða- byggð	Seltjarnar- nesbær	Vestmannaeyja- bær	Sveitarfélagið Skagafjörður	Meðaltal 11 sveitarfélög	Meðaltal öll sveitarfélög
Íbúafjöldi 1. janúar 2018	29.412	18.787	17.805	15.709	10.556	8.995	7.259	4.777	4.575	4.284	3.955	126.114	348.450
Útsvör	525	498	504	577	515	475	508	564	598	538	489	523	528
Tekjujöfnunarframlög			26			20	10					6	4
Samtals	525	498	530	577	515	495	518	564	598	538	489	528	532
Fasteignaskattur	103	100	79	91	74	80	69	156	58	71	97	91	110
Framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna		16	29		3	17	18	50		28	50	13	13
Samtals	103	116	108	91	76	97	87	206	58	98	147	104	123
Samtals	628	614	638	668	592	592	605	770	656	637	636	632	655
Mismunur miðað við landið allt						-63							

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar og Jöfnunarsjóður sveitarfélag

Tafla 21 sýnir útsvar, fasteignaskatt, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2017 á hvern íbúa hjá samanburðar sveitarfélögunum. Jafnframt sýnir taflan meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og meðaltalið fyrir landið allt.

Eins og taflan sýnir sker Sveitarfélagið Árborg sig nokkuð úr hvað varðar skatttekjur á hvern íbúa bæði með og án framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem eiga að jafna þessartekur.

Það vekur athygli að það sveitarfélag sem er með hæstu fasteignaskattstekjur á hvern íbúa í þessum samanburði fær jafnframt hæsta framlagið vegna jöfnunar fasteignaskattstekna af samanburðar sveitarfélögunum.

Þegar útsvarstekjur, fasteignaskattstekjur, tekjujöfnunarframlög og framlög vegna jöfnunar fasteignaskattstekna á hvern íbúa eru tekin saman samtals sker Sveitarfélagið Árborg sig nokkuð úr ásamt Mosfellsbæ með lágar tekjur á hvern íbúa. Þannig voru þessar tekjur samtals í Sveitarfélaginu Árborg árið 2017 á hvern íbúa 592 þúsund krónur samanborið við meðaltalið fyrir landið allt 655 þúsund krónur. Þannig voru þessar tekjur samtals 63 þúsund krónum lægri á hvern íbúa í Sveitarfélaginu Árborg árið 2017. Miðað við íbúafjölda í janúar 2018 gerir þessi mismunur samtals 568 milljónir króna.

Tafla 22: Skattaálagningarhlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum árið 2017

	Hafnarfjarðar- kaupstaður	Akureyrar- bær	Reykja- nesbær	Garða- bær	Mosfells- bær	Sveitarfélagið Árborg	Akranes- kaupstaður	Fjarða- byggð	Seltjarnar- nesbær	Vestmannaeyja- bær	Sveitarfélagið Skagafjörður
Íbúafjöldi 1. janúar 2018	29.412	18.787	17.805	15.709	10.556	8.995	7.259	4.777	4.575	4.284	3.955
Álagning útsvars	14,48%	14,52%	15,05%	13,70%	14,48%	14,52%	14,52%	14,52%	13,70%	14,46%	14,52%
Fasteignaskattur, A-flokkur, íbúðarhúsnæði	0,310%	0,380%	0,500%	0,230%	0,253%	0,350%	0,361%	0,500%	0,200%	0,350%	0,500%
B-flokkur, opinberar stofnanir	1,320%	1,320%	1,320%	1,320%	1,320%	1,320%	1,320%	1,320%	1,320%	1,320%	1,320%
C-flokkur, verslunar- og iðnaðarhúsnæði	1,650%	1,650%	1,650%	1,650%	1,650%	1,650%	1,650%	1,650%	1,188%	1,650%	1,650%
Lóðarleiga, A-flokkur	0,40%	0,50%	2,00%	0,40%	0,34%	1,00%	1,598%	0,70%	0,40%	1,00%	1,50%
Lóðarleiga, B- og C-flokkur	1,30%	2,80%	2,00%	1,00%	1,10%	1,00%	1,055%	3,00%	1,75%	3,50%	2,50%

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2017 og Samband íslenskra sveitarfélag, yfirlit yfir álagningu

Tafla 22 sýnir skattaálagningarhlutfall hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum á árinu 2017. Eins og taflan sýnir voru fimm samanburðar sveitarfélögin með útsvarsprósentuna í hámarki og eitt með álag á hámarkið vegna fjárhagserfiðleika.

Fimm af samanburðarsveitarfélögunum voru með hærri álagningarprósentu fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði en Sveitarfélagið Árborg. Þrjú sveitarfélög voru með álagninguna í hámarki, þ.e. 0,500%. Það eru sveitarfélögin Reykjanesbær, Fjarðabyggð og Sveitarfélagið Skagafjörður. Rétt er að vekja athygli á því að þetta eru þau

sveitarfélög sem fengu hæstu framlögin af samanburðarsveitarfélögunum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna jöfnunar á fasteignaskattstekjum, sbr. hér að framan.

Leggja má á 0,5% fasteignaskatt í þessum flokki. Síðan er heimilt að leggja tímabundið allt að 25% álag ofan á hámarkið og fara með fasteignaskattinn í allt að 0,625%.

Öll samanburðar sveitarfélögin nema eitt, Seltjarnarnesbær, voru með álagningu fasteignaskatts vegna húsnæðis í C-flokki í hámarki með hámarks álagi, eða í 1,650%.

Varðandi lóðarleigu vegna atvinnuhúsnæðis var Sveitarfélagið Árborg ásamt Garðabæ með lægsta hlutfall lóðarleigu af samanburðarsveitarfélögunum.

Tafla 23: Skattálagningarhlutfall og gjaldtaka hjá 11 samanburðar sveitarfélögunum árið 2018

	Hafnarfjarðar- kaupstaður	Akureyrar- bær ¹⁾	Reykja- nesbær ²⁾	Garða- bær	Mosfells- bær	Sveitarfélagið Árborg	Akranes- kaupstaður ³⁾	Fjarða- byggð	Seltjarnar- nesbær	Vestmannaeyja- bær	Sveitarfélagið Skagafjörður
Íbúafjöldi 1. janúar 2018	29.412	18.787	17.805	15.709	10.556	8.995	7.259	4.777	4.575	4.284	3.955
Álagning útsvars %	14,48	14,52	14,52	13,70	14,48	14,52	14,52	14,52	13,70	14,46	14,52
Fasteignastuðull 2018 (sérbyli/fjölbyli)		1,18/1,39 ⁴⁾	1,36/1,61 ⁵⁾			1,07/1,37 ⁶⁾	1,19/1,41	0,82/0,80 ⁷⁾		0,88/1,11	1,00/1,00 ⁸⁾
Fasteignaskattur, A-liður % af fm	0,280	0,350	0,460	0,200	0,225	0,325	0,310	0,500	0,175	0,350	0,500
Fasteignaskattur, B-liður % af fm	1,32	1,32	1,32	1,32	1,32	1,32	1,32	1,32	1,32	1,32	1,32
Fasteignaskattur C-liður % af fm	1,570	1,650	1,650	1,650	1,650	1,650	1,620	1,650	1,1875	1,650	1,650
Fráveitugjald % af fm	0,137	209,75 kr/m ²	0,170	0,110	0,125	0,2792	407,87 kr/m ²	0,343	0,150	0,200	0,275
Vatnsgjald % af fm	0,062	133,30 kr/m ²	219,00 kr/m ²	0,100	0,084	0,1961	212,36 kr/m ²	0,258	0,090	186,00 kr/m ²	0,160
Sorphreinsgjald	36.014	38.643	16.272	24.450	28.000	26.300	18.786	28.828	30.060	17.055	19.491
Sorpeyðingargjald			26.547			18.700	16.021	13.682		38.526	17.198
Sorphreins- og -eyðingargjald samtals	36.014	38.643	42.819	24.450	28.000	45.000	34.807	42.510	30.060	55.581	36.689
Lóðaleiga, A-liður % af lm	0,36	0,50	2,00	0,40	0,34	1,00	0,40	0,70	0,40	1,00	1,50
Lóðaleiga, B- og C-liður % af lm	1,30	2,80	2,00	1,00	1,10	1,00	1,30	3,00	1,75	3,50	2,50
Fjöldi gjalddaga	10	8	10	10	9	10	10	8	10	10	9
1) Fráveitugjald: Fast gjald kr. 8.878 og gjald á hvern fermetra kr. 209,75											
1) Vatnsgjald: Fast gjald kr. 8.884 og gjald á hvern fermetra kr. 133,30											
2) Vatnsgjald: Fast gjald kr. 5.700 og gjald á hvern fermetra kr. 219,00											
3) Fráveitugjald: Fast gjald kr. 10.507 og gjald á hvern fermetra kr. 407,87											
3) Vatnsgjald: Fast gjald kr. 5.472 og gjald á hvern fermetra kr. 212,36											
4) Utan þéttbýlis 0,75/-, Naustahverfi 1,30/1,51; Neðri Brekka, Eyri, innb. 1,36/1,47; Efri Brekka 1,30/1,51; Glerárhverfi 1,18/1,39; Hrisey 0,46/0,48; Grímsey 0,40/0,35;											
Árskógssandur/Hauganes 0,57/0,70; Gíljahverfi 1,29/1,48											
5) Njarðvík 1,22/1,50; Keflavík 1,36/1,61; Flugvallarsvæði 0,91/1,50; Hafnir 0,64/-											
6) Selfoss 1,07/1,37; Eyraðakki 0,80/0,87; Stokkseyri 0,77/0,68											
7) Neskaupstaður 0,82/0,80; Eskifjörður 0,72/0,77; Reyðarfjörður 0,78/0,87; Fáskrúðsfjörður 0,65/0,67; Stöðvarfjörður 0,36/-; Breiðdalsvík 0,29/0,44											
8) Sauðárkrúkur 1,00/1,00; Höfsós 0,44/0,80; Skagafjörður 0,68/0,52											

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2018 og Þjóðskrá Íslands

Tafla 23 sýnir álagningu útsvars, fasteignaskatts, holræsagjalds, vatnsgjalds, sorphreinsi- og sorpeyðingargjalds og lóðarleigu hjá samanburðar sveitarfélögunum á árinu 2018. Einnig sýnir taflan fasteignamatstuðul í þessum sveitarfélögum. Hafa ber í huga að fasteignamatstuðullinn getur verið mismunandi innan sama sveitarfélags, sjá athugasemd fjögur til átta í töflunni. Einnig að í sumum tilfella eru upplýsingar um álagningu ekki alveg tæmandi. Fasteignamatstuðullinn er ekki sá sami fyrir höfuðborgarsvæðið og landsbyggðina. Þess vegna er fasteignamatstuðullinn ekki sýndur fyrir fjögur sveitarfélög sem eru á höfuðborgarsvæðinu í þessum samanburði.

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga. Það er dregið af launum launþega ásamt tekjuskatti ríkisins. Útsvarsprósentan getur verið mismunandi frá einu sveitarfélagi til annars. Samkvæmt tekjustofnalögum getur útsvarsprósentan hæst verið 14,52% en lægst 12,44%. Eins og taflan sýnir eru sex af samanburðarsveitarfélögunum með útsvarsprósentuna í hámarki árið 2018. Þar á meðal er Sveitarfélagið Árborg.

Fasteignaskattur, sem lagður er á fasteignamat húsnæðis og lóðar, skiptist í þrennt:

A-skattur er lagður á íbúðarhúsnæði og getur verið allt að 0,5% af fasteignamati.

B-skattur er lagður á ýmsar opinberar byggingar og er 1,32% af fasteignamati.

C-skattur er lagður á atvinnuhúsnæði og annað húsnæði, sem ekki fellur undir A- eða B-skatt, og getur verið allt að 1,32% af fasteignamati.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka álagningu A- og C-skatta um allt að 25%. Hámarksálagning A-skatts er þá 0,625% og C-skatts 1,65% með álagi.

Eins og taflan sýnir eru tvö sveitarfélög af samanburðarsveitarfélögunum með fasteignaskatt í A-lið í hámarki án álags. Þrjú önnur sveitarfélög af þessum eru með álagningaprósenta hærri en Sveitarfélagið Árborg, þ.e. fimm sveitarfélög samtals með hærri álagningaprósentu en Sveitarfélagið Árborg. Hafa ber í huga að skoða þarf einnig matsstuðulinn þegar fasteignaskattur er borinn saman á milli sveitarfélaga, sjá hér síðar.

Álagningarprósenta í B-lið er bundin í lög, 1,32%, og er því sú sama hjá öllum sveitarfélögunum. Hér er um að ræða húsnæði í eigu hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga.

Álagning í C-lið getur verið allt að 1,32%. Hins vegar er sveitarfélögum heimilt að leggja allt að 25% álag á þennan tekjustofn og fara með hann í allt að 1,65%. Af samanburðar sveitarfélögunum voru 10 sem nýttu sér heimild til að vera með álag ofan á hámark fasteignaskatts í C-flokki. Sveitarfélagið Árborg var eitt af þeim, en þar var álagningin 1,650%. Átta af þessum sveitarfélögum voru með hámarks álag, 25%, ofan á hámark skattsins.

Varðandi önnur gjöld og lóðarleigu eru tölur litaðar rauðar þar sem álagningin og gjaldtakan er hærri en hjá Sveitarfélaginu Árborg.

Gera verður nokkurn greinarmun á framangreindum sköttum og skattígildi annars vegar og holræsagjaldi, vatnsgjaldi, sorphreinsigjaldi og sorpeyðingargjaldi hins vegar. Annars vegar er um skatt að ræða og hins vegar gjöld. Gjöldin eru lögð á samkvæmt ákveðinni samþykkt þar um og eru eingöngu ætluð til að standa undir kostnaði við rekstur holræsa og vatnsveitu, við sorphreinsun og sorplosun. Rétt er að hafa í huga á álagningarprósenta fasteignaskatts getur haft áhrif á framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna jöfnunar á fasteignaskattstekjum.

Taflan sýnir einnig matsstuðul fasteignamats eins og hann er í þessum sveitarfélögum eða innan þeirra fyrir árið 2018 nema fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er að hann getur verið mjög mismunandi og því gefur það ekki alveg rétta mynd að skoða eingöngu álagningarhlutfallið þegar verið er að bera fasteignaskatt saman á milli sveitarfélaga.

Tafla 24: Matsstuðull 2018 og álagningarstofn fasteignaskatts og fasteignagjalda árið 2018 hjá samanburðar sveitarfélögunum. Verðmat eigna í þúsundum króna

	Hafnarfjarðar- kaupstaður	Akureyrar- bær	Reykja- nesbær	Garða- bær	Mosfells- bær	Sveitarfélagið Árborg	Akranes- kaupstaður	Fjarða- byggð	Seltjarnar- nesbær	Vestmannaeyja- bær	Sveitarfélagið Skagafjörður
Íbúafjöldi 1. janúar 2018	29.412	18.787	17.805	15.709	10.556	8.995	7.259	4.777	4.575	4.284	3.955
Útsvarstekjur á íbúa 2017	525	498	504	577	515	475	508	564	598	538	489
Fasteignamatsstuðull sér-/fjölþýli		1,18/1,39 ¹⁾	1,36/1,61 ²⁾			1,07/1,37 ³⁾	1,19/1,41	0,82/0,80 ⁴⁾		0,88/1,11	1,00/1,00 ⁵⁾
Fasteignaskattur, A-liður, álagning 2018	0,280	0,350	0,460	0,200	0,225	0,325	0,310	0,500	0,175	0,350	0,500
Matseining 10.000 þús. kr. matsstuðull 1,00 sérþýli		11.800	13.600			10.700	11.900	8.200		8.800	10.000
Matseining 10.000 þús. kr. matsstuðull 1,00 fjölþýli		13.900	16.100			13.700	14.100	8.000		11.100	10.000
Fasteignaskattur, sérþýli		41.300	62.560			34.775	36.890	41.000		30.800	50.000
Fasteignaskattur, fjölþýli		48.650	74.060			44.525	43.710	40.000		38.850	50.000
Álagningaprósenta 0,500% hjá öllum, sérþýli		59.000	68.000			53.500	59.500	41.000		44.000	50.000
Álagningaprósenta 0,500% hjá öllum, fjölþýli		69.500	80.500			68.500	70.500	40.000		55.500	50.000

1) Utan þéttbýlis 0,75/-; Naustahverfi 1,30/1,51; Neðri Brekka, Eyr, innb. 1,36/1,47; Efri Brekka 1,30/1,51; Glerárhverfi 1,18/1,39; Hrísey 0,46/0,48; Grímsey 0,40/0,35;

Árskógssandur/Hauganes 0,57/0,70; Giljahlverfi 1,29/1,48

2) Njarðvík 1,22/1,50; Keflavík 1,36/1,61; Flugvallarsvæði 0,91/1,50; Hafnir 0,64/-

3) Selfoss 1,07/1,37; Eyrarbakki 0,80/0,87; Stokkseyri 0,77/0,68

4) Neskaupstaður 0,82/0,80; Eskifjörður 0,72/0,77; Reyðarfjörður 0,78/0,87; Fáskrúðsfjörður 0,65/0,67; Stöðvarfjörður 0,36/-; Breiðdalsvík 0,29/0,44

5) Sauðárkrúkur 1,00/1,00; Höfós 0,44/0,80; Skagafjörður 0,68/0,52

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2018 og Þjóðskrá Íslands

Tafla 24 sýnir útsvarstekjur í þúsundum króna á íbúa í samanburðar sveitarfélögunum árið 2017, fasteignamatsstuðulinn 2018 í hverju þessara sveitarfélaga nema fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu (ath. hann getur verið mismunandi innan sama sveitarfélags), og samanburð á verði sambærilegra eigna í þessum sveitarfélögum. Þar sem verðið er 10.000.000 kr. er matsstuðullinn 1,00, hlutfallsleg álagning fasteignaskatts og álagning í krónum talið miðað við álagningarhlutfall og matsstuðul í þessum sveitarfélögum.

Í lokin sýnir taflan hver álagningin yrði í krónum talið ef álagning á fasteignaskatti væri í hámarki án álags í öllum sveitarfélögunum, þ.e. 0,500% álagning.

Eins og taflan sýnir fæst alls ekki rétt mynd af samanburði á fasteignaskatti með því eingöngu að líta á álagningar prósentuna. Ellefta og tólfta lína neðan frá sýna álagningu fasteignaskatts í þessum sveitarfélögum miðað við álagningarprósentuna árið 2018 og mismunandi matsstuðla í þessum sveitarfélögum. Miðað er við sambærilegar íbúðir með mismunandi matsstuðla sem gefnir eru út af Þjóðskrá Íslands og fasteignamatíð byggir á.

Eins og taflan sýnir er álagningin í krónum talið næst lægst í Sveitarfélaginu Árborg fyrir sérþýli í þessum samanburði. Hafa ber í huga að miðað er við matsstuðul á Selfossi. Matsstuðullinn er lægri fyrir Eyrarbakka, 0,80, og Stokkseyri, 0,77. Þannig að álagningin í krónum talið er lægri á þessum stöðum, þ.e. 26.000 kr. á Eyrarbakka og 23.870 kr. á Stokkseyri miðað við framangreindar forsendur. Einungis er álagningin í krónum talið lægri í Vestmannaeyjum, þ.e. miðað við matsstuðulinn fyrir Selfoss, þrátt fyrir að álagningarhlutfallið þar sé 0,350% samanborið við 0,325% í Sveitarfélaginu Árborg. Er þetta vegna þess að matsstuðullinn er mun lægri í Vestmannaeyjum en fyrir íbúðarhúsnæði á Selfossi.

LAUN

Launagjöld sveitarfélaga er stór þáttur í rekstri þeirra. Heildarlaunagjöld allra sveitarfélaga, sem hlutfall af tekjum samtals, A-hluti, á árinu 2017, voru 53%. Hlutfallið hefur verið að hækka og lækka á milli síðustu ára samtals hjá öllum sveitarfélögum.

Tafla 25: Launagjöld, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá 11 samanburðar sveitarfélögum árin 2002 til 2017

	Fjöldi íbúa 01.12.2018	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Hafnarfjarðarkaupstaður	29.412	53%	53%	49%	48%	50%	47%	48%	51%	55%	51%	49%	48%	49%	53%	50%	51%
Akureyrarbær	18.787	58%	59%	59%	58%	59%	54%	55%	56%	56%	56%	56%	54%	56%	59%	57%	58%
Reykjanesbær	17.805	56%	57%	50%	48%	46%	44%	44%	46%	45%	43%	44%	44%	47%	46%	42%	45%
Garðabær	15.709	51%	53%	49%	44%	45%	36%	42%	44%	44%	44%	44%	45%	47%	51%	44%	49%
Mosfellsbær	10.556	64%	57%	53%	47%	53%	46%	47%	55%	58%	49%	48%	48%	49%	49%	46%	48%
Sveitarfélagið Árborg	8.995	55%	56%	55%	54%	52%	52%	56%	60%	55%	54%	55%	55%	58%	61%	59%	60%
Akraneskaupstaður	7.259	58%	59%	52%	57%	50%	48%	48%	49%	51%	56%	57%	55%	56%	58%	57%	63%
Fjarðabyggð	4.777	56%	59%	61%	59%	43%	46%	53%	56%	55%	54%	53%	52%	53%	56%	56%	58%
Seltjarnarnesbær	4.575	56%	58%	57%	53%	58%	51%	58%	68%	62%	56%	52%	52%	53%	61%	57%	61%
Vestmannaeyjabær	4.284	57%	60%	56%	62%	58%	53%	47%	53%	49%	43%	42%	42%	47%	48%	46%	53%
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.955	53%	60%	59%	63%	61%	56%	58%	61%	63%	63%	61%	57%	59%	62%	60%	65%
Meðaltal 11 sveitarfélaga		56%	57%	54%	52%	52%	48%	50%	53%	53%	51%	50%	49%	52%	54%	51%	53%
Meðaltal allra sveitarfélaga		52%	53%	51%	50%	48%	44%	49%	52%	52%	51%	50%	50%	52%	54%	51%	53%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 25 sýnir launagjöld sem hlutfall af tekjum hjá 11 samanburðar sveitarfélögum. Fimm fjölmennari og fimm með færri íbúa en Sveitarfélagið Árborg. Neðst í töflunni er sýnt meðaltal fyrir þessi sveitarfélög og öll sveitarfélög í landinu.

Eins og taflan sýnir voru þrjú af samanburðar sveitarfélögum með laun sem hlutfall af tekjum hærri en hjá Sveitarfélaginu Árborg árið 2017. Hlutfallið hjá Sveitarfélaginu Árborg var 60% árið 2017, til samanburðar var það að meðaltali fyrir þessi 11 sveitarfélög 53% og að meðaltali fyrir öll sveitarfélög á landinu var það einnig 53%. Miðað við þetta er hlutfallið nokkuð hátt hjá Sveitarfélaginu Árborg. Að teknu tilliti til aukastafa er hlutfallið 6,1% hærri en meðalatlið hjá þessum 11 samanburðar sveitarfélögum og 6,6% hærri en meðaltalið fyrir öll sveitarfélög. Mismunurinn miðað við 11 sveitarfélögin, þ.e. 6,1%, af tekjum eru 449 milljónir króna. Þannig að ef launahlutfallið hefði verið það sama og meðaltalið hjá þessum 11 sveitarfélögum hefðu launin verið 449 milljónum krónum lægri en þau voru.

Rauðu prósentutölurnar í töflunni sýna þau sveitarfélög sem voru með hærri hlutfall en Sveitarfélagið Árborg á hverju ár. Árin 2013, 2014, 2015 og 2016 var einungis eitt sveitarfélag öll árin með hærri hlutfall launa af tekjum en Sveitarfélagið Árborg af þessum 11 samanburðar sveitarfélögum.

Tafla 26: Launagjöld hjá Sveitarfélaginu Árborg 2017

	A-hluti	B-hluti	A- og B-hluti	Hlutfall af föstum launum A- og B-hluti	A-hluti	B-hluti
Föst laun og dagvinna	2.923.268.008	94.165.277	3.017.433.285	9,2%	8,8%	24,0%
Föst yfirvinna	43.693.335	2.225.995	45.919.330			
Yfirvinna, önnur	135.315.786	7.849.725	143.165.511			
Álag (33%, 45%, 55%)	23.770.879	5.321.531	29.092.410			
Orlof á fasta yfirvinnu			-			
Orlof á aðra yfirvinnu og álag	53.201.296	7.179.052	60.380.348	0,95%	0,98%	0,95%
Nefndir, ráð og stjórnir	38.786.514	989.871	39.776.385			
Bíðreiðastyrkir	27.691.930	924.440	28.616.370			
Orlofs- og desemberuppbót	112.579.215	3.746.607	116.325.822			
Fatapeningar	1.607.119		1.607.119			
Önnur laun	85.953.216	2.801.572	88.754.788			
Launatengd gjöld	801.874.232	27.661.287	829.535.519			
Samtals	4.247.741.530	152.865.357	4.400.606.887			

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 26 sýnir skiptingu launagjalda samtals hjá Sveitarfélaginu Árborg árið 2017, vegna A- og B-hluta.

Eins og taflan sýnir var yfirvinna og álag sem hlutfall af föstum launum 9,2% hjá sveitarfélaginu öllu, þ.e. A- og B-hluta samtals. Hins vegar var hlutfallið nokkuð hátt hjá B-hluta stofnunum, eða 24%, í samanburði við A-hlutann þar sem hlutfallið var 8,8%.

Bifreiðastyrkir sem hlutfall af föstum launum voru innan við 1%.

Sumir starfsmenn hjá sveitarfélaginu eru með fasta yfirtíð sem á að ná yfir alla vinnu og óþægindi utan reglubundins vinnutíma. Þó eru dæmi þess að starfsmenn með fasta yfirtíð hafa fengið greitt aukalega fyrir unna yfirtíð. Rétt er að fram komi að þetta er ekki alengt. Síðan eru aðrir starfsmenn sem hafa eingöngu fengið greidda yfirtíð ef hún er unnin.

Á hverjum tíma utan reglubundins vinnutíma eru nokkrir starfsmenn á bakvakt hjá Selfossveitum. Nokkuð mikill kostnaður fylgir bakvöktum.

STÖÐUGILDI

Miðað við 1. apríl 2017 voru samtals 554 stöðugildi hjá Sveitarfélaginu Árborg, A- og B-hluti.

Tafla 27: Fjöldi stöðugilda hjá samanburðar sveitarfélögunum 1. apríl 2017, A- og B-hluti, og íbúafjöldi 1. janúar 2017

	Fjöldi íbúa 01.01.2017	Fjöldi stöðugilda í apríl 2017	Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi
Hafnarfjarðarkaupstaður	28.703	1.432,1	20,0
Akureyrarbær	18.488	1.496,0	12,4
Reykjanesbær	16.350	735,7	22,2
Garðabær	15.230	677,5	22,5
Mosfellsbær	9.783	517,8	18,9
Sveitarfélagið Árborg	8.471	554,3	15,3
Akraneskaupstaður	7.051	406,3	17,4
Fjarðabyggð	4.691	334,0	14,0
Seltjarnarnesbær	4.450	233,0	19,1
Vestmannaeyjabær	4.292	274,4	15,6
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.932	329,9	11,9
Samtals	121.441	6.991	17,4

Heimild: Árbók sveitarfélaga 2017 og Hagstofa Íslands

Tafla 27 sýnir fjölda stöðugilda 1. apríl 2017 hjá samanburðar sveitarfélögunum, A- og B-hluti. Þar sem íbúafjöldi sveitarfélaganna er nokkuð mismunandi er ekki rétt að horfa einungis á tölu stöðugilda. Jafnframt verður að hafa í huga að samsetning stöðugilda hjá sveitarfélögunum getur verið nokkuð mismunandi. Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi gefur aftur á móti ákveðna vísbendingu. Hins vegar ber að hafa í huga að rekstur sveitarfélaga getur verið mismunandi, ef t.d. leikskólar eru reknir í einkaframkvæmd þá teljast stöðugildi þar ekki með o.s.frv. Einnig ef sveitarfélög erum með verkefni í byggðasamlögum þá teljast þau stöðugildi ekki með hjá viðkomandi sveitarfélögum. Gæta þarf að þessu við þennan samanburð.

Þegar fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hjá samanburðar sveitarfélögunum er skoðaður í þessum samanburði voru þrjú sveitarfélög af samanburðar sveitarfélögunum með færri íbúa á hvert stöðugildi en Sveitarfélagið Árborg. Miðað við þennan samanburð kemur sveitarfélagið ekki vel út. Ef tekinn er launasamanburður þessara sömu sveitarfélaga,

sjá töflu 25, þá var hlutfall launa af tekjum nokkuð hátt hjá Sveitarfélaginu Árborg miðað við samanburðar sveitarfélögin. Þetta er í takti við stöðugildin, sbr. tafla 27.

Að meðaltali fyrir þessi sveitarfélög voru 17,4 íbúar á hvert stöðugildi miðað við apríl 2017. Til samanburðar voru 15,3 íbúar á hvert stöðugildi hjá Sveitarfélaginu Árborg. Ef fjöldi íbúa á hvert stöðugildi hefði verið sá sami í Sveitarfélaginu Árborg og meðaltið var fyrir samanburðar sveitarfélögin hefði stöðugildafjöldinn verið 487,6 en þau voru 554,3. Mismunurinn er 66,7 stöðugildi.

Tafla 28: Fjöldi stöðugilda hjá Sveitarfélaginu Árborg í apríl ár hvert skipt eftir aðildarfélögum og fjöldi íbúa í janúar ár hvert

Ár	BSRB	BHM	KÍ	ASÍ	Annað	Samtals stöðugildi	Íbúafjöldi í janúar ár hvert	Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi
2010	177,2	26,0	198,5	43,1	6,8	451,5	7.811	17,3
2011	215,7	33,1	197,9	42,5	6,0	495,2	7.827	15,8
2012	206,7	32,4	188,9	37,9	7,0	472,9	7.783	16,5
2013	239,0	38,1	194,3	10,0	8,0	489,4	7.826	16,0
2014	249,5	40,1	202,0	13,9	7,7	513,2	7.889	15,4
2015	218,7	41,1	211,6	60,1	8,8	540,3	8.052	14,9
2016	213,5	47,7	215,6	70,9	18,6	566,3	8.206	14,5
2017	202,8	44,4	220,3	77,9	8,9	554,3	8.471	15,3
Breyting 2010 til 2017	25,6	18,5	21,8	34,9	2,1	102,9	660	-2,0
Breyting 2011 til 2017	-12,9	11,3	22,4	35,4	2,9	59,1	644	-0,5

Heimild: Árbók sveitarfélaga

Tafla 28 sýnir fjölda stöðugilda hjá Sveitarfélaginu Árborg í apríl ár hvert árin 2010 til 2017, skipt eftir aðildarfélögum starfsmanna. Einnig sýnir taflan fjölda íbúa 1. janúar sömu ár og fjölda íbúa á hvert stöðugildi hjá sveitarfélaginu þessi ár.

Frá árinu 2010 til 2017 fjölgaði stöðugildum hjá Sveitarfélaginu Árborg um 102,9. Á sama tíma fækkaði um tvo íbúa á hvert stöðugildi.

Fjölgunin sem á sér stað á milli áranna 2010 og 2011 skýrist a.m.k. að hluta til af yfirtöku sveitarfélaga á málefnum fatlaðra.

Frá árinu 2011 hefur stöðugildum fjölgað um 59,1. Á sama tíma fjölgaði íbúum um 644.

ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR

Eins og fram kemur hér að framan fóru 60% af tekjum Sveitarfélagsins Árborgar, A-hluta, í launagjöld árið 2017. Þannig að eftir stóðu 40% fyrir öðrum útgjöldum, fjármagnsgjöldum, afskriftum, afborgun lána og nýframkvæmdum árið 2017.

Tafla 29: Annar rekstrarkostnaður, A-hluti, sem hlutfall af tekjum hjá samanburðar sveitarfélögunum árin 2002 til 2017

	Fjöldi íbúa 01.12.2018	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Hafnarfjarðarkaupstaður	29.412	45%	44%	39%	37%	39%	41%	50%	37%	36%	33%	35%	37%	38%	38%	33%	32%
Akureyrarbaer	18.787	35%	35%	32%	33%	36%	40%	39%	34%	34%	35%	34%	34%	35%	34%	32%	30%
Reykjanesbaer	17.805	52%	67%	59%	51%	53%	57%	69%	68%	49%	43%	44%	47%	48%	40%	36%	31%
Garðabær	15.709	36%	36%	35%	33%	40%	37%	45%	43%	41%	39%	41%	39%	40%	39%	35%	37%
Mosfellsbær	10.556	39%	32%	30%	25%	30%	33%	38%	37%	35%	37%	39%	40%	43%	40%	39%	39%
Sveitarfélagið Árborg	8.995	41%	44%	40%	36%	36%	38%	40%	34%	35%	33%	33%	35%	36%	33%	32%	32%
Akraneskaupstaður	7.259	33%	39%	36%	33%	41%	42%	44%	35%	35%	35%	33%	31%	31%	29%	28%	25%
Fjarðabyggð	4.777	40%	42%	39%	34%	26%	29%	35%	36%	30%	30%	29%	30%	32%	30%	30%	30%
Seltjarnarnesbær	4.575	35%	35%	33%	29%	35%	35%	45%	47%	37%	35%	35%	35%	37%	38%	38%	39%
Vestmannaeyjabær	4.284	39%	39%	41%	37%	35%	32%	39%	42%	34%	39%	38%	42%	41%	37%	36%	35%
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.955	38%	39%	37%	32%	30%	28%	34%	34%	33%	34%	32%	33%	34%	32%	29%	28%
Meðaltal 11 sveitarfélaga		40%	42%	38%	35%	38%	40%	46%	41%	37%	36%	36%	37%	38%	36%	34%	33%
Meðaltal allra sveitarfélaga		42%	43%	41%	38%	38%	38%	45%	42%	40%	38%	38%	38%	39%	38%	35%	33%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga, ársreikningar

Tafla 29 sýnir annan rekstrarkostnað sem hlutfall af tekjum samanburðar sveitarfélaganna, A-hluta, meðaltalið fyrir þessi sveitarfélög og öll sveitarfélög á landinu. Annar rekstrarkostnaður er án launa, afskrifta og fjármagnsgjalda.

Eins og taflan sýnir var þetta hlutfall lægra hjá sex sveitarfélögum af samanburðar sveitarfélögunum en hjá Sveitarfélaginu Árborg árið 2017. Hlutfallið er lægra hjá Sveitarfélaginu Árborg frá árinu 2005 til 2017 en meðaltalshlutfallið fyrir samanburðar sveitarfélögin þessi ár. Á sama hátt var hlutfallið hjá Sveitarfélaginu Árborg alltaf lægra en meðaltalið fyrir öll sveitarfélög á landinu nema árið 2003 frá árinu 2002 til 2017.


Pau hlutföll sem voru lægri en hlutfallið hjá Sveitarfélaginu Árborg eru merkt með rauðu lettri.

Til mikils er að vinna að ná öðrum rekstrarkostnaði niður. Ætla má að það sé hægt, t.d. með útboðum. Líka má gera ráð fyrir að hægt sé að ná þessum kostnaði niður að einhverju leyti með hagræðingu án þess að skerða þjónustu. Má þar nefna til viðbótar við útboð eftirfylgni og aga með kaupum á orku, endurskipulagningu á ræstingum o.s.frv.

STJÓRNSÝSLAN

Samkvæmt skipuriti, sem birt er á vef sveitarfélagsins, er málaflokkum sveitarfélagsins skipt niður á fjögur svið auk embættis skipulags- og byggingarfulltrúa. Á skipuritinu ber æðsti embættismaður sveitarfélagsins starfstílinn framkvæmdastjóri. Er það í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011. Í lögunum er almennt talað um framkvæmdastjóra en heimildarákvæði er í 10. grein laganna, þar sem segir að framkvæmdastjóra má nefna bæjarstjóra eða sveitarstjóra.

Mynd 7: Skipurit Sveitarfélagsins Árborgar



Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Mynd 7 sýnir skipurit fyrir Sveitarfélagið Árborg.


Eins og myndin sýnir eru sviðin fjögur, þ.e. fjármálasvið, fræðslusvið, félagsþjónustusvið og tækni- og veitusvið. Auk þess heyrir undir framkvæmdastjóra skrifstofa framkvæmdastjóra og embætti skipulags- og byggingafulltrúa.

Myndin sýnir skipurit sveitarfélagsins eins og það er birt á vef þess.

Til viðbótar hefur orðið til nýtt svið, menningar- og frístundasvið. Yfirmaður sviðsins ber starfsheitið menninga- og frístundafulltrúi. Sviðið hefur starfað frá árin 2011 og hefur ekki verið samþykkt sérstaklega í bæjarstjórn að sögn menningar- og frístundafulltrúa.

Auk framanritaðs er svo tölvudeild sem heyrir undir bæjarstjóra.

Mynd 8: Bæjarstjóri og hans næstu undirmenn



Mynd 8 sýnir bæjarstjóra og hans næstu undirmenn.


Á skrifstofu framkvæmdastjóra er skjalastjóri í 100% starfi og skjalafulltrúi í 50% starfi, ritari á skrifstofu framkvæmdastjóra í 100% starfi og ritari og umsjónarmaður heimasíðu í 80% starfi, eða samtals 3,3 stöðugildi.

Samkvæmt framanrituðu heyra fimm sviðsstjórar beint undir bæjarstjóra, þ.e. sviðsstjóri fjármálasviðs, fræðslusviðs, félagsþjónustusviðs, tækni- og veitusviðs og menningar- og frístundafulltrúi. Auk þess heyra undir bæjarstjóra, deildastjóri tölvudeildar, skipulags- og byggingarfulltrúi, skjalastjóri, ritari á skrifstofu framkvæmdastjóra og ritari og umsjónarmaður heimasíðu sveitarfélagsins. Samtals heyra beint undir bæjarstjóra 10 starfsmenn.

FJÁRMÁLASVIÐ

Samkvæmt skipuriti á vef sveitarfélagsins er fjármálasviði skipt niður á þrjár deildir, þ.e. launadeild, þjónustuver og fjármál og áætlanir.

Mynd 9: Skipurit fjármálasviðs



Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Mynd 9 sýnir skipurit fjármálasviðs. Starfsheiti sem tilgreind eru undir hverri deild eru sögð heyra undir fjármálasvið, skv. upplýsingum á vef sveitarfélagsins. Þessi uppsetning er ekki í samræmi við skipurit sveitarfélagsins og þess sem fram kom hér að framan í kaflanum um stjórnslu sveitarfélagsins. Samkvæmt þessu yfirliti eru 16,93 stöðugildi, sem heyra undir sviðið og að auki fjármálastjóri, eða samtals 17,93 stöðugildi.

Í samtali við fjármálastjóra kom fram að í reynd væri gert ráð fyrir að skjalastjóri, ritari á skrifstofu framkvæmdastjóra og ritari og umsjónarmaður heimasíðu, heyri formlega undir bæjarstjóra. Hins vegar leiti þeir starfsmenn sem gegna þessu störfum mikið til fjármálastjóra og að hluta til tækju þeir við fyrirmælum frá honum.

Þrátt fyrir að sviðinu væri skipt í þrjár deildir var að skilja í viðræðum við fjármálastjóra og starfsmenn að enginn formlegur deildarstjóri væri yfir hverri deild og að hver starfsmaður á sviðinu heyrdi beint undir fjármálastjóra.

Í viðræðum við starfsmenn kom fram að í nokkrum tilfella væru starfsmenn að sinna verkefnum sem ætla mætti að eigi að heyra undir aðra starfsmenn. Svo var að skilja að þetta væri svona vegna þess að það hefur verið svona. Má þar t.d. nefna greiðslur á

reikningum, virðisaukaskattsuppgjör o.s.frv. Eðlilegra væri að allar greiðslur á vegum sveitarfélagsins heyri undir bæjargjaldkera, allt bókhald sé hjá aðalbókara o.s.frv.

Fram kom í viðræðum við starfsmenn að nokkuð væri um að ekki væri verið að nýta allar þær nýjungar sem nútíma fjármála- og stjórnsýslukerfi bjóða upp á. Það er mat skýrsluhöfundar að hluta til sé ekki verið að nýta þau kerfi sem er verið að vinna með til fulls og að í einhverjum tilfella er verið að notast við úrelt kerfi og vinnuaðferðir. Vegna þessa er aukið álag á starfsmönnum og verið að vinna óþarfa verkefni sem hægt væri að gera á mun auðveldari hátt. Jafnframt er verið að prenta mikið út af pappír sem ekki er síðan notaður. Eingöngu safnað saman í möppur. Í því sambandi má t.d nefna að í samtali við starfsmenn sem sjá um málefni Selfossveitna kom fram að þau kerfi sem notast er við hafa ekki verið uppfærð. Vegna þess eru ýmis aukaverk unnin og útprentanir á pappír, sem eru óþörf og hægt væri að komast hjá með uppfærslu á kerfum og nýtingu á nýjum kerfum.

Ýmislegt er handskrifað og geymt í möppum og auka útprentanir sem settar eru í möppur án þess að beinn tilgangur sé þar á bakvið. Selfossveitur eru ekki með heimasíðu eða svæði á heimasíðu sveitarfélagsins. Þegar íbú vantar upplýsingar eða sækja um þjónustu er ekki hægt að gera það rafrænt.

Sem dæmi má nefna að umsóknir um heimæðar eru ekki aðgengilegar á netinu nema til útprentunar fyrir viðkomandi. Ef sótt er um slíka þjónustu þarf viðkomandi að mæta hjá Framkvæmda- og veitusviði til að sækja um og gera það skriflega á þar til gerðum eyðublöðum.

Starfsmaður þar þarf síðan að skanna umsóknir og senda til starfsmanna í Ráðhúsi.

Allar umsóknir eru handskrifaðar. Ef fólk er að flytja og skipta þarf um þjónustukaupa hjá Selfossveitum þarf að hringja það inn og starfsmennirnir þurfa að skrá það niður. Ekki er hægt að gera þetta á vefnum rafrænt.

Viðskiptavinir hringja og kvarta undan að þeir finna ekki ákveðnar upplýsingar eða eyðublöð til að sækja um á af eðlilegum ástæðum því þessar upplýsingar eru ekki á vef sveitarfélagsins.

Fram kom í máli starfsmanna að allar aðgerðir séu á blöðum hjá þeim og mikil soun á pappír. Þegar skjöl eru prentuð út eru kerfin þannig stillt í sumum tilfella að margfalt fleiri blöð eru prentuð en þörf er á. T.d. ef þörf er á einu skjali á einni blaðsíðu þá koma yfirleitt aukablöð, a.m.k. tvö sem er hent. Sem dæmi má nefna eina aðgerð í vikor, kerfi sem notað er, endurgreiðsluáðgerð. Við þá aðgerð prentar kerfið sjálfkrafa fjögur blöð án þess að þörf sé á því, eða beðið sé sérstaklega um það.

Allar hillur eru fullar af möppum að sögn starfsmanna.

Þegar bókað er í bókhaldskerfi Selfossveitna þarf síðan að lesa yfir í navison kerfi, sem er bókhaldskerfi sveitarfélagsins. Við þá aðgerð prentast alltaf sjálfkrafa út ákveðin yfirlit. Þessar útskriftir eru síðan settar í möppur. Að sögn starfsmanna er ekkert gert með þessar útskriftir.

Í máli starfsmanna kom fram mikilvægi þess að Selfossveitur væru með heimasíðu þar sem allar upplýsingar kæmu fram og hægt væri að tilkynna breytingar og sækja um rafrænt. Einnig lögðu þeir áherslu á að fá heimild til að kynna sér það kerfi sem notast er við hjá Norðurorku.

Í samtali við sérfræðing á fjármálasviði kom fram að meðal verkefna sem viðkomandi annast væru áætlunargerð, eftirfylgni með fjárhagsáætlun, gerð húsaleigureikninga vegna leiguíbúða, skráningu á húsaleigubótum, bókhald fyrir Sólvelli, dvalarheimili aldraðra, áætlunargerð fyrir Bergrisann og mánaðarlega innheimtu á framlögum frá sveitarfélögunum, sem standa sameiginlega að rekstri Bergrisans, öryggiskerfi varðandi aðgang að Ráðhúsinu auk skólans á Stokkseyri, fyrir tvo leikskóla og félagsmiðstöðina, að fara yfir vanskil vegna leikskólagjalda og tilkynningar þar um, tilkynningar á aflýsingum til sýslumanns, hússjóð fyrir Háengi, sem er fjölbýlishús, þar sem bærinn á 15 af 20 íbúðum, um er að ræða árlegt uppgjör fyrir húsfélagið og samskipti við bankann vegna innheimtu á húsgjöldum, flokkun launþegatrygginga á stofnanir, endurgreiðsla virðisaukaskatts vegna leigubústaða, þ.e. vegna vinnu iðnaðarmanna á staðnum, innheimtu á ípad verkefni sem Vallaskóli fór af stað með þar sem foreldrum var gefin kostur á að kaupa ípada fyrir nemendur, og gerir upp vinnuskólann. Hér er ekki um tæmandi upptalningu að ræða.

Varðandi skráningu á húsaleigubótum kom fram í samtalinu að skrá frá Íbúðalánasjóði, sem annast greiðslu húsaleigubóta, væri handfærð yfir í bókhaldskerfi sveitarfélagsins og annast sérfræðingurinn það.

Í samtali við innheimtufulltrúa kom fram að nokkur vinna færi m.a. í að finna út hvaðan innborganir til sveitarfélagsins kæmu í þeim tilfella þegar þær færu ekki inn á rétta lykla. Þetta gerist stundum við innlestur á kröfum í kröfupotti. Innheimtufulltrúinn er í samskiptum við lögfræðinga sem annast innheimtu á vanskilaskuldum fyrir sveitarfélagið. Allar skilagreinar frá lögfræðingum eru handfærðar inn í bókhaldskerfi sveitarfélagsins og fylgir því töluverð vinna hjá innheimtufulltrúa. Auk þess er innlestur á kröfum úr kerfi Lögmanna Suðurlandi sem eru í milliinnheimtu en þær lesast inn eins og aðrar kröfur, aðeins á annan reikning og með öðru kenni. Þá eru líka lesnar inn kröfur fyrir Leigubústaði Árborgar sem er húsaleiga fyrir eignir í eigu sveitarfélagsins og fara þær inn á enn annan reikning.

Hjá innheimtufulltrúa er mikil vinna vegna fasteignamatsskráningar. Í upphafi ársins fer fram álagning fasteignagjalda. Síðan er álagning í hverjum mánuði. Upphafsálagning er áramótaálagning og þá er lagt á þau fastanúmer sem eru til í upphafi árs og á þá eigendur sem eru skráðir auá. Þá eru settar inn nýjar forsendur, uppfærðar upphæðir v/afsláttar fyrir öryrkja og eldri borgara og þegar allt er tilbúið er upphafsálagningin keyrð. Mánaðarlega, frá og með febrúar til og með nóvember, er gerð breytingarálagning þar sem breytingar koma inn t.d. eigendabreytingar eða breytingar á gjöldum v/ýmissa ástæðna. Þá er líka gerð mánaðarálagning en þar koma inn eignir þar sem verið er að uppfæra byggingarstigið, t.d. fokheldisstig, en þá er heimilt að leggja öll notkunargjöld á s.s. sorphirðugjald og þá kemur uppfærður fasteignaskattur líka inn. Síðan þarf að bóka hvern gjalddaga og þá skila sér bæði breytingarálagningin og mánaðarálagningin. Í ársbyrjun þarf líka að fara yfir þær eignir sem eru notaðar sem gistiheimili og breyta skattinum eftir því.

Þegar eignir eru seldar þarf oft að gera breytingar á fasteignaskránni að beiðni fasteignasala innan ársins. Flýtimeðferðin er vegna breytingarálagningar, þ.e. að oft er þinglýsing svo lengi að hún nær ekki inn fyrir þann dag sem álagningin er unnin fyrir næsta mánuð og þá hefur innheimtufulltrúi handgert breytingu á greiðendum ef óskað er eftir því, seljanda og kaupanda til hagræðingar.

Daglega eru fyrirspurnir, fleiri en ein á dag, frá fasteignasölum þar sem er verið að biðja um upplýsingar um skuldastöðu vegna fasteignagjalda á eignum sem eru í sölumæðferð. Nokkur vinna fer í að svara þessum fyrirspurnum.

Þá leysir innheimtufulltrúi bæjargjaldkerann af í sumarfríum og veikindaleyfi og öfugt.

Ritari og umsjónarmaður heimasíðu er í 20% starfi í þjónustuveri og 60% í starfi sem ritari og umsjónarmaður heimasíðu. Hér eftir nefndur umsjónarmaður heimasíðu.

Aðalstarfið er umsjón með heimasíðu sveitarfélagsins, starfar að jafnaði einn dag í viku í þjónustuveri. Sendir póst frá Ráðhúsi og öðrum deildum og tekur við pósti til sveitarfélagsins. Fer yfir reikninga frá Íslandspósti og sundurliðar á deildir. Sér um innkaup sem tilheyrja skrifstofu og eldhúsi í Ráðhúsinu.

Meðal annarra verkefna sem umsjónarmaður heimasíðu annast er umsjón og utan um hald á innkaupakortum vegna Kaupás og Bónus. Samkvæmt upplýsingum starfsmannsins eru í dag (nóvember 2018) í gildi 110 Kaupáskort og 68 Bónuskort, sem starfsmenn hafa. Yfirmenn hverrar deildar bera ábyrgð á að skila kortum til umsjónarmanns heimasíðu þegar starfsmenn hætta. Starfsmenn fá ný kort hjá umsjónarmanni heimasíðu og kvitta fyrir þau og geymir hann síðan þær kvittanir. Yfirmenn hverrar deildar taka ákvörðun um hver fær kort.

Kvittanir frá Kaupás og Bónus vegna úttekta fara til starfsmanns í bókhaldi sem stemmir þær af.

Sem ritari sér umsjónarmaður heimasíðu um ýmiss störf sem falla til frá ritara bæjarstjóra og annarra starfsmanna í Ráðhúsinu sem geta leitað til umsjónarmanns heimasíðu sem ritara með ýmis verkefni. Verkefnin eru því mjög fjölbreytt. t.d. aðstoð minniháttar viðvika við tölvur o.fl.

Umsjónarmaður heimasíðu heldur utan um „Handbækur Árborgar“ þar sem afrit af öllum erindisbréfum, gjaldskrá, samþykktum og reglum eru fyrir hvert svið.

Störfin eru mjög árstíðabundin, einnig er umsjónarmaður heimasíðu fyrst hjálp vegna prentara á hæðinni.

Fundargerðir eru skrifuð í one, umsjónarmaður heimasíðu sér um að vista þær úr one inn á S-drif undir allar fundargerðir, síðan eru þær settar inn á heimasíðu Árborgar þegar þær hafa verið samþykktar, leiðrétt fundargerð með logo Árborgar fyrir bæjarráði og bæjarstjórn fer síðan til ritara bæjarstjóra.

Ritari bæjarstjóra setur fundargerðir bæjarráðs og bæjarstjórnar fyrir framan mál sem fara fyrir fundi. Einnig fara afrit af þeim gögnum til skjalastjóra (s.s. öll mál sem berast með fundarboði og fundargerð bæjarráðs og bæjarstjórnar með logo).

Skjalastjóri fær allar fundargerðir nefnda með logo Árborgar, skjalastjóri geymir þær og skráir hjá sér.

Fundargerðabækur eru fyrir allar nefndir og ráð. Í fundargerðarbækur er skráð dagsetning fundar, hvar hann er haldinn, hverjir mæta, hver skrifar fundargerð og að fundurinn sé tölvuskráður, blaðsíðutal fundargerðar í one og hvenær honum er slitið, síðan kvitta þeir nefndarmenn sem eru mættir. Fundargerðin er síðan öll skráð í one .

Eftir fundi í ráðum og nefndum skila viðkomandi deildarstjórar fundargerðarbókum og frumritum fundargerða til umsjónarmanns heimasíðu, sem ljósritar fundagerðirnar til leiðréttingar (eingöngu stafsetning), gengur frá bókum og frumritum.

Ljósrit af fundargerðum fer síðan til starfsmanns í þjónustuveri sem er íslenskufræðingur sem les þær yfir og leiðréttir stafsetningarvillur á ljósritinu. Síðan fær umsjónarmaður heimasíðu, ljósritið aftur með leiðréttingum og færir leiðréttingarnar inn á skjalið í S-drifi vélrænt. Ekki á frumrit fundargerða.

Að því loknu prentar umsjónarmaðurinn leiðréttu fundargerðina út á sérprentuð eyðublöð sveitarfélagsins og afhendir fundargerðina þannig til skjalastjóra. Skjalastjóri geymir þær og skráir hjá sér.

Ritari bæjarstjóra fær fundargerðir bæjarráðs og bæjarstjórnar útprentaðar á sama hátt og skjalastjóri, sem setur þær síðan fyrir framan gögn sem berast og eru tekin fyrir á fundum bæjarráðs og bæjarstjórnar. Þessi gögn ásamt fundargerðunum eru síðan geymd í möppum í sérstökum skáp.

Þar sem ekki má breyta fundargerðum í One, að sögn ritarans, geymir hann leiðréttu fundargerðirnar á S-drifi. Fyrir umsjónarmann heimasíðu skiptir máli að hafa fundargerðirnar réttar áður en þær fara inn á heimasíðu Árborgar að sögn umsjónarmannsins. Þetta verklag hefur verið frá því að One kom fyrir allmörgum árum.

Umsjónarmaður heimasíðu heldur utan um öll frumrit af fundargerðum.

Fyrir bæjarstjórnarfund eru allar fundargerðir frá síðasta bæjarstjórnarfundi prentaðar út og raðað upp eftir fundarboði bæjarstjórnar ásamt fylgigögnum. Þannig samanteknar eru fundargerðirnar ásamt fylgigögnum skannaðar og skráðar inn í one fyrir bæjarfulltrúa. Tveir starfsmenn, ritari bæjarstjóra og umsjónarmaður heimasíðu, koma að því að ganga frá fundargerðum fyrir bæjarstjórnarfundi.

Þannig er hver fundargerð vistuð rafrænt í tveimur útgáfum, frumútgáfa í one, leiðrétt útgáfa á S-drifi.

Þriðja útgáfan er eingöngu send bæjarfulltrúum. Stefnt er að því að því verði breytt eftir áramótin 2018/2019, þar sem bæjarfulltrúar tengjast sjálfir One kerfi.

Skjalastjóri

Skjalastjóri er í 100% starfi. Auk þess er starf skjalafulltrúa í 50% starfi.

Skjalastjóri tekur við öllum pósti sem berst sveitarfélaginu og flokkar erindi eftir málaflokkum. Skannar inn erindi og setur þau undir viðkomandi mál í málakerfinu one. Frumrit erinda eru sett í geymslu hjá skjalastjóra. Jafnframt fær skjalastjóri mikið af tölvupóstum sem starfsmenn senda og biðja um að sett verði undir viðkomandi mál. Í einhverjum tilfella gera starfsmenn það sjálfir

Íbúagáttin Mín Árborg er hjá skjalastjóra og sér hann um að bæta við eða laga eyðublöð o.s.frv.

Skjalastjóri er með yfirumsjón yfir málakerfinu í one.

Bókhaldsgögn eru geymd hjá sveitarfélaginu í 10 ár. Samkvæmt lögum ber að geyma þau í sjö ár. Nokkur tími fer í það hjá skjalastjóra að flokka t.d. launabókhaldsgögn sem

fara til geymslu hjá héraðsskjalasafninu. Nú stendur yfir flokkun á launabókhaldsgögnum frá árinu 2006.

Skjalastjóri skráir allar möppur bókhaldsins fyrir árið sem er verið að ganga frá þó skjalastjóri gangi eingöngu frá til geymslu launabókhaldi og nokkrum öðrum möppum. Þetta þarf að gera til að geta fyllt út grisjunarbeiðni til Héraðsskjalasafnsins að sögn skjalastjóra.

Skjalastjóri tekur við eldri skjölum sem ekki eru í málakerfinu, grisjað, flokkað, skráð og pakkað í skjalakassa og sett í geymslu.

Skjalastjóri annast samskipti við Héraðsskjalasafn Árnesinga.

Tafla 30: Kostnaður vegna aðkeyptrar lögfræðipjónustu árin 2015 til 2018.

Ár	Aðalsjóður	Selfossveitur	Samtals
2015	16.408.240	272.028	16.680.268
2016	22.569.255	879.311	23.448.566
2017	29.558.345	1.951.674	31.510.019
2018	49.972.320	3.418.511	53.390.831

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 30 sýnir kostnað vegna aðkeyptrar lögfræðipjónustu árin 2015 til 2018.


Eins og taflan sýnir hefur þess kostnaður verið að aukast nokkuð á milli ára. Var kominn í 53 milljónir króna árið 2018. Ef gert er ráð fyrir að eitt stöðugildi lögfræðings kostaði sveitarfélagið 15 til 20 milljónir króna á ári þá samsvarar þóknunin sem greidd var vegna lögfræðipjónustu árið 2018 a.m.k. tveimur til þremur stöðugildum lögfræðinga hjá sveitarfélaginu.

Kostnaður við endurskoðun hjá Sveitarfélaginu Árborg samkvæmt aðalbók var 10.073 þúsund krónur árið 2017. Hjá Hafnarfjarðarbæ var endurskoðunarkostnaður vegna sama árs 5,8 milljónir króna. Hjá Hafnarfjarðarbæ er eingöngu um vinnu við endurskoðun að ræða.

FÉLAGSPJÓNUSTA

Samkvæmt skipuriti á vef sveitarfélagsins er félagsþjónusta skipt niður á fimm deildir, þ.e. barnavernd, fjárhagsaðstoð, málefni aldraðra, félagsleg ráðgjöf og málefni fatlaðra.

Mynd 10: Skipurit félagsþjónustu




Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Mynd 10 sýnir skipurit félagsþjónustu eins og það er birt á vef sveitarfélagsins.

Félagsmálastjóri er yfirmaður sviðsins. Á sviðinu starfar verkefnastjóri og undir hann heyra barnavernd, fjárhagsaðstoð og félagsleg ráðgjöf. Auk þess að vera yfirmaður sviðsins fer félagsmálastjóri með málefni aldraðra, málefni fatlaðra og málefni flóttamanna hjá sveitarfélaginu.

Með hliðsjón af því að Sveitarfélagið Árborg er í samstarfi með öðrum sveitarfélögum um rekstur málefna fatlaðra var ákveðið að skýrsluhöfundur skoðaði ekki þann málaflokk við vinnslu skýrslunnar.

Mynd 11: Skipurit félagsþjónustu með frekari skiptingu



Mynd 11 sýnir skipurit fyrir félagsþjónustu með frekari skiptingu, þ.e. verkaskiptingu á milli félagsmálastjóra og verkefnastjóra.

Félagsmálastjóri

Auk þess að vera yfirmaður félagsþjónustu hjá sveitarfélaginu heyra beint undir félagsmálastjóra málefni fatlaðra, málefni aldraðra og málefni flóttamanna, sbr. hér að framan.

Félagsmálastjóri er með fasta fundi mánaðarlega með forstöðumönnum á sviðinu. Félagsmálastjóri er með starfmannafundi með öllum starfsmönnum sviðsins í Ráðhúsinu á þriðjudögum að undanskyldum einum þriðjudegi í mánuði.

Ákveðið hefur verið að auglýsa eftir verkefnisstjóra í snemmtæka íhlutun. Starfsmaðurinn á að vinna þvert á fræðslu- og frístundasvið og félagsþjónustu. Ekki liggur fyrir lýsing á starfinu þar sem að fyrst um sinn verða verkefni viðkomandi verkefnisstjóra að þróa í samvinnu við sviðin verkferla og vinnulag snemmtækrar íhlutunar.

Rekstrarfulltrúi félagsþjónustu

Rekstrarfulltrúi félagsþjónustu heyrir beint undir félagsmálastjóra. Rekstrarfulltrúi félagsþjónustu gengur m.a. frá öllum reikningum vegna dagdvalar, heimsends matar, ferðaþjónustu fatlaðra, þrifa vegna heimaþjónustu, öryggishnapp, hádegismat á VISS, niðurgreiðslu vegna garðaþjónustu og sérstaks húsnæðisstuðnings. Tekur við umsóknum um almennar leiguíbúðir og félagslegar leiguíbúðir fyrir aldraða og annast greiðslur vegna fjárhagsaðstoðar. Rekstarfulltrúi gengur frá á S-drifi fundargerð félagsmálanefndar. Sér um að útbúa bréf sem farið hafa fyrir félagsmálanefnd og leggur fyrir viðkomandi starfsmann. Heldur utan um skráningu á námskeið sem haldin eru á vegum félagsþjónustunnar. Gengur frá skráningu ábyrgðabréfa fyrir starfsmenn félagsþjónustunnar. Gengur frá vottorðum vegna umsókna um dvalarleyfi og ríkisborgararétt þ.e. staðfesting á veittri fjárhagsaðstoð. Heldur utan um talningu á félagslegri liðveislu og ferðaþjónustu. Undirbýr kaffi o. fl. fyrir fundi félagsþjónustu.

Málefni fatlaðs fólks

Í málefnum fatlaðra er einn starfsmaður í 100% stöðugildi og starfsmaður í 50% stöðugildi ásamt því að vera í 50% stöðugildi vegna félagslegs leiguhúsnæðis, eða 1,5 stöðugildi samtals á félagsþjónustusviði vegna málefna fatlaðra í Sveitarfélaginu Árborg. Auk þess er einn starfsmaður á sviðinu í 100% stöðugildi vegna þjónustusvæðisins í málefnum fatlaðs fólks á Suðurlandi.

Sveitarfélögin á Suðurlandi hafa gert með sér samning um rekstur um málefni fatlaðs fólks í sveitarfélögunum, Bergrisinn. Sérstakt þjónusturáð um reksturinn er starfandi og í því sitja þrír aðilar, þ.e. félagsmálastjóri Sveitarfélagsins Árborgar, Forstöðumaður skóla- og velferðaþjónustu Árnesþings og félagsmálastjóri félags- og skólaþjónustu Rangárvalla og Vestur-Skaftafellssýslu. Rekstareiningar eru í þremur sveitarfélögum, þ.e. búseta, skammtímavistun og verndaður vinnustaður. Tvö heimili, þar sem búa 10 einstaklingar, eru í Sveitarfélaginu Árborg auk skammtímavistunar og verndaðs vinnustaðar, sem er með útibú á Flúðum og í Þorlákshöfn. Starfsmennirnir í útibúinu í Þorlákshöfn eru starfsmenn Sveitarfélagsins Árborgar. Á Flúðum er einn starfsmaður. Hann er ekki starfsmaður Sveitarfélagsins Árborgar, en laun hans eru greidd af rekstrarsjóði þjónustusvæðisins. Það er engin ákveðinn í forsvari fyrir þessum sameiginlega rekstri sveitarfélaganna og þar af leiðandi enginn einn samræmingaraðili að sögn félagsmálastjóra. Gögn varðandi rekstur um málefni fatlaðs fólks í aðildarsveitarfélögunum að samningnum eru nokkuð dreifð á milli sveitarfélaganna. Fjármálastjóri Sveitarfélagsins Árborgar heldur utan um fjármál Bergrisans. Félagsmálastjóri Sveitarfélagsins Árborgar annast tengsl við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga varðandi upplýsingagjöf og skýrslugerð fyrir öll sveitarfélögin. Jafnframt gagnvart viðkomandi ráðuneyti.

Vegna breytinga á lögum um málefni fatlaðs fólks þá eru fimm starfsmenn sem heyrðu áður undir þjónustumiðstöðina að Álftaríma 2, sem rekin er af Bergrisanum, færðir yfir á félagslega heimaþjónustu, sem rekin er af sveitarfélaginu. Um er að ræða kostnað upp á um 30 milljónir króna á ári sem fellur þá beint á sveitarfélagið. Viðmiðið vegna grunnþjónustu er 15 klukkustundir á viku í félagslega heimaþjónustu og liðveislu.

Grunnþjónustan á að vera 60 klukkustundir á mánuði fyrir hvern einstakling samkvæmt lögnum.

Félag eldri borgara

Í sveitarfélaginu eru rekin tvö félög eldri borgara, þ.e. Félag eldri borgara á Selfossi og Félag eldri borgara á Eyrarbakka. Þessi tvö félög annast félagsstarf eldri borgara á hvorum stað. Á Stokkseyri er umsjónarmaður sem annast félagsstarf eldri borgara. Sveitarfélagið hefur lagt til húsnæði á hverjum stað fyrir félagstarf eldri borgara. Síðan hafa þessir þrír aðilar fengið styrk frá sveitarfélaginu til að starfrækja félagsstarf eldri borgara í þremur íbúakjörnum sveitarfélagsins. Félögin og umsjónarmaðurinn hafa síðan alfarið séð um félagsstarf eldri borgara.

Kostnaður vegna samninga við félög eldri borgara árið 2017 var 1.902 þúsund krónur.

Leigubílaakstur fyrir eldri borgara og lögblinda

Þeir sem eru 67 ára og eldri og þeir sem eru lögblindir með lögheimili í sveitarfélaginu geta sótt um niðurgreiðslu á leigubílaakstri innan sveitarfélagsins. Um er að ræða 20 ferðir á mánuði að hámarki. Þjónustuþegi greiðir 590 krónur fyrir hverja ferð og bærinn síðan mismuninn. Bifreiðastöð Árborgar sér um þennan akstur. Einstaklingar sem eru komnir inn á hjúkrunarheimili eiga ekki rétt á leigubílaakstri.

Kostnaður fyrir sveitarfélagið vegna þessa var árið 2017 krónur 2.420 þúsund krónur

Leiguíbúðir fyrir eldri borgara

Í Grænumörk 1 og 3 eru félagslegar leiguíbúðir fyrir eldri borgara. Um er að ræða átta íbúðir í hvoru húsi, fjórar einstaklings íbúðir og fjórar hjónaíbúðir í hvoru húsi. Síðan er ein hjónaíbúð skilgreind sem félagsleg leiguíbúð í Grænumörk 5. Aðrar leiguíbúðir í Grænumörk 5 eru almennar leiguíbúðir. Þær eru samtals 23, þar af þrjár sem eru í kaupleigukerfinu. Af þessum 23 leiguíbúðum eru fimm hjónaíbúðir og þá 18 einstaklingsíbúðir.

Leigubústaðir Árborgar annast rekstur félagslegu leiguíbúðanna og Byggingarsjóður aldraðra sér um rekstur almennu leiguíbúðanna fyrir aldraða.

Félagsmálastjóri og forstöðumaður heimaþjónustu halda utan um biðlista og úthlutanir á félagslegum og almennum íbúðum fyrir aldraða. Rekstrarfulltrúi félagsþjónustu, sem staðsettur er á annarri hæð í Ráðhúsinu tekur við umsóknum um leiguíbúðir fyrir aldraða, skannar inn umsóknir og setur þær inn í onekerfið og útbýr svarbréf til umsækjenda sem félagsmálastjóri skrifar undir.

Varðandi ákvarðanir um viðhald þá sendir húsvörður beiðni og/eða tillögur um viðhald til ritara á skrifstofu bæjarstjóra. Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri leigubústaða. Þegar ákvörðun hefur verið tekin um viðhaldsframkvæmd hefur ritari bæjarstjóra séð um það.

Félagsleg liðveisla

Þeir sem annast félagslega liðveislu fyrir sveitarfélagið eru ekki í föstum störfum heldur vinna þeir í tímavinnu. Félagsleg liðveisla fer að mestu leyti fram utan reglubundins vinnutíma og er svo til öll greidd í yfirtíð. Það hefur gengið erfiðlega að manna félagslega liðveislu. Félagsþjónustan hefur verið í góðu samstarfi við félagsmiðstöðina í sveitarfélaginu og kostar þar 34% stöðugildi þar sem starfsmaður hefur verið að vinna í að efla félagsleg tengsl og virkja einstaklinga til að koma m.a. í félagsmiðstöðina.

Málefni flóttamanna

Sveitarfélagið Árborg hefur verið í samstarfi með Hveragerðisbæ varðandi móttöku á flóttamönnum. Sveitarfélögin tóku á móti þremur fjölskyldum árið 2017. Sveitarfélagið Árborg tók á móti tveimur fjölskyldum og Hveragerðisbær einni fjölskyldu. Fyrri fjölskyldan í Sveitarfélaginu Árborg kom í janúar 2017 og sú seinni í lok september sama ár.

Verkefnisstjóri félagslegrar ráðgjafar.

Undir verkefnastjóra félagslegrar ráðgjafar heyra barnavernd, fjárhagsaðstoð, félagslegt leiguhúsnæði, félagsleg ráðgjöf og auðlindin/verum virk. Verkefnastjóri er í 100% stöðugildi. Verkefnastjóri heldur reglulega vikulega fundi með starfsmönnum í barnaverndarmálum, þar sem verkefnum er útdeilt. Á þessum fundum eru að jafnaði fjórir starfsmenn.


Ekki hafa verið haldnir reglulegir fundir með fræðslusviðinu varðandi mál sem skarast á sviðunum. Hins vegar hafa verið haldnir fundir varðandi einstök mál. Samstarfið þarna á milli mætti vera meira að sögn verkefnastjóra.

Barnavernd

Í barnaverndarmálum eru 3,2 stöðugildi, tveir starfsmenn hvor í 100% stöðugildi og tveir í 60% stöðu hvor. Tveir starfsmenn eru í 100 stöðugildi, einn starfmaður skilgreindur í 60% stöðugildi í barnavernd og 40% stöðugildi í félagslegri ráðgjöf en oft á tíðum tekur barnaverndin yfir. Svo er verkefnisstjóri skilgreindur með 60% vinnu í barnavernd sem ætti kannski ekki að vera miðað við umfang og að stýra deildinni að sögn verkefnastjóra. Mikið álag hefur verið á starfsmönnum í barnaverndarmálum að sögn verkefnisstjóra.

Heimild er fyrir 80% stöðugildi í tilsjón inn á heimili. Starfsmaður er nú í 60% starfi við tilsjón. Mismunurinn hefur verið brúaður með aðkeyptri þjónustu. Tilsjón er vegna barnaverndarmála og félagslegrar þjónustu. Um er að ræða aðila sem fer inn á heimili og veitir ráðgjöf vegna uppeldis á börnum o.s.frv. Á árinu 2018 var fengin aðkeypt þjónusta vegna tilsjónarstarfa fyrir 2.197 þúsund krónur, inn í þeirri tölu var aðili til að sjá um morgunstuðning, þ.e. að aðstoða foreldra í að koma börnunum í skólann.

Mynd 12: Fjöldi barnaverndartilkynninga, fjölskyldna og barna árin 2008 til 2018



Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Mynd 12 sýnir fjölda barnaverndartilkynninga ásamt fjölda fjölskyldna og fjölda barna sem unnið var með frá árinu 2008 til 2018. Mismunurinn á fjölda barna og fjölskylda liggur í því að um getur verið að ræða fleiri en eitt barn í fjölskyldu. Ekki er búið að taka saman endanlega tölu fjölskyldna og barna á árinu 2018.

Eins og myndin sýnir fækkaði barnaverndarmálum frá árinu 2012 til 2016 en fjölgaði á milli árána 2016 og 2017. Sumar barnaverndartilkynningar verða ekki að barnaverndarmálum.

Persónulegur ráðgjafi (barnavernd)

Persónulegur ráðgjafi eins og liðveisla er nánast öll greidd í yfirvinnu.

Fjárhagsaðstoð

Einn starfsmaður annast fjárhagsaðstoð sem og félagslega ráðgjöf í 100% stöðugildi. Skiptingin þarna á milli er í kringum 60% félagsleg ráðgjöf og 40% fjárhagsaðstoð.

Mynd 13: Fjöldi þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð og samtals veitt fjárhagsaðstoð í þúsundum króna árin 2015 til 2018



Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Mynd 13 sýnir fjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð árin 2012 til 2018 og samtals veitta fjárhagsaðstoð árin 2012 til 2018.

Eins og myndin sýnir hefur þeim sem fengið hafa fjárhagsaðstoð farið fækkandi á milli ára frá árinu 2012 með undantekningu árið 2015. Á sama hátt hefur samtals veitt fjárhagsaðstoð farið lækkandi með undantekningu ári 2015.

Árið 2012 fengu flestir fjárhagsaðstoð á þessum tímabili, eða 138. Á sama hátt var fjárhagsaðstoðin mest þetta ár, eða 44 milljónir króna. Til samanburðar fengu 71 fjárhagsaðstoð árið 2018 og veitt fjárhagsaðstoð samtals það ár var 26 milljónir króna.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélaginu var sem hér segir þessi ár:

	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar í krónum	125.021	125.021	130.022	134.443	140.493	145.410	149.628

Framfærslulán eru veitt t.d. þegar einstaklingar eru að bíða eftir greiðslum frá Tryggingastofnun Ríkisins (TR) og vitað er að fólk fái jafnvel afturvirkar greiðslur frá TR, þegar það fær greitt frá TR endurgreiðir það lánið. Einnig er hægt að sækja um tryggingu vegna húsnæðis til félagsþjónustunnar og þá er gert samkomulag þar um að félagsþjónustan veiti tryggingu til leigusala. Er þetta gert í samvinnu við leigutaka og leigusala. Ef hinsvegar leigusali þarf að ganga á trygginguna þá er tryggingunni breytt í lán og leigutaki þarf að endurgreiða til sveitarfélagsins sem nýtt var af tryggingunni. Tryggingin gildir í eitt ár. Oftast er um að ræða fólk sem á ekki rétt á fyrirgreiðslu í bönkum sem nýtir sér þetta.

Félagslegt leiguhúsnæði

Starfsmaður í 50% starfi annast félagslegt leiguhúsnæði, annað en fyrir eldri borgara. Starfsmaðurinn er jafnframt í 50% starfi í málefnum fatlaðs fólks og heyrir þá undir félagsmálastjóra. Starfsmaðurinn annast einnig samskipti fyrir hönd félagsþjónustunnar vegna daggæslu barna í heimahúsum á móti fræðslusviði. Starfsmaðurinn tekur á móti umsóknum varðandi rekstur daggæslu barna í heimahúsum og tekur fyrsta viðtal við varðandi dagforeldra. Félagsmálanefnd veitir leyfi til daggæslu barna í heimahúsum, en starfsmenn í umboði nefndarinnar taka umsóknir fyrir og afgreiða þær á afgreiðslufundum sem eru haldnir vikulega, þar sitja verkefnisstjóri, starfsmaður sem sinnir fjárhagsaðstoð og starfsmaður sem sinnir félagslegu leiguhúsnæði

Starfsmaðurinn tekur við umsóknum um félagslegt leiguhúsnæði annað en fyrir eldri borgara. Vinnur matsblað og kannar hvort viðkomandi uppfylli skilyrði um félagslegt leiguhúsnæði. Þetta er allt unnið handvirkt. Það er tveggja til þriggja ára bið eftir félagslegu leiguhúsnæði. Umsækjendur um leiguhúsnæði fá jafnframt ýmis konar leiðbeiningar varðandi úrræði í húsnæðismálum.

Árlega fer starfsmaðurinn yfir allar fyrirbyggjandi umsóknir og er þá kallað eftir gögnum til að athuga hvort umsækjendur uppfylla m.a. tekju- og eignamörk. Þá fer starfsmaður einnig yfir upplýsingar þegar samningar eru að renna út og er þá verið að kanna hvort fólk eigi enn rétt á að vera í félagslegu leiguhúsnæði.

Úthlutanir í félagslegum íbúðum fara fram á grundvelli matsblaðs, sem starfsmaðurinn hefur unnið. Þar eru gefin stig m.a. vegna tekna og eigna viðkomandi og félagslegra aðstæðna. Verkefnastjórinn ásamt starfsmanni félagslegs húsnæðis og stundum félagsmálastjóri sitja fundi þar sem úthlutanir eru ákveðnar. Jafnframt er fjallað um úthlutun á félagslegu leiguhúsnæði á vikulegum fundum þegar fjallað er um fjárhagsaðstoð.

Félagslegar leiguíbúðir aðrar en fyrir eldri borgara eru 54. Árið 2017 voru 10 nýir samningar gerðir og árið 2018 voru gerðir tveir nýir leigusamningar. Á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði eru 66 einstaklingar/fjölskyldur

Starfsmaður á fjármálasviði annast innheimtu á húsaleigu og ritari á skrifstofu bæjarstjóra annast gerð leigusamninga.

Félagslegu leiguíbúðirnar eru reknar í sérstöku félagi, Leigubústaðir Árborgar ses. Yfir félaginu er stjórn sem m.a. tekur ákvarðanir um meiriháttar viðhald.

Þegar leigjendur tilkynna um bilanir eða viðhaldspörf á íbúðum er málinu vísað til ritara á skrifstofu bæjarstjóra sem tekur málið til afgreiðslu og vísar því annað hvort til umsjónarmanns fasteigna sveitarfélagsins eða verktaka sem annast viðhald á félagslegum íbúðum sveitarfélagsins. Umsjónarmaður fasteigna sveitarfélagsins samþykkir reikninga frá verktakanum að sögn verkefnastjórans. Varðandi viðhaldspörf á félagslegum íbúðum hafa ritari á skrifstofu bæjarstjóra, fjármálastjóri, umsjónarmaður fasteigna og starfsmaðurinn ásamt stjórn félagsins komið að ákvörðunartöku.

Ef leigjendur lenda í vanskilum með húsaleigu fer mál viðkomandi aðila beint til lögfræðinga sveitarfélagsins sem sjá um að semja við skuldara að sögn verkefnastjóra.

Auðlindin/verum virk

Auðlindin/verum virk er stuðningsverkefni við fólk sem fær fjárhagsaðstoð og unglinga í barnaverndarmálum, þ.e. 16 til 18 ára. Verkefnið er því fyrir 16 ára og eldri. Að 18 ára

aldri eru einstaklingar innan barnaverndarkerfisins og þeir sem eru 18 ára og eldri fá fjárhagsaðstoð. Auðlindin hefur verið frá árinu 2011 og Verum virk hefur verið frá árinu 2014. Í ágúst 2018 var ráðinn verkefnisstjóri og starfmaður, hvor í 50% stöðugildi. Verkefnið gengur út á að efla fólk til náms og vinnu. Starfsemin er með aðstöðu í Zelsíus, sem er í félagsmiðstöð, er þar tímabundið á meðan verið er að finna húsnæði undir starfseminna að sögn verkefnastjóra. Starfsemin fer fram fyrir hádegi. Frá því að Verum virk hóf starfsemi eða frá 2014 hafa 11 einstaklingar notið þessa úrræðis. Frá því að Auðlindin hóf starfsemi eða árið 2011 hafa 29 einstaklingar notið úrræðisins.

Við verkefnið starfa tveir starfsmenn í 50% stöðugildi hvor, sbr. hér að framan. Annar starfsmannana er verkefnastjóri og er kennari að mennt og starfar sem náms- og starfsráðgjafi. Hinn starfsmaðurinn er með BA próf í félagsráðgjöf.

Forstöðumaður heimaþjónustu

Forstöðumaður heimaþjónustu er fyrst og fremst í stjórnun og að annast frummat á þjónustupörf fyrir umsækjendur um heimaþjónustu. Jafnframt framkvæmir forstöðumaðurinn færni- og heilsumöt fyrir félagsþjónustuna. Sér um ráðningar og allt er varðar launamál vegna starfsmanna sem undir forstöðumanninn heyra. Jafnframt að leysa vandamál sem koma upp vegna veikinda starfsmanna og annast milligöngu um útleigu á íbúðum í Grænumörk 1, 3 og 5 sem eru fyrir aldraða í sveitarfélaginu. Forstöðumaðurinn tekur faglega ákvörðun ef bæta þarf við þjónustu eða minnka með hliðsjón af endurmati. Forstöðumaður situr fasta fundi s.s. með heimahjúkrun, forstöðumönnum og stöðteymi. Vegna anna í starfi hefur forstöðumaðurinn ekki náð að komast yfir allt sem hann þarf að gera að hans sögn.

Heimaþjónusta

Sveitarfélagið veitir kvöld og helgarþjónustu sem fer fram frá kl. 18:00 til 22:00 öll kvöld árið um kring. Einn starfsmaður sem heyrir undir forstöðumann heimaþjónustu sinnir þessu aðra hverja viku í 35% starfi. Á móti annast verktaki þetta hina vikuna og að auki að fara til einhverra öll kvöld þar sem ekki er tími á vakt hjá Árborg eða að starfsmaður sveitarfélagsins og notandi hafa ekki náð saman. Jafnframt öll morguninnlit um helgar og á rauðum dögum. Enn fremur sér HeimaAðhlynning um öll innlit, hvort heldur sem er að morgni eða kvöldi sem eru á Eyrarbakka eða Stokkseyri.

Almenn heimaþjónusta fer fram á virkum dögum á tímabilinu frá kl. 8:00 til kl. 16:00. Samtals eru starfsmenn í 4,39 stöðugildum sem annast Heimaþjónustu. Auk þess er keypt ræstingaþjónusta af Dögum sem samsvarar tæplega fjórum stöðugildum (3,6). Árið 2017 voru greiddar til ISS, verktakafyrirtækis, 25.3 milljónir króna fyrir aðstoð við þrif í heimahúsum. Dagar aðstoða 109 notendur í 124 heimsóknnum á tveggja vikna fresti, sumir fá aðstoð vikulega. Einnig er keypt aðstoð við þrif frá HeimaAðhlynningu í tveimur tilvikum. HeimaAðhlynning tekur kr. 4.500 kr. á tímann fyrir þrif. Auk þess er HeimaAðhlynning með eitthvað af innlitum.

Af þessum 4,39 stöðugildum er starfsmaður í einu stöðugildi eingöngu í innliti til þjónustuþega. Í 2,59 stöðugildum eru starfsmenn sem aðstoða m.a. við þrif og í 80% stöðugildi er iðjuþjálfari sem vinnur við endurhæfingu og eflingu einstaklingsins.

Auk þessa er deildarstjóri heimaþjónustu í 100% starfi. Deildarstjórinn stýrir heimaþjónustunni. Í því fellst m.a. að setja nýja þjónustuþega inn á vinnuáætlun starfsmanna, annast tilfallandi breytingar á starfsáætlun ef starfsmaður forfallast, annast dagleg samskipti við Daga, sem annast ræstingar hjá þjónustuþegum, pantanir vegna heimsends matar o.s.frv.

Boðið er upp á kaffi í Grænumörk fyrir eldri borgara sem starfsmaður á vakt í Grænumörk sér um. Borið fram morgunkaffi um kl. 10.

Starfsmenn, sem annast heimaþjónustu eru yfirleitt á sínum eigin bifreiðum. Starfsmenn fá kílómetra fast per mánuð í samræmi við stöðugildi, þ.e. 100% = 100 km, 75% = 75 km o.s.frv. nema starfsmaður sem er í innlitum og verslunarferðum, sem fær greitt samkvæmt akstursbók.

Þjónustuþegar í heimaþjónustu eru um 210 til 220. Almenna reglan er að þjónustan er veitt á tveggja vikna fresti varðandi þrif. Í undantekningar tilfellum er það gert vikulega og hjá örfáum tvisvar í viku. Allt er þetta gert samkvæmt mati á þjónustuþörf.

Verslunarferðir fyrir þjónustuþega eru einu sinni í viku. Innlit eru eftir þörfum hvers og eins og geta verið nokkur á dag.

Einstaklingur sem er með 300 þúsund krónur eða lægri upphæð í tekjur á mánuði greiðir ekkert fyrir heimaþjónustu. Á sama hátt greiða hjón ekkert ef tekjur á hvort þeirra eru 238 þúsund krónur eða lægri á mánuði.

Ef tekjur eru umfram framangreindar upphæðir greiðir þjónustuþegi/-þegar 1.170 krónur fyrir hverja klukkustund sem þjónustan er veitt.

Leiguíbúðir í Grænumörk 1, 3 og 5

Í Grænumörk 1 til 3 eru félagslegar leiguíbúðir fyrir aldraða. Átta íbúðir í hvoru húsi, eða samtals 16 félagslegar leiguíbúðir. Í Grænumörk 5 eru 23 almennar leiguíbúðir fyrir aldraða og ein félagsleg leiguíbúð. Samtals eru almennar og félagslegar leiguíbúðirnar fyrir aldraða 40 og heyra þær allar undir daglegan rekstur forstöðumannsins og viðkomandi starfsmanna hans.

Væntanlegir leigjendur sækja um leiguhúsnaði í Ráðhúsinu og þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði.

Þegar íbúð losnar hefur forstöðumaðurinn samband við ritara á skrifstofu bæjarstjóra sem hefur samband við fyrirtæki sem tekur íbúðina út og metur hvað á að gera í samráði við forstöðumann. Þegar þrifum og lagfæringum á íbúð er lokið tekur forstöðumaðurinn íbúðina út.

Ef um meiriháttar viðhald er að ræða sendir forstöðumaðurinn tilkynningu þar um á ritara framkvæmdastjóra (bæjarstjóra), félagsmálastjóra og fjármálastjóra.

Forstöðumaðurinn sýnir lausar íbúðir og afhendir þær.

Viðveruvakt vegna íbúa að Grænumörk 1, 3 og 5

Vegna íbúa í Grænumörk er viðveruvöktun alla daga ársins, þ.e. 365 daga á ári. Vöktunin er tvískipt, annars vegar frá kl. 8:00 til 16:00 og hins vegar frá kl. 16:00 til 24:00. Fjórir starfsmenn skipta vöktunum með sér. Auk þess er deildarstjóri í hlutastarfi vegna þessa. Stöðuhlutfall vaktmanna er þannig að tveir eru í 80% starfshlutfalli og tveir í 60% starfshlutfalli. Starfsmenn á vakt annast ýmis konar þjónustu við íbúa. Gerð er krafa um að þeir séu alltaf með viðveru í Grænumörk. Þeir annast m.a. innlit til íbúa, aðstoð við að klæðast, við lyf, hita upp heimsendan mat, öryggisinnlit, aðstoða við að hátta o.s.frv. Þrífa það sem þarf í sameign en Dagar annast regluleg þrif á sameign.

Íbúum að Grænumörk gefst kostur á að vera með öryggishnapp sem sveitarfélagið kostar að hluta. Komi upp innhringing til Öryggismiðstöðvarinnar hefur hún samband

við þann starfsmann sem er á vakt og fer hann til viðkomandi og athugar hvort aðstoðar sé þörf.

Deildarstjórinn er í 40% starfshlutfalli sem slíkur en í samtals 90% starfshlutfalli. Hann vinnur eingöngu á dagvinnutíma á virkum dögum. Auk þess að vera deildarstjóri, þ.e. yfir starfsmönnum á vakt, er hann jafnframt húsvörður í Grænumörk 1, 3 og 5 í 30% starfshlutfalli og annast keyrslu á heimsendum mat í 20% starfshlutfalli. Heimsendur matur er keyrður út á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum. Maturinn er keyptur frá SS. Deildarstjórinn sækir matinn þangað og keyrir hann síðan út til fólksins. Það eru tveir til fimm sem fá mat í Grænumörk á dag og 11 til 16 úti í bæ. Um er að ræða keyrslu á mat til íbúa á Selfossi, Stokkseyri og Eyrarbakka. Fólkið greiðir 205 krónur fyrir heimsendingu á mat og 985 krónur fyrir matinn. Fólkið greiðir fyrir matinn kostnaðarverð sem greitt er til SS.

Keypt var bifreið fyrir starfsemina, sem gerð er út frá Grænumörk. Bifreiðin tilheyrir m.a. heimaþjónustunni. Alla jafnan notar deildarstjórinn bifreiðina m.a. til að keyra út matinn.

Félagsstarf aldraðra

Félag eldri borgara heldur utan um allt félagstarf eldri borgara og fær aðstöðu í húsinu að Grænumörk fyrir starfsemina. Starfsmaður á vakt í Grænumörk veitir aðstoð í félagsstarfinu. Einnig er formaður félags eldri borgara (FEB) í samskiptum við forstöðumann út af ýmsum málum.

Dagdvöl

Dagdvöl er rekin á tveimur stöðum í sveitarfélaginu. Annars vegar er Árblik, dagdvöl fyrir aldraða, sem rekin er í nýju húsnæði að Grænumörk 5 og hins vegar Vinaminni, dagdvöl fyrir einstaklinga með minnissjúkdóma, sem rekin er að Vallholti 38.

Dagdvöl aldraðra er stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Í dagdvöl aldraðra er veitt hjúkrunarþjónusta, aðstaða til þjálfunar og aðstoð við að komast til læknis. Boðið er upp á flutningsþjónustu að og frá heimili einstaklingsins, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Leyfi er frá Heilbrigðisráðuneytinu fyrir 16 einstaklinga á sama tíma. Leyfin voru 11 en nú nýverið fengust fimm leyfi til viðbótar, eða samtals leyfi fyrir 16 einstaklinga. Rými dagdvalarinnar gerir ráð fyrir að hægt sé að vera með a.m.k. 20 einstaklinga í einu í dagdvöl.

Hópbílar annast akstur fólksins að og frá heimili. Akstursþjónustan er að koma með fólkið um kl. 9 á morgnana. Sumir nýta sér ekki akstursþjónustuna og koma sér sjálfir að og frá heimili. Fólkinu er gefin hafragrautur við komuna. Síðan er hádegismatur um kl. 11:30 og svo síðdegiskaffi. Deginum lýkur í dagdvölinni kl. 15:30. Einstaklingar geta verið einn til fimm daga í viku. Allir eru heilan dag í einu. Eins og staðan er núna (desember 2018) er enginn lengur en í fjóra daga í viku. Fastráðnir starfsmenn eru þrír, þar af einn í eldhúsi. Auk þess er forstöðumaður í 50% í Árbliki og 50% starfi í Vinaminni. Samtals eru því 3,5 stöðugildi í Árbliki.

Í Vinaminni er rými fyrir 12 einstaklinga samtímis og geta þeir verið í einn til fimm daga í viku.

Dagdvöl sem þessi er mikilvæg til þess að virkja þann sem er með heilabilun, örva og hvetja til alls þess sem hann ræður við. Efla sjálfstraust og draga úr vanlíðan og vanmætti. En dagdvölin er ekki síður mikilvæg til að geta létt undir með ástvinum og

aðstandendum og veita þeim ráðgjöf og stuðning til að takast á við þau vandamál sem upp kunna að koma.

Hlutverk starfsmanna er að þjálfa, styðja og styrkja vitsmunalega og líkamlega hæfni einstaklingsins svo að hann geti viðhaldið sjálfstæði sínu eins lengi og kostur er.

Auk forstöðumanns, sem er í 50% stöðugildi, er sjúkraliði í 93,8% starfi, félagsliði í 93,8% starfi, starfsmaður í ummönnun og félagsstarfi í 37,5% starfi, matráður í 87,5% starfi ásamt tveimur starfsmönnum í 18% starfi hvor, eða samtals 3,98 stöðugildi.

Í Vinaminni hefur verið leyfi fyrir 10 einstaklinga. Nú nýverið var veitt leyfi fyrir fimm einstaklinga til viðbótar, eða samtals leyfi fyrir 15 einstaklinga.

Árið 2017 voru leyfi fyrir 10 einstaklinga í Vinaminni og 11 í Árbliki.

Leigubílstjóri hefur annast aksturinn með fólkið að og frá heimilinu samkvæmt sérstökum samningi þar um. Mikill kostnaðarmunur á akstursþjónustu fyrir Árblik og Vinaminni á árinu 2017 vekur athygli. Vegna Árbliks kostaði akstursþjónustan 4.757 þúsund krónur árið 2017 og 2.278 þúsund krónur vegna Vinaminnis.

Rétt er að fram komi að varðandi aksturinn fyrir Árblik þá var verið að sækja tvo einstaklinga á Stokkseyri fjórum sinnum í viku og einstakling í hjólastól á Eyrarbakka einu sinni í viku sem útheimti sérstakan bíl, hjólastólabíl. Það var enginn utan Selfoss í Vinaminni árið 2017.

Sveitarfélagið hefur tekið íbúa úr nágranna sveitarfélögunum í dagdvöl. Hins vegar hafa íbúar Sveitarfélagsins Árborgar forgang. Í Árbliki eru nú eingöngu íbúar úr Sveitarfélaginu Árborg.

Auk daggjalda frá Sjúkratryggingum greiðir fólkið sjálft 1.175 kr. á dag samkvæmt reglugerð þar um.

Samkvæmt aðalbók vegna ársins 2017 stóðu tekjur undir útgjöldum vegna Vinaminnis en halli var á rekstri Árbliks upp á 15 milljónir króna.

Forstöðumaður telur að hann fari langt með að klára biðlista eftir dagdvöl með þeim viðbótar leyfum sem hafa fengist nú nýverið.

Frístundaklúbburinn Kotið

Frístundaklúbburinn Kotið er rekið fyrir nemendur í fimmta til 10. bekk í grunnskólum sveitarfélagsins. Um er að ræða einstaklinga með fötlun í flokki 1, 2 og 3. Ef laust er hafa verið teknir nemendur úr nágranna sveitarfélögum. Eins og staðan er núna er svo til eingöngu verið að þjónusta nemendur úr Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt skráningarkerfi eru 23 nemendur í frístundaklúbbnum. Nemendur koma þegar kennslu lýkur í grunnskólunum. Flestir nemendanna koma sér sjálfir á milli staða. Nokkrir koma með ferðaþjónustu fatlaðra. Nemendurnir byrja að koma um kl. 13:00. Opið er til kl. 16:30 en flestir eru farnir um kl. 16:00.

Á sumrin og þá virka daga sem skólastarf fer ekki fram er starfsemin í frístundaklúbbnum opin frá kl. 8:00 til 16:30. Einnig er opið þegar eru starfsdagar í skólunum og þegar eru foreldraviðtöl. Þegar eru vetrar- og haustfrí í skólunum, sem eru fjórir dagar á ári, er lokað fyrir nemendur en starfsdagur er hjá starfsmönnum.

Við Frístundaklúbbinn starfa 10 starfsmenn með forstöðumanni. Auk þess er einn starfsmaður í gegnum Virk endurhæfingarstöð. Launakostnaður vegna þess starfsmanns er endurgreiddur af Vinnuálastofnun. Allir starfsmennirnir eru í 50% stöðugildi nema forstöðumaðurinn sem er í 100% starfi nema á sumrin þá eru flestir starfsmenn í 100% stöðu að frátöldum einum starfsmanni sem er í 80% stöðugildi. Þannig eru sex stöðugildi við Frístundaklúbbinn að meðtöldum starfsmanninum sem er á vegum Virk. Síðan fjölgar stöðugildum yfir sumarmánuðina sbr. hér að framan.

Sveitarfélagið Árborg á húsnæðið, sem starfsemin fer fram í.

Frístundaklúbburinn deilir húsnæði með skátum og gengur samstarfið vel að sögn forstöðumanns. Hins vegar er húsnæðið orðið of lítið að sögn forstöðumannsins.

Vakin er athygli á því að ræstingakostnaður er nokkuð hár fyrir húsnæðið. Hann var árið 2017 2.060 þúsund krónur.

Frístundaklúbburinn á í góðu samstarfi við Zelsíuz, frístund. Forstöðumaður situr fundi varðandi vinnuskólann þegar fjallað er um nemendur í vinnuskólanum sem eru með sérþarfir.


Liðveislan er með klúbbastarf um helgar og fer hún fram í Zelsíuz. Forstöðumaður Frístundaklúbbsins Kotið sér um þá starfsemi og ræður starfsmenn vegna starfseminnar.

FRÆÐSLUSVIÐ

Fræðslusvið

Fræðslusvið er eitt af fjórum sviðum Sveitarfélagsins Árborgar samkvæmt skipuriti á vefsíðu sveitarfélagsins. Fræðslusviðið er stjórnsýslu- og sérfræðieining fræðslumála í sveitarfélaginu. Yfirmaður fræðslusviðs er fræðslustjóri.

Mynd 14: Skipurit fræðslusviðs



Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Fræðslustjóri fer með samskipti við ýmsar stofnanir er tengjast málaflokknum og yfirumsjón með öllu er lýtur að fræðslumálum í sveitarfélaginu. Hann hefur fyrir hönd sveitarfélagsins umsjón með samskiptum m.a. við skólafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Menntamálastofnun, Fjölbrotarskóla Suðurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, fræðslusvið annarra sveitarfélaga svo eitthvað sé nefnt. Skólastjórnendur og fleiri starfsmenn fræðslusviðs eru einnig í miklu sambandi við þessar stofnanir. Fræðslustjórinn vinnur að því að efla málaflokkinn í heild sinni í þeirri viðleitni að skapa Sveitarfélaginu Árborg sérstöðu sem

öflugt og heildstætt skólasamfélag þar sem stofnanir og starfsfólk vinna saman ekki síst með hagsmunum barna og annarra íbúa sveitarfélagsins að leiðarljósi.

Fræðsluviðið samanstendur af skrifstofu fræðslusviðs og skólaþjónustu, sem m.a. veitir leikskólaráðgjöf, almenna kennsluráðgjöf, sérkennsluráðgjöf, talmeinaráðgjöf, sálfræðiráðgjöf o.fl. í fimm leikskólum og þremur grunnskólum. Þessir fimm leikskólar starfa á sex stöðum og grunnskólarnir þrír starfa á fjórum stöðum. Þá eru þrjú frístundaheimili rekin í grunnskólunum. Jafnframt annast sviðið samskipti við Tónlistarskóla Árnesinga, svo sem í tengslum við Jöfnunarsjóðsgreiðslur og greiðslur sveitarfélagsins til tónlistarskólans sem og til Tónsmiðju Suðurlands sem er sjálfstætt rekinn tónlistarskóli. Aðalstarfsstöð Tónlistarskóla Árnesinga er á Selfossi en kennslan fer einnig fram í grunnskólunum.

Samhliða þessum verkefnum annast fræðsluviðið alla stjórnsýslu í skólamálum, samningagerð við verktaka varðandi skólamál og utan um hald v/Völu leikskólakerfis svo eitthvað sé nefnt.

Flestir starfsmenn skrifstofu fræðslusviðs og skólaþjónustu eru í ráðgjafaverkefnum í skólunum en stjórnsýsluverkefni eru einkum á borði skólafulltrúa og fræðslustjóra. Þau verkefni hafa orðið mun fyrirferðarmeiri sl. 5-6 ár en þó koma fleiri starfsmenn að þessum verkefnum sem ekki flokkast beint undir ráðgjöf, m.a. að vinnslu tölfraðilegra upplýsinga, skýrslugerð, daggæslumálum, gerð umsókna, svo sem styrkumsókna og starfsmannamála.

Starfsmenn skrifstofu fræðslusviðs og skólaþjónustu eru fræðslustjóri í 100% starfi, ráðgjafi í kennslu barna af erlendum uppruna í 90% starfi, kennsluráðgjafi í 100%, leikskólaráðgjafi í 100% starfi, yfirsálfræðingur í 100%, tveir sálfræðingar í 100% hvor, talmeinafræðingur í 40% starfi frá 1. janúar 2019 og skólafulltrúi í 100% starfi. Samtals 8,2 stöðugildi.

Helstu verkefni fræðslustjóra er að stýra fræðsluviði og skólaþjónustu Árborgar og hafa yfirumsjón með framkvæmd laga, reglugerða og samþykktu um fræðslumál, svo sem um rekstur leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu. Fræðslustjóri fylgir eftir skólastefnu Árborgar og er ábyrgur fyrir skipulagi og starfi sérfræðiteyma sem vinna verkefni sem undir hann heyra. Fræðslustjóri er yfirmaður allra skólastjóra leik- og grunnskóla í Árborg, er starfsmaður fræðslunefndar og annast ýmis samskipti við bæjarráð, stöðþjónustudeildir og hagsmunaaðila. Fræðslustjóri sér um samninga við önnur sveitarfélög á sviði skólamála og hefur yfirumsjón með skýrslugerð og skjalamálum fræðslusviðs og skólaþjónustu. Einnig ber fræðslustjóri ábyrgð á og hefur eftirlit með framkvæmd starfs- og fjárhagsáætlana Árborgar sem heyra undir fræðsluvið.

Ráðgjafi í kennslu barna af erlendum uppruna, sinnir ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks leik-, grunnskóla og skólaþjónustu, foreldra og nemenda. Helstu verkefni eru mat á stöðu nemenda í íslensku, fræðsla til foreldra af erlendum uppruna og mat á orðaforða barna. Vinna við gerð móttökuáætlunar í leik- og grunnskólum, þátttaka í fagteymi um fjölmenningu og ráðgjöf í fjölmenningarlegum kennsluháttum og starfsþróun kennara.

Helstu verkefni kennsluráðgjafa snúa að almennri kennslu- og sérkennsluráðgjöf til starfsfólks skóla og foreldra. Einnig ráðgjöf við gerð einstaklingsáætlana, skipulag sérkennslu í skólum, uppeldi barna, samskipti heimila og skóla, mat á stuðningsþörf, verkefni á sviði símenntunar, eflingu tengsla leik-, grunn og framhaldsskóla og situr í móttökuteymi skólaþjónustunnar. Kennsluráðgjafi er tengiliður skólaþjónustunnar við grunnskólana ásamt skólasálfræðingum.

Helstu verkefni leikskólaráðgjafa snúa að almennri ráðgjöf til starfsfólks leikskóla varðandi starfshætti og starfsþróun, einnig sinnir hann fræðslu til foreldra, aðstoðar við mat á sérkennsluþörf leikskóla, veitir ráðgjöf í starfsmannamálum og

rekstrarstjórnun. Leikskólaráðgjafi tekur þátt í fag- og nemendateymum skóla og skólaþjónustu og vinnur að þróun úrræða fyrir börn í samstarfi við skóla, skólaþjónustu o.fl. Jafnframt kemur hann að verkefnum á skrifstofu fræðslusviðs á sviði leikskóla- og daggæslumála. Leikskólaráðgjafi er tengiliður skólaþjónustunnar við leikskóla ásamt yfirsálfræðingi.

Helstu verkefni yfirsálfræðings eru á sviði sálfræðilegra athugana, ráðgjafar og þverfaglegs samstarfs um málefni barna. Einnig ráðgjöf við nemendur, foreldra og kennara vegna hegðunar- og tilfinningavanda, kvíða, þunglyndis, námserfiðleika og vanlíðunar nemenda. Yfirsálfræðingur situr í móttökuteymi skólaþjónustunnar og er ásamt leikskólaráðgjafa tengiliður skólaþjónustunnar við leikskólana, sbr. hér að framan.

Helstu verkefni tveggja sálfræðinga eru á sviði sálfræðilegra athugana, ráðgjafar og þverfaglegs samstarfs um málefni barna. Einnig ráðgjöf við nemendur, foreldra og kennara vegna hegðunar- og tilfinningavanda, kvíða, þunglyndis, námserfiðleika og vanlíðunar nemenda.

Verkefni skólafulltrúa eru einkum á skrifstofu fræðslusviðs og skólaþjónustu. Skólafulltrúi ber meðal annars ábyrgð á móttöku og skráningu þjónustubeiðna til skólaþjónustunnar, situr í móttökuteymi, kemur að mótun verklags og upplýsingamiðlun. Þá vinnur skólafulltrúi að ýmsum verkefnum á skrifstofu fræðslusviðs, svo sem við gerð og vinnslu viðhorfskannana, fundarritun, skýrslugerð, fjármálaverkefni og ýmis dagleg skrifstofustörf.

Fræðslustjóri fundar reglulega tvisvar í mánuði með starfsfólki skólaþjónustu og oftast með hverjum og einum eftir stöðu verkefna. Þá heldur fræðslustjóri einn fund í mánuði með leikskólastjórum og leikskólaráðgjafa sem stendur yfir í hálfan dag. Inn á þann fund koma svo fleiri eftir aðstæðum hverju sinni. Samstarfsfundir með skólastjórum grunnskólanna eru að jafnaði tvisvar í mánuði, um tvær klukkustundir hver fundur. Inn á þá fundi koma einnig fleiri eftir þörfum en a.m.k. tvisvar á hverju skólaári eru haldnir samstarfsfundir með skólastjórnendum FSu.

Nýlega var ráðin talmeinafræðingur í 40% starf en áfram verður hluti af talmeinaverkefnum skólaþjónustu keypt í verktöku eins og hefur verið undanfarin ár.

Fram kom í viðræðum við fræðslustjóra að mikið álag væri á fræðslusviðinu síðastliðin tvö til þrjú ár, m.a. vegna nýlegra laga og reglugerða um skólamál, mikillar fjölgunar íbúa, þunga starfsmannamála í skólum sveitarfélagsins og starfsmannaveltu. Til að mæta auknu álagi hafa starfsmenn skólaþjónustu m.a. unnið að þróun verklags með það að markmiði að efla snemmtæka íhlutun í samstarfi við fræðslustjóra og skólastjórnendur.


Í máli fræðslustjóra kom fram að almennt sé gott samstarf við starfsmenn fræðslusviðs. Hann er nánast í daglegum samskiptum við stjórnendur skólanna og stjórnendahópurinn vinnur vel saman. Fræðslustjóri ber ábyrgð á öllum erindum sem berast sviðinu og að þau fari í réttan farveg.

Fram kom að efla mætti þekkingu á skólamálum í þjónustuverinu sem myndi minnka álag á skrifstofu fræðslusviðs.

Hver stjórnandi í grunn- og leikskóla vinnur launaáætlun fyrir sína stofnun. Fræðslustjóri vinnur launaáætlun fyrir skrifstofu fræðslusviðs og skólaþjónustu. Varðandi úthlutun á tímum til grunnskóla hefur verið notast við gamalt úthlutunarlíkan en í leikskólum er tekið mið af nemendafjölda og sérkennsluþörf hverju sinni, þ.e. reynslutölum hvers skólaárs.

Í sveitarfélaginu er hátt hlutfall nemenda með miklar sérþarfir í leik og grunnskólum. Hluti hópsins er með ýmsar greiningar, m.a. fötlunargreiningar en allmargir nemendur glíma við hegðunar erfiðleika.

Mynd 15: Fjöldi einstaklinga sem fengu þjónustu hjá skólaþjónustu síðast liðin fjögur ár



Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Mynd 15 sýnir fjölda einstaklinga í leik- og grunnskólum sem fengu þjónustu hjá skólaþjónustunni síðastliðin fjögur skólaár.


Í Sunnulækjaskóla er sérdeild fyrir fatlaða nemendur, sem þjónar öllu Suðurlandi. Er þar í sér húsnæði innan skólans og er hluti af skólanum þó eru sumir nemendur þar einnig skráðir í annan heimaskóla sem getur verið í Árborg eða í skólum utan sveitarfélagsins. Nemendum sérdeildar hefur fjölgað verulega á undanförunum árum og á þessu skólaári er fjöldi nemenda 26,51 m.v. 100% kennslu.

Í Vallaskóla er hátt hlutfall stuðningsfulltrúa sem vinna með kennurum. Í Sunnulækjaskóla er hins vegar lægra hlutfall stuðningsfulltrúa en þar er fleira fagfólk, m.a. sérkennarar og þroskaþjálfar. Er þetta vegna mismunandi áherslna skólastjórnenda í viðkomandi skólum á undanförunum árum að sögn fræðslustjóra.

Síðastliðin tvö til þrjú skólaár hefur verklagi verið breytt verulega varðandi þjónustu við nemendur. Nú er gripið fyrir inn í mál nemenda í anda snemmtæktrar íhlutunar, frekar en að bíða eftir greiningu eins og algengt hefur verið hér á landi. Í þeirri viðleitni hafa verið stofnuð lausnateymi í grunnskólunum og nemendaverndarráðsfundum fjölgað og þeir hafa verið gerðir markvissari. Þá hefur úrræðum verið fjölgað bæði fyrir nemendur og foreldra (aðstandendur) og þar er unnið m.a. með félagsþjónustu, heilsugæslu og félagsmiðstöð.

Stofnað hefur verið þverfaglegt teymi með aðild heilsugæslunnar. Í teyminu eru fulltrúar frá fræðslusviði, félagsþjónustu og heilsugæslunni. Þá taka sérfræðingar frá BUGL þátt í hverjum fundi í gegnum fjarfundabúnað.


Mynd 16: Fjöldi verkefna í leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar s.l. fjögur skólaár



Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Mynd 16 sýnir fjölda verkefna skólaþjónustu s.l. fjögur skólaár fyrir hvern leikskóla í sveitarfélaginu.

Mynd 17: Fjöldi verkefna í grunnskólum Sveitarfélagsins Árborgar s.l. fjögur skólaár



Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Mynd 17 sýnir heildarfjölda verkefna skólaþjónustu í grunnskólum sveitarfélagsins s.l. fjögur skólaár.

Margir þessara nemenda fengu þjónustu frá fleiri en einum ráðgjafa, því eru verkefnin mun fleiri en fjöldi nemenda sem þegið hafa þjónustu. Þrátt fyrir fjölgun nemenda í skólunum hefur verkefnum hlutfallslega fækkað. Það skýrist m.a. af aukinni áherslu á snemmtæka íhlutun og að nýtt verklag er að skila góðum árangri.

Þrátt fyrir aukið samstarf við félagsþjónustu er það mat fræðslustjóra að þörf væri á frekari samvinnu fræðslusviðs og félagsþjónustu með áherslu á þverfaglegt samstarf og fleiri úrræði í stuðningsþjónustu við börn og fjölskyldur þeirra og aukna félagslega ráðgjöf.

Á skólaárinu 2017-2018 voru 28 börn sem skiptust á sjö dagforeldra. Þessi málaflokkur heyrir undir velferðarráðuneytið og í Sveitarfélaginu Árborg er hann eitt af verkefnum fræðslusviðs, en að hluta unninn hjá félagsþjónustu sem fer með stjórnunarlega ábyrgð á málaflokknum. Leyfi til að starfa sem dagforeldri eru afgreidd hjá félagsmálanefnd. Eftirlitið með dagforeldrum er hjá báðum sviðunum. Umsýsla varðandi niðurgreiðslur vegna dagforeldra er hjá fræðslusviði. Fræðslustjóri telur að þessi málaflokkur sé svolítið utanveltu þar sem skipting verkefna er óljós og mikið leitað til skrifstofu fræðslusviðs þrátt fyrir að ábyrgðin liggi hjá félagsþjónustu. Nær væri að láta annað sviðið sjá alfarið um málaflokkinn.

Aðeins hefur fjölgað í dagforeldrahópnum. Skortur hefur verið á dagforeldrum og m.a. þess vegna hefur leikskólinn Brimver/Æskukot tekið inn yngri börn en þar hefur verið svigrúm til staðar, a.m.k. fram að þessu. Sumir velja frekar að bíða lengur eftir vistunarplássi og fara í Brimver/Æskukot heldur en til dagforeldra. Sveitarfélagið hefur litla yfirsýn yfir biðlista til dagforeldra þar sem foreldrar sækja um beint til þeirra og sækja síðan um niðurgreiðslu til sveitarfélagsins þegar þeir hafa fengið pláss. Þó er leitast við að meta stöðuna hverju sinni eins og hægt er með því að vera í góðu sambandi við dagforeldra.

Fram kom í máli fræðslustjóra að bæta megi innra eftirlit hjá sveitarfélaginu. Sem dæmi má nefna að skólafulltrúi fer með kreditkort fyrir fræðslusviðið sem nýtist einnig öllum skólunum. Ekki eru til staðar reglur um notkun á kreditkortum hjá sveitarfélaginu.

Skerpa mætti á verkferlum um hvernig lykla á útgjöld sem greidd hafa verið með kreditkort. Skólafulltrúi fær t.d. tveimur mánuðum síðar en útgjöld féllu til yfirlit yfir kreditkortid og á þá að lykla útgjöldin. Um gæti verið að ræða t.d. kaup á appi sem kostar 300 kr. Það kemur fyrir að starfsmenn í skólum gleyma að senda skólafulltrúa kvittun (reikning) vegna útgjalda sem greidd voru með kreditkort. Þá þarf skólafulltrúi að senda tölvupóst á alla viðkomandi í skólunum, sem geta verið margir, til að finna út hvað um var að ræða. Vegna þessa er mikil vinna fyrir skólafulltrúa og aðra sem fá tölvupósta sem þurfa að rifja upp hvort þetta séu útgjöld sem varða viðkomandi og/eða um hvað var að ræða.

Íþróttahúsin í Árborg heyra ekki undir grunnskólana heldur undir menningar- og frístundafulltrúa sem tilheyrir öðru fagsviði. Gott samstarf er við hann um þessi mál.

Frístundaakstur byrjaði s.l. haust og annast menningar- og frístundafulltrúi aksturinn af hálfu sveitarfélagsins.

Töluverður skólaakstur er með nemendur sem búa utan Selfoss en sækja skóla þangað. Á morgnanna er skólaakstur úr gamla Sandvíkurhreppi og Tjarnarbyggð. Meginleiðir: 1) Frá Votmúla til Sunnulækjarskóla, 2) Frá Tjarnarbyggð suður og Stekkum að Sunnulækjarskóla, 3) Frá Tjarnarbyggð norður og Sandvík að Sunnulækjarskóla. Sex nemendur sem eru í skólabílunum fara í Vallaskóla. Þrír bílar annast akstur vegna nemenda sem sækja skóla á Selfoss á morgnanna og tveir bílar annast aksturinn heim að loknum skóladegi. Eftir að akstursfyrirkomulaginu var breytt eru þeir nemendur sem koma lengst að um hálfa klukkustund aðra leið.

Aksturinn hefur verið boðinn út. Síðast var það gert fyrir þremur árum samkvæmt upplýsingum fræðslustjóra. Bæjarstjóri sá um að ganga frá samningum vegna akstursins.

Skólaakstur er einnig fyrir nemendur í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Fyrsti til sjötti bekkur er á Stokkseyri en sjöundi til tíundi á Eyrarbakka í sameinuðum skóla (BES). Skólabifreiðin fer frá Stokkseyri kl. 7:40 með nemendur 7. til 10. bekkjar á Eyrarbakka og kemur til baka á Stokkseyri kl. 8:15 með yngri stigið, þ.e. nemendur 1. til 6. bekkjar, frá Eyrarbakka. Nemendum á Eyrarbakka er síðan ekið fram og til baka vegna list- og verkgreina og í sundtíma þar sem kennsla í þessum námsgreinum fer öll fram á Stokkseyri. Síðan er allur matur fyrir nemendur og starfsfólk á Eyrarbakka keyrður frá skólanum á Stokkseyri þar sem hann er tilreiddur. Húsvörður annast þennan akstur. Hann hefur bifreið til umráða á vegum skólans, m.a. til að sinna þessum akstri. Vegna staðsetningar skólans á tveimur stöðum er einnig töluverður akstur hjá kennurum og skólastjórnendum á milli staða.

	2016-2017	2017-2018	2018-2019
Heildarkostnaður	19.908.000	18.250.000	18.493.000
Skólaakstur úr dreifbýli	4.829.000	4.450.000	4.143.000
Skólaakstur milli þéttbýliskjarna	10.250.000	9.350.000	9.350.000
Skólaakstur í sund og íþróttir	3.959.000	3.445.000	3.500.000
Annar akstur með nemendur	870.000	1.050.000	1.500.000

Yfirlitið hér að ofan sýnir akstur í Sveitarfélaginu Árborg með grunnskólanemendur, þ.e.a.s. vegna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri., Vallaskóla og Sunnulækjarskóla.

Húsvörðir eru við alla grunnskólana og heyra þeir undir viðkomandi skólastjóra. Í leikskólum sinna stjórnendur þessum málum sem kallar á aukna þjónustu frá áhaldahúsi sveitarfélagsins. Fram hefur komið á fundum leikskólastjóra að þörf væri á sameiginlegum starfsmanni til að sinna m.a. léttum viðhaldsverkefnum en það er tilfinning hópsins að þjónusta þjónustumiðstöðvar vegna viðhalds sé dýr.

Á undanförunum árum hafa stjórnendur sveitarfélagsins ekki fundað saman reglulega sem hefur komið eitthvað niður á samhæfingu og þjónustu. Einkum var fundað vegna fjárhagsáætlunargerðar og síðan tilfallandi eftir þörfum. Þetta hefur þó breyst verulega að undanförunu.

Unnið hefur verið að því að innleiða Vinnustund en það hefur gengið frekar hægt og enn eru ekki allir greiningarmöguleikar kerfisins nýttir sem skyldi. Mikið er um forföll starfsmanna í skólum sveitarfélagsins en í fjárhagsáætlunargerðinni er ekki gert ráð fyrir þessum lið nema að litlu leyti. Það hefur m.a. gert stjórnendum erfitt fyrir að standast áætlanir. Á þetta bæði við hjá leik- og grunnskólum. Vegna þessa er mikil áskorun að fá

sérfræðing í fjármálum og rekstri og mannauðsmálum til að vinna með stjórnendum á fræðslusviði. Það horfir þó til betri vegar nú í upphafi ársins 2019 að sögn fræðslustjóra.

Fram kom í samtali við fræðslustjóra að það vanti mun skýrari verkferla og aðhald varðandi framkvæmd og eftirfylgd með fjárhagsáætlun. Forstöðumenn eiga að skila inn skýringum mánaðarlega en það vantar skýrari verkferla og ráðgjöf þegar þeir fara fram úr áætlun.

Að mati fræðslustjóra er ekki nógu skýrt hvernig útgjöld eiga að skiptast milli eignadeildar og viðkomandi skóla. Þetta snýr m.a. að viðhaldi á húsnæði, búnaði og samningum sem gerðir hafa verið milli eignasjóðs og fræðslusviðs. Stjórnendur eru allt of oft í óvissu um það hvað heyrir undir eignasjóð/fasteignafélag og hvað heyrir undir sjálfan reksturinn. Fræðslustjóri telur að skólarnir séu jafnvel stundum að gjaldfæra rangt. Þetta kallar á frekari skoðun og endurskoðun á samningum sem margir hverjir eru orðnir gamlir.

Mötuneyti er í hverjum leik- og grunnskóla. Skólafulltrúi fer yfir alla reikninga vegna leikskóla eftir að leikskólastjórar hafa yfirlit þá.

Skortur er á verkferlum í bókhaldi sveitarfélagsins varðandi utanaðkomandi styrki í verkefni á fræðslusviði, eins og t.d. Erasmusstyrki, Sprotasjóð o.s.frv. Um er að ræða styrki vegna starfsþróunar starfsmanna, námskeiða og þróunarverkefna.

LEIKSKÓLAR Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG

Í sveitarfélaginu eru reknir fimm leikskólar.

Tafla 31: Fjöldi barna í leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árin 2002 til 2017

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Breyting 2011/2017
Leikskólinn Álfheimar	74	71	75	75	96	91	84	81	91	91	86	85	86	82	85	83	-8
Leikskólinn Árbær	108	100	97	97	121	127	121	112	123	122	119	121	116	119	115	119	-3
Leikskólinn Jötunheimar ¹⁾							109	119	132	132	132	183	131	128	130	124	-8
Leikskólinn Hulduheimar, Árb.							139	134	131	124	131	129	130	122	119	120	-4
Leikskólinn Brimver/Æskukot ²⁾	67	70	68	70	66	57	64	55	59	63	64	0	48	50	53	63	0
Leikskólinn Ásheimar	65	72	66	65	58	55											0
Leikskólinn Gláðheimar, Árb.	72	65	54	54	58	42											0
	386,0	378,0	360,0	361,0	399,0	372,0	517,0	501,0	536,0	532,0	532,0	518,0	511,0	501,0	502,0	509,0	-23
1) Árið 2013 eru HDÍG einnig fyrir Brimver og Æskukot																	
2) Árin 2002 til 2012 er samtala fyrir Leikskólann Brimver og Leikskólann Æskukot sem voru á þeim tíma reknar sem sjálfstæðar einingar.																	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 31 sýnir fjölda barna í Leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árin 2002 til 2017. Eins og taflan sýnir fækkað samtals á tímabilinu frá 2011 til 2017 um 23 börn. Voru 532 árið 2011 en 509 árið 2017. Á þessu tímabili fækkar börnum í öllum leikskólum sveitarfélagsins. Frá árinu 2010 fækkar börnum á milli ára nema tvisvar. Fjöldinn stendur í stað á milli árunna 2011 og 2012 og fjölga á milli árunna 2016 og 2017. Er þar einkum um að ræða fjölgun barna í Leikskólanum Brimver/Æskukot. Hafa ber í huga að leikskólarnir voru að hluta til tvísetnir á fyrri hluta þess tímabils sem hér er sýnt.

Tafla 32: Fjöldi heilsdagsígilda í leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árin 2002 til 2017

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Breyting 2011/2017
Leikskólinn Álfheimar	66,4	68,0	70,8	72,0	91,5	86,8	81,5	77,1	87,9	85,8	82,0	82,3	84,3	80,9	83,3	82,5	-3,3
Leikskólinn Árbær	89,5	88,8	89,8	93,5	114,8	120,0	118,3	106,5	117,8	118,0	119,1	118,6	116,1	121,1	116,9	122,3	4,3
Leikskólinn Jötunheimar ¹⁾							100,0	110,5	125,3	125,0	126,3	178,1	132,0	128,9	129,3	125,1	0,1
Leikskólinn Huldurheimar, Árb.							127,4	120,9	121,8	115,5	123,4	127,8	128,6	122,5	119,0	121,4	5,9
Leikskólinn Brimver/Æskukot ²⁾	53,3	59,7	55,7	55,5	56,0	51,9	58,9	51,6	56,5	60,8	62,1		46,3	47,1	51,4	62,5	1,8
Leikskólinn Ásheimar	44,5	47,8	48,1	46,4	44,9	44,3											0,0
Leikskólinn Glæðheimar, Árb.	39,0	35,6	33,5	35,3	42,5	30,5											0,0
	292,7	299,9	297,9	302,6	349,6	333,4	486,0	466,6	509,1	505,0	512,9	506,8	507,3	500,5	499,8	513,8	8,8
1) Árið 2013 eru HDÍG einnig fyrir Brimver og Æskukot																	
2) Árin 2002 til 2012 er samtala fyrir Leikskólann Brimver og Leikskólann Æskukot sem voru á þeim tíma reknar sem sjálfstæðar einingar.																	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 32 sýnir fjölda heilsdagsígilda (HDÍG) í leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar frá árinu 2002 til 2017. Eitt HDÍG er átta klukkustundir í leikskólanum. Þannig eru tvö börn sem eru fjórar klukkustundir hvort eitt HDÍG. Eins og taflan sýnir fjölgar HDÍG um 8,8 hjá leikskólum sveitarfélagsins samtals á milli árunna 2011 og 2017.

Tafla 33: Fjöldi stöðugilda hjá leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Breyting 2011/2017	2012/ 2017
Heildsígildi (HDÍG)	292,7	299,9	297,9	302,6	349,6	333,4	486,0	466,6	509,1	505,0	512,9	506,8	507,3	500,5	499,8	513,8	8,8	0,9
Leikskólakennari	19,4	28,8	29,4	26,8	25,2	31,3	40,6	49,8	50,9	45,1	50,5	47,1	50,7	45,3	46,9	46,4	1,3	-4,1
Önnur uppeldisfræðimenntun	1,8	5,2	5,6	2,3	3,7	3,4	7,1	6,8	11,0	11,7	14,8	15,6	13,9	24,4	30,9	26,6	14,9	11,9
Aðrir starfsmenn	54,3	46,1	41,0	49,9	63,6	58,1	82,4	75,8	68,5	68,8	71,3	81,9	89,5	77,0	70,5	80,8	12,0	9,5
Samtals stöðugildi	75,5	80,1	76,0	79,0	92,5	92,8	130,1	132,4	130,4	125,7	136,6	144,6	154,1	146,8	148,4	153,8	28,1	17,2
HDÍG á hvert stöðugildi	3,9	3,7	3,9	3,8	3,8	3,6	3,7	3,5	3,9	4,0	3,8	3,5	3,3	3,4	3,4	3,3	-0,7	-0,4
Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals	26%	36%	39%	34%	27%	34%	31%	38%	39%	36%	37%	33%	33%	31%	32%	30%		
Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m. af st. samt.	28%	42%	46%	37%	31%	37%	37%	43%	47%	45%	48%	43%	42%	48%	52%	47%		

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 33 sýnir fjölda stöðugilda samtals hjá leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árin 2002 til 2017. Eins og taflan sýnir er ákveðinn stígandi í fjölgun stöðugilda samtals á þessum árum. HDÍG er ýmist að fjölga eða fækka á milli ára. Á tímabilinu frá 2011 til 2017 fjölgaði HDÍG um 8,8 en stöðugildum um 28,1. Á milli árunna 2012 og 2017 fjölgaði HDÍG um 0,9 en stöðugildum um 17,2.

Eins og fram kemur í töflunni hefur fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi farið fækkandi. Flest voru HDÍG á hvert stöðugildi árið 2011, eða fjögur. Voru 3,3 árið 2017.

Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals var 30% árið 2017. Hlutfall leikskólakennara og stöðugildi þeirra sem voru með aðra uppeldismenntun samtals sem hlutfall af stöðugildum samtals var 47% árið 2017.

Þessi fjölgun stöðugilda hjá leikskólum sveitarfélagsins skýrir að hluta þá fjölgun sem verið hefur í stöðugildum samtals hjá sveitarfélaginu, samanber töflu 28 hér að framan.

LEIKSKÓLINN BRIMVER/ÆSKUKOT

Á Eyrarbakka og Stokkseyri er rekinn einn leikskóli á hvorum stað undir einni yfirstjórn og sem ein sameiginleg rekstrareining, Leikskólinn Brimver/Æskukot. Starfsmenn eru ráðnir á Leikskólann Brimver/Æskukot. Starfsstöðin á Stokkseyri heitir Æskukot og á Eyrarbakka Brimver. Bókshaldslega eru allur reksturinn færður sameiginlega.

Í október 2018 voru 36 börn á Æskukoti og 30 á Brimveri, eða samtals 66 börn. Því til viðbótar er búið að úthluta 7 plássum, aðlögun er í gangi á þrem deildum og verða þessi pláss komin í nýtingu í janúar 2019. Þá verða samtals 37 börn í Æskukoti og 36 í Brimveri.

Leikskólastjóri er með aðal starfsstöð á Stokkseyri, þ.e. þar eru öll gögn geymd og þar hefur leikskólastjóri skrifstofu. Hins vegar deilir leikskólastjóri deginum á báðum stöðum. Byrjar yfirleitt á morgnana á Stokkseyri.

Á hvorri starfsstöð eru tvær leikskóladeildir, þ.e. yngri og eldri deild. Á yngri deild eru tveir árgangar og þrír á eldri deild. Deildarstjóri er á hverri deild á hvorum stað, þ.e. tveir deildarstjórar á hvorum stað. Einn deildarstjóri á hvorum stað hefur staðgengilsstöðu leikskólastjóra.

Tafla 34: Fjöldi stöðugilda og fjöldi barna á hverri deild hjá Leikskólanum Brimver/Æskukot í október 2018

		Æskukot Fiskaklettur	Brimver Eyrarbakki	Samtals
Börn f. 2017, 2016	Stöðugildi á deild	5,2	3,63	8,83
	Veikindi	0,81	0,50	1,31
	Börn	15	11	26,00
	Börn á stöðugildi	2,9	3,0	2,94
		Bátaklettur	Merkisteinn	Samtals
Börn f. 2013, 2014, 2015	Stöðugildi á deild	4,6	4,75	9,35
	Börn	21	19	40
	Börn á stöðugildi	4,57	4,00	4,28

Heimild: Leikskólastjóri

Tafla 34 sýnir fjölda stöðugilda og fjölda barna á hvorri deild á hvorum leikskólanum fyrir sig eins og staðan var í október 2018.

Eins og þarna kemur fram eru samtals 18,18 stöðugildi á deildum. Auk þess eru tvö stöðugildi stjórnenda, 1,8 stöðugildi matráður og 1,31 stöðugildi vegna veikinda eða samtals 23,29 stöðugildi við leikskólann. Inni í þessari tölu er 1,75% stöðugildi skilgreint sem stuðningur. Gera þarf ráð fyrir lögbundnum undirbúningstíma kennara, einnig eru tveir starfsmenn í fjarnámi við Háskóla Íslands í leikskólakennarafræðum og ein er í námi leikskólaliða (október 2018).

Það að reka leikskólana sem eina stofnun hefur bæði kosti og galla. Faghópurinn er stærri. Hægt er að nýta ýmislegt betur svo sem námskeið og ýmsan búnað. Námsgögnum og efni er miðlað á milli staða. Sérkennslubúnaður er notaður á báðum stöðunum. Hægt að nýta þjálfunarefni á báðum stöðunum sem tekur tíma að útbúa en úreldist fljótt. Ekki þarf að kaupa tvennt af hverju svo sem fagbókmenntum heldur hægt að miðla á milli.

Ókosturinn er fjarlægðin á milli leikskóla sem er um sex km. Erfitt getur verið að bregðast skjótt við og t.d. samnýta starfsfólk í húsum eins og við opnun og lokun leikskólans. M.a. vegna þess þarf að reka tvö eldhús o.s.frv.

Leikskólastjóri telur æskilegt að það væri aðstoðarleikskólastjóri í hlutastarfi. Hefur óskað eftir að 100% staða sérkennslustjóra verði 30% staða aðstoðarleikskólastjóra og 70% staða sérkennslustjóra

Leikskólastjóri notar eigin bifreið til að fara á milli staða. Fyrir það er greiddur bifreiðastyrkur, 55.000 krónur á mánuði, sem hefur verið óbreyttur frá því að leikskólastjóri hóf störf. Sérkennslustjóri sem starfar á báðum stöðum fær greitt fyrir akstur samkvæmt akstursbók. Á sama hátt fá aðrir starfsmenn greitt fyrir akstur þegar þeir sækja fundi og námskeið annars staðar en í leikskólanum (starfstöð).

Opnunartími leikskólans er frá kl. 7:45 til 16:30. Einn starfsmaður mætir á hvora deild á hvorum stað til að opna. Leikskólastjóri er yfirleitt mættur kl. 7:45. Frá kl. 7:45- 8:00 er greidd yfirvinna til almennra starfsmanna. Vinna í lok dags er þannig skipulögð að starfsmenn mæta í vinnu kl. 8:30 og vinna þá til kl. 16:30. Ekki er gert ráð fyrir yfirvinnu vegna þessa, gert er ráð fyrir tveimur stöðum á hvorum stað við lokun.

Það gengur erfiðlega að manna lokunartíma frá kl. 16:00 -16:30. Nýtingin á tíma á milli 16:15 til 16:30 er oft ekki góð, þ.e. fá börn. Samkvæmt þeim reglum sem eru í gildi er hægt að breyta vistunartíma barna á leikskólum sveitarfélagsins á milli mánaða. Forráðamenn sækja um það til leikskólastjóra fyrir 15. hvers mánaðar. Vegna þessa getur þurft að endurskipuleggja vinnutíma starfsmanna á milli mánaða sem getur valdið óþægindum fyrir starfsemi skólans og starfsmenn.

Nokkuð er um að börn frá Selfossi hafi verið að koma í leikskólann vegna skorts á leikskólarýmum þar. Þetta eru yfirleitt mjög ung börn sem eru í Brimveri/Æskukoti þar til þau fá pláss á Selfossi. Vegna þessa er ákveðið álag vegna ungs aldurs barna og vegna stöðugrar aðlögunar. Börn eru að koma inn á mismunandi tímum og er vinnutími starfsmanna skipulagður í samræmi við það til að dagurinn gangi sem best upp. Nokkuð er um forföll hjá starfsmönnum leikskólans. Veikindalaun almennt samsvöruðu 14,5% sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum starfsmanna.

Leikskólastjóri hefur til ráðstöfunar fjórar klukkustundir á hvern starfsmann leikskólans í yfirvinnu vegna starfsmannafunda. Önnur greidd yfirvinna á leikskólanum er vegna opunar leikskólans og vegna forfalla starfsmanna. Yfirvinna sem hlutfall af föstum launum starfsmanna leikskólans var 2,5% árið 2017, samkvæmt því sem fram kemur í aðalbók fyrir leikskólann.

Deildarstjórar reyna að sjá til þess að ófaglærðir starfsmenn fái undirbúningstíma en ekki er gert ráð fyrir því varðandi mönnun leikskólans. Þetta tekst ekki alltaf.

Ræsting er í verktöku. Verktakinn Dögun sér um allan búnað til ræstingar auk ræstingaefnis, handsápu og salernispappírs. Hreinlætisvörur sem skólinn kaupir sjálfur eru hreinsiefni í uppþvottavél og þvottavél, handspritt, hreinlætisefni í eldhús og blautþurrkur. Forráðamenn barna koma með bleyjur fyrir börnin.

Dögun sér um ræstinguna eftir að vinnudegi lýkur hjá starfsmönnum. Einnig að bóna gólf, þríf á veggjum og gluggum, þ.e. alþríf á sumrin. Sumarþriffin hafa farið vel fram. Almennt er leikskólastjóri ánægður með þriffin. Hefur átt mjög gott samstarf við þann aðila sem hefur yfirumsjón með ræstingum af hálfu verktakans.

Leikskólastjóri annast innkaup önnur en matarinnkaup. Leikskólastjóri skrifar rafrænt upp á reikninga til samþykktar. Matráður skilar reikningum sem berast eldhúsinu í frumriti til leikskólastjóra. Leikskólastjóri þarf að koma öllum frumritum af reikningum,

sem berast leikskólanum, í Ráðhúsið. Leikskólastjóri hefur fylgist með orkunotkun leikskólans og bregst við ef eitthvað óeðlilegt kemur fram.

Matráðar í eldhúsi halda utan um og annast innkaup vegna eldhúss. Leikskólastjóri fer reglulega með þeim yfir innkaupin

Matráðar í leikskólum í sveitarfélaginu hafa haft samráð um innkaup. Hafa fundað a.m.k. einu sinni í vetur.

Börnin fá morgunverð (hafragraut og lýsi), hádegismat og síðdegishressingu. Þau fá einnig ávaxti með morgunmat eða áður en þau fara út á morgnana. Starfsmenn borða með börnunum og fá þess vegna frítt fæði, svo og starfsfólk í eldhúsi.

Matráður bakar brauð fyrir börnin og annast alveg um eldhúsið nema ræstingafyrirtækið ræstir gólfíð í eldhúsinu. Allar matargeymslur eru opnar.

Starfsmönnum er skaffaður útifatnaður samkvæmt kjarasamningi og hlífðarfatnaður í eldhús.

Í undirbúningsherbergjum eru þrjár borðtölvur á hvorum leikskóla. Þar af tvær nýjar á hvorum stað. Síðan er leikskólastjóri með sína borðtölvu. Ein fartölva er á hvorum stað. Spjaldtölvur eru fjórar á hvorum leikskólanum. Eru með Völukerfi til skráningar á börnum. Börnin eru skráð inn og út á leikskólann í Völukerfið. Skráningin fer fram á spjaldtölvu.

Hvernig tölvukostnaður, sem skráður er á leikskólann er færður, veit leikskólastjóri ekki um.

Leikskólastjóri er með bónus- og krónukort. Matráðar eru einnig með bæði þessi kort. Síðan er notast við beiðnabók við innkaup. Í sumum verslunum er hægt að setja beint í reikning eins og t.d. hjá A4 á Selfossi.

Leikskólastjóri er látin vita ef um vanskil á leikskólagjöldum er að ræða sem getur valdið uppsögn, samanber Reglur um leikskóla í Árborg.

Við fjárhagsáætlunargerð leggur leikskólastjóri fram hvað þarf fyrir leikskólann og færir rök fyrir því sem er verið að biðja um umfram hefðbundin útgjöld.

Tafla 35: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi árið 2017 í þús. kr.

	Hfj.	Rvk.	Vogar	Borgarb.	Rvk.	Árborg	Garðabær	Rvk.	Eyjafjarðars.	Kóp.	Rvk.
	Smára- lundur	Vestur- borg	Suður- vellir	Uglu- klettur	Selja- kot	Brimver/ Æskukot	Kirkju- ból	Selja- borg	Krumi	Græna- tún	Rauða- borg
Heildsagsígildi	57,3	59,8	60,3	61,6	62,0	62,5	62,6	63,1	63,8	63,9	64,0
Fjöldi barna 2017	57	56	62	64	58	63	61	60	64	63	59
Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG	2.366	2.250	2.336	1.681	2.256	2.488	2.347	1.866	2.337	2.299	1.882
Launakostnaður á hvert HDÍG	2.088	2.037	2.029	1.462	1.986	2.080	2.066	1.647	1.982	2.049	1.672
Annar rekstrarkostnaður á HDÍG	277	213	306	219	269	408	282	219	355	250	210
Tekjur á hvert HDÍG	371	277	453	277	257	325	434	253	331	352	261
Tekjur sem hlutfall af gjöldum	15,7%	12,3%	19,4%	16,5%	11,4%	13,1%	18,5%	13,6%	14,2%	15,3%	13,9%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 35 sýnir rekstrargjöld og -tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleikskóla, þ.e. fimm leikskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en Brimver/Æskukot. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki meðtalin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu. Í þessum samanburði ber að hafa í huga að Leikskólinn Brimver/Æskukot er rekinn í tveimur húsum.

Í þessum samanburði er rekstrarkostnaður á hvert HDÍG hæstur hjá Leikskólanum Brimver/Æskukoti. Lægstur var kostnaðurinn hjá Leikskólanum Uglukletti í Borgarbyggð þar sem hann var 1.681 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.488 þúsund krónur hjá Leikskólanum Brimver/Æskukot. Nota ber þennan samanburð sem vísbendingu þar sem leikskólar geta verið mismunandi með hliðsjón m.a. af aldri barna, þjónustupörf barna á viðkomandi leikskóla o.s.frv.

Einn leikskóli var með hærri launakostnað á hvert HDÍG en Leikskólinn Brimver/Æskukot. Í þessum samanburði var annar rekstrarkostnaður án innri leigu hæstur hjá Leikskólanum Brimver/Æskukot. Fimm leikskólar voru með lægri tekjur á hvert HDÍG en Leikskólinn Brimver/Æskukot í þessum samanburði.

Tveir leikskólar í þessum samanburði voru með tekjur sem hlutfall af gjöldum án innri leigu lægri en Leikskólinn Brimver/Æskukot í þessum samanburði.

Tafla 36: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla árið 2017 í þúsundum króna

	Hfj.	Rvk.	Vogar	Borgarb.	Rvk.	Árborg Brimver/ Æskukot	Garðabær	Rvk.	Eyjafjarðars.	Kóp.	Rvk.
	Smára- lundur	Vestur- borg	Suður- vellir	Uglu- klettur	Selja- kot		Kirkju- ból	Selja- borg	Krumakot	Græna- tún	Rauða- borg
Heildsagsígildi	57,3	59,8	60,3	61,6	62,0	62,5	62,6	63,1	63,8	63,9	64,0
Tekjur samtals	21.217	16.579	27.318	25.525	15.960	20.453	27.206	15.988	21.152	22.478	16.708
Launakostnaður	119.566	120.916	122.265	135.648	122.391	130.013	129.475	103.538	126.828	130.908	106.576
Vörukaup	8.160		12.117	8.879		9.782	8.697		11.475	9.635	
Þjónustukaup án innri leigu	6.474		6.222	2.427		15.711	8.820		4.146	6.185	
Ýmislegt	491	11.591			15.787			13.269	6.365	120	11.917
Samtals útgjöld án innri leigu	134.691	132.507	140.604	146.954	138.178	155.506	146.992	116.807	148.814	146.848	118.493
Nettó niðurstaða (útgj.-tekjur)	113.474	115.928	113.286	121.429	122.218	135.053	119.786	100.819	127.662	124.370	101.785
Innri leiga	10.819	14.830	15.764	27.265	11.627	34.517	9.818	11.770	13.878	12.454	13.409
Samtals útgjöld með innri leigu	145.510	147.337	156.368	174.219	149.805	190.023	156.810	128.577	162.692	159.302	131.902
Samtals rekstrarniðurstaða	124.293	130.758	129.050	148.694	133.845	169.570	129.604	112.589	141.540	136.824	115.194
Matvæli	5.954	6.016	6.832	5.003	9.297	6.716	5.964	5.122	10.722	6.778	5.091
Orkukaup	984		758	723		1.158	814		434	707	
Hreinlætisvörur	231		420	334		172	625		213	533	
Vinnufatnaður			952	332		362	197			296	
Öryggisgasla	220			78		134	25				
Ræsting	4.012			2.313		9.560	2.965			2.926	
sorphreinsun	154		318			320	325			294	
Mánaðarlaun	96.997		98.710	93.605		90.034	79.467		92.897	99.694	
Yfirvinna	2.921			857		2.261	3.392		3.521	6.707	
	3,0%			0,9%		2,5%	4,3%		3,8%	6,7%	
Þar sem kostnaður vegna ræstingar er rauður er um greidd laun vegna ræstingar að ræða.											

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 36 sýnir rekstrartekjur og -gjöld hjá samanburðarleikskólunum árið 2017 í þúsundum króna. Um er að ræða leikskóla með samtals HDÍG frá 57,3 upp í 64. Hafa ber í huga að Leikskólinn Brimver/Æskukot er rekinn á tveimur stöðum, sbr. hér að

framan. Hinir skólarnir eru reknir í einu húsnæði, sem eðlilega hefur áhrif á þennan samanburð.

Sex leikskólar voru með samtals hærri tekjur en Leikskólinn Brimver/Æskukot í þessum samanburði.

Tveir leikskólar voru með hærri launaútgjöld en Leikskólinn Brimver/Æskukot. millj. kr. í þessum samanburði.

Þegar einstakir útgjaldaliðir eru skoðaðir ber að hafa í huga við útgjöld vegna matvæla að sum sveitarfélög kaup matinn tilbúinn. Í þeim tilfellum eru gjöld vegna þess gjaldfærð á sama hátt og matarkaup þar sem maturinn er tilreiddur í viðkomandi leikskóla.

Benda má á að kostnaður vegna ræstingar er nokkuð hár í þessum samanburði þrátt fyrir að um sé að ræða ræstingar í tveimur húsum. Ekki fengust frekari greiningar á gjöldum hjá Reykjavíkurborg en fram kemur í töflunni.

Tafla 37: Skipting launa hjá Leikskólanum Brimver/Æskukot árin 2015, 2016 og 2017.

	2015	2016	2017	Hlutfallsleg breyting 2015/2017	Hlutfallsleg breyting 2016/2017
Mánaðarlaun almenn	71.965.845	80.522.861	90.037.713	25,1%	11,8%
Yfirvinna almenn	6.136.903	4.414.851	2.260.712	-63,2%	-48,8%
Veikindalaun almenn	6.959.641	15.119.101	13.070.490	87,8%	-13,5%
Námsleyfi - almenn			110.930		
Áfallið orlof, breyting	321.342	2.940.987	-221.014	-168,8%	-107,5%
Tryggingagjald	7.287.441	8.116.499	8.223.662	12,8%	1,3%
Lífeyrissjóður, mótramlag	9.931.134	11.674.797	12.012.494	21,0%	2,9%
Félagsgjöld	2.270.128	2.643.357	2.859.546	26,0%	8,2%
Viðbótarframlag í lífeyrissjóð	1.082.648	1.459.527	1.452.968	34,2%	-0,4%
Kaffistofa starfsfólks		43.988	59.517		35,3%
Annar starfsmannakostn./vottorð oph.	5.100	28.710	145.529	2753,5%	406,9%
	105.960.182	126.964.678	130.012.547	22,7%	2,4%

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 37 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá Leikskólanum Brimver/Æskukot árin 2015, 2016 og 2017. Launaútgjöldin hækka um 2,4% á milli áranna 2016 og 2017. Einkum er um að ræða hækkun á mánaðarlaunum en þau hækka um 11,8% á milli áranna. Yfirvinna og veikindalaun lækka á milli áranna. Yfirvinna af mánaðarlaunum var 2,5% árið 2017 samanborið við 8,5% árið 2015. Almennt hefur dregið nokkuð úr yfirvinnu á leikskólum hjá sveitarfélögum almennt. Þó er það ekki algild regla og er nokkuð mismunandi hvernig sveitarfélög hafa tekið á yfirvinnu hjá starfsmönnum í leikskólum.

Það er mat skýrsluhöfundar að sjá þurfi til þess að ekki sé greidd yfirvinna vegna opnunar og lokunar. Haga þarf vinnufyrirkomulaginu þannig að þessi tími rúmist innan dagvinnutíma starfsmanna. Fyrir opnun fyrir kl. 8:00 þarf þá að greiða álag. Ekki þarf að greiða slíkt álag fyrir lokun, þar sem lokað er fyrir kl. 17:00. Einnig ber að hafa í huga að gert er ráð fyrir 1,31 stöðugildi við leikskólann til að leysa af vegna veikinda og annarra forfalla. Þannig að ekki ætti að þurfa að koma til yfirvinnu vegna veikindaforfalla nema þá í undantekningar tilfellum.

Tafla 38: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í Leikskóla Brimver/Æskukoti og leikskólunum samtals fyrir sameiningu skólans 2002 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Heildagsígildi (HDÍG)	54,8	59,8	56,8	56,4	56,4	52,4	59,5	52,0	57,0	61,6	62,1		46,3	47,1	51,4	62,5
Leikskólakennari	0,0	1,8	4,0	4,0	5,1	5,6	5,3	6,4	6,6	4,6	4,6		2,6	2,8	4,1	5,2
Önnur uppeldisfræðimenntun	0,0	2,9	0,8	0,0	0,6	0,6	1,8	1,0	0,9	0,0	2,0		1,7	3,6	3,8	4,8
Aðrir starfsmenn	14,5	11,0	9,5	9,6	10,1	10,0	11,1	9,1	10,1	11,8	12,0		15,5	10,5	11,0	8,0
Samtals stöðugildi	14,5	15,7	14,3	13,6	15,8	16,2	18,1	16,5	17,6	16,4	18,6		19,8	16,9	18,8	17,9
HDÍG á hvert stöðugildi	3,8	3,8	4,0	4,1	3,6	3,2	3,3	3,1	3,2	3,8	3,3		2,3	2,8	2,7	3,5

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 38 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá Leikskóla Brimver/Æskukoti og leikskólunum samtals fyrir sameiningu skólans frá árinu 2002 til 2017. Eins og taflan sýnir var ákveðinn stígandi í fjölda stöðugilda samtals við báða skólana fyrir sameiningu árin 2002 til og með 2012. Fyrsta árið eftir sameiningu, þ.e. árið 2014, voru stöðugildin flest á þessu tímabili bæði eftir og fyrir sameiningu skólanna. Stöðugildi voru 19,8 þegar HDÍG voru 46,3, eða 2,3 HDÍG á hvert stöðugildi. Síðan hefur stöðugildum fækkað aðeins. Voru á árinu 2017 17,9 þegar HDÍG voru 62,5, eða 3,5 HDÍG á hvert stöðugildi.

Samkvæmt upplýsingum frá leikskólastjóra voru í október 2018 23,29 stöðugildi við leikskólann og 66 börn. Þannig virðist sem stöðugildum við leikskólann hafi fjölgað frá því sem var árið 2017.

Tafla 39: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

	Hfj.	Rvk.	Vogar	Borgarb.	Rvk.	Árborg	Garðabær	Rvk.	Eyjafljóðars.	Kóp.	Rvk.
	Smára- lundur	Vestur- borg	Suður- vellir	Uglu- klettur	Selja- kot	Brimver/ Æskukot	Kirkju- ból	Selja- borg	Krumakot	Græna- tún	Rauða- borg
Heildagsígildi	57,3	59,8	60,3	61,6	62,0	62,5	62,6	63,1	63,8	63,9	64,0
Fjöldi barna 2017	57	56	62	64	58	63	61	60	64	63	59
Leikskólakennarar	4,8	3,9	7,5	8,9	7,5	5,2	6,3	0,0	6,0	6,9	3,9
Önnur uppeldismenntun	1,4	6,8	2,0	2,9	2,6	4,8	2,0	3,8	0,8	4,6	4,0
Ófaglærðir starfsmenn	13,3	5,0	6,8	6,4	5,4	6,5	5,8	9,0	7,8	5,9	8,0
Aðrir starfsmenn	1,0	2,3	1,8	1,5	0,0	1,5	2,0	1,0	1,0	0,5	1,3
Samtals	20,6	18,1	18,0	19,6	15,5	17,9	16,1	13,8	15,6	17,8	17,2
HDÍG á hvert stöðugildi:											
Leikskólakennara	11,8	15,2	8,0	7,0	8,3	12,1	9,9		10,7	9,3	16,2
Leikskólak. og aðra uppeldismenntun	9,2	5,5	6,3	5,3	6,1	6,3	7,5	16,8	9,4	5,6	8,1
Ófaglærðra og annara starfsmanna	4,0	8,2	7,1	7,8	11,5	7,8	8,0	6,3	7,2	10,0	6,9
Samtals	2,8	3,3	3,3	3,1	4,0	3,5	3,9	4,6	4,1	3,6	3,7

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 39 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi. Eins og taflan sýnir voru fjórir leikskólar í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi en Leikskólinn Brimver/Æskukot.

LEIKSKÓLINN JÖTUNHEIMAR

Leikskólinn Jötunheimar er sex deilda leikskóli. Á yngri deildum eru að jafnaði 18 börn og 24 á eldri deildum. Er að taka inn yngst 14 mánaða gömul börn.

Við leikskólann starfar skólaskólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sérkennslustjóri í 80% stöðugildi og sex deildarstjórar. Frá því að skólinn hóf störf var sérkennslustjóri í 80% starfi og síðan þá hefur ekki verið talin ástæða til að breyta því.

Í eldhúsi eru 2,5 stöðugildi. Matreiðslumeistari í 100% stöðugildi og aðstoðarmatráður í 100% stöðugild og starfsmaður í eldhúsi í 50% stöðugildi.

Börnin fá hafragraut og lýsi á morgnana og síðan ávexti um miðmorgun. Hver deild sér um það. Hádegisverður byrjar um kl. 11:20 og borðað er í tveimur hollum og er matur til kl. 12:30. Síðdegishressing er síðan um kl. 14:30.

Opnað er kl. 7:45 og lokað 16:30. Þeir sem opna á morgnana fá greitt í yfirtíð frá kl. 7:45 til kl. 8:00. Sex starfsmenn eru við opnun, þ.e. einn á hverri deild. Á sama hátt eru sex starfsmenn við lokun þ.e. á milli kl. 16:00 til 16:15 og þrír til 16:30. Einn af þeim er til kl. 16:45 og sér hann um að læsa húsinu. Þeir starfsmenn sem eru til 16:15 og 16:30 mæta kl. 8:15 og kl. 8:30 á morgnana og sá sem er til 16:45 mætir kl. 8:45. Þannig er ekki greitt aukalega fyrir lokun. Að mati leikskólastjóra gengur ekki að láta starfsmenn sem opna hætta fyrr á daginn og greiða þá álag á korteríð sem unnið er fyrir kl. 8:00 vegna þess að börnin eru svo mörg fram til kl. 16:00.

Um 90% af börnunum eru átta klukkustundir eða lengur á dag í leikskólanum. Samkvæmt skráningakerfinu, Völunni, er meðaltal dvalartíma barna 8,3 stundir.

Gert er ráð fyrir að hver starfsmaður hafi fjórar klukkustundir á ári í yfirvinnu vegna funda.

Allir faglærðir starfsmenn hafa undirbúningstíma. Er með fólk sem leysir af vegna þess. Ófaglærðir fá eina klukkustund í undirbúning á viku sem leyst er á hverri deild ef það gengur, annars er ekki um það að ræða.

Fram kom í máli leikskólastjóra að tölvumál skólans væru í góðum farvegi. Fáir góða þjónustu frá tölvudeild sveitarfélagsins. Skólinn er með sex borðtölvur, þ.e. ein borðtölva á hverri deild og í undirbúningsherbergi eru fjórar borðtölvur og ein fartölva.

Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri eru hver með sína borðtölvu.

Síðan er ein spjaldtölva á hverri deild og stefnt er að því að þær verði endurnýjaðar á næsta ári (2019). Netsamband er orðið ágætt í öllu húsinu.

Öll börn eru skráð í Völuna þegar þau koma á morgnana og þegar þau fara heim.

Leikskólastjóri samþykkir reikninga og þar með talið fyrir eldhúsið.

Matreiðslumeistari sér alfarið um matarinnkaup. Maturinn er keyptur frá heildsölum eftir því hver er með besta verðið á hverjum tíma.

Sérvörur vegna matarópols er keypt í Bónus eða Krónunni. Starfsmaður í Ráðhúsi hefur aðstoðað við að finna hvar er hagkvæmast að kaupa.

Einu sinni í mánuði fær leikskólastjóri útskrift úr aðalbók og fer þá yfir hana og ber saman veið áætlun. Jafnframt skoðar leikskólastjóri matarinnkaupinn, skv. aðalbók, með matráðnum.

Matráður fer vel yfir reikninga áður en hann skilar þeim til leikskólastjóra.

Vegna vinnu við fjárhagsáætlun fer á hverju hausti óskalisti inn á hverja deild. Leikskólastjóri fær síðan þessa lista og gerir síðan einn óskalista fyrir leikskólann.

Leikskólastjóri er vel inni í öllum kjarasamningum og gerir launaáætlun fyrir leikskólann og þarf að gera grein fyrir launaáætluninni og þá sérstaklega ef um breytingar er að ræða á milli ára.

Leikskólastjóri áætlað jafnframt alla rekstrarliði fyrir leikskólann.

Þegar leikskólastjóri sér að mánaðarlegur rekstur er að fara fram úr áætlun sendir hann skýringu til skólaþjónustunnar og fjármálasviðs.

Útgjöld vegna kaupa á hreinlætisvörum eru vegna efnis í uppþvottavél, þvottavél, einnota hanska, handþurrkur til að þurrka af börnum og þvottasvampa.

Ef leikskólastjóri finnst eitthvað athugasemjulegt við ræstingar er tekin mynd af því og sent strax á verktaka. Brugðist hefur verið vel við athugasemdum.

Varðandi sorp þá var fjölgað um eina tunnu á s.l. ári. Tvær tunnur eru fyrir almennt sorp, ein dökkgræn tunna og ein blá.

Komi upp viðhaldsþörf hefur leikskólastjóri samband með tölvupósti við umsjónarmann fasteigna með ljósmynd eða ekki, skrifar hvað er að o.s.frv. Umsjónarmaðurinn áframsendir á þann aðila sem kippir því í liðin. Oft kemur umsjónarmaður fasteigna þó í heimsókn til þess að taka málið betur út og jafnvel kippir smáhlutum sjálfur strax í liðinn. Hann er bógóður, þægilegur í samskiptum og hefur tekið mikinn skurk í að hafa öryggismál í góðu standi og ber leikskólastjóri traust til hans.

Þegar kemur að fjárhagsáætlunarvinnunni er sent skjal á umsjónarmann fasteigna þar sem óskað er eftir stærri hlutum sem þarf að laga og gera og þeim ráðað upp eftir mikilvægi. Þarna eru sett inn t.d. atriði sem hafa komið fram í BSI úttekt, Heilbrigðiseftirliti, Brunavörnum og fleirum. Þarna koma líka inn atriði sem hafa komið fram á óskalistum starfsmanna. Þessu skjali er skilað til umsjónamanns fasteigna í byrjun september þannig að hann getur sett það í farveg í sinni fjárhagsáætlunargerð. Leikskólastjóri telur þetta fyrirkomulag vera mjög gott.

Góð samvinna er við skólaskrifstofu. Sálfræðiþjónusta er komin í góð mál. Eru með skimunarfundi á sex vikna fresti. Þetta hefur leitt til þess að greiningum hefur fækkað. Talmeinafræðingsmálin eru vandamál þar sem skólinn hefur ekki haft ákveðinn talmeinafræðing. Hafa verið með í verktöku talmeinafræðinga sem og nýtt þjónustu TRÖPPU. Talmeinafræðingur er að koma í 40% starf 1. janúar n.k. (2019) sem er ómetanlegt að mati leikskólastjóra. Mjög góðir kennsluráðgjafar og ráðgjafi í kennslu barna af erlendum uppruna. Leikskólastjóri er mjög ánægður með þessa þjónustu. Það er hægt að leita til allra upp í Ráðhúsi og allir boðnir og búnir til að hjálpa til að sögn leikskólastjóra.

Fram kom í máli leikskólastjóra að hann vildi að stjórnendur gætu ef þyrfti fengið aðgang að handleiðslu svo sem vinnusálfræðings o.s.frv.

Leikskólastjóri hrósar sveitarfélaginu fyrir það framfaraskref sem tekið var fyrir nokkrum árum þegar ákveðið var að stytta opnunartíma leikskóla. Þetta hefur skipt sköpum fyrir starfið í heild, minnkað streitu og álag og haft áhrif á starfsumhverfi og aðbúnað barna. Rannsóknir sýna að mikið álag og langur vistunartími ungra barna getur haft áhrif á líðan þeirra sem getur leitt til kvíða og einbeitingarskorts.

Mikilvægt er að halda á lofti að leikskólarnir eru fyrsta skólastigið og að þeir leggja metnað sinn í að veita börnum bestu mögulegu menntun sem völ er á.

Tafla 40: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 í þús. kr.

	Kóp.	Árborg	Hfj.	Norðurþing	Rvk.	Árborg	Rvk.	Rvk.	Rvk.	Hfj.	Kóp.
	Sól- hvörf	Árbær	Hvammur	Grænu- vellir	Geisla- baugur	Jötun- heimar	Bjarta- hlíð	Pálm- holt	Sunnu- ás	Víði- vellir	Lækur
Heildsagsígildi	122,0	122,3	123,9	124,1	124,8	125,1	125,5	126,1	126,5	126,9	126,9
Fjöldi barna 2017	115	119	119	126	117	124	123	127	123	124	121
Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG	1.999	2.174	1.841	2.497	1.789	2.202	2.164	1.851	2.118	2.240	2.074
Heildar launakostnaður á hvert HDÍG	1.757	1.926	1.660	2.224	1.586	1.948	1.948	1.649	1.724	2.062	1.848
Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG	242	247	182	273	203	254	216	202	394	178	226
Tekjur á hvert HDÍG	348	333	377	355	240	372	275	435	245	364	339
Tekjur sem hlutfall af útgjöldum	17,4%	15,3%	20,5%	14,2%	13,4%	16,9%	12,7%	23,5%	11,6%	16,2%	16,4%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 40 sýnir rekstrargjöld og -tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleikskóla, þ.e. fimm leikskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en Leikskólinn Jötunheimar. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki meðtalin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Í þessum samanburði er tveir leikskólar með hærri rekstrarkostnaður á hvert HDÍG en Leikskólinn Jötunheimar. Lægstur var kostnaðurinn hjá Leikskólanum Geislabaugur í Reykjavíkurborg, þar sem hann var 1.789 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.202 þúsund krónur hjá Leikskólanum Jötunheimum, eða mismunur upp á 412 þúsund krónur á hvert HDÍG í þessum leikskólum. Miðað við 125,1 HDÍG gerir þessi mismunur samtals 51.557 þúsund krónur. Hafa ber þennan samanburð sem vísbendingu, þar sem leikskólar geta verið mismunandi með hliðjón m.a. af aldri barna, þjónustupörf barna á viðkomandi leikskóla o.s.frv.

Tveir leikskólar voru með hærri launakostnað á hvert HDÍG en Leikskólinn Jötunheimar í þessum samanburði. Í þessum samanburði var annar rekstrarkostnaður án innri leigu hærri hjá tveimur leikskólum en hjá Leikskólanum Jötunheimar. Tveir leikskólar voru með hærri tekjur á hvert HDÍG en Leikskólinn Jötunheimar í þessum samanburði. Sjö leikskólar voru með lægra hlutfall tekna af útgjöldum án innri leigu en Jötunheimar í þessum samanburði.

Tafla 41: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla árið 2017 í þúsundum króna

	Kóp.	Árborg	Hfj.	Norðurling	Rvk.	Árborg	Rvk.	Rvk.	Rvk.	Hfj.	Kóp.
	Sól- hvörf	Árbaer	Hvammur	Grænu- vellir	Geisla- baugur	Jötun- heimar	Bjarta- hlíð	Pálm- holt	Sunnu- ás	Viði- vellir	Lækur
Heilsdagsígildi	122,0	122,3	123,9	124,1	124,8	125,1	125,5	126,1	126,5	126,9	126,9
Tekjur samtals	42.443	40.656	46.755	44.040	29.879	46.559	34.525		31.029	46.172	43.034
Launakostnaður	214.351	235.472	205.593	276.115	196.938	243.719	243.820		216.924	261.662	234.448
Vörukaup	20.148	16.823	15.317	21.023		14.069				15.723	18.075
Þjónustukaup án innri leigu	9.260	13.417	5.990	5.517		17.680				6.169	10.454
Ýmislegt	120		853	2.802	23.857		24.743		29.776	549	120
Samtals útgjöld án innri leigu	243.879	265.712	227.753	305.457	220.795	275.468	268.563	0	246.700	284.103	263.097
Nettó niðurstaða (útgj.-tekjur)	201.436	225.056	180.998	261.417	190.916	228.909	234.038	0	215.671	237.931	220.063
Innri leiga	28.516	26.925	17.347	31.534	30.714	23.924	34.118		46.549	19.658	30.811
Samtals útgjöld með innri leigu	272.395	292.637	245.100	336.991	251.509	299.392	302.681	0	293.249	303.761	293.908
Samtals rekstrarniðurstaða	229.952	251.981	198.345	292.951	221.630	252.833	268.156	0	262.220	257.589	250.874
Matvæli	14.780	12.890	11.934	13.611	9.422	10.268	10.739		12.516	11.313	11.427
Orkukaup	1.688	1.504	1.246	1.990		1.843				1.455	1.668
Hreinlætisvörur	606	565	623	975		423				296	809
Vinnufatnaður	602	535		602		642					862
Öryggisgæsla		59	259			250				207	
Ræsting	4.131	6.477	3.596			11.050				3.595	4.559
sorphreinsun	369	473	260	809		448				231	617
Mánaðarlaun	169.265	157.253	167.920	191.045		175.805				213.429	181.528
Yfirvinna	4.579	3.593	4.492	25.261		2.640				4.605	8.801
	2,7%	2,3%	2,7%	13,2%		1,5%				2,2%	4,8%

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 41 sýnir rekstrartekjur og -gjöld hjá samanburðarleikskólunum árið 2017 í þúsundum króna. Um er að ræða leikskóla með samtals HDÍG frá 122 upp í 126,9.

Einn leikskóli var með samtals hærri tekjur en Leikskólinn Jötunheimar í þessum samanburði.

Þrír leikskólar voru með hærri launaútgjöld en Leikskólinn Jötunheimar millj. kr. í þessum samanburði.

Samanlögð vörukaup, þjónustukaup án innri leigu og ýmislegt voru hæst hjá Leikskólanum Jötunheimum í þessum samanburði.

Tveir leikskólar voru með hærri sameiginleg útgjöld án innri leigu en Leikskólinn Jötunheimar í þessum samanburði.

Þegar einstakir rekstrarliðir eru skoðaðir kemur kostnaður vegna matvæla vel út fyrir Leikskólann Jötunheima. Orkukostnaður og kostnaður við ræstingar er hár hjá Leikskólanum Jötunheimar í þessum samanburði.

Þegar einstakir útgjaldaliðir eru skoðaðir ber að hafa í huga að útgjöld vegna matvæla að sum sveitarfélög kaup matinn tilbúinn. Í þeim tilfellum eru gjöld vegna þess gjaldfærð á sama hátt og matarkaup þar sem maturinn er tilreiddur í viðkomandi leikskóla.

Tafla 42: Skipting launa hjá Leikskólanum Jötunheimum árin 2015, 2016 og 2017.

	2015	2016	2017	Hlutfallsleg breyting 2015/2017	Hlutfallsleg breyting 2016/2017
Mánaðarlaun almenn	151.149.132	161.771.108	175.804.824	16,3%	8,7%
Yfirvinna almenn	8.352.564	7.098.232	2.640.906	-68,4%	-62,8%
Veikindalaun almenn	13.730.985	20.943.184	18.157.636	32,2%	-13,3%
Áfallið orlof, breyting	2.740.288	3.422.894	859.236	-68,6%	-74,9%
Tryggingagjald	14.645.672	15.216.543	15.210.869	3,9%	0,0%
Lífeyrissjóður, mótframlag	19.595.452	21.540.661	22.375.401	14,2%	3,9%
Félagsgjöld	5.008.848	5.440.493	5.711.242	14,0%	5,0%
Viðbótarframlag í lífeyrissjóð	2.680.623	2.718.220	2.923.907	9,1%	7,6%
Annar starfsmannakostn./vottorð oph.	39.800	37.000	35.000	-12,1%	-5,4%
	217.943.364	238.188.335	243.719.021	11,8%	2,3%

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 42 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá Leikskólanum Jötunheimum árin 2015, 2016 og 2017. Launaútgjöldin hækka um 2,3% á milli áranna 2016 og 2017. Einkum er um að ræða hækkun á mánaðarlaunum en þau hækka um 8,7% á milli áranna. Yfirvinna og veikindalaun lækka á milli áranna. Yfirvinna af mánaðarlaunum var 1,5% árið 2017 samanborið við 5,5% árið 2015. Almennt hefur dregið nokkuð úr yfirvinnu á leikskólum hjá sveitarfélögum. Þó er það ekki algild regla og er nokkuð mismunandi hvernig sveitarfélög hafa tekið á yfirvinnu hjá starfsmönnum í leikskólum.

Það er mat skýrsluhöfundar að sjá þurfi til þess að ekki sé greidd yfirvinna vegna opunar og lokunar. Haga þarf vinnufyrirkomulaginu þannig að þessi tími rúmist innan dagvinnutíma starfsmanna. Fyrir opnun fyrir kl. 8:00 þarf þá að greiða álag. Ekki þarf að greiða slíkt álag fyrir lokun þar sem lokað er fyrir kl. 17:00.

Veikindalaun voru sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum 10%.

Tafla 43: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í Leikskólanum Jötunheimum 2008 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi.

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Breyting 2011/2017
Heildagsígildi (HDÍG)	101,4	112,1	122,9	125,5	126,3		132,0	128,9	129,3	125,1	-0,4
Leikskólakennari	9,3	9,8	13,0	14,4	14,0		13,5	12,8	14,7	14,6	0,1
Önnur uppeldisfræðimenntun	2,4	3,1	5,2	2,3	3,5		5,4	6,8	9,6	7,1	4,9
Aðrir starfsmenn	16,1	20,0	13,1	18,1	15,9		16,7	14,9	12,0	15,1	-2,9
Samtals stöðugildi	27,8	32,9	31,3	34,8	33,4		35,7	34,6	36,3	36,8	2,1
HDÍG á hvert stöðugildi	3,6	3,4	3,9	3,6	3,8		3,7	3,7	3,6	3,4	-0,2
Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals	33%	30%	41%	42%	42%		38%	37%	40%	40%	
Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m. af st. samt.	42%	39%	58%	48%	52%		53%	57%	67%	59%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 43 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá Leikskólanum Jötunheimum árin 2008 til 2017. Jafnframt sýnir taflan hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með uppeldisfræðimenntun sem hlutfall af stöðugildum starfsmanna samtals.

Eins og taflan sýnir var ákveðinn stígandi í fjölda stöðugilda samtals á þessu tímabili. Á milli áranna 2011 og 2017 fjölga stöðugildum um 2,1 en HDÍG fækka um 0,4. Árið 2011 voru 3,6 HDÍG á hvert stöðugildi en var 3,4 árið 2017, eða fækkun um 0,2.

Hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals var 40% árið 2017 og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun af stöðugildum samtals var 59%.

Tafla 44: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

	Kóp.	Árborg	Hfj.	Norðurþing	Rvk.	Árborg	Rvk.	Rvk.	Rvk.	Hfj.	Kóp.
	Sól-hvörf	Árbær	Hvammur	Grænuvellir	Geisla-baugur	Jötunheimar	Bjarta-hlíð	Pálmholt	Sunnu-ás	Víðivellir	Lækur
Heilsdagsígildi	122,0	122,3	123,9	124,1	124,8	125,1	125,5	126,1	126,5	126,9	126,9
Fjöldi barna 2017	115,0	119,0	119,0	126,0	117,0	124,0	123,0	127,0	123,0	124,0	121,0
Leikskólakennarar	8,5	8,4	8,0	11,3	3,8	14,6	9,9	12,8	9,0	12,6	8,5
Önnur uppeldismenntun	2,5	1,0	4,8	4,7	7,8	7,1	8,8	3,8	5,0	7,7	7,0
Ófaglærðir starfsmenn	26,1	26,5	22,9	17,6	17,0	13,2	12,7	11,6	14,1	24,7	17,6
Aðrir starfsmenn	1,0	3,0	0,0	4,8	2,9	2,0	3,0	3,0	0,0	1,0	2,5
Samtals	38,0	38,9	35,7	38,3	31,4	36,8	34,3	31,1	28,2	45,9	35,6
HDÍG á hvert stöðugildi:											
Leikskólakennara	14,3	14,5	15,5	11,0	33,0	8,6	12,7	9,9	14,0	10,1	14,9
Leikskólak. og önnur uppeldismenntun	11,1	13,0	9,7	7,8	10,8	5,8	6,7	7,6	9,0	6,3	8,2
Ófaglærð og annara starfsmanna	4,5	4,1	5,4	5,5	6,3	8,3	8,0	8,6	9,0	4,9	6,3
Samtals	3,2	3,1	3,5	3,2	4,0	3,4	3,7	4,1	4,5	2,8	3,6

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 44 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólunum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.

Eins og taflan sýnir voru fjórir leikskólar í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi en Leikskólinn Jötunheimar. Einn af þeim er leikskóli í Sveitarfélaginu Árborg, Leikskólinn Árbær.

Í þessum samanburði kemur leikskólinn vel út hvað varðar fjölda barna á hvert stöðugildi leikskólakennara, en það voru 8,6 HDÍG á hvert stöðugildi leikskólakennara. Næsti skóli er Pálmholt á Akureyri með 9,9.

Þegar stöðugildi leikskólakennara og annarra starfsmanna með uppeldismenntun eru tekin saman eru fæst HDÍG á hvert stöðugildi hjá Leikskólanum Jötunheimum í þessum samanburði, eða 5,8 HDÍG.

LEIKSKÓLINN ÁLFHEIMAR

Á leikskólanum Álfheimum eru fjórar deildir. Á yngstu deild eru börn fædd 2016 og 2107, næst er deild með börn fædd 2015 og 2016. Á þriðju deildinni er börn fædd 2014 og 2015. Síðan er elsta deildin þar sem eru börn fædd 2013 og 2014. Þetta er miðað við stöðuna í nóvember 2018.

Fjöldi barna á deild eru 17 börn á yngstu deild, á deildinni með börn 2015-2016 eru 21 barn, á deild með börnum 2014-2015 eru 22 börn og á elstu deild 24 börn.

Deildarstjóri á að vera á hverri deild, þ.e. fjórir deildarstjórar samtals. Ekki hefur tekist að ráða deildarstjóra á yngstu deildina tímabundið í stað starfsmanns sem er veikur. Það

hefur gengið erfiðlega að fá leikskólamenntaða starfsmenn vegna aðstöðuleysis í skólanum.

Í nóvember 2018 voru 28,36 stöðugildi á launaskrá hjá leikskólanum. Þann 15. nóvember 2018 hætti einn starfsmaður (75%) og einn deildarstjóri er í veikindaleyfi. Því má segja að stöðugildin í Álfheimum séu 26.65 (fyrir utan ræstingu) að sögn leikskólastjóra.

Stöðugildi skiptast sem hér segir:

Leikskólastjóri er í 100% starfi

Aðstoðarleikskólastjóri er í 100% starfi

Sérkennslustjóri er í 80% starfi og er hann leikskólakennari í 14% starfi (er í 94% starfi)

Verkefnisstjóri útikennslu er í 60% starfi (leysir af kennara í undirbúningstímum)

Iðjuþjálfari er í 100% starfi (leysir af kennara í undirbúningstímum)

Þrír deildarstjórar eru í 100% (einn þeirra er í veikindaleyfi)

Einn deildarstjóri er í 95% starfi

Einn leikskólakennari er í 100% starfi

Einn leikskólakennari er í 80% starfi

Einn grunnskólakennari (leikskólaleiðbeinandi A) í 75% starfi

Einn með BS í sálfræði (leikskólaleiðbeinandi A) í 100% starfi

Einn leikskólaleiðbeinandi B í 100% starfi

Einn matráður er í 100% starfi og 1 aðstoðarmatráður í 75% starfi

15 ófaglærðir starfsmenn sem eru samtals í 13,61 stöðu

Starfsmaður er í ræstingum í 61,32% stöðu

Tvö stöðugildi eru áætluð í veikindaafleysingu

Einn ófaglærður á inni mikið af sumarfríi, er í 100% starfi, en skilar 70% vinnu og er 30% í sumarfríi fram að áramótum

Rétt er að fram komi að í skólanum eru þrjár stöður sem eru í sérkennslu vegna barna með sérþarfir.

Við leikskólann starfar leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og sérgreinastjóri. Staða sérgreinastjóra er bara við þennan leikskóla. Leikskólinn sérgreinir sig sem úti- og grænfánaskóli. Sérgreinastjóri heldur utan um útikennslu. Hann annast skógaferðir o.s.frv. Eru í miklu samstarfi við Vallaskóla með verkefni „Gullin í grenndinni“. Nemendur í Vallaskóla koma með þeim í skógarferðum og annast sérgreinastjórinn það verkefni. Ætla að virkja sérgreinastjóra meira í útikennslu. Skógaferðir eru orðinn fastur sess í starfinu. Ætla að reyna að virkja þetta þannig að sérgreinastjóri verði með annan hóp í öðrum útiverkefnum. Eru að leggja af stað með það verkefni.

Starfandi er við leikskólann iðjuþjálfari sem kom til starfa í haust. Iðjuþjálfari og sérgreinastjóri eru nýttir til að leysa leikskólakennara af í undirbúningi. Þegar sérgreinastjóri kemur inn á deild fer leikskólakennari í undirbúning. Kemur ekki sem viðbót inn á deild. Ef hann væri ekki væri annar starfsmaður sem yrði ráðinn til að leysa af í undirbúningi. Á sama hátt er iðjuþjálfari hugsaður. Vegna þessara tveggja starfsmanna er ekki verið að bæta við stöðugildum að sögn leikskólastjóra.

Ræstingar eru ekki í verktöku. Starfsmaður kemur kl. 16:00 til að ræsta. Starfsmaðurinn stimplar sig inn og út á stimpilklukku eins og aðrir starfsmenn leikskólans.

Heilbrigðiseftirlitið gerði athugasemdir við ræstingar í leikskólanum. Í framhaldi af því var gerður gátlisti sem sýnir hvað og hvenær á að ræsta. Merkja á inn á gátlistann það sem er ræst og hvenær það fer fram.

Þegar starfsmaður við ræstinga forfallast hefur það annað hvort verið leyst með því að draga úr ræstingum eða Dagar, verktakafyrirtæki, hefur verið fengið til að þrifa.

Leikskólinn opnar kl. 7:45 og lokar kl. 16:30. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skiptast á vera mættir þegar opnað er og vera við þegar lokað er á daginn. Sem dæmi þá mætir leikskólastjóri kl. 7:45 og fer heim kl. 15:45. Þegar svo er kemur aðstoðarleikskólastjóri kl. 8:30 og fer heim kl. 16:30. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skipta þessu þannig viku í einu. Með þessu er tryggt að stjórnandi sé í húsinu alltaf þegar leikskólinn er opinn.

Síðan mætir einn starfsmaður á hverja deild kl. 7:45. Fyrir þá mætingu er ekki greidd yfirvinna heldur fara viðkomandi starfsmenn heim kl. 15:30. Þetta hefur verið gert í samráði við verkalýðsfélagið að sögn leikskólastjóra. Þar sem stjórnandi mætir einnig kl. 7:45 hefur hann leyst af ef einn starfsmaður forfallast sem á að mæta kl. 7:45.

Á hverri deild er einn starfsmaður sem byrjar kl. 8:15 eða 8:30. Kl. 16:15 fara tveir starfsmenn á tveimur deildum heim. Börnin á þeim deildum sameinast börnum á þeim tveimur deildum þar sem starfsmenn eru til kl. 16:30. Klukkan 16.15 eru tveir starfsmenn eftir í skólanum (ásamt leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra), þá er sameinast á einni deild með þau börn sem eru eftir.

Einn starfsmaður er til kl. 16:45. Hann mætir kl. 8:45. Þessi starfsmaður gengur úr skugga um að allt sé lokað og læst. Þarna myndast einnig svigrúm ef börn eru sótt of seint þannig að ekki þarf að greiða yfirvinnu vegna þessa.


Börnin fá hafragraut, lýsi og ávexti á morgnana. Síðan hádegismat og svo síðdegishressingu. Starfsmenn borða með börnum og fá þar af leiðandi frítt fæði.

Starfsmenn fá kaffitíma fyrir og eftir hádegi. Ekki gert ráð fyrir að starfsmenn fái matartíma.

Starfsmannafundir eru tveir á ári. Fjórar klukkustundir eru greiddar í yfirtíð á hvern starfsmann á ári vegna þess. Það sem vantar eru fleiri starfsmannafundir að sögn leikskólastjóra.




Í eldhúsi er aðstaða ekki góð. Vinnuborð eru ekki í réttri hæð. Annar starfsmaðurinn í eldhúsinu er að hætta vegna aðstöðuleysis. Ofn til að hita mat stendur svo hátt að starfsmenn þurfa að taka ílát í ofninum og lyfta þeim upp fyrir sig.



Geymsla fyrir mat er lítil. Vantar frystipláss til að kaupa hagstætt inn. Náðu að lækka matareikninginn eftir áramót 2017/2018 með því að nýta matinn betur. Nokkuð er um




ofnæmis börnum á leikskólanum. Vegna aðstöðuleysis hefur matráður þurft að kaupa nokkuð af tilbúnum mat vegna þeirra þar sem matráður telur sig ekki hafa aðstöðu til að elda mat fyrir þau börn.




Aðstöðuleysi starfsmanna er mikið. Leikskólastjóri er í litlu herbergi. Hefur enga geymslu fyrir gögn, sem þrengir mikið að á skrifstofu leikskólastjóra.

Aðstoðarleikskólastjóri hefur aðstöðu í vinnuherbergi starfsmanna. Vinnuherbergi starfsmanna er líka notað fyrir foreldravíðtöl. Gæta þarf betur að öryggisþáttum svo sem flóttaleiðum o.fl.



Kaffistofa starfsmanna er of lítil. Sleppir því yfirleitt að fara í kaffi vegna aðstöðuleysis. Kaffistofan er opin og þar er mikil hljóðmengun frá tækjum í eldhúsi, uppþvottavél o.s.frv. Snýrting fyrir börn er við hliðina á fatahengi, allt opið.

Leikskólastjóri



Síðast liðinn vetur fór starfsfólk að tala um hvað ljósin blikka og kvartaði yfir höfuðverk vegna þess. Einnig voru neyðarljós mikið að loga. Þetta var skoðað og kom þá í ljós að heimtaugin inni húsið er of lítil miðað við notkun.

Útboð fór fram fyrr á árinu vegna viðbygginga við skólann. Há tilboð bárust og fallið var frá því að ganga til samninga. Leikskólastjóri veit ekki hvert framhaldið verður.

Leikskólastjóri gerir fjárhagsáætlun fyrir leikskólann, launaáætlun og vegna annarra rekstrarútgjalda. Þegar áætlunin liggur fyrir er hún send á skólaþjónustuna.

Leikskólastjóri notast við barnígildi þegar hann áætla fjölda stöðugilda. Hefur ekki fengið ákveðna reglu um hvernig á að áætla fjölda stöðugilda. Þegar leikskólastjóri byrjaði var engin kennsla eða leiðbeining um starfið. Vegna þess hefur leikskólastjóri verið að þreifa sig áfram. Leikskólastjóri hefur ekki upplýsingar um hvað á að vera með mikla afleysingu fyrir leikskóla eins og þann sem hann rekur.

Reglan um barnígildi sem leikskólastjóri fylgir er að barn sem er fætt 2013 er 0,8 barnsígildi. Barn sem er fætt 2014 hefur stuðulinn 1,0, 2015 stuðulinn 1,3 og barn sem er fætt 2016 hefur stuðulinn 1,6 og 2017 stuðulinn 2,0. Hver starfsmaður á að vera með 8 barnsígildi.

Launaáætlun er gerð í ágúst. Ef eru breytingar þarf hún að gera sérstaklega grein fyrir því.

Að sögn leikskólastjóra veit hann ekki hvernig áætla á vegna veikinda, hefur haft það eins og það var þegar leikskólastjóri tók við starfinu. Núna eru tvö stöðugildi í afleysingu, og er það vegna veikinda og annarra forfalla. Yfirleitt er einhver af starfsmönnum í forföllum. Leikskólinn er lokaður í fimm vikur yfir sumarið. Síðan eru starfsmenn sem eiga lengra frí en það sem þarf síðan að leysa á annan hátt.

Hjá leikskólanum er engin yfirvinna vegna þess fyrirkomulags sem er með opnun og lokun. Þegar eru veikindi er það leyst án yfirvinnu, sbr. hér að framan.

Leikskólastjóri gaf starfsmönnum kost á að velja hvort þeir fengu greitt í yfirvinnu fyrir að opna eða að hætta fyrr á daginn eins og lýst var hér að framan. Fyrst var vilji til að fá greidda yfirvinnu en síðan var beðið um að fá að hætta fyrr og fallið frá yfirvinnugreiðslunni þess vegna.

Leikskólastjóri hefur farið inn á deildir til að leysa af vegna veikinda.

Að sögn leikskólastjóra leggur hann áherslu á að fylgja fjárhagsáætlun eins og hún er lykluð.

Leikskólastjóri fær allar nótur frá matráði vegna matarinnkaupa til að sannreyna hvað er samþykkt.

Leikskólastjóri styðst við skjal í excel þar sem hann skráir allar upphæði vegna þess sem keypt er. Merkir allt rautt þegar keypt er inn og breytir síðan í svart letur þegar reikningar eru samþykktir. Fær aðalbókina reglulega til að fara yfir. Leikskólastjóri lykklar sjálf útgjöld þegar reikningar eru samþykktir. Sem dæmi má nefna að með þessu fyrirkomulagi getur leikskólastjóri fylgst betur með hitanum. Sáu að hitinn var að hækka. Við frekari skoðun kom í ljós að verið var að hækka hita á ofni í fataherbergi.

Er með tölur yfir fjárheimildir til að bera saman við rauntölur. Virðist vera til fyrirmyndar hvernig leikskólastjóri fylgist með útgjöldum leikskólans. Aðstoðar leikskólastjórinn fylgist með þessu öllu hjá leikskólastjóra og er vel inni í þessum málum t.d. ef leikskólastjóri forfallast.

Launagjöld fara í ár fram úr áætlun vegna veikinda. Leikskólastjóri hefur óskaði eftir aukafjárveitingu í ár (2018) vegna veikinda en gerði það ekki á s.l. ári þar sem hann vissi ekki um að það ætti að gera það. Þess vegna fóru launin fram úr áætlun á s.l. ári.

Leikskólastjóri getur vart uppfyllt persónuverndarlög vegna aðstöðuleysis að hennar sögn. Mjög erfitt að sitja við skrifborð leikskólastjóra vegna þrengsla.

Það er engin vörumóttaka fyrir eldhús, oft eru ávextir og annar matur skilið eftir fyrir utan húsið og starfsfólk þarf að bera það allt inn.

Í Álfheimum er mikið um tvítyngdum börn, 26% barnanna eru tvítyngd.

Tafla 45: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 í þús. kr.

	Kóp.	Rvk.	Rvk.	Rvk.	Rvk.	Árborg	Hfj.	Hfj.	Rangárb. E	Kóp.	Hveragerði
	Kópa-hvoll	Brekkuborg	Ægisborg	Tjarnarborg / Öldukot	Grænaborg	Álfheimar	Hörðuvellir	Vesturkot	Örk	Efstihjalli	Óskaland
Heildagsígildi	81,0	81,0	81,1	81,3	81,5	82,5	82,5	82,9	83,0	83,8	84,1
Fjöldi barna 2017	78	74	78	81	77	83	81	79	85	86	83
Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG	2.220	1.830	2.118	2.396	1.913	2.288	2.130	2.171	2.454	2.739	2.264
Heildar launakostnaður á hvert HDÍG	1.959	1.650	1.897	2.145	1.580	2.102	1.559	1.970	2.101	2.478	2.005
Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG	261	180	221	251	333	186	571	202	353	260	258
Tekjur á hvert HDÍG	350	267	274	287	261	377	374	386	467	385	383
Tekjur sem hlutfall af útgjöldum	15,8%	14,6%	12,9%	12,0%	13,6%	16,5%	17,6%	17,8%	19,0%	14,0%	16,9%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 45 sýnir rekstrargjöld og -tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleikskóla, þ.e. fimm leikskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en Leikskólinn Álfheimar. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki meðtalin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Í þessum samanburði er þrír leikskólar með hærri rekstrarkostnaður á hvert HDÍG en Leikskólinn Álfheimar. Lægstur var kostnaðurinn hjá Leikskólanum Brekkuborg í

Reykjavíkurborg, þar sem hann var 1.830 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.288 þúsund krónur hjá Leikskólanum Álfheimar, eða mismunur upp á 458 þúsund krónur á hvert HDÍG í þessum leikskólum. Miðað við 82,5 HDÍG gerir þessi mismunur samtals 37.775 þúsund krónur. Hafa ber þennan samanburð sem vísbendingu, þar sem leikskólar geta verið mismunandi með hliðjón m.a. af aldri barna, þjónustupörf barna á viðkomandi leikskóla o.s.frv.

Tveir leikskólar voru með hærri launakostnað á hvert HDÍG en Leikskólinn Álfheimar í þessum samanburði. Einn leikskóli var með annan rekstrarkostnað án innri leigu lægri en Leikskólinn Álfheimar. Fjórir leikskólar voru með hærri tekjur á hvert HDÍG en Leikskólinn Álfheimar í þessum samanburði. Þrír leikskólar voru með hærri hlutfall tekna af útgjöldum án innri leigu en Álfheimar.

Tafla 46: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla árið 2017 í þús. kr.

	Kóp.	Rvk.	Rvk.	Rvk.	Rvk.	Árborg	Hjf.	Hjf.	Rangarp. E	Kóp.	Hveragerði
	Kópa-hvöll	Brekku-borg	Ægis-borg	Tjarnarborg / Öldukot	Græna-borg	Álfheimar	Hörðu-vellir	Vestur-kot	Örk	Efsti-hjalli	Óskaland
Heilsdagsígildi	81,0	81,0	81,1	81,3	81,5	82,5	82,5	82,9	83,0	83,8	84,1
Tekjur samtals	28.387	21.665	22.230		21.253	31.267	30.856	31.962	38.751	32.217	32.184
Launakostnaður	158.710	133.101	153.051		128.394	173.440	128.623	163.233	174.364	207.552	168.786
Vörukaup	11.367					10.445	10.321	11.005	15.960	13.771	11.041
Þjónustukaup án innri leigu	9.620					4.880	11.563	5.402	6.407	7.920	10.606
Ýmislegt	120	13.577	16.771		25.834		336	308	5.093	120	
Samtals útgjöld án innri leigu	179.817	146.678	169.822	0	154.228	188.765	150.843	179.948	201.824	229.363	190.433
Nettó niðurstaða (útgj.-tekjur)	151.430	125.013	147.592	0	132.975	157.498	119.987	147.986	163.073	197.146	158.249
Innri leiga	12.766	18.728	15.996		16.258	9.577	24.905	12.597	23.900	21.755	24.552
Samtals útgjöld með innri leigu	192.583	165.406	185.818	0	170.486	198.342	175.748	192.545	225.724	251.118	214.985
Samtals rekstrarniðurstaða	164.196	143.741	163.588	0	149.233	167.075	144.892	160.583	186.973	218.901	182.801
Matvæli	7.701	5.680	8.384		16.681	7.865	7.607	7.392	10.830	9.649	8.448
Orkukaup	971					897	1.014	668	1.350	1.077	1.234
Hreinlætisvörur	470					297	258	235	676	483	920
Vinnufatnaður	529					550			513	77	287
Öryggisgæsla						86	943	636	204		199
Ræsting	3.386					462	5.420	2.623	2.766	4.038	4.428
sorphreinsun	272					198	266	253	366	428	435
Mánaðarlaun	124.981					124.583	103.706	130.363	116.081	160.903	137.731
Yfirvinna	4.425					850	1.866	3.450	4.443	8.988	721
	3,5%					0,7%	1,8%	2,6%	3,8%	5,6%	0,5%
Þar sem er rauðletrað fyrir ræstingu er um greidd laun að ræða.											

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 46 sýnir rekstrartekjur og -gjöld hjá samanburðarleikskólum árið 2017 í þúsundum króna. Um er að ræða leikskóla með samtals HDÍG frá 81 upp í 84,1.

Þrír leikskólar voru með samtals hærri tekjur en Leikskólinn Álfheimar í þessum samanburði.

Tveir leikskólar voru með hærri launaútgjöld en Leikskólinn Álfheimar millj. kr. í þessum samanburði.

Samanlögð vörukaup, þjónustukaup án innri leigu og ýmislegt var lægra hjá einum leikskóla í þessum samanburði en hjá Leikskólanum Álfheimum í þessum samanburði.

Þrír leikskólar voru með hærri sameiginleg útgjöld án innri leigu en Leikskólinn Álfheimar í þessum samanburði.

Þegar einstakir rekstrarliðir eru skoðaðir koma útgjaldliðir hjá Leikskólanum Álfheimum ágætlega út í samanburðinum.

Þegar einstakir útgjaldaliðir eru skoðaðir ber að hafa í huga að útgjöld vegna matvæla að sum sveitarfélög kaup matinn tilbúinn. Í þeim tilfellum eru gjöld vegna þess gjaldfærð á sama hátt og matarkaup þar sem maturinn er tilreiddur í viðkomandi leikskóla.

Tafla 47: Skipting launa hjá Leikskólanum Álfheimum árin 2015, 2016 og 2017.

	2015	2016	2017	Hlutfallsleg breyting 2015/2017	Hlutfallsleg breyting 2016/2017
Mánaðarlaun almenn	101.451.497	114.661.374	124.583.125	22,8%	8,7%
Yfirvinna almenn	5.901.074	4.128.663	850.323	-85,6%	-79,4%
Veikindalaun almenn	9.685.734	7.858.130	13.794.451	42,4%	75,5%
Námsleyfi almenn			46.641		
Áfallið orlof, breyting	372.296	3.690.685	1.570.744	321,9%	-57,4%
Tryggingagjald	9.895.121	10.137.255	10.763.788	8,8%	6,2%
Lífeyrissjóður, mótframlag	13.396.186	14.463.839	15.795.496	17,9%	9,2%
Félagsgjöld	3.410.401	3.615.974	3.995.860	17,2%	10,5%
Viðbótarframlag í lífeyrissjóð	1.644.909	1.659.639	2.023.471	23,0%	21,9%
Annar starfsmannakostn./vottorð oph.	28.700	28.800	15.840	-44,8%	-45,0%
	145.785.918	160.244.359	173.439.739	19,0%	8,2%

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 47 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá Leikskólanum Álfheimar árin 2015, 2016 og 2017. Launaútgjöldin hækka um 8,2% á milli árána 2016 og 2017. Einkum er um að ræða hækku á mánaðarlaunum, en þau hækka um 8,7% á milli árána, og veikindalaunum sem hækka um 75,5% á milli árána. Yfirvinna lækkar á milli árána. Yfirvinna af mánaðarlaunum var 0,7% árið 2017 samanborið við 5,8% árið 2015. Almennt hefur dregið nokkuð úr yfirvinnu á leikskólum hjá sveitarfélögum. Þó er það ekki algild regla og er nokkuð mismunandi hvernig sveitarfélög hafa tekið á yfirvinnu hjá starfsmönnum í leikskólum.

Veikindalaun voru 11% sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum hjá Leikskólanum Álfheimum árið 2017.

Tafla 48: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í Leikskólanum Álfheimum 2002 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Breyting 2011/2017
Heildagsigildi (HDÍG)	68,0	68,5	71,5	73,3	91,4	89,1	83,5	77,9	87,0	85,1	82,0	82,3	84,3	80,9	83,3	82,5	-2,6
Leikskólakennari	6,8	9,8	8,2	7,2	7,2	8,3	10,3	11,2	9,5	8,4	11,3	10,4	10,0	9,8	8,0	8,7	0,3
Önnur uppeldisfræðimenntun	1,8	1,8	2,8	1,8	0,8	1,3	0,9	1,6	1,6	1,8	3,5	2,5	0,0	0,0	3,0	5,4	3,6
Aðrir starfsmenn	9,8	10,2	10,0	11,0	15,5	14,7	13,4	11,9	10,8	6,4	7,5	11,2	14,8	13,9	15,3	12,3	6,0
Samtals stöðugildi	18,4	21,8	21,1	20,0	23,5	24,3	24,6	24,8	21,9	16,6	22,3	24,0	24,8	23,7	26,3	26,4	9,8
HDÍG á hvert stöðugildi	3,7	3,1	3,4	3,7	3,9	3,7	3,4	3,1	4,0	5,1	3,7	3,4	3,4	3,4	3,2	3,1	-2,0
Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samt.	37%	45%	39%	36%	30%	34%	42%	45%	43%	51%	51%	43%	40%	41%	30%	33%	
Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m. af st. samt.	47%	53%	52%	45%	34%	40%	45%	52%	51%	62%	67%	53%	40%	41%	42%	53%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 48 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá Leikskólanum Álfheimum árin 2002 til 2017. Jafnframt sýnir taflan hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með uppeldisfræðimenntun sem hlutfall af stöðugildum samtals.

Eins og taflan sýnir var ákveðinn stígandi í fjölda stöðugilda samtals á þessu tímabili. Stöðugildum fækkaði nokkuð árið 2011. Á milli áranna 2011 og 2017 fjölga stöðugildum um 9,8 en HDÍG fækkar um 2,6. Árið 2011 voru 5,1 HDÍG á hvert stöðugildi en var 3,1 árið 2017, eða fækkun um 2,0 HDÍG.

Með hliðsjón af því hversu stöðugildin voru fá árið 2011 miðað við árin á undan og eftir er gerður fyrirvari um árið 2011. Ef við skoðum breytinguna á milli áranna 2012 og 2017 þá fjölgaði HDÍG um 0,5 en stöðugildum samtals fjölgaði um 4,1.

Hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals var 33% árið 2017 og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun af stöðugildum samtals var 53%.

Tafla 49: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

	Kóp.	Rvk.	Rvk.	Rvk.	Rvk.	Árborg	Hfj.	Hfj.	Rangárp. E	Kóp.	Hveragerði
	Kópa-hvoll	Brekku-borg	Ægis-borg	Tjarnarborg / Öldukot	Græna-borg	Álfheimar	Hörðu-vellir	Vestur-kot	Örk	Efsti-hjalli	Óskaland
Heilsdagsígildi	81,0	81,0	81,1	81,3	81,5	82,5	82,5	82,9	83,0	83,8	84,1
Fjöldi barna 2017	78	74	78	81	77	83	81	79	85	86	83
Leikskólakennarar	7,8	5,4	9,4	10,3	4,0	8,7	4,4	4,1	4,1	11,0	6,1
Önnur uppeldismenntun	2,5	2,6	1,0	0,8	1,0	5,4	0,8	5,7	1,7	1,8	7,0
Ófaglærðir starfsmenn	14,3	6,4	10,0	6,6	12,7	10,2	14,7	15,1	18,5	14,9	13,8
Aðrir starfsmenn	1,7	1,0	1,9	2,0	0,0	2,2	1,0	1,0	1,8	1,9	1,0
Samtals	26,3	15,3	22,3	19,7	17,7	26,4	21,0	25,8	26,1	29,5	27,9
HDÍG á hvert stöðugildi:											
Leikskólakennara	10,3	15,1	8,7	7,9	20,4	9,5	18,7	20,4	20,1	7,6	13,9
Leikskólak. og önnur uppeldismenntun	7,8	10,2	7,8	7,3	16,3	5,9	15,8	8,5	14,3	6,6	6,4
Ófaglærð og annara starfsmanna	5,1	11,0	6,8	9,4	6,4	6,7	5,2	5,2	4,1	5,0	5,7
Samtals	3,1	5,3	3,6	4,1	4,6	3,1	3,9	3,2	3,2	2,8	3,0

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 49 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi. Eins og taflan sýnir voru tveir leikskólar í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi en Leikskólinn Álfheimar.

Í þessum samanburði kemur leikskólinn vel út hvað varðar fjölda barna á hvert stöðugildi leikskólakennara, en það voru 9,5 HDÍG á hvert stöðugildi leikskólakennara. Þeir leikskólar voru með færri HDÍG á hvert stöðugildi leikskólakennara en Leikskólinn Álfheimar. Þegar stöðugildi leikskólakennara og annarra starfsmanna með aðra uppeldismenntun eru tekin saman eru HDÍG fæst á hvert stöðugildi hjá Leikskólanum Álfheimum eða 5,9. Sá skóli sem kemur næst var með 6,6 HDÍG á hvert stöðugildi.

LEIKSKÓLINN HULDUHEIMAR

Leikskólinn Hulduheimar er sex deilda leikskóli. Fyrirkomulag byggingarinnar er nokkuð gott. Í miðrými hússins er aðstaða fyrir stjórnendur, starfsmenn, eldhús og stór salur sem nýtist til að matast. Síðan í hvorum enda hússins eru leikskóladeildirnar. Í

hvorum enda eru þrír árgangar sem skiptast á þrjár deildir á hvorum stað. Í öðrum endanum er skipulagið þannig í dag (nóvember 2018) að þar eru börn fædd 2013, 2014 og eldri börn fædd 2015. Síðan eru yngri börn fædd 2015, börn fædd 2016 og 2017 í hinum enda hússins.

Allt fyrirkomulag í byggingunni er gott og aðstaða fyrir starfsmenn góð. Það kemur vel út að geta nýtt sal til að matast þannig að börnin matast ekki inni á deildum. Með því fyrirkomulagi þarf ekki að vera með borð og stóla á deildum til að matast sem leiðir til þess að gólfflöturinn nýtist betur á deildum. Aðstaða í eldhúsi er góð en geymsla fyrir mat er lítil. Þetta hefur leitt til þess að ekki er hægt að byrgja leikskólann með mat nema til tveggja til þriggja daga að hámarki. Einnig kemur þetta niður á því að geyma afganga, sem hefur oft þurft að fleygja vegna aðstöðuleysis. Það er mat skýrsluhöfundar að mögulegt sé að bæta úr þessu með ákveðnum breytingum á notkun húsnæðisins og mælt er með því að það verði gert.

Rétt er að fram komi að aðstöðuleysi til að geyma mat er sammerkt í öllum leikskólum sveitarfélagsins. Geymslur litlar og lítið rými til að geyma mat sem hefur komið niður á innkaupum o.s.frv.

Við leikskólann er leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, kennslustjóri og sex deildarstjórar. Í eldhúsi eru 2,75 stöðugildi. Starfsmenn í eldhúsi elda mikið frá grunni, baka brauð o.s.frv. Starfsmenn í eldhúsi sjá jafnframt um að þvo þvott fyrir leikskólann.

Það eru 35 stöðugildi í Hulduheimum veturinn 2018-2019.

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 og lokar kl. 16:30. Engin yfirvinna er borguð vegna opunar. Þeir sem opna mæta kl. 7:45 og fara heim kl. 15:30. Vegna þess að þeir fara heim korteri fyrr er ekki greitt álag á 15 mínútur fyrir klukkan átt. Þetta er gert með samkomulagi við starfsmenn og vilja þeir frekar fara fyrr heim en að fá greitt álagið. Sex starfsmenn skiptist á að opna, það opna tveir eldri megin og sameinast til kl. 8:00 á einni deild. Það opna líka tveir yngri megin og sameinast til kl. 8:00, þá fara allir á sínar deildir og þá eru aðrir starfsmenn mættir þar. Það mæta sex starfsmenn að morgni kl. 8:15 og þeirra starfi lýkur kl. 16:15. Síðan eru tveir starfsmenn sem mæta 8:30 – 16:30/16:40. Eftir kl. 16:15 er einnig sameinast á deildir í sitthvorum enda hússins og þar er einn starfsmaður sem skilar í sitthvorum enda.

Starfsmannafundur hafa verið tveir í ár (2018). Vegna þess var úthlutað fjórum klukkustundum á hvern starfsmann, þ.e. tvær fyrir hvern fund og það er greidd yfirvinna fyrir þessa fundi.

Leikskólastjóri gerir fjárhagsáætlun fyrir leikskólann. Launaáætlunina byggir leikskólastjóri á áætlun fyrra árs. Fram kom í máli leikskólastjóra að hann teldi þörf á meiri fræðslu og frekari upplýsingum um gerð fjárhagsáætlunar og þá sérstaklega launaáætlunar. Leikskólastjórnir þyrftu að styrkja hver annan meira í þessari vinnu og jafnvel miðla upplýsingum betur úr sínum áætlunum. Þess vegna hafa leikskólastjórar tekið upp vinnufundi þar sem þeir hittast og ræða málin. Samstarf er mun betra eftir þá fundi og eru þeir komnir til að vera. Er með vilyrði fyrir tveimur stöðum vegna veikinda. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fara í sumum tilfella inn á deildir ef um forföll er að ræða.

Við gerð launaáætlunar styðst leikskólastjóri m.a. við barnafjölda og stöðu barna (nemenda). Hefur enga fasta reglu til að fara eftir nema þá gömlu barngildin og

greiningagögn. Við gerð launaáætlunar hefur leikskólastjóri stuðst m.a. við barngildi og greiningagögn. Þurfa að áætla fyrir kennara sem eru í námi.

Tók við starfi leikskólastjóra fyrir fjórum árum og fór að nokkru inn í það sama sem fyrir var við áætlunargerð.

Leikskólastjóri styðst við sérstakt skjal vegna innkaupa og samþykkt á reikningum vegna eldhúss. Notast við skjalið m.a. til að framfylgja áætlun um matarkaup.

Matráður fer ekki yfir reikninga vegna matarkaupa. Leikskólastjóri samþykkir alla reikninga og fylgist með stöðunni í gegnum „sveitarstjóra“, bókhaldskerfi. Leikskólastjóri fer reglulega inn á bókhaldskerfið navision, sveitarstjóri, fylgist þar með hvernig bókhaldsstaðan er, hvort leikskólinn er undir eða yfir áætlun. Fram kom að þetta gæti og þyrfti að vera einfaldara.

Fram kom í máli leikskólastjóra að hann vildi sjá meiri samræmingu á milli skóla við innkaup á mat og fá fleiri tilboð. Hann teldi það til bóta að vera með sameiginleg innkaup á mat fyrir leikskólana og gott að fá innkaupastjóra í lið með skólunum.

Í máli leikskólastjóra kom fram að ágreiningur komi upp af og til varðandi hvar eigi að gjaldfæra reikninga vegna viðhalds á húsnæði skólans. Á gjaldfærslan að fara fram á rekstur leikskólans eða fasteignafélagsins? Mikilvægt er að þetta verði skýrt frekar.

Leikskólastjóri sendir tölvupóst á fjármálastjóra ef hann verður var við að farið sé fram úr áætlun á einstökum rekstrarliðum með rökstuðningi.

Leikskólastjórar og fræðslustjóri hittast einu sinni í mánuði. Að mati leikskólastjóra eru þessir fundir mjög góðir.

Ræstingar eru í verktöku og annast fyrirtækið Dagar ræstinguna. Fyrirtækið kaupir inn allar handþurrkur og sápur. Vel þrifið og vel staðið að öllum úrbótum ef eitthvað kemur upp á. Hittir reglulega þá starfsmenn sem annast ræstingu og finnst það gott fyrirkomulag. Leikskólastjóri á í góðum samskiptum við ræstingafyrirtækið.

Fram kom í máli leikskólastjóra að hann væri mjög ánægður með samskipti við skólaþjónustuna.

Jafnframt að hann vildi sjá meiri sveigjanleika í vinnutíma starfsmanna og vistunartíma barna. Eins og staðan er í dag er hægt að gera breytingar á vistunartíma barna fyrir 15. hvers mánaðar vegna vistunar næsta mánuð. Þetta skapar oft vandamál vegna skipulags á mannahaldi. Hins vegar er t.d. ekki hægt að vista barn fram að hádegi einn dag. Það væri fyrirkomulag sem ætti að bjóða upp á því að þá væri hægt að raða starfsmönnum niður eftir því.

Nettenging í leikskólanum er góð. Í vinnuherbergi eru fjórar tölvur. Fartölvur eru á fimm deildum sem deildarstjórar taka með sér inn á kennaraherbergi í undirbúningstíma o.s.frv. Auk þess hafa leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri hver sína borðtölvu. Leikskólinn hefur sjö spjaldtölvur. Hefur óskað eftir að þeim verði fjölgað.

Tafla 50: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleiksskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 í þús. kr.

	Kóp.	Fjallabyggð	Rvk.	Kóp.	Mosfellsb.	Árborg	Kóp.	Árborg	Hfj.	Norðurþing	Rvk.
	Fífu- salir	Leikskólinn Fjallabyggð	Jökla- borg	Rjúpna- hæð	Huldu- berg	Huldu- heimar	Sólhvörf	Árbær	Hvammur	Grænuvellir	Geisla- baugur
Heildagsígildi	113,3	113,3	114,0	114,4	116,1	121,4	122,0	122,3	123,9	124,1	124,8
Fjöldi barna 2017	106	117	106	111	109	120	115	119	119	126	117
Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG	2.251	2.260	1.725	2.212	1.857	2.082	1.999	2.174	1.841	2.497	1.789
Heildar launakostnaður á hvert HDÍG	2.039	2.008	1.517	2.008	1.578	1.864	1.757	1.926	1.660	2.224	1.586
Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG	212	252	208	205	278	218	242	247	182	273	203
Tekjur á hvert HDÍG	352	442	237	338	360	356	348	333	377	355	240
Tekjur sem hlutfall af útgjöldum	15,6%	19,6%	13,8%	15,3%	19,4%	17,1%	17,4%	15,3%	20,5%	14,2%	13,4%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 50 sýnir rekstrargjöld og -tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleiksskóla, þ.e. fimm leiksskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en Leikskólinn Hulduheimar. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki meðtalin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Í þessum samanburði er fimm leiksskólar með hærri rekstrarkostnaður á hvert HDÍG en Leikskólinn Hulduheimar. Einn af þeim er Leikskólinn Árbær í Sveitarfélaginu Árborg. Lægstur var kostnaðurinn hjá Leikskólanum Jöklaborg í Reykjavíkurborg, þar sem hann var 1.725 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.082 þúsund krónur hjá Leikskólanum Hulduheimar, eða mismunur upp á 357 þúsund krónur á hvert HDÍG í þessum leiksskólum. Miðað við 121,4 HDÍG gerir þessi mismunur samtals krónur 43.355 þúsund krónur. Hafa ber þennan samanburð sem vísbendingu, þar sem leiksskólar geta verið mismunandi með hliðjón m.a. af aldri barna, þjónustupörf barna á viðkomandi leiksskóla o.s.frv.

Fimm sömu leiksskólar voru með hærri launakostnað á hvert HDÍG en Leikskólinn Hulduheimar í þessum samanburði. Fimm leiksskólar voru með annan rekstrarkostnað án innri leigu hærri en Leikskólinn Hulduheimar. Tveir leiksskólar voru með hærri tekjur á hvert HDÍG en Leikskólinn Hulduheimar í þessum samanburði. Fjórir leiksskólar voru með hærri hlutfall tekna af útgjöldum án innri leigu en Hulduheimar í þessum samanburði.

Tafla 51: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla árið 2017 í þús. kr.

	Kóp.	Fjallabyggð	Rvk.	Kóp.	Mosfellsb.	Árborg	Kóp	Árborg	Hlj.	Norðurþing	Rvk.
	Fífu-salir	Leikskólinn Fjallabyggð	Jökla-borg	Rjúpnahæð	Hulduberg	Hulduheimar	Sólhvörf	Árbær	Hvammur	Grænuvellir	Geisla-baugur
	113,3	113,3	114,0	114,4	116,1	121,4	122,0	122,3	123,9	124,1	124,8
Tekjur samtals	39.863		27.046	38.683	41.854	43.297	42.443	40.656	46.755	44.040	29.879
Launakostnaður	230.926		171.960	229.619	183.250	226.263	214.351	235.472	205.593	276.115	196.938
Vörukaup	18.165			17.314	15.809	14.860	20.148	16.823	15.317	21.023	
Þjónustukaup án innri leigu	5.737			5.957	16.051	11.621	9.260	13.417	5.990	5.517	
Ýmislegt	120		22.746	120	113		120		853	2.802	23.857
Samtals útgjöld án innri leigu	254.948	0	194.706	253.010	215.223	252.744	243.879	265.712	227.753	305.457	220.795
Nettó niðurstaða (útgj.-tekjur)	215.085	0	167.660	214.327	173.369	209.447	201.436	225.056	180.998	261.417	190.916
Innri leiga	26.659		21.823	26.316	33.744	17.608	28.516	26.925	17.347	31.534	30.714
Samtals útgjöld með innri leigu	281.607	0	216.529	279.326	248.967	270.352	272.395	292.637	245.100	336.991	251.509
Samtals rekstrarniðurstaða	241.744	0	189.483	240.643	207.113	227.055	229.952	251.981	198.345	292.951	221.630
Matvæli	13.205		9.359	11.923	10.884	10.554	14.780	12.890	11.934	13.611	9.422
Orkukaup	1.079			1.399	1.868	2.269	1.688	1.504	1.246	1.990	
Hreinlætisvörur	796			710	885	542	606	565	623	975	
Vinnufatnaður	626			766	84	526	602	535		602	
Öryggisgæsla					20	63		59	259		
Ræsting	4.156			3.808	7.788	5.604	4.131	6.477	3.596		
sorphreinsun	331			399	559	288	369	473	260	809	
Mánaðarlaun	172.328			173.835	150.023	163.664	169.265	157.253	167.920	191.045	
Yfirvinna	10.239			8.218	4.408	144	4.579	3.593	4.492	25.261	
	5,9%	#DIV/0!		4,7%	2,9%	0,1%	2,7%	2,3%	2,7%	13,2%	
Vöru-, þjónustukaup og ýmislegt	24.022	0	22.746	23.391	31.973	26.481	29.528	30.240	22.160	29.342	23.857
Þar sem er rauðletrað vegna ræstingar er um greidd laun að ræða.											

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 51 sýnir rekstrartekjur og -gjöld hjá samanburðarleikskólum árið 2017 í þúsundum króna. Um er að ræða leikskóla með samtals HDÍG frá 113,3 upp í 124,8.

Tveir leikskólar voru með samtals hærri tekjur en Leikskólinn Hulduheimar í þessum samanburði.

Fjórir leikskólar voru með hærri launaútgjöld en Leikskólinn Álfheimar millj. kr. í þessum samanburði.

Samanlögð vörukaup, þjónustukaup án innri leigu og ýmislegt var hærra hjá fjórum leikskólum en hjá Leikskólanum Hulduheimum í þessum samanburði.

Fjórir leikskólar voru með hærri sameiginleg útgjöld án innri leigu en Leikskólinn Álfheimar í þessum samanburði.

Þegar einstakir rekstrarliðir eru skoðaðir koma útgjaldliðir vegna orkukaupa ekki vel út í þessum samanburði hjá Leikskólanum Hulduheimum.

Þegar einstakir útgjaldaliðir eru skoðaðir ber að hafa í huga að útgjöld vegna matvæla að sum sveitarfélög kaup matinn tilbúinn. Í þeim tilfellum eru gjöld vegna þess gjaldfærð á sama hátt og matarkaup þar sem maturinn er tilreiddur í viðkomandi leikskóla.

Tafla 52: Skipting launa hjá Leikskólanum Hulduheimum árin 2015, 2016 og 2017.

	2015	2016	2017	Hlutfallsleg breyting 2015/2017	Hlutfallsleg breyting 2016/2017
Mánaðarlaun almenn	147.695.250	153.277.371	163.663.840	10,8%	6,8%
Yfirvinna almenn	548.633	194.559	144.126	-73,7%	-25,9%
Veikindalaun almenn	19.233.994	16.590.213	18.284.576	-4,9%	10,2%
Námsleyfi almenn			146.918		
Áfallið orlof, breyting	1.122.785	3.096.837	716.116	-36,2%	-76,9%
Tryggingagjald	14.204.878	13.670.481	14.120.299	-0,6%	3,3%
Lífeyrissjóður, mótframlag	19.525.213	19.809.517	21.051.965	7,8%	6,3%
Félagsgjöld	4.794.474	4.790.154	5.283.231	10,2%	10,3%
Viðbótarframlag í lífeyrissjóð	2.590.049	2.552.103	2.795.999	8,0%	9,6%
Kaffistofa starfsfólks		19.703			
Annar starfsmannakostn./vottorð oph.	56.872	158.512	55.622	-2,2%	-64,9%
	209.772.148	214.159.450	226.262.692	7,9%	5,7%

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 52 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá Leikskólanum Hulduheimar árin 2015, 2016 og 2017. Launaútgjöldin hækka um 5,7% á milli áranna 2016 og 2017. Einkum er um að ræða hækkan á mánaðarlaunum, en þau hækka um 6,7% á milli áranna, og veikindalaunum sem hækka um 10,2% á milli áranna. Yfirvinna lækkar á milli áranna. Yfirvinna af mánaðarlaunum var 0,1% árið 2017 samanborið við 0,4% árið 2015. Almennt hefur dregið nokkuð úr yfirvinnu á leikskólum hjá sveitarfélögum. Þó er það ekki algild regla og er nokkuð mismunandi hvernig sveitarfélög hafa tekið á yfirvinnu hjá starfsmönnum í leikskólum.

Veikindalaun voru 11% sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum árið 2017 hjá Leikskólanum Hulduheimum.

Tafla 53: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í Leikskólanum Hulduheimum 2008 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi.

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Breyting 2011/2017
Heildagsígildi (HDÍG)	129,1	122,3	119,9	116,1	123,4	127,8	128,6	122,5	119,0	121,4	5,3
Leikskólakennari	9,1	10,1	12,7	9,4	12,2	12,9	16,7	12,3	12,7	9,6	0,1
Önnur uppeldisfræðimenntun	1,0	1,0	2,3	4,7	2,7	3,5	4,8	7,3	8,0	8,3	3,6
Aðrir starfsmenn	18,3	15,3	14,4	13,0	15,1	16,8	14,3	15,8	11,6	15,8	2,8
Samtals stöðugildi	28,4	26,4	29,4	27,1	30,0	33,1	35,7	35,4	32,3	33,7	6,6
HDÍG á hvert stöðugildi	4,5	4,6	4,1	4,3	4,1	3,9	3,6	3,5	3,7	3,6	-0,7
Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samtals	32%	38%	43%	35%	41%	39%	47%	35%	39%	28%	
Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m. af st. samt.	36%	42%	51%	52%	50%	49%	60%	55%	64%	53%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 53 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá Leikskólanum Hulduheimum árin 2008 til 2017. Jafnframt sýnir taflan hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldisfræðimenntun sem hlutfall af stöðugildum samtals. Eins og taflan sýnir var ákveðinn stígandi í fjölda stöðugilda samtals á þessu tímabili. Á milli áranna 2011 og 2017 fjölga stöðugildum um 6,6. Á sama tímabili fjölgaði HDÍG um 5,3. Árið 2011 voru 4,3 HDÍG á hvert stöðugildi en var 3,6 árið 2017, eða fækkun um 0,7 HDÍG.

Hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals var 28% árið 2017 og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun af stöðugildum samtals var 53%.

Tafla 54: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

	Kóp.	Fjallabyggð	Rvk.	Kóp.	Mosfellsb.	Árborg	Kóp.	Árborg	Hfj.	Norðurþing	Rvk.
	Fífu-salir	Leikskólinn Fjallabyggð	Jökla-borg	Rjúpnahæð	Huldu-berg	Hulduheimar	Sólhvörf	Árbær	Hvammur	Grænuvellir	Geisla-baugur
Heildsdagsígildi	113,3	113,3	114,0	114,4	116,1	121,4	122,0	122,3	123,9	124,1	124,8
Fjöldi barna 2017	106	117	106	111	109	120	115	119	119	126	117
Leikskólakennarar	6,6	9,7	7,3	10,4	5,4	9,6	8,5	8,4	8,0	11,3	3,8
Önnur uppeldismenntun	6,9	5,8	4,9	11,3	6,6	8,3	2,5	1,0	4,8	4,7	7,8
Ófaglærðir starfsmenn	11,6	19,1	10,6	12,9	17,4	13,1	26,1	26,5	22,9	17,6	17,0
Aðrir starfsmenn	3,2	2,8	2,0	3,0	2,8	2,8	1,0	3,0	0,0	4,8	2,9
Samtals	28,3	37,3	24,8	37,6	32,2	33,7	38,0	38,9	35,7	38,3	31,4
HDÍG á hvert stöðugildi:											
Leikskólakennara	17,2	11,7	15,5	11,0	21,5	12,7	14,3	14,5	15,5	11,0	33,0
Leikskólak. og önnur uppeldismenntun	8,4	7,3	9,3	5,3	9,7	6,8	11,1	13,0	9,7	7,8	10,8
Ófaglærðra og annara starfsmanna	7,7	5,2	9,0	7,2	5,8	7,7	4,5	4,1	5,4	5,5	6,3
Samtals	4,0	3,0	4,6	3,0	3,6	3,6	3,2	3,1	3,5	3,2	4,0

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 54 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi. Eins og taflan sýnir voru sex leikskólar í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi en Leikskólinn Hulduheimar.

Í þessum samanburði kemur leikskólinn vel út hvað varðar fjölda barna á hvert stöðugildi leikskólakennara, en það voru 12,7 HDÍG á hvert stöðugildi leikskólakennara. Þrír leikskólar voru með færri HDÍG á hvert stöðugildi leikskólakennara en Leikskólinn Hulduheimar. Þegar stöðugildi leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun er tekin saman var einn leikskóli í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi en hjá Leikskólanum Hulduheimum, þar sem voru 6,8.

LEIKSKÓLINN ÁRBÆR

Leikskólinn Árbær er sex deilda leikskóli þar sem eru um 120 börn. Í leikskólanum eru þrjár yngri og þrjár eldri deildir.

Við leikskólann starfar leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og sex deildarstjórar. Allir í 100% starfi eða samtals níu stöðugildi stjórnenda við skólann. Samtals eru við skólann 36,4 stöðugildi.

Leikskólinn opnar kl. 7:45 og lokar kl. 16:30. Að jafnaði mætir einn til að opna á hverri deild en fyrir kemur að það mæta tveir á deild til að opna, ef mörg börn eru með dvalartíma frá 7:45 á deildinni eða mörg ung börn eru að mæta svo snemma, eða börn sem þurfa aðstoð frá því að þau mæta í leikskólann. Greidd er yfirvinna, 0.25 tími, fyrir mætingu fyrir klukkan 8:00 að morgni áður en dagvinnutími hefst. Þeir sem loka, einn á hverri deild, kl. 16:30 mæta í vinnuna kl. 8:30 um morguninn. Einn af þessum starfsmönnum ber ábyrgð á því að læsa skólanum og fær greiddar 15 mínútur í yfirvinnu fyrir það ef viðkomandi er lengur en til 16:30. Starfsmannafundir eru tveir á ári, fyrir það fær hver starfsmaður fjórir klukkustundir á ári í yfirtíð. Að mati leikskólastjóra vantar fleiri samráðstíma bæði til þess að geta rætt við allt starfsfólkið saman og eins til

Þess að starfsfólki gefist tækifæri til þess að ræða saman um starfið og/eða einstök verkefni sem deildin er að fást við.

Allt háskólamenntað starfsfólk við leikskólann fær undirbúningstíma. Annað starfsfólk fær undirbúningstíma ef það er mögulegt. Deildarstjóri á hverri deild skipuleggur undirbúningstíma starfsmanna á deildinni.

Þráðlaus nettenging nær ekki um allt húsnæði skólans. Á næsta ári þarf að endurnýja spjaldtölvur. Sex fartölvur eru til í leikskólanum, ein fartölva er á hverri deild. Ein spjaldtölva er til á hverri deild, og ein hjá sérkennslustjóra og ein hjá leikskólastjóra en spjaldtölvurnar eru orðnar gamlar og þarfnast endurnýjunar. Sex borðtölvur eru í tveimur undirbúningsherbergjum, þrjár í öðru undirbúningsherbergi og þrjár í hinu. Síðan er leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri með sitt hvora tölvuna og sérkennslustjóri með eina. Endurnýja þarf tölvu hjá leikskólastjóra og inni í undirbúningsherbergjum.

Leikskólastjóri gerir fjárhagsáætlun fyrir leikskólann. Leikskólastjóri áætlar launakostnað og önnur rekstrargjöld. Biður um að lóð sé löguð ef þarf og annað sem þarfnast lagfæringar eða breytinga. Leggur fram rökstuðning fyrir því sem beðið er um. Reynslan hefur sýnt að það er stundum samþykkt og stundum ekki.

Fær mánaðarlega yfirlit úr aðalbók, sem leikskólastjóri fer vel yfir.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á því og hugsar alveg um að viðhaldi leikskólahúsnæðis og lóðar sé sinnt. Þegar eitthvað þarf að gera er send beiðni til þjónustumiðstöðvar og yfirmanns fasteigna og beðið eftir því að sendir séu aðilar til að sinna því sem þarf að sinna. Það er misjafnt hvað það tekur langan tíma að brugðist sé við beiðni og stundum er það sem beðið er um ekki gert. Ef kalla þarf til iðnaðarmenn annast þjónustumiðstöðin það en í neyðartilfellum, svo sem þegar vatn lekur eða annað sem þarf að gera strax, þá kallar leikskólastjóri aðila til sem að geta brugðist strax við.

Starfsmenn leikskólans annast snjómokstur á gönguleiðum, sem eru að húsinu og ef þarf að moka á lóðinni og sandbera eða salta. Þeir annast jafnfram það að salta og sanda við aðkomu að leikskólanum þegar þess þarf og salt og sandur er til. Getur oft tekið einhvern tíma að fá salt og sand. Mikið vatn safnast á lóðinni þegar þannig skilyrði eru til staðar. Til dæmis þegar frost er í jörðu og rignir, þegar leysingar eru og þegar það rignir mikið.

Eins og annar staðar á landinu er skortur á talmeinafræðingum í Árborg og hefur þurft að bíða eftir þjónustu talmeinafræðings fyrir leikskólabörn. Þar sem biðlistanum er forgangsraðað þurfa sumir sem eru á honum að bíða nokkuð lengi. Reglulegir fundir eru með skólaþjónustu Árborgar. Fundirnir eru á sex vikna fresti og kemur þá sálfræðingur skólaþjónustunnar og leikskólaráðgjafi á fund með deildarstjórum yngri og eldri deilda í Árbæ ásamt sérkennslustjóra og/eða aðstoðarleikskólastjóra. Sálfræðingar og aðrir starfsmenn skólaþjónustunnar koma síðan og skoða hvert mál sem til þeirra er vísað frá leikskóla og foreldrum barns.

Í vetur kom það fyrir að verktaki sem hirðir rusl gleymdi að koma í Árbæ og safnaðist þá ruslið óheyrilega mikið upp. Eftir að búið var að kvarta tvisvar símleiðis, hefur þetta ekki gerst.

Tvær gráar tunnur og tvær bláar tunnur eru við skólann.

Ræsting er í verktöku og er vel þrifið núna. Alþrif síðast liðið sumar var vel unnið.

Börnin fá hafragraut og lýsi á morgnana og ávexti. Síðan hádegismat og síðdegishressingu.

Matur vegna eldhússins er keyptur frá heildsölum og beint úr búð, það er að segja frá Krónunni og Bónus hér á Selfossi og hjá Fiskbúðinni. Fisksalinn sjálfur kemur með fiskinn þegar fiskur er í mat.

Tafla 55: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 í þús. kr.

	Rvk.	Kóp.	Mos.	Árborg	Kóp	Árborg	Hfj.	Norðurþing	Rvk.	Árborg	Rvk.
	Jökla- borg	Rjúpn- hæð	Huldu- berg	Huldu- heimar	Söl- hvörf	Árbær	Hvammur	Grænu- vellir	Geisla- baugur	Jötun- heimar	Bjarta- hlið
Heildagsígildi	114,0	114,4	116,1	121,4	122,0	122,3	123,9	124,1	124,8	125,1	125,5
Fjöldi barna 2017	106	111	109	120	115	119	119	126	117	124	123
Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG	1.725	2.212	1.857	2.082	1.999	2.174	1.841	2.497	1.789	2.202	2.164
Heildar launakostnaður á hvert HDÍG	1.517	2.008	1.578	1.864	1.757	1.926	1.660	2.224	1.586	1.948	1.948
Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG	208	205	278	218	242	247	182	273	203	254	216
Tekjur á hvert HDÍG	237	338	360	356	348	333	377	355	240	372	275
Tekjur sem hlutfall af útgjöldum	13,8%	15,3%	19,4%	17,1%	17,4%	15,3%	20,5%	14,2%	13,4%	16,9%	12,7%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 55 sýnir rekstrargjöld og -tekjur á hvert heildagsígildi (HDÍG) árið 2017 fyrir samanburðarleikskóla, þ.e. fimm leikskóla með fleiri HDÍG og fimm með færri en Leikskólinn Árbær. Jafnframt sýnir taflan tekjur sem hlutfall af gjöldum. Í rekstrargjöldum er innri leiga ekki með talin. Ástæða þess er að sveitarfélög nota mismunandi aðferðir við að reikna innri leigu.

Í þessum samanburði er þrír leikskólar með hærri rekstrarkostnað á hvert HDÍG en Leikskólinn Árbær. Þar af er einn leikskóli í Sveitarfélaginu Árborg. Lægstur var kostnaðurinn hjá Leikskólanum Jöklaborg í Reykjavíkurborg, þar sem hann var 1.725 þúsund krónur á hvert HDÍG. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.174 þúsund krónur hjá Leikskólanum Árbær, eða mismunur upp á 448 þúsund krónur á hvert HDÍG í þessum leikskólum. Miðað við 122,3 HDÍG gerir þessi mismunur samtals 54.815 þúsund krónur. Hafa ber þennan samanburð sem vísbendingu, þar sem leikskólar geta verið mismunandi með hliðjón m.a. af aldri barna, þjónustubörf barna á viðkomandi leikskóla o.s.frv.

Fjórir leikskólar voru með hærri launakostnað á hvert HDÍG en Leikskólinn Árbær í þessum samanburði. Einn þeirra var Leikskólinn Jötunheimar. Þrír leikskólar voru með annan rekstrarkostnað án innri leigu hærri en Leikskólinn Árbær, þar af var Leikskólinn Jötunheimar einn þeirra. Þrír leikskólar voru með lægri tekjur á hvert HDÍG en Leikskólinn Árbær. Fjórir leikskólar voru með lægra hlutfall tekna af útgjöldum án innri leigu en Leikskólinn Árbær.

Tafla 56: Rekstrargjöld og -tekjur samanburðarleikskóla árið 2017 í þús. kr.

	Rvk.	Kóp.	Mos.	Árborg	Kóp	Árborg	Hfj.	Norðurþing	Rvk.	Árborg	Rvk.
	Jólka- borg	Rjúpnahæð	Huldu- berg	Huldu- heimar	Sól- hvörf	Árbær	Hvammur	Grænu- vellir	Geisla- baugur	Jötun- heimar	Bjarta- hlíð
Heilsdagsgildi	114,0	114,4	116,1	121,4	122,0	122,3	123,9	124,1	124,8	125,1	125,5
Tekjur samtals	27.046	38.683	41.854	43.297	42.443	40.656	46.755	44.040	29.879	46.559	34.525
Launakostnaður	171.960	229.619	183.250	226.263	214.351	235.472	205.593	276.115	196.938	243.719	243.820
Vörukaup		17.314	15.809	14.860	20.148	16.823	15.317	21.023		14.069	
Þjónustukaup án innri leigu		5.957	16.051	11.621	9.260	13.417	5.990	5.517		17.680	
Ýmislegt	22.746	120	113		120		853	2.802	23.857		24.743
Samtals útgjöld án innri leigu	194.706	253.010	215.223	252.744	243.879	265.712	227.753	305.457	220.795	275.468	268.563
Nettó niðurstaða (útgj.-tekjur)	167.660	214.327	173.369	209.447	201.436	225.056	180.998	261.417	190.916	228.909	234.038
Innri leiga	21.823	26.316	33.744	17.608	28.516	26.925	17.347	31.534	30.714	23.924	34.118
Samtals útgjöld með innri leigu	216.529	279.326	248.967	270.352	272.395	292.637	245.100	336.991	251.509	299.392	302.681
Samtals rekstrarniðurstaða	189.483	240.643	207.113	227.055	229.952	251.981	198.345	292.951	221.630	252.833	268.156
Matvæli	9.359	11.923	10.884	10.554	14.780	12.890	11.934	13.611	9.422	10.268	10.739
Orkukaup		1.399	1.868	2.269	1.688	1.504	1.246	1.990		1.843	
Hreinlætisvörur		710	885	542	606	565	623	975		423	
Vinnufatnaður		766	84	526	602	535		602		642	
Öryggisgæsla			20	63		59	259			250	
Ræsting		3.808	7.788	5.604	4.131	6.477	3.596			11.050	
sorphreinsun		399	559	288	369	473	260	809		448	
Mánaðarlaun		173.835	150.023	163.664	169.265	157.253	167.920	191.045		175.805	
Yfirvinna		8.218	4.408	144	4.579	3.593	4.492	25.261		2.640	
		4,7%	2,9%	0,1%	2,7%	2,3%	2,7%	13,2%		1,5%	
Vöru-, þjónustukaup og ýmislegt	22.746	23.391	31.973	26.481	29.528	30.240	22.160	29.342	23.857	31.749	24.743

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 56 sýnir rekstrartekjur og -gjöld hjá samanburðarleikskólum árið 2017 í þúsundum króna. Um er að ræða leikskóla með samtals HDÍG frá 114,0 upp í 125,5.

Fjórir leikskólar voru með samtals lægri tekjur en Leikskólinn Árbær í þessum samanburði.

Þrír leikskólar voru með hærri launaútgjöld en Leikskólinn Árbær í þessum samanburði. Einn af þeim er leikskóli í Sveitarfélaginu Árborg.

Samanlögð vörukaup, þjónustukaup án innri leigu og ýmislegt var hærri hjá tveimur leikskólum en hjá Leikskólanum Árbæ. Annar þeirra leikskóla er Jötunheimar í Sveitarfélaginu Árborg

Þrír leikskólar voru með hærri sameiginleg útgjöld án innri leigu en Leikskólinn Árbær í þessum samanburði. Einn af þeim er Leikskólinn Jötunheimar.

Þegar einstakir útgjaldaliðir eru skoðaðir ber að hafa í huga við útgjöld vegna matvæla að sum sveitarfélög kaup matinn tilbúinn. Í þeim tilfellum eru gjöld vegna þess gjaldfærð á sama hátt og matarkaup þar sem maturinn er tilreiddur í viðkomandi leikskóla.

Kostnaður við ræstingu hjá Leikskólanum Árbæ er nokkuð hár í þessum samanburði og jafnframt hjá Leikskólanum Jötunheimum.

Tafla 57: Skipting launa hjá Leikskólanum Árbæ árin 2015, 2016 og 2017.

	2015	2016	2017	Hlutfallsleg breyting 2015/2017	Hlutfallsleg breyting 2016/2017
Mánaðarlaun almenn	141.797.969	150.047.364	157.253.445	10,9%	4,8%
Yfirvinna almenn	12.175.901	8.532.154	3.593.345	-70,5%	-57,9%
Veikindalaun almenn	18.360.847	25.418.922	30.146.801	64,2%	18,6%
Námsleyfi almenn			15.122		
Áfallið orlof, breyting	1.858.842	3.863.708	17.331	-99,1%	-99,6%
Tryggingagjald	14.593.166	14.760.353	14.767.014	1,2%	0,0%
Lífeyrissjóður, mótframlag	19.741.311	21.095.368	21.781.296	10,3%	3,3%
Félagsgjöld	4.769.483	5.016.437	5.176.850	8,5%	3,2%
Viðbótarframlag í lífeyrissjóð	2.558.563	2.599.628	2.636.361	3,0%	1,4%
Kaffistofa starfsfólks		21.173			
Annar starfsmannakostn./vottorð oph.	280.790	81.000	84.000	-70,1%	3,7%
	216.136.872	231.436.107	235.471.565	8,9%	1,7%

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 57 sýnir skiptingu launaútgjalda hjá Leikskólanum Árbæ árin 2015, 2016 og 2017. Launaútgjöldin hækka um 1,7% á milli áranna 2016 og 2017. Einkum er um að ræða hækkan á mánaðarlaunum, en þau hækka um 4,8% á milli áranna, og veikindalaunum sem hækka um 18,6% á milli áranna. Yfirvinna lækkar á milli áranna. Yfirvinna af mánaðarlaunum var 2,3% árið 2017 samanborið við 8,6% árið 2015.

Það er mat skýrsluhöfundar að sjá þurfi til þess að ekki sé greidd yfirvinna vegna opunar og lokunar. Haga þarf vinnufyrirkomulaginu þannig að þessi tími rúmist innan dagvinnutíma starfsmanna. Fyrir opnun fyrir kl. 8:00 þarf þá að greiða álag. Ekki þarf að greiða slíkt álag fyrir lokun þar sem lokað er fyrir kl. 17:00. Þannig að ekki ætti að þurfa að koma til yfirvinnu vegna veikindaforfalla nema þá í undantekningar tilfellum.

Veikindalaun voru 19% sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum hjá leikskólanum árið 2017.

Tafla 58: Fjöldi HDÍG og stöðugilda í Leikskólanum Árbær 2002 til 2017 og fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi.

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Breyting 2011/2017
Heildagsigildi (HDÍG)	89,6	88,9	91,4	96,3	116,8	123,1	121,9	109,5	119,0	120,4	118,9	118,6	116,1	121,1	116,9	122,3	1,9
Leikskólakennari	6,2	9,7	7,4	7,6	6,3	7,2	6,6	12,2	9,1	8,2	8,4	7,5	7,9	7,7	7,4	8,4	0,2
Önnur uppeldisfræðimenntun	0,0	0,0	1,0	0,0	1,0	1,0	1,0	0,0	1,0	3,0	3,0	2,0	2,0	6,8	6,6	1,0	-2,0
Aðrir starfsmenn	17,2	13,7	11,8	16,1	25,6	24,0	23,5	19,5	20,2	19,6	20,9	27,1	28,3	21,8	20,6	29,5	9,9
Samtals stöðugildi	23,4	23,4	20,2	23,7	32,9	32,3	31,1	31,8	30,2	30,8	32,2	36,5	38,2	36,2	34,6	38,9	8,1
HDÍG á hvert stöðugildi	3,8	3,8	4,5	4,1	3,6	3,8	3,9	3,4	3,9	3,9	3,7	3,2	3,0	3,3	3,4	3,1	-0,8
Hlutfall leikskólakennara af stöðugildum samt.	26%	41%	37%	32%	19%	22%	21%	39%	30%	27%	26%	20%	21%	21%	21%	22%	
Hlutf. leikskólak. og uppeldisfr.m. af st. samt.	26%	41%	42%	32%	22%	25%	25%	39%	33%	36%	35%	26%	26%	40%	40%	24%	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 58 sýnir fjölda HDÍG og stöðugilda hjá Leikskólanum Árbæ árin 2002 til 2017. Jafnframt sýnir taflan hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldisfræðimenntun sem hlutfall af stöðugildum samtals. Eins og taflan sýnir var ákveðinn stígangi í fjölda

stöðugilda samtals á þessu tímabili. Á milli áranna 2011 og 2017 fjölga stöðugildum um 8,1. Á sama tímabili fjölgaði HDÍG um 1,9.

Hlutfall stöðugilda leikskólakennara af stöðugildum samtals var 22% árið 2017 og hlutfall stöðugilda leikskólakennara og starfsmanna með aðra uppeldismenntun af stöðugildum samtals var 24%.

Tafla 59: Fjöldi stöðugilda í samanburðarleikskólum og HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017

	Rvk.	Kóp.	Mos.	Árborg	Kóp	Árborg	Hlj.	Norðurþing	Rvk.	Árborg	Rvk.
	Jökla- borg	Rjúpn- hæð	Huldu- berg	Huldu- heimar	Sól- hvörf	Árbær	Hvammur	Grænu- vellir	Geisla- baugur	Jötun- heimar	Bjarta- hlíð
Heilsdagsígildi	114,0	114,4	116,1	121,4	122,0	122,3	123,9	124,1	124,8	125,1	125,5
Fjöldi barna 2017	106	111	109	120	115	119	119	126	117	124	123
Leikskólakennarar	7,3	10,4	5,4	9,6	8,5	8,4	8,0	11,3	3,8	14,6	9,9
Önnur uppeldismenntun	4,9	11,3	6,6	8,3	2,5	1,0	4,8	4,7	7,8	7,1	8,8
Ófaglærðir starfsmenn	10,6	12,9	17,4	13,1	26,1	26,5	22,9	17,6	17,0	13,2	12,7
Aðrir starfsmenn	2,0	3,0	2,8	2,8	1,0	3,0	0,0	4,8	2,9	2,0	3,0
Samtals	24,8	37,6	32,2	33,7	38,0	38,9	35,7	38,3	31,4	36,8	34,3
HDÍG á hvert stöðugildi:											
Leikskólakennara	15,5	11,0	21,5	12,7	14,3	14,5	15,5	11,0	33,0	8,6	12,7
Leikskólak. og önnur uppeldismenntun	9,3	5,3	9,7	6,8	11,1	13,0	9,7	7,8	10,8	5,8	6,7
Ófaglærðra og annara starfsmanna	9,0	7,2	5,8	7,7	4,5	4,1	5,4	5,5	6,3	8,3	8,0
Samtals	4,6	3,0	3,6	3,6	3,2	3,1	3,5	3,2	4,0	3,4	3,7

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 59 sýnir fjölda stöðugilda í samanburðarleikskólum árið 2017 og fjölda HDÍG á hvert stöðugildi.


Eins og taflan sýnir var einn leikskóli í þessum samanburði með færri HDÍG á hvert stöðugildi en Leikskólinn Árbær.

Í þessum samanburði voru fjórir leikskólar með fleiri HDÍG á hvert stöðugildi leikskólakennara en Leikskólinn Árbær. Þegar leikskólakennarar og starfsmenn með aðra uppeldismenntun eru teknir saman eru HDÍG flest á hvert stöðugildi hjá Leikskólanum Árbæ í þessum samanburði.

LEIKSKÓLAR Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG, SAMANTEKIÐ

Nokkur mismunur er á því hvað sveitarfélög innheimta í leikskólagjöld og fyrir fæði á leikskólum.

Mynd 18: Leikskólagjöld hjá samanburðarsveitarfélögum í nóvember 2018 og janúar 2019



Heimild: Vefsíður viðkomandi sveitarfélaga og ASÍ

Mynd 18 sýnir almenn leikskólagjöld miðað við átta klukkustundir og fullt fæði hjá samanburðar sveitarfélögum árið 2018 og 2019. Sveitarfélögin veita afslætti svo sem systkina afslætti o.s.frv., sem ekki er gert ráð fyrir hér.

Eins og þarna kemur fram er hæsta gjaldtakan hjá Garðabæ, eða 39.618 kr. miðað við átta klukkustundir og fullt fæði. Til samanburðar er gjaldtakan hjá Sveitarfélaginu Árborg 37.601 kr., eða 2.017 kr. lægri en hjá Garðabæ miðað við átta klukkustundir og fullt fæði í janúar 2019. Lægst er gjaldið hjá Seltjarnarnesbæ þar sem það er 27.180 kr.

Tafla 60: Rekstrargjöld og -tekjur á hvert HDÍG hjá leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017 í þúsundum króna

	Huldu- heimar	Árbær	Jötun- heimar	Álf- heimar	Brimver/ Æskukot
Heilsdagsígildi	121,4	122,3	125,1	82,5	62,5
Fjöldi barna 2017	120	119	124	83	63
Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG	2.082	2.174	2.202	2.288	2.488
Heildar launakostnaður á hvert HDÍG	1.864	1.926	1.948	2.102	2.080
Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG	218	247	254	186	408
Tekjur á hvert HDÍG	356	333	372	377	325
Tekjur sem hlutfall af útgjöldum	17,1%	15,3%	16,9%	16,5%	13,1%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 60 sýnir rekstrargjöld og -tekjur á hvert HDÍG hjá leikskólum Sveitarfélagsins

Árborg árið 2017 í þúsundum krónum.

Rekstrarkostnaður á hvert HDÍG var lægstur hjá Leikskólanum Hulduheimum árið 2017 hjá leikskólum sveitarfélagsins. Kostnaðurinn var 2.082 þúsund krónur á hvert HDÍG en hann var 2.488 þúsund krónur þar sem hann var hæstur eða hjá Brimveri/Æskukoti. Hafa ber í huga að sá skóli er rekinn á tveimur stöðum, þ.e. á Stokkseyri og Eyrarbakka. Á sama hátt var launakostnaður á hvert HDÍG lægstur hjá Leikskólanum Hulduheimum, eða 1.864 þúsund krónur á hvert HDÍG. Annar rekstrarkostnaður á hvert HDÍG var lægstur hjá Leikskólanum Álfheimum, eða 186 þúsund krónur á hvert HDÍG. Kostnaðurinn var næst lægstur hjá Leikskólanum Hulduheimum.

Tafla 61: Rekstrargjöld og -tekjur hjá leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017 í þúsundum króna

	Huldu- heimar	Árbær	Jötun- heimar	Álf- heimar	Brimver/ Æskukot
Heilsdagsígildi	121,4	122,3	125,1	82,5	62,5
Tekjur samtals	43.297	40.656	46.559	31.267	20.453
Launakostnaður	226.263	235.472	243.719	173.440	130.013
Vörukaup	14.860	16.823	14.069	10.445	9.782
Þjónustukaup án innri leigu	11.621	13.417	17.680	4.880	15.711
Samtals útgjöld án innri leigu	252.744	265.712	275.468	188.765	155.506
Nettó niðurstaða (útgj.-tekjur)	209.447	225.056	228.909	157.498	135.053
Innri leiga	17.608	26.925	23.924	9.577	34.517
Samtals útgjöld með innri leigu	270.352	292.637	299.392	198.342	190.023
Samtals rekstrarniðurstaða	227.055	251.981	252.833	167.075	169.570

Heilmild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 61 sýnir rekstrargjöld og -tekjur hjá leikskólum Árborgar árið 2017 í þúsundum króna.

Tafla 62: Rekstrargjöld nokkurra gjaldaliða hjá leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017 í þúsundum króna

	Huldu- heimar	Árbær	Jötun- heimar	Álf- heimar	Brimver/ Æskukot
Heilsdagsígildi	121,4	122,3	125,1	82,5	62,5
Matvæli	10.554	12.890	10.268	7.865	6.716
Orkukaup	2.269	1.504	1.843	897	1.158
Hreinlætisvörur	542	565	423	297	172
Vinnufatnaður	526	535	642	550	362
Öryggisgæsla	63	59	250	86	134
Ræsting	5.604	6.477	11.050	4.845	9.560
sorphreinsun	288	473	448	198	320
Mánaðarlaun	163.664	157.253	175.805	124.583	90.034
Yfirvinna	144	3.593	2.640	850	2.261
	0,1%	2,3%	1,5%	0,7%	2,5%
Vöru- og þjónustukaup	26.481	30.240	31.749	15.325	25.493

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 62 sýnir rekstrarútgjöld nokkurra gjaldaliða hjá leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017.

Kostnaður við kaup á matvælum samtals var hæstur hjá Leikskólanum Árbæ, eða 12.890 þúsund krónur. Það vekur athygli að kostnaðurinn er um 2,5 milljónum krónum lægri bæði hjá Leikskólanum Hulduheimum og Jötunheimum en hjá Leikskólanum Árbær. Heilsdagsígildi eru nokkuð áþekk hjá þessum leikskólum.

Á sama hátt skera útgjöld vegna orkukaupa sig nokkuð úr í þessum samanburði hjá Leikskólanum Hulduheimum, þar sem þau voru nokkuð há eða samtals 2.269 þúsund krónur. Munar þar nokkru t.d. í samanburði við Leikskólann Árbæ og Jötunheima.

Einnig er rétt að vekja athygli á kostnaði við ræstingar hjá Leikskólanum Jötunheimum þar sem kostnaður var 11.050 þúsund krónur. Til samanburðar var kostnaðurinn hjá Leikskólanum Hulduheimum vegna ræstingar 5.604 milljónir króna.

Tafla 63: Rekstrargjöld nokkurra gjaldaliða á hvert HDÍG hjá leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017

	Hulduheimar	Árbær	Jötunheimar	Álfheimar	Brimver/ Æskukot
Heilsdagsígildi	121,4	122,3	125,1	82,5	62,5
Matvæli	86.954	105.440	82.062	95.333	107.456
Orkukaup	18.694	12.303	14.729	10.873	18.528
Hreinlætisvörur	4.465	4.622	3.381	3.600	2.752
Vinnufatnaður	4.334	4.376	5.131	6.667	5.792
Öryggisgæsla	519	483	1.998	1.042	2.144
Ræsting	46.171	52.982	88.312	58.727	152.960
sorphreinsun	2.373	3.869	3.580	2.400	5.120

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 63 sýnir rekstrargjöld nokkurra gjaldaliða á hvert HDÍG hjá leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017.

Rétt er að taka fram að hár kostnaður á hvert HDÍG hjá Leikskólanum Brimver/ Æskukot skýrist a.m.k. að hluta til að leikskólinn er rekinn á tveimur stöðum. Vakin er athygli á hversu mismunandi útgjöldin eru á milli leikskólanna á hvert HDÍG. Útgjöldin þar sem þau voru hæst fyrir utan Brimver/ Æskukot eru merkt með rauðu lettri.

Tafla 64: Kostnaður vegna launagjalda og matarkaupa hjá leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017 í þúsund krónum

	Álfheimar	Hulduheimar	Brimver/ Æskukot	Árbær	Jötunheimar	Samtals
HDÍG	82,5	121,4	62,5	122,3	125,1	513,8
Fjöldi barna	83	120	63	119	124	509
Laun	7.392	16.571	8.367	11.586	12.315	56.231
Matur	7.865	10.554	6.716	12.890	10.268	48.293
Samtals	15.256	27.125	15.083	24.476	22.583	104.524
Kostnaður á hvert HDÍG	185	223	241	200	181	203
Kostnaður á hvert barn	184	226	239	206	182	205
Í krónum:						
Áætlaður kostnaður á hverja máltíð miðað við fjölda HDÍG	801	967	1.045	866	781	881
Áætlaður kostnaður á hverja máltíð miðað við fjölda barna	796	979	1.036	890	788	889

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 64 sýnir launagjöld starfsmanna í eldhúsum leikskóla Sveitarfélagsins Árborgar og matarinnkaup árið 2017.

Eins og taflan sýnir er nokkur munur á þessum útgjöldum á milli leikskóla. Hæstur var kostnaðurinn samtals hjá Leikskólanum Hulduheimar þar sem hann var 27,1 milljón króna. Til samanburðar var hann 24,5 milljónir króna hjá Leikskólanum Árbæ.

Það gefur ef til vill betri mynd af þessum samanburði að skoða kostnaðinn á hvert HDÍG og/eða barn. Hafa ber í huga í þeim samanburði að starfsmenn matast líka í viðkomandi leikskóla.

Kostnaðurinn var frá 181 þúsund krónur á hvert HDÍG, þar sem hann var lægstur hjá Leikskólanum Jötunheimar, í 241 þúsund krónur þar sem hann var hæstur sem var hjá Leikskólanum Brimver/Æskukot. Að hluti til skýrist mismunurinn af því að sá leikskóli er rekinn á tveimur stöðum. Næst hæstur var kostnaðurinn á hvert HDÍG hjá Leikskólanum Hulduheimum, eða 223 þúsund krónur á hvert HDÍG. Mismunurinn á þeim leikskóla og þar sem hann var lægstur er 43 þúsund krónur á hvert HDÍG, sem gerir samtals 5,2 milljónir króna miðað við 121,4 HDÍG.

Tafla 65: Kostnaður vegna launagjalda og matarkaupa á hvert HDÍG og barn hjá leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017 í þúsund krónum

	Álfheimar	Hulduheimar	Brimver/Æskukot	Árbær	Jötunheimar	Samtals
Launakostnaður á hvert HDÍG	90	136	134	95	98	109
Launakostnaður á hvert barn	89	138	133	97	99	110
Matarkostnaður á hvert HDÍG	95	87	107	105	82	94
Matarkostnaður á hvert barn	95	88	107	108	83	95

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 65 sýnir kostnað vegna launagjalda og matarkaupa á hvert HDÍG og barn hjá leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017 í þúsundum króna.

Eins og taflan sýnir eru launagjöld og matarkaup á hvert HDÍG og barn nokkuð mismunandi á milli leikskóla Sveitarfélagsins Árborgar.

Tafla 66: Heildagsígildi, stöðugildi og launagjöld samtals vegna leikskóla hjá samanburðarsveitarfélögum árið 2017

Sveitarfélag	Fjöldi íbúa 01.12.2018	Heilds- dags- ígildi (HDÍG)	Stöðugildi	Fjöldi HDÍG á hvert stöðugildi	Stöðugildi í Sv. Árborg miðað við HDÍG á hvert stöðugildi í samanburðarsveitarfélögum	Umfram stöðugildi hjá Sv. Árborg	Kostnaður vegna umfram stöðugilda	Launa- útgjöld	Meðallauna- útgjöld á hvert stöðugildi
Hafnarfjarðarkaupstaður	29.412	1.458,8	438,5	3,3	154,4	-0,6	-4.217	2.656.872	6.059
Akureyrarbær	18.787	861,8	229,4	3,8	136,8	17,0	111.735	1.390.926	6.063
Reykjanesbær	17.805	561,9	154,2	3,6	141,0	12,8	83.965	958.200	6.214
Garðabær	15.709	595,5	149,3	4,0	128,8	25,0	163.887	1.127.843	7.554
Mosfellsbær	10.556	586,5	141,6	4,1	124,0	29,8	195.170	1.004.389	7.093
Sveitarfélagið Árborg	8.995	513,8	153,8	3,3	153,8	0,0	0	1.008.906	6.560
Akraneskaupstaður	7.259	422,9	99,0	4,3	120,3	33,5	219.890	653.325	6.599
Fjarðabyggð	4.777	345,6	103,2	3,3	153,4	0,4	2.451	589.838	5.715
Seltjarnarnesbær	4.575	213,3	58,4	3,7	140,7	13,1	86.100	410.392	7.027
Vestmannaeyjabær	4.284	123,6	33,2	3,7	138,0	15,8	103.574	190.927	5.751
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.955	235,5	65,1	3,6	142,0	11,8	77.201	457.084	7.021
Meðaltal 11 sveitarfélaga		5.919,2	1.625,7	3,6	141,1	12,7	83.215	10.448.702	6.427

Heimild: Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Tafla 66 sýnir HDÍG, stöðugildi og launagjöld samtals hjá hverju af samanburðarsveitarfélögum árið 2017.

Eins og fram kemur í töflunni var Sveitarfélagið Árborg með fæst HDÍG á hvert stöðugildi árið 2017 í samanburði við samanburðarsveitarfélögin ásamt tveimur öðrum sveitarfélögum, eða 3,3 HDÍG. Samanborið við þar sem þetta var hæst hjá Akraneskaupstað þar sem voru 4,3 HDÍG á hvert stöðugildi. Ef fjöldinn hefði verið 4,3 HDÍG á hvert stöðugildi hjá Sveitarfélaginu Árborg hefði fjöldi stöðugilda verið 120,3 til samanburðar við að þau voru 153,8.

Tafla 67: Heilsdagsígildi á hvert stöðugildi, föst mánaðarlaun og veikindalaun hjá leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017


	Brimver/Æsukot	Jötunheimar	Álfheimar	Hulduheimar	Árbær	Samtals
HDÍG á hvert stöðugildi	3,5	3,4	3,1	3,6	3,1	3,3
Föst mánaðarlaun	90.038	175.805	124.583	163.664	157.253	711.343
Veikindalaun	13.070	18.158	13.794	18.285	30.147	93.454
Hlutfall	15%	10%	11%	11%	19%	13%

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 67 sýnir heilsdagsígildi á hvert stöðugildi, föst mánaðarlaun og veikindalaun hjá leikskólum sveitarfélagsins árið 2017.

Eins og taflan sýnir voru laun vegna veikinda nokkuð hár kostnaður hjá leikskólum sveitarfélagsins árið 2017. Veikindalaun sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum var frá 10% upp í 19% þar sem hlutfallið var hæst hjá leikskólum sveitarfélagsins.

Samtals voru veikindalaun án launatengdra gjalda 93,4 milljónir króna árið 2017. Með launatengdum gjöldum áætlast þessi kostnaður samtals um 116 milljónum króna. Eins og fram kemur í töflu 66 hér að framan voru meðallaunagjöld hjá leikskólum Árborgar á hvert stöðugildi 6.560 þúsund krónur árið 2017. Miðað við það samsvara greidd veikindalaun árið 2017 vegna leikskóla sveitarfélagsins 17,7 stöðugildum.



Skýrsluhöfundur þykir rétt að benda á að vinnuáðstaða fyrir starfsmenn á leikskólum sveitarfélagsins er í sumum tilfella erfið og ekki þarf mikið til að bæta úr. Sérstaklega er rétt að benda á aðstöðu til að skipta á ungarbörnum eins og myndirnar hér til hliðar sýna.

GRUNNSKÓLAR Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG

Í sveitarfélaginu eru reknir þrír grunnskólar, Sunnulækjarskóli, Vallaskóli og Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri, sem rekinn er á tveimur stöðum, þ.e. á Stokkseyri og Eyrarbakka.

Tafla 68: Fjöldi nemenda í grunnskólum sveitarfélagsins 2002 til 2017

	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	Breyting 2011/2017
Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	159	158	152	154	159	159	168	158	154	138	150	141	123	131	122	127	-11
Sunnulækjarskóli			153	198	253	332	402	448	472	474	498	521	566	601	617	662	188
Vallaskóli	895	914	803	786	736	713	657	618	579	542	539	525	519	520	533	575	33
Samtals	1.054	1.072	1.108	1.138	1.148	1.204	1.227	1.224	1.205	1.154	1.187	1.187	1.208	1.252	1.272	1.364	210
Breyting á milli ára		18	36	30	10	56	23	-3	-19	-51	33	0	21	44	20	92	

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 68 sýnir hvernig fjöldi nemenda í grunnskólum sveitarfélagsins hefur þróast á tímabilinu frá 2002 til 2017.

Eins og fram kemur á töflunni fjölgaði nemendum samtals í grunnskólum sveitarfélagsins öll árin nema árið 2009, 2010 og 2011, þegar þeim fækkaði frá árinu á undan og árið 2013 þar nemendafjöldinn var sá sami og árið áður.

Mest var fjölgunin á milli áranna 2016 og 2017 þegar nemendum fjölgaði um 92.

Á milli áranna 2011 og 2017 fjölgar nemendum samtals í grunnskólum sveitarfélagsins um 210. Í einum grunnskóla á þessu tímabili var fækkun, þ.e. í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri þar sem nemendum fækkaði um 11.

BARNASKÓLINN Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI


Starfsemi Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri fer fram á Stokkseyri og Eyrarbakka. Fyrsti til sjötti bekkur eru á Stokkseyri og sjöundi til 10. bekkur á Eyrarbakka. Öll list-, verkgreina- og sundkennsla fer fram á Stokkseyri. Nemendur á Eyrarbakka fara í leikfimi í félagsheimilinu Stað á Eyrarbakka. Skólinn og félagsheimilið eru á sitthvorum endanum á Eyrarbakka. Vegna þess þarf einnig að keyra nemendur þar í og úr leikfimi.

Það fer skólabifreið frá Eyrarbakka til Stokkseyrar klukkan 7:40 með nemendur í sjöunda til 10. bekk frá Eyrarbakka. Bifreiðin kemur síðan til baka klukkan 8:15 með nemendur yngra stigs, fyrsta til sjötta bekk, sem búsettir eru á Eyrarbakka.

Það eru 85 nemendur á Stokkseyri og 50 á Eyrarbakka. Samtals 135 nemendur samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra.



Kennsla á Eyrarbakka, þar sem eru 50 nemendur, fer fram í aðalhúsinu og fjórum lausum kennslustofum á lóð skólans. Meðfylgjandi myndir eru af lausu kennslustofunum, sem þarfnast orðið nokkurs viðhalds.



Ástand kennsluhúsnaðis á Stokkseyri er nokkuð gott. Nýleg skólabygging og húsnaði gamla skólans er í góðu standi eftir viðhaldsframkvæmdir. Nokkuð gott rými er í nýrri byggingunni sem hægt er að nýta mun betur en gert er í dag.

Við skólann er skólastjóri og aðstoðarskólastjóri. Aðstoðarskólastjóri er staðsettur á Eyrarbakka en skólastjóri á Stokkseyri. Síðan er deildarstjóri yngra stigs og deildarstjóri stoðþjónustu, sem báðir eru staðsettir á Stokkseyri. Þeir eru með kennsluskyldu átta klukkustundir á viku hvor og vinna hana í forfallakennslu kennara.

Stuðningsfulltrúar eru fimm sem tengjast bekkjastarfinu, hver í 75% stöðugildi, og þrír sem eru ráðnir vegna sérþarfa nemenda, hver í 100% stöðugildi, eða samtals 6,75 stöðugildi.

Í Frístund: 50% forstöðumaður, 25% stuðningsfulltrúi. Sá stuðningsfulltrúi er 75% í skólanum. Hann er starfsmaður Frístundarinnar og hefur eftirlit með öllum krökkum.

Tveir stuðningsfulltrúar sem eru 100% starfi fylgja sitt hvorum nemanda frá kl. 08.00 – 16.00.

Í eldhúsi er matráður í 100% stöðugildi og aðstoðarmatráður í 80% stöðugildi. Hafa þessi kjör allt árið. Aðstoðarmaðurinn er á dreifðum launum og allir stuðningsfulltrúarnir nema þeir sem eru í Frístund. Þeir taka sumarleyfi eins og samningur segja til um, þar sem Frístundin er opin yfir sumarmánuðina nema sumarleyfistíma starfsmanna. Frístundin er opin þegar er jólaeyfi og páskaeyfi í skólanum.

Skólaritar er í 75% á Eyrarbakka. Vinnur frá kl. 8 til 14:00 og annar á Stokkseyri í 90% stöðugildi og vinnur frá kl. 8:00 til 15:00. Þeir fá ekki greidda fasta yfirvinnu.

Húsumsjónarmaður í 100% starfi og starfar á báðum stöðum. Hann keyrir matinn frá Stokkseyri til Eyrarbakka og sækir og/eða fer með það sem þarf fyrir skólann inn á Selfoss. Húsumsjónarmaður er með fasta yfirtíð á mánuði 32 klukkustundir.

Tafla 69: Fjöldi stöðugilda við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri í nóvember 2018

	Stöðugildi
Stjórnendur	4,0
Kennarar	18,5
Þroskaþjálfar	2,0
Aðrir	15,9
Samtals	40,4
Frístundaheimilið Stjórnuðusteinarnar:	
Stjórnandi	0,5
Aðrir	0,23
Samtals	0,7
Fæðingarorlof, veikindi og leyfi	2,5
Samtals öll stöðugildi	43,6

Heimild: Skólastjóri

Tafla 69 sýnir samantekinn fjölda stöðugilda í nóvember 2018 við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri. Eins og taflan sýnir voru stöðugildin samtals 43,6. Nemendur við skólann eru 135, eða 3,1 nemandi á hvert stöðugildi.

Tölvumál. Það þarf að fara að endurnýja tölvukost kennara að sögn skólastjóra. Kennarar eru með borðtölvur í sínum stofum. Það hefur hver kennari sína borðtölvu. Eru með 20 fartölvur á hvorum stað fyrir nemendur, samtals 40 tölvur. Síðan eru tölvuver. Voru að endurnýja fartölvur á Eyrarbakka í vor. Keyptu 20 tölvur fyrir um 600 þúsund krónur. Keyptar voru Lenova tölvur samkvæmt tilboði frá tölvudeild sveitarfélagsins.

Skólinn á sjö spjaldtölvur sem eru aðallega notaðar í stoðþjónustunni í sérkennsluverum.

Skólastjóri samþykkir reikninga og vinnur fjárhagsáætlun fyrir skólann.

Útgjöld vegna ræstingar hafa verið að hækka. Um er að ræða samning sem skólastjóri hefur ekkert um að segja að hans sögn. Ef skólinn fer fram úr fjárhagsáætlun

(fjarheimildum) eru lögmætar skýringar á því og gerð er grein fyrir þeim að sögn skólastjóra.

Fær mánaðarlega rekstraryfirlit. Skólastjóri gefur skýringar mánaðarlega til fræðslustjóra ef honum finnst þurfa.

Í skólanum eru tvær ljósritunarvélar og að auki tvær gamlar. Notast er við þær gömlu á meðan blek er til í þær. Kaupir ekkert duft eða blek fyrir gömlu vélarnar. Þegar það klárast verða þær lagðar af.

Skólaritarar sjá um ljósritun fyrir kennara, mataráskrift og skráningu í Frístund.

Sveitarfélagið hefur annast kaup á skólabúnaði fyrir nemendur s.l. tvö ár. Fengið var tilboð frá A4. Skólastjóri sendir síðan inn pöntun fyrir skólann.

Kennsluráðgjafar og sálfræðingar koma frá fræðslu- og skólaþjónustu sveitarfélagsins. Er með tvo þroskaþjálfara í fullu starfi.

Húsumjónarmaður mætir í skólann kl. 7:30 á morgnana á virkum dögum. Húsumjónarmaður opnar skólann á Stokkseyri ásamt skólastjóra. Á Eyrarbakka mætir stuðningsfulltrúi kl. 7:30 til að opna skólann. Hann hættir þess vegna hálfri klukkustund fyrr á daginn.

Ræstingafólkið gengur frá skólahúsnæðinu í lok dags.

Viðvörðunarkerfið fer á kl. 23:00. Húsumsjónarmaður fær fyrsta boð frá öryggisvöktuninni komi upp slíkt tilfelli.

Stuðningsfulltrúar eru á vakt þegar nemendur matast. Skólaritari sér um að skrá börn sem eru í mat.

Nokkuð er um að skólinn sé með nemendur úr öðrum sveitarfélögum. Nemendur hafa komið að þar sem þeir hafa verið í fóstri á heimilum innan skólasvæðisins. Hafa fengið greitt vegna matar og Frístundar frá viðkomandi sveitarfélaga hafi verið um slíkt að ræða.

Ef aukaútgjöld hafa verið umfram greiðslur fyrir skólagöng vegna nemanda t.d. frá Reykjavíkurborg hefur borgin greitt fyrir það eða viðkomandi sveitarfélag.

Yfirvinna kennara er að mestu vegna forfalla kennslu. Auk þess vegna bekkjarkvöld o.s.frv.

Verktaki annast ekki ræstingu á Eyrarbakka. Þar eru tveir aðilar sem annast þrífín, samkvæmt uppmælingu.

Kaup á ræstingavörum eru vegna Eyrarbakka. Verktakinn vegna ræstinga sér um kaup á ræstingavörum vegna skólans á Stokkseyri.

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra er gert ráð fyrir því í samningi um þrífín að þrífín eigi glugga að innan en það er ekki gert. Hann telur að starfsmaður við ræstingar ljúki ræstingum á fjórum klukkustundum en greitt er fyrir átta klukkustundir til verktaka. Skólastjóri telur ræstinguna ekki vera vel gerða.

Skólastjóri er ánægður með ræstinguna á Eyrarbakka.

Skólaakstur annar en til verktaka eru greiðslur til foreldra sem keyra börnin í og úr skóla í þeim tilfellum sem nemendur búa utan þéttbýlis. Þetta fyrirkomulag er ódýrara en að vera með verktaka í þessu að sögn skólastjóra. Greitt er til foreldra (forráðamanna) samkvæmt akstursbók.

Útgjöld vegna fólksflutninga í bókhaldi skólans er vegna aksturs með nemendur á milli Stokkseyrar og Eyrarbakka, sbr. hér að framan. Samkvæmt aðalbók var kostnaður vegna þess 11,4 milljónir króna árið 2017.

Akstur starfsmanna er að mestu vegna ferða á milli skólanna á Stokkseyri og Eyrarbakka vegna funda, kennslu o.s.frv. Kostnaður vegna þess var 1,9 milljónir króna árið 2017. Handmenntakennari fær greitt fyrir að keyra á Selfoss til að ná í gögn o.s.frv.

Skólinn hefur bifreið til afnota. Skólinn rekur bifreiðina og greiðir leigu til sveitarfélagsins vegna hennar. Húsvörðurinn hefur bifreiðina til umráða og fær því ekki greidda aksturspeninga.

Sekker um að segja um kostnað vegna tölvumanns.

Tölvudeild Árborgar rekur tölvukerfið. Tölvudeildin er ekki mikið að þjóna þeim dagsdaglega.

Kennsluráðgjafi og skólasálfræðingur starfa vel með skólanum. Fá mjög góða ráðgjöf frá fræðslu- og skólaþjónustunni. Skólinn vinnur mikið með félagsþjónustunni og einnig heilbrigðisþjónustunni sem kemur frá Heilsugæslunni.

Nemendaverndarráðsfundi sitja fulltrúar frá heilbrigðisstofnunum, félagsþjónustu, sálfræðingar, kennsluráðgjafar og stoðþjónustuhópur skólans. Þessi samvinna er mjög góð og hjálpar mikið.

Tafla 70: Fjöldi nemenda í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri 2015 til 2017, laungjöld og annar kostnaður í þúsundum króna

	Breyting				
	2015	2016	2017	2015/2017	2016/2017
Fjöldi nemenda	131	122	127	-4	5
Útgjöld:					
Laun	258.846	275.606	288.562	11,5%	4,7%
Vörukaup	13.317	17.417	17.563	31,9%	0,8%
Þjónustukaup án innri leigu	34.936	43.453	42.628	22,0%	-1,9%
Annar kostnaður	167	5			
Samtals	307.266	336.481	348.753	13,50%	3,6%
Innri leiga	77.355	88.612	90.098		
Tekjur	-11.012	-10.425	-9.462		
Samtals rekstramiðurstæða	373.609	414.668	429.389		
Á hvern nemanda:					
Laun	1.976	2.259	2.272		
Annar kostnaður	370	499	474		
Samtals	2.346	2.758	2.746		
Einstaki útgjaldaliðir:					
Fólksflutningar	8.361	12.022	11.929		
Starfsmannabílar	2.325	2.263	1.935		
Matur	8.740	8.423	7.533		
Orka	578	4.322	4.729		
Ræstingar	6.925	8.633	11.932		

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 70 sýnir fjölda nemenda í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri frá 2015 til 2017. Einnig sýnir taflan útgjöld og kostnað á hvern nemanda þessi ár. Útgjöldin eru sýnd á verðlagi hvers árs.

Rétt er að vekja athygli á hvað kostnaður vegna fólksflutninga og ræstinga hækkar mikið á milli árunna 2015 og 2017. Ræstingar voru 6,9 milljónir króna árið 2015 en 11,9 milljónir króna árið 2017, eða hækkun sem nemur 4,0 milljónum króna.

Tafla 71: Gjöld og tekjur og gjöld og tekjur á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2017 í þúsundum króna

	Mosf.	Flóah.	Sv. Skagaf.	Rvk.	Blönduós	Árborg Barnaskólinn á Eyrarb. og Stok.	Rangárf. Y. Grunn- skólinn á Hellu	Eyjafarðarsv. Hrafn- gilsskóli	Fjarðarb. Grunn- skólinn á Eskifirði	Bolungarvík Grunnskóli Bolungar- víkur	Húnaþing v. Grunnskóli Húnaþings vestra
Fjöldi nemenda	106	107	109	122	126	127	130	133	141	142	152
Laun og launatengd gjöld samtals	157.237	190.560	215.629	226.849	171.041	288.563	182.725	250.147	214.685	206.687	231.778
Annar rekstrarkostnaður nettó	22.471	27.178	33.706	43.383	26.595	72.082	51.696	50.236	38.205	44.905	72.602
Rekstrarkostnaður	179.708	217.737	249.335	270.232	197.636	360.645	234.420	300.382	252.889	251.592	304.380
Tekjur	35.910	26.668	81.228	15.775	13.217	9.463	12.288	23.770	9.018	16.535	26.281
Útgjöld og tekjur á hvern nemanda:											
Laun og tengd gjöld á nem.	1.483	1.781	1.978	1.859	1.357	2.272	1.406	1.881	1.523	1.456	1.525
Annar rekstrark. á nem.	212	254	309	356	211	568	398	378	271	316	478
Rekstrark. samtals	1.695	2.035	2.287	2.215	1.569	2.840	1.803	2.259	1.794	1.772	2.002
Tekjur á hvern nem.	339	249	745	129	105	75	95	179	64	116	173

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 71 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2017. Fimm stærri en Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri og fimm minni hvað nemendafjölda varðar. Innri leiga og kostnaður vegna skólaaksturs hefur verið dregið frá. Reynslan sýnir að það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með. Þess vegna er hún ekki reiknuð með hér. Jafnframt eru útgjöld vegna skólaaksturs ekki talin með öðrum rekstrarkostnaði. Gerður er fyrirvari á þessum samanburð þar skólahald getur verið mismunandi í þessum skólum sem getur leitt til mismunar í útgjöldum. Í því sambandi er bent á að Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er rekinn á tveimur stöðum. Engu að síður gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu.

Eins og taflan sýnir voru rekstrarútgjöld samtals, launagjöld og annar rekstrarkostnaður, á hvern nemanda hæst hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri í þessum samanburði, eða 2.840 þúsund krónur á hvern nemanda. Lægstur var kostnaðurinn hjá Blönduskóla á Blönduósi, eða 1.569 þúsund krónur á hvern nemanda, eða 1.271 þúsund krónum lægri á hvern nemanda en hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Hafa ber í huga að Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er rekinn á tveimur stöðum.

Tafla 72: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2017

	Krika- skóli	Flóa- skóli	Varmahlíðar- skóli	Kleberg- skóli	Blöndu- skóli	Barnaskólinn á Eyrarb. og Stok.	Grunn- skólinn á Hellu	Hrafn- gilsskóli	Grunn- skólinn á Eskifirði	Grunnskóli Bolungar- víkur	Grunnskóli Húnaþings vestra
Fjöldi nemenda	106	107	109	122	126	127	130	133	141	142	152
Stöðugildi við kennslu	11,3	13,9	15,7	15,0	16,8	22,7	17,0	21,0	19,2	17,2	18,3
Stöðugildi annarra en kennara	9,8	10,1	12,9	13,8	4,5	16,7	12,5	8,7	9,7	13,3	12,3
Fjöldi stöðugilda samtals	21,1	24,1	28,6	28,8	21,3	39,4	29,6	29,7	28,8	30,5	30,6

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 72 sýnir stöðugildi í samanburðarskólum árið 2017. Um er að ræða skóla með 106 nemendur upp í 152. Eins og þarna kemur fram er mikill munur á fjölda stöðugilda hjá þessum skólum. Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri sker sig nokkuð úr hvað fjölda stöðugilda varða en þar voru þau flest, eða 39,4. Til samanburðar var Blönduskóli, sem er skóli með einum færri nemenda en Barnaskólinn á Eyrarbakka og

Stokkseyri með 21,3 stöðugildi samtals. Mismunurinn á stöðugildum í þessum tveimur skólum var 18,1 stöðugildi. Rétt er að leggja áherslu á að svona samanburð er ekki hægt að nota nema til vísbendingar því skólahald á milli skóla getur verið mismunandi. Sem dæmi má nefna að Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er rekinn á tveimur stöðum, sbr. hér að framan. Samt sem áður getur ekki einungis sá þáttur skýrt allan þann mun sem er á fjölda stöðugilda í þessum tveimur skólum.

Stöðugildi bæði kennara og annarra starfsmanna voru flest hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri í þessum skólum.

Tafla 73: Fjöldi nemenda á hvert stöðugild í samanburðarskólum árið 2017

	Mosf.	Flóah.	Sv. Skagaf.	Rvk.	Blönduós	Árborg Barnaskólinn á Eyrarb. og Stok.	Rangárf. Y. Grunn- skólinn á Hellu	Eyjafarðarsv. Hrafn- gilsskóli	Fjarðarb. Grunn- skólinn á Eskifirði	Bolungarvík Grunnskóli Bolungar- víkur	Húnaþing v. Grunnskóli Húnaþings vestra
Fjöldi nemenda	133	141	142	152	153	160	166	173	179	186	189
Fjöldi nemanda á hvert stöðugildi við kennslu	9,4	7,7	6,9	8,1	7,5	5,6	7,6	6,3	7,3	8,3	8,3
Fjöldi nemanda á hvert stöðugildi annarra	10,8	10,6	8,4	8,8	28,0	7,6	10,4	15,3	14,5	10,7	12,4
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi samtals	5,0	4,4	3,8	4,2	5,9	3,2	4,4	4,5	4,9	4,7	5,0

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 73 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum 11 árið 2017. Eins og taflan sýnir er Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri með fæsta nemendur á hvert stöðugildi af þessum skólum. Á það við bæði vegna kennara og annarra starfsmanna en kennara við skólann.

Í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri voru 3,2 nemendur á hvert stöðugildi samtals, sem reynst hefur lág tala þegar leikskólar eru skoðaðir. Það að skólinn er rekinn á tveimur stöðum skýrir ekki eitt og sér þennan fjölda stöðugilda við grunnskólann.

Tafla 74: Fjöldi nemenda og stöðugildi við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri árin 2002 til 2017

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar / leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2002	159	18,2	9,0	27,2
2003	158	17,7	9,1	26,8
2004	152	21,1	8,9	29,9
2005	154	17,4	9,1	26,6
2006	159	20,8	5,4	26,2
2007	159	20,2	12,5	32,7
2008	168	22,3	12,2	34,5
2009	158	22,4	11,3	33,7
2010	154	25,8	11,1	36,8
2011	138	21,7	12,2	33,9
2012	150	20,3	17,0	37,2
2013	141	20,7	13,8	34,5
2014	123	23,2	15,8	39,0
2015	131	22,6	15,9	38,5
2016	122	22,9	14,8	37,6
2017	127	22,7	16,7	39,4
Breyting 2010/2017	-27,0	-3,1	5,6	2,6
Breyting 2011/2017	-11	1	4,5	5,5

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 74 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda kennara og annarra starfsmanna við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri á árunum 2002 til 2017.

Eins og taflan sýnir fór nemendum fækkandi við grunnskólann á tímabilinu. Þrátt fyrir það fækkar stöðugildum kennara ekki og stöðugildum annarra starfsmanna fjölgar. Á milli árunna 2011 og 2017 fækkar nemendum um 11 en stöðugildum kennara fjölgar um eitt og stöðugildum annarra starfsmanna um 4,5, eða samtals fjölgun stöðugilda um 5,5 á sama tíma og nemendum fækkar um 11

Tafla 75: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri árin 2002 til 2017

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar / leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2002	159	8,7	17,6	5,8
2003	158	8,9	17,4	5,9
2004	152	7,2	17,1	5,1
2005	154	8,8	16,9	5,8
2006	159	7,6	29,7	6,1
2007	159	7,9	12,7	4,9
2008	168	7,5	13,8	4,9
2009	158	7,1	14,0	4,7
2010	154	6,0	13,9	4,2
2011	138	6,4	11,3	4,1
2012	150	7,4	8,8	4,0
2013	141	6,8	10,2	4,1
2014	123	5,3	7,8	3,1
2015	131	5,8	8,3	3,4
2016	122	5,3	8,3	3,2
2017	127	5,6	7,6	3,2
Breyting 2010/2017	-27,0	-0,4	-6,3	-1,0
Breyting 2011/2017	-11,0	-0,8	-3,7	-0,8

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 75 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri frá 2002 til 2017. Eins og taflan sýnir hefur nemendum á hvert stöðugildi kennara og annarra starfsmanna farið fækkandi frá árinu 2002 með nokkrum undantekningum. Þannig voru 6,0 nemendur á hvert stöðugildi kennara í skólunum 2010 og 13,9 nemendur á hvert annað stöðugildi og 4,2 nemendur á stöðugildi samtals. Árið 2017 voru nemendur orðnir 5,6 á hvert stöðugildi kennara, eða fækkun um 0,4 nemendur, og 7,6 nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna, eða fækkun um 6,3 nemendur. Þannig voru orðnir 3,2 nemendur á hvert stöðugildi samtals í skólanum árið 2017 samanborið við 4,2 árið 2010, eða fækkun um einn nemanda. Miðað við þetta verður að telja að tiltölulega fáir nemendur sé á hvert stöðugildi.

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra var gert ráð fyrir kennslukvóta við skólann sem hér segir:

Veturinn 2016-2017 var heildarkvóti 356 kennslustundir á viku

Veturinn 2017-2018 var heildarkvóti 356 kennslustundir á viku
 Veturinn 2018-2019 er heildarkvóti 356 kennslustundir á viku

Tafla 76: Laun starfsmanna við Barnaskólanna á Eyrarbakka og Stokkseyri árin 2015 til og með 2017

	2015	2016	2017	Breyting	
				2015/2017	2016/2017
Mánaðarlaun almenn	170.424.999	187.337.884	197.096.004	15,60%	5,20%
Yfirvinna almenn	16.122.910	15.802.244	15.215.465	-5,60%	-3,70%
Afleysingar kennarar og annað fagfólk	294.235	1.184.240	546.362	85,70%	-53,90%
Veikindalaun almenn	17.808.912	14.972.216	18.925.122	6,30%	26,40%
Fatapeningar			146.904		
Áfallið orlof, breyting	2.404.764	1.478.670	124.226	-94,80%	-91,60%
Tryggingagjald	17.506.059	17.818.743	18.096.965	3,40%	1,60%
Lífeyrissjóður, mótframlag	24.573.512	26.319.353	27.907.916	13,60%	6,00%
Félagsgjöld	7.402.163	7.754.470	7.931.889	7,20%	2,30%
Viðbótarframlag í lífeyrissjóð	2.176.442	2.493.848	2.416.533	11,00%	-3,10%
Kaffistofa starfsfólks	83.834	55.319	108.383	29,30%	95,90%
Annar starfsmannakostn./vottorð oph.	48.541	389.100	46.838	-3,50%	-88,00%
Launagjöld samtals	258.846.371	275.606.087	288.562.607	11,50%	4,70%
Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	9,50%	8,40%	7,70%		
Hlutfall veikindalauna af mánaðarlaunum	10%	8%	10%		

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 76 sýnir skiptingu launagjalda í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri árin 2015 og 2017.

Launagjöld hækkuðu um 4,7% á milli áranna 2016 og 2017. Yfirvinna sem hlutfall af fösum mánaðarlaunum var 7,7% árið 2017. Veikindalaun sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum voru 10%.

Tafla 77: Fjöldi bekkjardeilda og nemenda í hverjum árgangi í Barnaskólanum Eyrarbakka og Stokkseyri skólaárið 2018/2019 (staða í nóvember 2018)

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Samtals
Fjöldi nemenda	13	11	13	11	13	10	19	13	13	12	128
Meðaltal í bekkjardeild											12,8

Heimild: Skólastjóri Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri

Tafla 77 sýnir fjölda bekkjardeilda í hverjum árgangi og hvað margir nemendur eru í hverjum bekk í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri skólaárið 2018/2019.

Engar sérstakar reglur gilda um fjölda nemenda í bekkjardeildum. Reynsla skýrsluhöfundar er að það hafi almennt verið sett nokkuð í hendur skólastjórnenda hvernig nemendum er raðað í bekkjardeildir og þá hvað mörgum. Þó hafa sum sveitarfélög fylgt ákveðnum reglum þar um. Reynslan hefur sýnt að skólastjórnendur almennt hafa haft færri nemendur í hverjum bekk í yngri bekkjardeildunum en þeim eldri. T.d. hefur skýrsluhöfundur heyrt því haldið fram að um 20 nemendur að hámarki eigi að vera í fyrsta og öðrum bekk. Síðan 25 nemendur að hámarki í þriðja til sjöunda bekk og svo 27 nemendur að hámarki í áttunda til 10. bekk. Lögð er áhersla á að þetta er engin regla.

Með hliðsjón af því er velt upp hér þeirri spurningu hvort til greina komi að vera með samkenndu að einhverju leyti á milli árganga. Sumstaðar þar sem það er gert hefur það gefist vel og reynslan af því góð.

SUNNULÆKJARSKÓLI

Sunnulækjarskóli er við Norðurhóla 1 á Selfossi. Hann tók til starfa í ágúst 2004 með 1.-4. bekk en er nú heildstæður skóli með bekkjardeildir frá 1.-10. bekk. Nemendur starfsárið 2018-2019 eru um 710 og starfsfólk um 135. Sérdeild Suðurlands er deild innan Sunnulækjarskóla og í daglegu tali nefnd Setrið. Deildarstjóri sérdeildar ber ábyrgð á daglegum rekstri hennar. Íþróttahús er við skólann en öll sundkennsla fer fram í Sundhöll Selfoss og ekið er með nemendur milli skólans og sundlaugar. Tónlistarskóli Árnesinga hefur tvö rými til kennslu sinna nemenda sem eru í Sunnulækjarskóla. Í skólanum er boðið upp á lengda viðveru eða frístund fyrir nemendur í 1.- 4.bekk frá kl. 13:00. Hólar, frístundin, nýta húsnæði skólans eins og þarf.

Stjórnendur við skólann eru: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjórar stiga eru samtals í 2,5 stjórnunarstöðum. Deildarstjóri stoðþjónustu í einu stöðugildi. Samtals 5,5 stöðugildi. Síðan er deildarstjóri seturs.

Fram kom í máli skólastjóri að hann telur of faliðað í þeim hópi sem sinna þarf margs konar verkefnum sem lúta að miðlægum verkefnum stofnunarinnar s.s. utan um haldi um starfsmannamál og ráðningagögn, eftirliti með innkaupum og rekstri, skjalavinnslu, skilum á lögbundnum upplýsingum til opinberra aðila o.s.frv.

Jafnframt kom fram að honum finnst góður trúnaður og samvinna á milli stjórnsýslunnar og skólanna.

Skólastjóri hefur ekki oft tíma til að fara um skólann vegna anna. Aðstoðarskólastjóri er ábyrgur fyrir því að allt gangi upp á „gólfinu“. Það fyrsta sem þarf að leysa á morgnanna eru forföll þegar um þau er að ræða. Aðstoðarskólastjóri er einnig lykilmaður í allri töflugerð og viðhaldi stundataflna. Þá sér aðstoðarskólastjóri um pöntun á öllu námsefni. Skólinn kaupir inn ritföng fyrir nemendur og aðstoðar ritarinn aðstoðarskólastjóra við það. Deildarstjórar setja fram lista yfir hvað þarf fyrir nemendur í hverjum bekk.

Að mati skólastjóra eru innkaup orðin talsvert stórt verkefni og margþætt. Auk námsefnis og ritfanga til skólastarfs eru innkaup og viðhald á húsbúnaði, tækjakosti, vinnufatnaði og matvælum auk kaupa á þjónustu af ólíkum toga, sumt á grundvelli útboðs s.s. akstur og ræsting en annað reglubundið s.s. aðgangur að hugbúnaði eða tilfallandi svo sem gisting á skólaferðalögum, auglýsingar o.s.frv. Þá hefur verið bætt við nýjum álmum og kennslusvæðum við skólann nokkuð oft á þeim 15 árum sem skólastjórinn hefur verið starfandi með tilheyrandi innkaupum. Þeir sem hafa leyfi til að kaupa inn skrá öll innkaup í sérstakt excel skjal, þar sem skráð er hvað er pantað, hvenær og hvað það kostar.

Ekki hafa verið veitt aukaframlög vegna langtímaveikinda. Þ.e.a.s. við gerð launaáætlunar er ekki áætlað fyrir langtímaveikindum. Við eftirlit með fjárhag hefur skólastjóri auga með hvaða launakostnaður fellur til vegna slíks.

Við skólann eru tveir þroskaþjálfar og iðjuþjálfar í 75%. Helmingur af starfi iðjuþjálfara er hjá skólanum og hinn hjá sérdeildinni. Síðan eru stuðningsfulltrúar. Þessi stöðugildi eru ekki tekin af kennslukvóta skólans. Við fjárhagsáætlun er áætlað á þessi stöðugildi

í launaáætlun. Þau eru ekki veitt út frá útreikningsforsendum eins og t.d. stöðugildi kennara.

Jafnframt er starfandi við skólann einn námsráðgjafi sem er fyrir utan kennslukvóta.

Við skólann starfar einn ritari í fullu starfi. Vinnutími hjá honum er 40 klukkustunda vinnuvika og sex tímar í fastri yfirvinnu á mánuði. Ritarinn kemur korteri fyrir á morgnana til að svara síma. Vinnutími ritara er eins og hjá stjórnendum. Hann hefur sex vikna frí yfir sumarið. Ritari er ekki með launadreifingu. Fær greidda yfirtíð aukalega sem er unnin fyrir utan það að mæta korteri fyrir á daginn.

Skólastjóri hefur óskað eftir aukningu á stöðugildi ritara við skólann og vonast eftir að geta ráðið ritara tvö í 75% hlutfall frá næstu áramótum (2018/2019). Hann vonast til að geta þróað verkaskiptingu í þá átt að koma til móts við nokkuð af þeim vanda sem nefndur er hér að framan.

Ritari heldur utan um skráningu á nemendum og kennurum í mat og sendir í Ráðhúsið sem sér um innheimtu.

Húsvörður heyrir undir skólastjóra. Hann byrjar dagleg störf kl. 7:20 og er í átta klukkustundir á dag. Hann hefur 32 klukkustundir í fasta yfirtíð. Fær ekki greidda aðra yfirvinnu.

Verktakar sjá um ræstingu í skólanum. Eftirlit með verktökum í ræstingum er ekki formlegt. Húsvörður annast samskipti við ræstingafólk. Ræstingar hafa ekki verið mikið ræddar að undanförunu. Hins vegar hafa komið tímabil þar sem kvartað hefur verið undan ræstingu.

Starfsmenn skólans hafa aðgang að gögnum sem sýni hvernig á að standa að þrifum innan skólans. Komið er að útboði og framlengingar frestir útrunnir.

Útboð fór fram síðast fyrir fimm árum.

Allir ófaglærðir starfsmenn eru kallaðir stuðningsfulltrúar að undanskildu starfsfólki í eldhúsi. Stuðningsfulltrúar eru í uppeldishlutverki. Sjá um gæslu í frístundum og í skólaakstri þegar farið er í sund.

Frístundaheimilið byrjar kl. 13:00 og er opið til kl. 16:15. Síðasti starfsmaður í lok dags lokar aðgangi að frístundaheimilinu kl. 16:30. Á virkum dögum þegar ekki er skólahald er frístundarheimilið opið einnig fyrir hádegi.

Í lok síðasta árs voru samþykktar nýjar reglur fyrir frístundaheimilin. Forstöðumaður er þar í 100% starfi og aðstoðarmaður í 75% hlutfalli, þar af vinnur hann 50% starf á gólfi.

Tveir kennarar sjá um félagsstarf eldri nemenda og fá hvor greiddar 2 klukkustundir á viku í yfirtíð vegna þess.

Félagsmiðstöðin heyrir undir tómstunda- og forvarnarfulltrúa sveitarfélagsins og er fyrir allt sveitarfélagið. Félagsmiðstöðin Zelsíuz er í austurenda Pakkhússins, sunnan við Ráðhúsið.

Yngsta stigið er búið kl. 13:00 á daginn, miðstigið kl. 13:40 og unglingastigið 14:30.

Ekki er notast við stimpilklukku við skólann. Telur að það yrði lítill vandi fyrir skólann að innleiða stimpilklukku. Miðað er við að starfsmenn séu í skólanum til kl. 16:00 og kl.

15:00 á föstudögum. Þá standa eftir sex klukkustundir og 18 mínútur af vinnutíma kennara sem ætlað er kennurum til ráðstöfunar í ýmis verk.

Tafla 78: Fjöldi stöðugilda við Sunnulækjarskóla í nóvember 2018

	Stöðugildi
Stjórnendur	6,0
Kennarar	58,3
Þroskaþjálfar	2,0
Aðrir	<u>21,6</u>
Samtals	87,9
Sérdeild Suðurlands - Setrið	
Stjórnendur	1,0
Kennara	4,0
Þroskaþjálfar	5,5
Aðrir	<u>4,8</u>
Samtals	15,3
Frístundaheimilið Hólar	
Stjórnendur	1,25
Aðrir	<u>6,9</u>
Samtals	8,2
Samtals öll stöðugildi	111,4
Starfsmenn í fæðingaorlofi, veikindum og leyfi	12,8

Heimild: Skólastjóri.

Tafla 78 sýnir skiptingu stöðugilda við skólann eins og þau voru í nóvember 2018.

Sérdeild Suðurlands, Setrið Sunnulækjarskóla, er deild í Sunnulækjarskóla en sérstakur deildarstjóri ber ábyrgð á faglegu skólastarfi hennar.

Sérdeild Suðurlands starfar skv. 42. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og IV. kafla reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010 sbr. breytingu nr. 148/2015, á grundvelli þjónustusamnings milli Sveitarfélagsins Árborgar, Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

Hlutverk sérdeildar er að veita nemendum með sérþarfir á Suðurlandi, fjölbreytt nám í hvetjandi námsumhverfi sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu, í samvinnu við heimaskóla skv. 3., 4. og 8. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir nr. 585/2010, sbr. breytingu nr. 148/2015.

Áhersla er lögð á að nemendur geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu og verið félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu þar sem byggt er á styrkleikum þeirra.

Í 2. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 585/2010 sbr. breytingu nr. 148/2015 kemur fram að nemendur með sérþarfir teljast þeir sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992

með síðari breytingum, langveikir nemendur, nemendur með þroskaröskun, geðraskanir og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir.

Tafla 79: Fjöldi nemenda í Sunnulækjarskóla 2015 til 2017, laungjöld og annar kostnaður í þúsundum króna

				Breyting	
	2015	2016	2017	2015/2017	2016/2017
Fjöldi nemenda	601	617	662	61	45
Útgjöld:					
Laun	517.641	581.972	675.685	30,5%	16,1%
Vörukaup	45.481	50.429	58.315	28,2%	15,6%
Þjónustukaup án innri leigu	52.925	66.488	77.563	46,6%	16,7%
Annar kostnaður	844				
Samtals	616.891	698.889	811.563	31,6%	16,1%
Innri leiga	207.804	190.733	206.472		
Tekjur	-45.764	-45.847	-42.397		
Samtals rekstrarniðurstaða	778.931	843.775	975.638		
Á hvern nemanda:					
Laun	861	943	1.021		
Annar kostnaður	164	189	205		
Samtals	1.026	1.133	1.226		
Einstaki útgjaldaliðir:					
Fólksflutningar og skólaakstur	7.133	12.016	15.455	116,7%	28,6%
Starfsmannabílar	1.723	1.373	1.426	-17,2%	3,9%
Matur	23.209	23.978	26.716	15,1%	11,4%
Orka	7.343	8.758	10.857	47,9%	24,0%
Ræstingar	13.759	16.871	21.494	56,2%	27,4%

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 79 sýnir fjölda nemenda frá 2015 til 2017. Einnig sýnir taflan útgjöld og kostnað á hvern nemanda þessi ár. Útgjöldin eru sýnd á verðlagi hvers árs í þúsundum króna.

Nemendum fjölgað nokkuð á milli þessara ára. Fjölgað um 61 á milli árána 2015 og 2017, eða um 10%. Á milli árána 2016 og 2017 fjölgað nemendum um 45, eða 7%.

Útgjöld án innri leigu aukast nokkuð á milli árána 2015 og 2017, eða um 32%. Þau aukast um 16% á milli árána 2016 og 2017. Launaútgjöld aukast um sömu hlutföll og heildarútgjöld án innri leigu bæði tímabilin.

Að hluta til skýrist það vegna fjölgunar nemenda og að hluta vegna launahækkana kennara, stjórnenda og annarra starfsmanna.

Vakin er athygli á mikilli hækkun kostnaðar við fólksflutninga og ræstingar. Ræstingakostnaður var 13,7 milljónir króna árið 2015 en 21,5 milljónir króna árið 2017, eða hækkun sem nemur 56%.

Tafla 80: Áætluð breyting á reglulegum launum kennara og skólastjórnaða á tímabilinu 2015 til 2017

	2015	2016	2017
Félag grunnskólakennara	100	107,7	119,5
Skólastjórafélag Íslands	100	107,0	113,6

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 80 sýnir áætlaða breytingu á launum kennara og skólastjórnaða á árunum 2015

til 2017. Eins og þarna kemur fram hækkuðu laun kennara að meðaltali um 119,5% á milli árunna 2015 og 2017 og skólastjórnenda um 113,6%. Síðan hækkuðu laun kennara að meðaltali um 11% á milli árunna 2016 og 2017 og skólastjórnenda um 6,2%.

Tafla 81: Gjöld og tekjur og gjöld og tekjur á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2017 í þúsundum króna

	Akran.	Rvk.	Rvk.	Rvk.	Kóp.	Árborg	Mosfellsb.	Hfj.	Hfj.	Mosfellsb.	Kóp.
	Grunda- skóli	Árbæjar- skóli	Langholts- skóli	Selja- skóli	Álfhóls- skóli	Sunnulækjar- skóli	Lágafells- skóli	Viðistaða- skóli	Hraunvalla- skóli	Varmár- skóli	Hörðuvalla- skóli
Fjöldi nemenda	629	640	640	642	643	662	707	711	818	859	903
Laun og launatengd gjöld	647.869	640.244	745.930	701.671	917.602	675.685	655.983	708.635	848.886	846.448	941.893
Annar rekstrarkostnaður	121.953	104.234	93.037	95.058	129.092	135.878	134.033	124.020	110.323	199.506	136.011
Rekstrarkostnaður	769.821	744.479	838.967	796.729	1.046.694	811.563	790.015	832.655	959.210	1.045.954	1.077.904
Tekjur	69.727	55.801	59.732	51.054	69.307	42.397	65.260	38.512	32.939	101.004	95.251
Útgjöld og tekjur á hvern nemanda:											
Laun og tengd gjöld á nemanda	1.030	1.000	1.166	1.093	1.427	1.021	928	997	1.038	985	1.043
Annar rekstrark. á nemanda	194	163	145	148	201	205	190	174	135	232	151
Rekstrark. samtals á nemanda	1.224	1.163	1.311	1.241	1.628	1.226	1.117	1.171	1.173	1.218	1.194
Tekjur á hvern nemanda	111	87	93	80	108	64	92	54	40	118	105

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 81 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2017. Fimm stærri en Sunnulækjarskóli og fimm minni hvað nemendafjölda varðar. Innri leiga og kostnaður vegna skólaaksturs hefur verið dregið frá. Reynslan sýnir að það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með. Þess vegna er hún ekki reiknuð með hér. Jafnframt eru útgjöld vegna skólaaksturs ekki talin með öðrum rekstrarkostnaði. Gerður er fyrirvari um þennan samanburð því skólahald getur verið mismunandi í þessum skólum sem getur leitt til mismunar í útgjöldum. Engu að síður gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu.

Rekstrarútgjöld vegna Setursins hafa verið dregin frá útgjöldum vegna Sunnulækjarskóla.

Eins og taflan sýnir voru þrír skólar með lægri launagjöld í þessum samanburði en Sunnulækjarskóli. Hins vegar var einn skóli með hærri annan rekstrarkostnað en Sunnulækjarskóli. Þegar rekstrarkostnaður samtals án innri leigu er borinn saman voru fjórir skólar í þessum samanburði með lægri gjöld en Sunnulækjarskóli.

Þegar launagjöld á hvern nemanda eru skoðuð voru fjórir skólar með lægri launagjöld á hvern nemanda en Sunnulækjarskóli. Einn minni og þrír stærri. Hins vegar var einungis einn skóli með önnur rekstrargjöld á hvern nemanda hærri en Sunnulækjarskóli.

Þegar gjöldin eru tekin saman á hvern nemanda voru tveir skólar í þessum samanburði með hærri rekstrargjöld samtals án innri leigu á hvern nemanda en Sunnulækjarskóli.

Tafla 82: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2017

	Akran.	Rvk.	Rvk.	Rvk.	Kóp.	Árborg	Mosfellsb.	Hfj.	Hfj.	Mosfellsb.	Kóp.
	Grunda- skóli	Árbæjar- skóli	Langholts- skóli	Selja- skóli	Álfhóls- skóli	Sunnulækjar- skóli	Lágafells- skóli	Viðistaða- skóli	Hraunvalla- skóli	Varmár- skóli	Hörðuvalla- skóli
Fjöldi nemenda	629	640	640	642	643	662	707	711	818	859	903
Stöðugildi við kennslu	59,3	56,3	65,4	61,4	76,6	62,9	67,1	67,5	74,4	78,5	81,8
Stöðugildi annarra en kennara	21,8	29,9	28,0	25,4	42,8	21,7	37,9	21,1	33,3	40,1	43,2
Fjöldi stöðugilda samtals	81,1	86,2	93,2	86,7	119,2	84,6	105,0	88,6	107,7	118,6	124,8

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 82 sýnir stöðugildi í samanburðarskólum árið 2017. Um er að ræða skóla með 629 nemendur upp í 903. Stöðugildi Sunnulækjarskóla hafa verið leiðrétt vegna Setursins.

Eins og þarna kemur fram er mikill munur á fjölda stöðugilda hjá þessum skólum.

Fjórir skólar voru með færri stöðugildi kennara en Sunnulækjarskóli í þessum samanburði. Það eru allt skólar með færri nemendur en Sunnulækjarskóli. Einn skóli var með færri stöðugildi annarra starfsmanna en Sunnulækjarskóli.

Þegar stöðugildi samtals eru skoðuð voru fimm skólar með fleiri stöðugildi en Sunnulækjarskóli, þar af einn skóli með færri nemendur. Sömuleiðis var einn skóli með færri stöðugildi samtals en Sunnulækjarskóli.

Tafla 83: Fjöldi nemenda á hvert stöðugild í samanburðarskólum árið 2017

	Akran.	Rvk.	Rvk.	Rvk.	Kóp.	Árborg	Mosfellsb.	Hfj.	Hfj.	Mosfellsb.	Kóp.
	Grunda-skóli	Árbæjar-skóli	Langholts-skóli	Selja-skóli	Álfhóls-skóli	Sunnulækjar-skóli	Lágafells-skóli	Víðistaða-skóli	Hraunvalla-skóli	Varmár-skóli	Hörðuvalla-skóli
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi:											
Við kennslu	10,6	11,4	9,8	10,5	8,4	10,5	10,5	10,5	11,0	10,9	11,0
Annarra starfsmanna	28,9	21,4	22,9	25,3	15,0	30,5	18,7	33,7	24,6	21,4	20,9
Samtals	7,8	7,4	6,9	7,4	5,4	7,8	6,7	8,0	7,6	7,2	7,2

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 83 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum 11 árið 2017. Eins og taflan sýnir voru tveir skólar með færri nemendur á hvert stöðugildi kennara en Sunnulækjarskóli og þrír með jafnmarga nemendur. Einn skóli var með fleiri nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna en Sunnulækjarskóli. Sömuleiðis var einn skóli með fleiri nemendur á hvert stöðugildi samtals en Sunnulækjarskóli í þessum samanburði.

Tafla 84: Fjöldi nemenda og stöðugildi við Sunnulækjarskóla árin 2004 til 2017

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar / leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2004	153	12,0	7,7	19,7
2005	198	17,5	8,4	25,9
2006	253	22,7	12,4	35,0
2007	332	32,9	16,3	49,3
2008	402	41,3	24,6	65,9
2009	448	48,4	25,6	73,9
2010	472	50,5	24,5	74,9
2011	474	50,0	23,3	73,3
2012	498	48,9	25,0	74,0
2013	521	51,6	24,9	76,5
2014	566	57,2	24,9	82,2
2015	601	59,4	26,6	86,0
2016	617	64,7	29,9	94,6
2017	662	65,5	35,2	100,7
Breyting 2010/2017	190	15,0	10,7	25,8
2011/2017	188	15,5	11,9	27,4

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 84 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda kennara og annarra starfsmanna við

Sunnulækjarskóla á árunum 2004 til 2017. Taflan hefur ekki verið leiðrétt vegna starfsmanna Setursins.

Eins og taflan sýnir fjölgar nemendum nokkuð við skólann. Á tímabilinu 2010 til 2017 fjölgar nemendum við skólann um 190. Á sama tíma fjölgar stöðugildum kennara um 15 og annarra starfsmanna um 10,7, eða fjölgun stöðugilda samtals um 25,8.

Tafla 85: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi við Sunnulækjarskóla árin 2002 til 2017

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar / leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi samtals
2004	153	12,8	19,9	7,8
2005	198	11,3	23,6	7,6
2006	253	11,2	20,5	7,2
2007	332	10,1	20,3	6,7
2008	402	9,7	16,3	6,1
2009	448	9,3	17,5	6,1
2010	472	9,4	19,3	6,3
2011	474	9,5	20,3	6,5
2012	498	10,2	19,9	6,7
2013	521	10,1	20,9	6,8
2014	566	9,9	22,7	6,9
2015	601	10,1	22,6	7,0
2016	617	9,5	20,6	6,5
2017	662	10,1	18,8	6,6
Breyting				
2010/2017	190	0,8	-0,5	0,3
2011/2017	188	0,6	-1,5	0,1

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 85 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Sunnulækjarskóla frá árinu 2004 til 2017. Eins og taflan sýnir fækkaði nemendum á hvert stöðugild kennara frá árinu 2004 til ársins 2009. Hins vegar má segja að frá þeim tíma hafitekst nokkuð vel að halda í fjölda nemenda á hvert stöðugildi kennara. Árið 2010 voru 9,4 nemendur á hvert stöðugildi kennara en árið 2017 voru þeir orðnir 10,1, eða fjölgun um 0,8.

Nemendum á hvert stöðugildi annarra starfsmanna hefur ýmist verið að fækka eða fjölga á milli ára allt tímabilið. Árið 2010 voru 19,3 nemendur á hvert stöðugildi en voru 18,8 árið 2017, eða fækkun um 0,5 nemendur.

Þegar fjöldi nemenda á stöðugildi samtals er skoðað voru nemendur fæstir á hvert stöðugildi um miðbik tímabilsins. Síðan fjölgaði þeim en hefur svo verið að fækka aftur í lok tímabilsins. Það voru 6,3 nemendur á hvert stöðugildi við skólann árið 2010 en 6,6 árið 2017, eða fjölgun um 0,3 nemendur.

Tafla 86: Skipting á launagiöldum starfsmanna við Sunnulækjarskóla árin 2015 til og með 2017

	2015	2016	2017	Breyting	
				2015/2017	2016/2017
Mánaðarlaun almenn	356.132.155	402.995.675	459.796.496	29,1%	14,1%
Yfirvinna almenn	30.445.476	26.561.611	33.840.130	11,1%	27,4%
Afleysingar kennarar og annað fagfólk í skólum	914.611	1.035.312	552.967	-39,5%	-46,6%
Veikindalaun almenn	21.948.908	29.947.680	46.252.014	110,7%	54,4%
Fatapeningar	75.032	72.678	98.783	31,7%	35,9%
Áfallið orlof, breyting	4.130.006	4.954.130	1.710.014	-58,6%	-65,5%
Tryggingagjald	34.840.760	37.232.831	41.996.072	20,5%	12,8%
Lífeyrissjóður, mótframlag	47.161.709	54.185.165	62.004.334	31,5%	14,4%
Félagsgjöld	15.050.974	17.015.973	19.758.350	31,3%	16,1%
Viðbótarframlag í lífeyrissjóð	6.763.561	7.657.501	9.225.451	36,4%	20,5%
Kaffistofa starfsfólks	139.310	270.520	350.118	151,3%	29,4%
Annar starfsmannakostn./vottorð oph.	38.000	43.280	100.129	163,5%	131,4%
Launagiöld samtals	517.640.502	581.972.356	675.684.858	30,5%	16,1%
Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	8,5%	6,6%	7,4%		
Veikindalaun sem hlutfall af mánaðarlaunum	6%	7%	10%		

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 86 sýnir skiptingu launagjalda hjá Sunnulækjarskóla árin 2015 og 2017.

Launagiöld hækkuðu um 16,1% á milli áranna 2016 og 2017. Yfirvinna sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum var 7,4% árið 2017. Veikindalaun sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum voru 10% árið 2017 og hafa farið hækkandi síðustu ár. Voru sem hlutfall af mánaðarlaunum árið 2015 6%.

Tafla 87: Fjöldi bekkjardeilda og nemenda að meðaltali í hverri bekkjardeild og hverjum árgangi í Sunnulækjarskóla skólaárið 2018/2019 (staða í nóvember 2018)

	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur	8. bekkur	9. bekkur	10. bekkur	Samtals
Fjöldi nemenda	67	81	63	79	80	72	74	75	53	66	710
Fjöldi bekkja	4	4	3	4	4	3	3	3	2	3	33
Meðaltal í bekkjardeild	17	20	21	20	20	24	25	25	27	22	22

Heimild: Skólastjóri Sunnulækjarskóla

Tafla 87 sýnir fjölda bekkjardeilda í hverjum árgangi og hvað margir nemendur eru að meðaltali í hverjum bekk í Sunnulækjarskóla skólaárið 2018/2019.

Engar sérstakar reglur gilda um fjölda nemenda í bekkjardeildum. Reynsla skýrsluhöfundar er að það hafi almennt verið sett nokkuð í hendur skólastjórnenda hvernig nemendum er raðað í bekkjardeildir og þá hvað mörgum. Þó hafa sum sveitarfélög fylgt ákveðnum reglum þar um. Reynslan hefur sýnt að skólastjórnendur almennt hafa haft færri nemendur í hverjum bekk í yngri bekkjardeildunum en þeim eldri. T.d. hefur skýrsluhöfundur heyrt því haldið fram að um 20 nemendur að hámarki eigi að vera í fyrsta og öðrum bekk. Síðan 25 nemendur að hámarki í þriðja til sjöunda bekk og svo 27 nemendur að hámarki í áttunda til 10. bekk. Lögð er áhersla á að þetta er engin regla.

Eins og taflan sýnir eru að meðaltali 22 nemendur í hverjum bekk skólaárið 2018/2019 í Sunnulækjarskóla.

Við skólann eru skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og þrír deildastjórar, yngsta stig, miðstig, og efsta stig. Síðan er deildastjóri sérkennslu í 80% stöðugildi. Samtals 5,80 stöðugildi stjórnenda.

Við skólann er skólaritari í 100% starfi. Vinnutími hans er frá kl. 7:30 til 15:00. Skólaritar er alltaf við á annatíma skólans. Skólaritari fær greitt fyrir fasta yfirvinnu 11 klst. á mánuði. Hann mætir til starfa á haustin í byrjun ágúst og er fram til 17. júní á vorin. Hefur frí um jól og páska eins og stjórnendur hafa.

Umjónarmaður fasteigna heyrir undir skólastjóra. Er með fasta yfirtíð. Fær ekki greidda yfirtíð umfram fasta yfirtíð að sögn skólastjóra. Hann mætir kl. 7:00 og er til kl. 16:00 á virkum dögum. Hann er vel inni í öllum málum sem snúa að húsnæðinu og gætir þess að farið sé vel með allar eigur skólans að sögn skólastjóra.

Skólastjóri hefur veitt því athygli að kostnaður við ræstingar hefur verið að hækka nokkuð að undanförmu en þær eru unnar í verktöku. Ræst er eftir að skóla lýkur á daginn. Jafnframt er ræst á daginn ef svæði eru laus.

Húsumsjónarmaður hefur eftirlit með ræstingum. Ef kennari er ósáttur með ræstingu hefur hann samband við húsumsjónarmann. Hann er með yfirlit yfir hvernig svæðin eru ræst og fylgist náið með því. Almennu eru ræstingar í lagi en alltaf er um einhverjar kvartanir.

Fram kom í máli skólastjóra að hann telur að verið sé að greiða í sumum tilfella fyrir ræstingu sem ekki fari fram. Bendir á að það eigi að þrifa gler á sumrin sem hann hefur ekki orðið var við að hafi verið gert. Það á að þrifa útihurðir og gler reglulega tvisvar í mánuði, sem hann hefur ekki orðið var við að gert væri. Yfir sumarmánuðina á að fara fram frekari ræsting á húsnæði skólans. Reynslan hefur verið að það hefur ekki unnist tími til að ræsta vegna þess að það er verið að nota húsnæðið allt sumarið. Spurning hvort ekki mætti notast við Sunnulækjaskóla í eina til tvær vikur til að hægt sé að ræsta húsnæðið Vallaskóla á þeim tíma?

Á sumrin er mikil starfsemi innan skólans. Vegna þess hefur ekki gefist tími til að ræsta á sumrin. Þrátt fyrir það er greitt fyrir þá þjónustu að sögn skólastjóra.

Frístund þar er forstöðumaður sem hefur yfirumsjón með henni. Skráð er nákvæmlega hvenær börn eru sótt og hver sækir. Var áður handskráð en eru núna komin með skráningakerfi sem notast er við í leikskólum og nefnist Vala.

Starfsmannafjöldi í frístund er ákveðinn út frá barngildum. Gert er ráð fyrir 16 nemendum úr þriðja og fjórða bekk á hvern starfsmann og 13 nemendum úr fyrsta og öðrum bekk. Heildarfjöldi barna er 129. 50 nemendur úr 1. bekk, 46 nemendur úr 2. bekk, 30 nemendur úr 3. bekk og 3 nemendur úr 4. bekk.

Beiðni liggur fyrir um að fá aðstoðarmann í frístund eins og er í Sunnulækjarskóla.

Frístundin er opin frá kl. 13:00 til kl. 16:30. Starfsmennirnir eru á dreifðum ráðningakjörum hvað vinnutíma varðar, þ.e. vinna hlutfallegra lengur en starfshlutfallið segir til um yfir vetramánuðina vegna lengri fría en samningar segja til um.

Við skólann starfa stuðningsfulltrúar eitt og tvö. Stuðningsfulltrúi eitt er með stúdentspróf eða hefur tekið námskeið stuðningsfulltrúa, Brú, og stuðningsfulltrúar tvö eru almennir starfsmenn. Stuðningsfulltrúi eitt og tvö eru ekki með sömu laun.

Tölvuþjónusta sveitarfélagsins þjónar skólanum varðandi tölvumál og símkerfi.

Hver kennari er með sína borðtölvu. Hafa verið að kaupa fartölvur. Í skólanum eru 30 kennslustofur og í hverri stofu er ein borðtölva, eða 30 tölvur. Kennarar við skólann eru 60. Í skólanum eru 41 borðtölvur til afnota fyrir kennara.

Hver nemandi er með spjalddölvu. Notast er minna við spjalddölvur við kennslu í fyrsta bekk en síðan meira eftir það. Forráðamenn kosta spjalddölvurnar samkvæmt BOD stefnu en skólinn útvegar tæki ef þess er óskað. Forráðamönnum stendur til boða að kaupa tæki með milligöngu sveitarfélagsins á 50.992 kr.

Öllum nemendum fyrsta til 10. bekkjar standa spjalddölvur til boða. Eru með spjalddölvur á unglingastigi, miðstigi og yngsta stigi.

Á unglingastigi eru allir nemendur með spjalddölvu sem skólinn leggur til en nemendur geta keypt spjalddölvu samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um sbr. hér að framan. Á miðstigi hafa nemendur heimild til að koma með tæki ef þeir eiga. Ef er verið að vinna sérverkefni með spjalddölvu eru bekkjarsett, sem skólinn á. 80% nemenda á miðstigi eru með spjalddölvur sem þeir eiga sjálfir. Nemendur unglingastigs sem fá spjalddölvu frá skólanum skrifa undir samning þar sem fram kemur m.a. að þeir beri ábyrgð á tækinu ef það bilar af þeirra völdum.

Þeir kennarar sem hafa verið drifkrafturinn í spjalddölvumálum skólans hafa fengið greitt fyrir sérstaka tölvutíma. Það hefur verið beðið um að einn aðili hafi yfirumsjón með spjalddölvumálum skólans.

Við skólann í dag eru 92 nemendur með annað eða bæði foreldri sem tala annað tungumál en íslensku. Við skólann eru starfandi tveir pólskukennarar sem kenna pólsku. Auk þess eru kennd þrjú önnur tungumál við skólann.

Skólinn er í góðu samstarfi við Setrið við Sunnulækjarskóla. Nemendur sem tilheyra Vallaskóla eru þar t.d. í tvo daga og þá þrjá hér í Vallaskóla. Gott aðgengi er fyrir fatlaða í húsnæði skólans. Skólinn veitir stöðþjónustu.

Vegna nemenda sem þurfa frekari aðstoð eru starfandi við skólann sérkennarar og tveir þroskaþjálfar. Stuðningsfulltrúar eru í öllum bekkjardeildum. Stuðningsfulltrúi er í hverjum bekk í fyrsta til sjöunda bekk. Svo eru tveir stuðningsfulltrúar í hverjum bekk á unglingastigi.

Varðandi skráningu í mat þá er notast við kerfi í gegnum one. Þegar nemandi fær mat slær hann inn númer í tölvukerfi og þá birtist mynd af honum í gegnum „matráðinn“. Tölvudeildin er að vinna að nýju kerfi.

Vegna matar nemenda borga forráðamenn mánaðarlega fyrir hvern mánuð. Greitt er fast mánaðargjald Ekki hægt að kaupa staka máltíð. Hins vegar er hægt að kaupa mat fyrir tiltekna daga. Máltíð kostar 372 kr. á dag, mjólk 38 kr. á dag og ávextir 87 kr. á dag.

Í eldhúsi eru fjögur stöðugildi.

Það er engum neitað um mat. Ef nemandi er ekki í mat er athugað af hverju. Sé það af félagslegum ástæðum fær nemandinn mat á kostnað skólans. Slíkt er í undantekningartilfellum.

Sé um vanskil að ræða vegna matarkaupa kemur skólinn ekki að þeim málum. Öll slík innheimta fer fram í Ráðhúsinu. Skólastjóri hefur ekki upplýsingar um hvernig gengið er eftir kröfum sem eru í vanskilum.

Varðandi nemendur sem hafa verið við skólann sem flóttamenn telur skólastjóri að skólinn hafi fengið greiðslur.

Yfirvinna kennara. Ef kennari forfallast og annar kennari kemur í staðinn fær viðkomandi kennari greitt í yfirvinnu samkvæmt kjarasamningi. Síðan er greidd yfirvinna vegna foreldrasamstarfs og þegar eru foreldraskvöld. Kennsluyfirvinna er fyrst og fremst vegna forfalla kennara.

Kennari fær greitt álag sem samsvarar hálfri klukkustund ef hann kennir tveimur bekkjum vegna forfalla kennara.

Ekki er þjónusta á kennarastofu. Sami matur er fyrir nemendur og kennarar. Kennarar greiða það sama fyrir mat og nemendur.

Fjárhagsáætlun er áætlun sem gerð er fyrir næsta ár og byggir aðallega á gögnum síðasta árs að sögn skólastjóra. Skólastjóri reynir að hafa hana eins nákvæma og mögulegt er. Skólastjóri gerir áætlun fyrir skólann.

Stuðningsfulltrúar fá greidda ákveðna upphæð vegna fatnaðar samkvæmt samningi. Þeim er jafnframt lagður til útifatnaður.

Húsvörður kaupir hreinlætisvörur. Samkvæmt samningi við Daga, ræstingafyrirtækið, leggur ræstingafyrirtækið til ræstingavörur ásamt sápu og klósettappír.

Við uppáskrift reikninga er notast við sérstakt excel skjal þar sem aðstoðarskólastjóri hefur ákveðinn aðgang, forstöðumaður frístundar og matráður. Síðan hefur skólastjóri fullan aðgang að öllum skjölunum.

Aðstoðarskólastjóri færir alla reikninga inn í excel og hefur yfirsýn yfir reikninga. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, forstöðumaður frístundar og yfirmatráður samþykkja reikninga. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri hafa aðgang að þessu excel skjali.

Húsumsjónarmaður fylgist náið með rafmagns- og hitanotkun. Hann skráir niður notkunina reglulega og fylgist með ef eitthvað óreglulegt gerist í notkun og er snöggur að bregðast við. Hann fylgist náið með hitastiginu í skólanum.

Tafla 88: Fjöldi nemenda í Vallaskóla 2015 til 2017, laungjöld og annar kostnaður í þúsundum króna

	Breyting				
	2015	2016	2017	2015/2017	2016/2017
Fjöldi nemenda	520	533	575	55	42
Útgjöld:					
Laun	520.532	557.886	639.984	22,9%	14,7%
Vörukaup	49.632	44.545	47.197	-4,9%	6,0%
Þjónustukaup án innri leigu	52.335	55.005	64.335	22,9%	17,0%
Annar kostnaður	582	305	151		
Samtals	623.081	657.741	751.667	20,6%	14,3%
Innri leiga	131.062	145.150	148.199		
Tekjur	-36.760	-51.225	-53.120		
Samtals rekstrarmiðurstæða	717.383	751.666	846.746		
Á hvern nemanda:					
Laun	1.001	1.047	1.113		
Annar kostnaður	196	187	194		
Samtals	1.198	1.234	1.307		
Einstaki útgjaldaliðir:					
Fólksflutningar og skólaakstur	1.250	1.853	1.960	56,8%	5,8%
Starfsmannabílar	1.387	1.259	1.624	17,1%	29,0%
Matur	25.472	27.492	24.933	-2,1%	-9,3%
Orka	7.443	6.762	7.223	-3,0%	6,8%
Ræstingar	11.317	14.046	17.518	54,8%	24,7%
Hreinlætisvörur	1.542	883	762	-50,6%	-13,7%

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 88 sýnir fjölda nemenda frá 2015 til 2017. Einnig sýnir taflan útgjöld og kostnað á hvern nemanda þessi ár. Útgjöldin eru sýnd á verðlagi hvers árs í þúsundum króna.

Nemendum fjölga nokkuð á milli þessara ára. Fjölga um 55 á milli árunna 2015 og 2017, eða um 11%. Á milli árunna 2016 og 2017 fjölga nemendum um 42, eða 8%.

Útgjöld án innri leigu aukast nokkuð á milli árunna, eða um 21% á milli árunna 2015 og 2017. Þau aukast um 14% á milli árunna 2016 og 2017. Launaútgjöld aukast um 23% og 15% á milli sömu tímabila.

Að hluta til skýrist það af fjölgun nemenda og er að hluta vegna launahækkana kennara, stjórnenda og annarra starfsmanna.

Það vekur athygli að kostnaður vegna matarinnkaupa fer lækkandi á tímabilinu. Hann hækkar á milli árunna 2015 og 2016. En lækkar síðan á milli árunna 2016 og 2017. Kostnaðurinn var lægri árið 2017 en hann var árin 2015 og 2016 hvort ár. Orkukaupin lækka einnig, svo og kostnaður vegna hreinlætisvara.

Hins vegar hækkar kostnaður vegna ræstingar nokkuð á milli árunna. Hækkar um 55% á milli árunna 2015 og 2017.

Tafla 89: Gjöld og tekjur og gjöld og tekjur á hvern nemanda í samanburðarskólum árið 2017 í þúsundum króna

	Rvk.	Rvk.	Gbr.	Kóp.	Kóp.	Árborg	Kóp.	Rvk.	Rvk.	Akranes	Rvk.
	Háaleitis- skóli	Haga- skóli	Hofsstaða- skóli	Kársnes- skóli	Sala- skóli	Valla- skóli	Vatnsenda- skóli	Norðlinga- skóli	Mela- skóli	Grunda- skóli	Árbæjar- skóli
Fjöldi nemenda	543	548	556	571	571	575	591	594	628	629	640
Laun og launatengd gjöld samtals	669.881	525.047	524.083	641.007	663.542	639.984	583.407	656.831	666.574	647.869	640.244
Annar rekstrarkostnaður	103.450	94.313	92.472	84.555	91.325	150.523	104.489	99.008	92.410	121.953	104.234
Rekstrarkostnaður	773.331	619.360	616.555	725.562	754.867	790.508	687.896	755.839	758.985	769.821	744.479
Tekjur	43.800	51.673	9.087	64.433	67.979	49.988	54.686	49.729	57.906	69.727	55.801
Útgjöld og tekjur á hvern nemanda:											
Laun og tengd gjöld á nemanda	1.234	958	943	1.123	1.162	1.113	987	1.106	1.061	1.030	1.000
Annar rekstrark. á nemanda	191	172	166	148	160	262	177	167	147	194	163
Rekstrarkostnaður samtals	1.424	1.130	1.109	1.271	1.322	1.375	1.164	1.272	1.209	1.224	1.163
Tekjur á hvern nemanda	81	94	16	113	119	87	93	84	92	111	87

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 89 sýnir samanburð á rekstrarkostnaði samtals og á hvern nemanda í 11 samanburðarskólum árið 2017. Fimm stærri en Vallaskóli og fimm minni hvað nemendafjöldi varðar. Innri leiga hefur verið dregin frá. Reynslan sýnir að það er mjög mismunandi hvernig sveitarfélög reikna innri leigu, sem hefur leitt til þess að ekki fæst rétt mynd af samanburðinum ef innri leiga er tekin með. Þess vegna er hún ekki reiknuð með hér. Gerður er fyrirvari um þennan samanburð því skólahald getur verið mismunandi í þessum skólum sem getur leitt til mismunar í útgjöldum. Engu að síður gefur samanburðurinn ákveðna vísbendingu.

Eins og taflan sýnir voru þrír skólar með lægri launagjöld í þessum samanburði en Vallaskóli. Hins vegar var enginn skóli í samanburðinum með hærri önnur rekstrargjöld og rekstrarkostnað samtals en Vallaskóli.

Þegar launagjöld á hvern nemanda eru skoðuð voru þrír skólar með hærri launagjöld í þessum samanburði en Vallaskóli. Hins vegar var enginn af þessum skólum með önnur rekstrargjöld á hvern nemanda hærri en Vallaskóli.

Þegar gjöldin eru tekin saman á hvern nemanda var einn skóli í þessum samanburði með hærri rekstrargjöld samtals á hvern nemanda en Vallaskóli.

Tafla 90: Fjöldi stöðugilda í samanburðarskólum 2017

	Rvk.	Rvk.	Gbr.	Kóp.	Kóp.	Árborg	Kóp.	Rvk.	Rvk.	Akranes	Rvk.
	Háaleitis- skóli	Haga- skóli	Hofsstaða- skóli	Kársnes- skóli	Sala- skóli	Valla- skóli	Vatnsenda- skóli	Norðlinga- skóli	Mela- skóli	Grunda- skóli	Árbæjar- skóli
Fjöldi nemenda	543	548	556	571	571	575	591	594	628	629	640
Stöðugildi við kennslu	54,4	35,4	42,7	50,2	54,8	55,9	53,0	55,3	56,8	59,3	56,3
Stöðugildi annarra en kennara	28,0	21,0	27,0	21,5	9,4	29,0	17,2	33,8	14,0	21,8	29,9
Fjöldi stöðugilda samtals	82,3	56,4	69,7	71,7	64,1	84,9	70,2	89,0	70,6	81,1	86,2

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 90 sýnir stöðugildi í samanburðarskólum árið 2017. Um er að ræða skóla með 543 nemendur upp í 640.

Þrír skólar voru með fleiri stöðugildi kennara en Vallaskóli í þessum samanburði. Það eru allt skólar með fleiri nemendur en Vallaskóli. Tveir skólar voru með fleiri stöðugildi annarra starfsmanna en Vallaskóli.

Þegar stöðugildi samtals eru skoðuð voru tveir skólar með fleiri stöðugildi en Vallaskóli.

Tafla 91: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í samanburðarskólum árið 2017

	Rvk.	Rvk.	Gbr.	Kóp.	Kóp.	Árborg	Kóp.	Rvk.	Rvk.	Akranes	Rvk.
	Háaleitis- skóli	Haga- skóli	Hofsstaða- skóli	Kársnes- skóli	Sala- skóli	Valla- skóli	Vatnsenda- skóli	Norðlinga- skóli	Mela- skóli	Grunda- skóli	Árbæjar- skóli
Fjöldi nemenda	543	548	556	571	571	575	591	594	628	629	640
Fjöldi nem. á hvert stöðugildi við kennslu	10,0	15,5	13,0	11,4	10,4	10,3	11,2	10,7	11,1	10,6	11,4
Fjöld nem. á hvert stöðugildi annarra	19,4	26,1	20,6	26,6	60,7	19,8	34,4	17,6	44,9	28,9	21,4
Fjöldu nemenda á hvert stöðugildi samtals	6,6	9,7	8,0	8,0	8,9	6,8	8,4	6,7	8,9	7,8	7,4

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 91 sýnir nemendafjölda á hvert stöðugildi í samanburðarskólunum 11 árið 2017. Eins og taflan sýnir var einn skóli með færri nemendur á hvert stöðugildi kennara en Vallaskóli í þessum samanburði. Tveir skólar voru með færri nemendur á hvert stöðugildi annarra starfsmanna. Tveir skólar voru með færri nemendur á hvert stöðugildi samtals en Vallaskóli í þessum samanburði.

Tafla 92: Fjöldi nemenda og stöðugildi við Vallaskóla árin 2002 til 2017

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar / leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2002	895	82,4	38,8	121,3
2003	914	83,5	47,1	130,5
2004	803	77,3	41,5	118,8
2005	786	84,8	38,6	123,4
2006	736	86,2	32,5	118,7
2007	713	74,5	35,6	110,1
2008	657	73,1	27,7	100,8
2009	618	63,4	27,2	90,6
2010	579	53,8	25,1	78,9
2011	542	56,7	19,9	76,6
2012	539	55,4	17,8	73,2
2013	525	51,2	27,2	78,4
2014	519	52,7	25,4	78,1
2015	520	54,1	25,9	80,1
2016	533	53,3	20,5	73,8
2017	575	55,9	29,0	84,9
Breyting 2010/2017	-4	2,1	3,9	6,0
2011/2017	33	-0,8	9,1	8,3

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 92 sýnir fjölda nemenda og stöðugildi kennara og annarra starfsmanna við Vallaskóla á árunum 2002 til 2017.

Eins og taflan sýnir fækkar nemendum nokkuð við skólann alveg fram til ársins 2014. Eftir það, eða þrjú s.l. ár, hefur nemendum við skólann verið að fjölga. Á tímabilinu 2010 til 2017 fækkar nemendum um fjóra. Á sama tíma fjölgar stöðugildum kennara um 2,1 og annarra starfsmanna um 3,9, eða fjölgun stöðugilda samtals um 6.

Hins vegar fjölgar nemendum á tímabilinu frá 2011 til 2017 um 33. Stöðugildum kennara

fækkar á sama tíma um 0,8 en stöðugildum annarra starfsmanna fjölga um 9,1.

Tafla 93: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi við Vallaskóla árin 2002 til 2017

Ár	Fjöldi nemenda	Kennarar / leiðbeinendur	Aðrir starfsmenn	Samtals
2002	895	10,9	23,1	7,4
2003	914	10,9	19,4	7,0
2004	803	10,4	19,3	6,8
2005	786	9,3	20,4	6,4
2006	736	8,5	22,6	6,2
2007	713	9,6	20,0	6,5
2008	657	9,0	23,7	6,5
2009	618	9,8	22,7	6,8
2010	579	10,8	23,0	7,3
2011	542	9,6	27,2	7,1
2012	539	9,7	30,3	7,4
2013	525	10,3	19,3	6,7
2014	519	9,9	20,4	6,6
2015	520	9,6	20,0	6,5
2016	533	10,0	26,0	7,2
2017	575	10,3	19,8	6,8
Breyting 2010/2017	-4	-0,5	-3,2	-0,6
2011/2017	33	0,7	-7,4	-0,3

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 93 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Vallaskóla frá árinu 2002 til 2017. Eins og taflan sýnir hefur nemendum á hvert stöðugild kennara verið ýmist að fjölga eða fækka á milli ára. Á milli áranna 2010 og 2017 fækkaði nemendum á hvert stöðugildi kennara um 0,5 en fjölgaði síðan á milli áranna 2011 og 2017 um 0,7.

Hins vegar hefur nemendum á hvert stöðugildi annarra starfsmanna verið frekar að fækka.

Pegar fjöldi nemenda á stöðugildi samtals er skoðaður þá fer nemendum fækkandi á hvert stöðugildi í skólanum.

Tafla 94: Skipting launagjalda starfsmanna við Vallaskóla árin 2015 til og með 2017

	2015	2016	2017	Breyting	
				2015/2017	2016/2017
Mánaðarlaun almenn	377.941.066	412.707.620	457.854.214	21,1%	10,9%
Yfirvinna almenn	20.992.938	16.034.777	27.581.714	31,4%	72,0%
Afleysingar kennarar og annað fagfólk í skólum	1.065.787	1.343.360	2.229.649	109,2%	66,0%
Veikindalaun almenn	11.794.262	11.800.112	24.331.957	106,3%	106,2%
Fatapeningar	72.590	48.382		-100,0%	-100,0%
Áfallið orlof, breyting	3.448.943	4.470.097	1.320.373	-61,7%	-70,5%
Tryggingagjald	35.003.450	35.686.902	39.762.333	13,6%	11,4%
Lífeyrissjóður, mótframlag	47.898.483	51.196.784	59.053.035	23,3%	15,3%
Félagsgjöld	15.625.859	16.704.610	19.051.223	21,9%	14,0%
Viðbótarframlag í lífeyrissjóð	6.183.481	7.152.707	7.797.007	26,1%	9,0%
Kaffistofa starfsfólks	471.176	733.857	970.467	106,0%	32,2%
Annar starfsmannakostn./vottorð oph.	34.063	6.800	32.411	-4,8%	376,6%
Launagjöld samtals	520.532.098	557.886.008	639.984.383	22,9%	14,7%
Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	5,6%	3,9%	6,0%		
Veikindalaun sem hlutfall af mánaðarlaunum	3%	3%	5%		

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 94 sýnir skiptingu launagjalda hjá Vallaskóla árin 2015 og 2017.

Launagjöld hækkuðu um 14,7% á milli áranna 2016 og 2017. Yfirvinna sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum var 6,0% árið 2017. Veikindalaun sem hlutfall af föstum mánaðarlaunum voru 6% árið 2017 og hækkuðu frá árinu á undan þegar þau voru 3,9%.

GRUNNSKÓLAR, SAMANTEKIÐ

Í þessu kafla eru samandregnar helstu niðurstöður varðandi rekstur grunnskóla í Sveitarfélaginu Árborg

Tafla 95: Rekstrargjöld og gjöld á hvert stöðugildi í þúsundum króna hjá grunnskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017

	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Vallaskóli	Sunnulækjarskóli	Samtals
Fjöldi nemenda	127	575	662	1.364
Laun og launatengdgjöld	288.563	639.984	675.685	1.604.232
Annar rekstrarkostnaður nettó	72.082	150.523	170.927	393.533
Rekstrarkostnaður samtals	360.645	790.508	846.612	1.997.765
Útgjöld á hvern nemanda:				
Laun og tengdgjöld á nemanda	2.272	1.113	1.021	1.176
Annar rekstrark. á nemanda	568	262	258	289
Rekstrarkostnaður samtals á nemanda	2.840	1.375	1.279	1.465

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og Sveitarfélagið Árborg

Tafla 95 sýnir samanburð á rekstrargjöldum og gjöldum á hvert stöðugildi í þúsundum króna hjá grunnskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017.

Það vekur athygli hversu há rekstrargjöld Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri er í samanburði við Vallaskóla. Nemendafjöldi í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri var 127 árið 2017 samanborið við 575 í Vallaskóla. Þannig voru nemendur um 22% af nemendafjölda Vallaskóla. Hins vegar voru launagjöld Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri um 45% af launagjöldum Vallaskóla, annar rekstrarkostnaður

um 48% og rekstrarkostnaður samtals 46% af rekstrarkostnaði samtals hjá Vallaskóla.

Launagjöld á hvern nemanda voru lægst hjá Sunnulækjarskóla, eða 1.021 þúsund krónur á hvern nemanda. Til samanburðar voru þau 2.272 þúsundir króna hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Mismuninum nemur 1.251 þúsund krónur á hvern nemanda.

Annar rekstrarkostnaður á hvern nemanda var einnig lægstur hjá Sunnulækjarskóla, eða 258 þúsund krónur á hvern nemanda. Samtals var rekstrarkostnaður á nemanda 1.279 þúsund krónur hjá Sunnlækjarskóla. Til samanburðar var þessi kostnaður 2.840 þúsund krónur hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, eða mismunur upp á 1.561 þúsund krónur á hvern nemanda. Miðað við 127 nemendur sem voru í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri 2017 gerir þetta samtals 198 milljónir króna.

Tafla 96: Fjöldi stöðugilda og fjöldi nemenda á hvert stöðugildi hjá grunnskólum í Sveitarfélaginu Árborg árið 2017

	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Vallaskóli	Sunnulækjarskóli	Samtals
Fjöldi nemenda	127	575	662	1.364
Stöðugildi:				
Stöðugildi við kennslu	22,7	55,9	62,9	141,5
Stöðugildi annarra en kennara	16,7	29,0	21,7	67,4
Stöðugilda samtals	39,4	84,9	84,6	208,9
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi:				
Fjöldi nem. á hvert stöðug. kennslu	5,6	10,3	10,5	9,6
Fjöld nem. á hvert stöðug. annarra	7,6	19,8	30,5	20,2
Fjöldu nemenda á hvert stöðug.	3,2	6,8	7,8	6,5

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

Tafla 96 sýnir fjölda stöðugilda og fjölda nemenda á hvert stöðugildi hjá grunnskólum í Sveitarfélaginu Árborg árið 2017.

Stöðugildi í grunnskólum sveitarfélagsins vekja athygli og spurningar þegar fjöldinn er borinn saman. Þannig eru 39,4 stöðugildi samtals í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, þar sem nemendur voru 127 árið 2017. Til samanburðar voru 84,6 stöðugildi samtals hjá Sunnulækjarskóla, þar sem nemendur voru 662. Nemendur Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri var 19% af fjölda nemenda við Sunnulækjarskóla en stöðugildin samtals 47% sem hlutfall af stöðugildum við Sunnulækjarskóla.

Einnig vekur athygli að stöðugilda fjöldi samtals við Vallaskóla, þar sem voru 575 nemendur, var nánast sá sami og hjá Sunnulækjarskóla, þar sem nemendur voru 662.

Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi við kennslu var 5,6 hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, 10,3 nemendur hjá Vallaskóla og 10,5 hjá Sunnulækjarskóla.

Nokkur munur var á fjölda nemenda á hvert stöðugildi annarra starfsmanna en við kennslu á milli skólanna. Þannig voru 7,6 nemendur á hvert stöðugildi hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, 19,8 hjá Vallaskóla og 30,5 hjá Sunnulækjarskóla. Munurinn á milli Vallaskóla og Sunnulækjarskóla liggur líklega í fjölda stuðningsfulltrúa, þar sem stuðningsfulltrúar eru í hverri bekkjardeild.

Þegar fjöldi nemenda á hvert stöðugildi samtals er skoðaður í skólunum kemur Sunnulækjarskóli best út, eða með 7,8 nemendur. Samanborið við 3,2 nemendur í

Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri og 6,8 nemendur við Vallaskóla.

Tafla 97: Kostnaður vegna launagjalda og matarkaupa hjá grunnskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017 í þúsund krónum

	Grunnskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Sunnulækjarskóli	Vallaskóli	Samtals
Fjöldi nemenda	127	662	575	1.364
Fjöldi starfsmanna	39	101	85	225
Áætlaður fjöldi í mat:				
80% af fjölda nemenda ¹⁾	112	530	460	1.101
50% af starfsmönnum ²⁾	25	50	42	118
Laun	6.751.645	30.738.394	21.071.336	58.561.375
Matur	7.533.349	26.716.148	24.933.346	59.182.843
	14.284.994	57.454.542	46.004.682	117.744.218
Kostnaður á hvern nemanda	112.480	86.789	80.008	86.323
Kostnaður á hvern áætlaðan í mat	104.589	99.068	91.561	96.592
Áætlaður kostnaður á máltíð miðað við að matast sé í 172 daga	608	576	532	562
1) Samkvæmt upplýsingum frá skólunum virðast fleiri nemendur kaupa mat hjá Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri en hjá hinum skólunum. Gert er ráð fyrir að 88% þar.				
2) Á sama hátt virðast fleiri starfsmenn kaupa mat við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri. Gert er ráð fyrir að 63% þar.				

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 97 sýnir launagjöld starfsmanna í eldhúsum grunnskóla Sveitarfélagsins Árborgar og matarinnkaup árið 2017. Í töflunni er gerð áætlun um fjölda þeirra sem kaupa mat út frá upplýsingum frá skólunum. Út frá því er áætlaður kostnaður við hvern matarskammt. Hafa ber í huga að hér er einungis tekinn kostnaður vegna launagjalda og matarkaupa. Aðrir kostnaðarliðir sem falla til eru hér ekki meðtaldir.

Áætlaður kostnaður við hverja máltíð er nokkuð svipaður hjá Sunnulækjarskóla og Vallaskóla en hærri hjá Grunnskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, sem skýrist væntanlega að hluta af því að maturinn er borinn fram á tveimur stöðum.

Tafla 98: Áætlaður kostnaður vegna launagjalda og matarkaupa við hvern matarskammt miðað við allt árið 2017

	Grunnskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Sunnulækjarskóli	Vallaskóli	Samtals
Launakostnaður á hvern sem áætlaður er í mat	49.433	53.002	41.937	48.041
Matakostnaður á hvern sem áætlaður er í mat	55.156	46.066	49.624	48.551
Samtals	104.589	99.068	91.561	96.592

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 98 sýnir áætlaðan kostnað vegna launagjalda og matarkaupa við gerð hvers matarskammts miðað við allt árið 2017.

Kostnaðurinn við hverja máltíð var áþekkur við Sunnulækjarskóla og Vallarskóla. Hins vegar var kostnaður vegna launa nokkru hærri í Sunnulækjarskóla en Vallaskóla og þá matarkaup lægri í Sunnulækjarskóla.

Tafla 99: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi, föst mánaðarlaun, veikindalaun og yfirvinnulaun hjá grunnskólum Sveitarfélagsins Árborgar árið 2017

	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Sunnulækjarskóli	Vallaskóli	Samtals
Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi	3,2	7,8	6,8	6,5
Föst mánaðarlaun	197.096	459.796	457.854	1.114.746
Veikindalaun	18.925	46.252	24.332	89.509
Yfirvinna	15.215	33.840	27.582	76.637
Veikindalaun sem hlutfall af mánaðarlaunum	9,6%	10,1%	5,3%	8,0%
Yfirvinna sem hlutfall af mánaðarlaunum	7,7%	7,4%	6,0%	6,9%

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 99 sýnir fjölda nemenda, föst mánaðarlaun, veikindalaun og yfirvinnu hjá grunnskólum sveitarfélagsins árið 2017.

Eins og taflan sýnir voru laun vegna veikinda nokkuð hár kostnaður hjá tveimur af grunnskólum sveitarfélagsins árið 2017, eða um 10%. Hins vegar var hlutfallið hjá Vallaskóla 5,3%.

Samtals voru veikindalaun án launatengdra gjalda 89,5 milljónir króna árið 2017. Með launatengdum gjöldum áætlast þessi kostnaður samtals um 111 milljónir króna.

Tafla 100: Fjöldi stöðugilda stjórnenda og fagfólks annarra en kennara


	Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri	Sunnulækjarskóli	Vallaskóli
Skólastjóri	1	1	1
Aðstoðarskólastjóri	1	1	1
Deildarstjórar	2 ¹⁾	3,5	3,8
Proskapjálfar	2	2	2
Samtals	6	7,5	7,8

1) Hafa jafnframt kennsluskyldu.

MENNINGAR- OG FRÍSTUNDASVIÐ

Yfirmaður sviðsins er menningar- og frístundafulltrúi. Að sögn menningar- og frístundafulltrúa hefur sviðið starfað frá haustinu 2011. Skipan þess var ekki sérstaklega samþykkt í bæjarstjórn að hans sögn.

Mynd 19: Skipurit fyrir menningar- og frístundasvið



Menningar- og frístundasvið heldur utan um þá málaflokka sem tengjast íþrótt-, æskulýðs-, forvarna-, tómstunda-, atvinnu-, safna- og menningarmálum í Sveitarfélaginu Árborg. Á sviðinu starfa að jafnaði um 59 starfsmenn allt árið en yfir sumarið eykst starfsmannafjöldi upp í rúmlega 300 þegar vinnuskólinn tekur til starfa. Íþrótt- og menningarnefnd fer með málefni sviðsins en starfsmaður nefndarinnar er menningar- og frístundafulltrúi sem einnig fer með forstöðu sviðsins.

Málaflokkar sem falla undir sviðið eru skráðir í bókhaldi undir liðnum 05, menningarmál, 06, æskulýðs- og íþróttamál, 02-320, forvarnaáætlun, 13-610, upplýsingamiðstöð ferðamála, og 13-620, tjaldsvæði. Auk framanritaðs hafa auglýsinga- og markaðsmál heyrt undir sviðið.

Á undanförunum árum hefur sveitarfélagið komið að ýmsum hátíðum, þar sem sveitarfélagið hefur alfarið séð um viðkomandi hátíðir og aðrar með aðild sveitarfélagsins. Menningar- og frístundasvið hefur annast þessi hátíðarhöld fyrir hönd sveitarfélagsins.

Hátíðir sem sveitarfélagið hefur alfarið séð um, þ.e. skipulag, kostnað og framkvæmd, eru eftirfarandi:

- ✓ Vor í Árborg
- ✓ Menningarmánuðurinn Október
- ✓ Jól í Árborg (fyrir utan jólasveinakomu og þrettándagleði)

Hátíðir sem sveitarfélagið semur við framkvæmda aðila um en kemur að með ýmsum hætti og kostar að hluta eru eftirfarandi:

- ✓ Sumardagurinn fyrsti
- ✓ Sjómannadagurinn
- ✓ Kótelettan
- ✓ 17. júní hátíðarhöld
- ✓ Bryggjuhátíð á Stokkseyri
- ✓ Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka
- ✓ Sumar á Selfossi
- ✓ Delludagar
- ✓ Koma jólasveinanna og þrettándagleði

Í sveitarfélaginu eru 18 leikvællir á opnum svæðum með rekstarleyfi. Leikvællirnir heyra undir menningar- og frístundasvið.

Ungmennafélag Selfoss rekur Íþrótt- og tómstundaskóla Árborgar, sem eru sumarnámskeið fyrir börn á aldrinum fimm til 10 ár. Sveitarfélagið hefur veitt styrki til rekstursins. Menningar- og frístundasvið hefur annast öll samskipti við skólann fyrir hönd sveitarfélagsins.

Á undanförnum sumrum hefur sviðið verið með smíðavelli, sem hugsaðir hafa verið fyrir nemendur í fimmta til sjöunda bekk grunnskóla. Sumarsmiðja félagsmiðstöðvanna hefur annast rekstur þeirra. Til skoðunar hefur verið að færa þetta verkefni undir vinnuskólann. Um lítið verkefni er að ræða.

Hjólabrettaaðstaða er í Suðurbyggð Selfoss þar sem sett hefur verið upp aðstaða fyrir hjólabretta- og reiðhjólaiðkun. Má í raun segja að þetta sé einn af leikvöllum í sveitarfélaginu en hefur haft sérstakan rekstrarlið.

Vinnuskólinn heyrir undir menningar- og frístundasvið.

Íþróttavellir eru á Selfossi, Stokkseyri og Eyrarbakka. Selfossvöllur er rekin af Ungmennafélagi Selfoss með sérstökum rekstrarsamningi. Íþróttavöllurinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er rekinn af Ungmennafélagi Stokkseyri með rekstrarsamningi sem er hluti af þjónustusamningi Sveitarfélagsins Árborgar og Ungmennafélags Stokkseyrar.

Í sveitarfélaginu eru reknir fjórir sparkvellir við grunnskóla sveitarfélagsins. Það eru tveir á Selfossi og einn á hvorum stað á Stokkseyri og Eyrarbakka.

Síðan eru önnur mannvirki sem eru rekstrarsamningar um við íþróttafélög. Þ.e. íþróttahús á Stokkseyri, Selfossvöllur, Sandvíkursalur (júdósalur), mótorgrossbraut og íþróttavellir á Eyrarbakka og Stokkseyri. Sveitarfélagið leigir einnig um 60% tíma í íþróttahúsinu Iðu, sem er í umsjón Ríkiseigna og rekið af Fjölbautarskóla Suðurlands. Þeir tímar eru notaðir fyrir íþróttafélög til æfinga og keppni. Allir rekstrarsamningar við íþróttafélögin taka á skyldum og réttindum hvors aðila, sem og greiðslum frá sveitarfélaginu til að standa straum af daglegum rekstri viðkomandi mannvirkis.

Staður á Eyrarbakka og Samkomuhúsið Gimli á Stokkseyri eru rekin af einkaaðilum með rekstrarsamningi við sveitarfélagið.

Frístundaakstur hófst í sumar með útboði. Eru að keyra frá kl. 13:10 til 16:00. Um er að ræða tvær leiðir, ein á Selfossi og önnur sem fer á Ströndina, kl. 14:00 frá Eyrarbakka og endar á Selfossi kl 16:30. Á Selfossi er bíllinn 20 mínútur að keyra á milli en fer hringinn á 30 mínúta fresti.

Eins og staðan er núna er greitt sérstaklega fyrir frístundaaksturinn annars vegar og skólaaksturinn hins vegar.

Sveitarfélagið er með samninga við rekstraraðila um tjaldsvæði. Að sögn menningar- og frístundafulltrúa er í raun nánast ekkert greitt með þessum tjaldsvæðum. Þó er smá rekstrarstyrkur settur í samninga sem á að standa undir hita og grunn rafmagnsgjaldum (þó ekki á Selfossi). Annað á rekstraraðili að sjá um í daglegum rekstri og hirðir ágóða af sölu gisti- og rafmagnsgjalds. Ákveðin upphæð fer í rekstur fasteigna á hverju ári til að viðhalda mannvirkjum á tjaldsvæðum sem eru í eigu sveitarfélagsins og er hann notaður í samráði við rekstraraðila.

Atvinnumálin almennt hafa heyrt undir bæjarráðið. Ferðaþjónustan heyrir undir menningar- og frístundasvið.

Tómstunda- og forvarnarfulltrúi

Tómstunda- og forvarnarfulltrúi hefur yfirumsjón með tómstundahúsum, sem er félagsmiðstöðin Zelsiuz og ungmennahúsið Pakkhúsið.

Zelsiuz sinnir tómstundastarfi fyrir annars vegar börn í 5. – 7. bekk í grunnskóla og hinsvegar unglinga í 8. – 10. bekk. Aðal starfsstöð félagsmiðstöðvarinnar er á Selfossi en einnig er rekið lítið útibú á Stokkseyri fyrir börn „af Ströndinni“ (börn frá Eyrarbakka, Stokkseyri og dreifbýlinu þar í kring).

Fimmta til sjöundabekkjtar starfið er fjórum sinnum í viku – tvo tíma í senn. Þrisvar á Selfossi og einu sinni á Stokkseyri.

Unglingastarfið er alla daga vikunnar. Dagstarf á milli kl. 13:30 og 17:00 þrisvar í viku. Hópastarf (klúbbar og námskeið) á milli kl. 17 – 19 og sum kvöld ca. 5 sinnum í viku og svo eru kvöldopnanir fjögur kvöld í viku. Óregluleg starfsemi á sér stað um helgar, þ.e. vissir viðburðir eru um helgar en ekki regluleg starfsemi

Samtals býður félagsmiðstöðin upp á starfsemi að meðaltali 45-50 tíma á viku. Stundum er starfsemi á tveimur stöðum í einu og er það tvítalið í þessari heildartölu. Starfstímabilið er skólaárið eða ca. 1. september – 1. júní.

Ungmennahúsið Pakkhúsið er opið alla virka daga frá kl. 14 – 17 fyrir aldurshópin 16 – 25 ára. Einnig eru fastar kvöldopnanir þrisvar í viku frá kl. 17 – 22. Að auki eru reglulega aukaviðburðir á fimmtudagskvöldum og um helgar. Einnig er reglulegt hópastarf um helgar þar sem unnið er með Role play hugmyndafræði eða hlutverkaleiki. Að meðaltali er ungmennahúsið með skipulagða starfsemi 35 – 40 tíma í viku á tímabilinu 1. september – 15. desember og 1. janúar – 15. maí.

Starfsmenn frístundahúsanna eru samtals 14 í 4,67 stöðugildum. Um er að ræða 3,27 stöðugildi vegna Zelsiuz, þar af er stöðugildi 0,34 sem félagsþjónustan greiðir fyrir, 0,9 stöðugildi vegna Pakkhússins og 0,5 stöðugildi vegna ræstinga.

Að auki eru þrír starfsmenn á tímavinnusamningum.

Tómstundahúsin eru einnig nýtt á margvíslegan hátt fyrir utan opnunartíma. Foreldrar hafa fengið að leigja aðstöðu undir barnaafmæli. Hljómsveitir hafa fengið aðgang að æfingaraðstöðu og upptökustudioi. Nemendur í FSu hafa nýtt aðstöðuna undir lærdóm og svo í ýmsa félagsstarfsemi, t.d. æfingar fyrir Gettu betur og Morfís. Margvíslegir spilahópar nýta aðstöðuna reglulega og vinahópar geta fengið að nota húsin við mismunandi tilefni.

Að auki hafa skólarnir verið að nýta húsin fyrir hádegi við viss tilefni og undanfarna mánuði hefur virkniverkefnið Auðlindin verið með aðstöðu á milli kl. 8 og 13 í tómstundahúsunum.

Tómstunda- og forvarnarfulltrúi er fagráðgjafi frístundaheimilanna, sem heyra undir grunnskólana, sem eru staðsett í grunnskólunum og fundar einu sinni í mánuði með forstöðumönnum frístundaheimila. Frístundaheimilin eru þrjú talsins.

Sem forvarnarfulltrúi heldur tómstunda- og forvarnarfulltrúi utan um verkefni forvarnarteymis en í því sitja um 15 manns. Forvarnarteymið kemur saman mánaðarlega. Forvarnarteymið mótast forvarnarstefnu sveitarfélagsins ásamt því að skipuleggja forvarnardagskrá fyrir sveitarfélagið í heild. Um er að ræða margvíslegar forvarnir sem beint er að foreldrum, ungmennum 16 ára og eldri, nemendum á

grunnskólaaldri og börnum á leikskólaaldri. Að auki hefur þessi vettvangur nýst til að búa til samstarfsverkefni fyrir börn og unglinga þar sem koma að mismunandi stofnanir og félög sem starfa með börn og unglinga. Í hópnum sitja fulltrúar lögreglu, heilsugæslu, foreldra, barnaverndar, félagsþjónustu, grunnskólanna allra, leikskóla, skólaskrifstofu, ungmennafélags ásamt menningar og frístundafulltrúa og forvarnarfulltrúa.

Tómstunda- og forvarnarfulltrúi heldur utan um ungmennaráð sveitarfélagsins sem fundar tvisvar í mánuði. Helstu verkefni þess eru tvenn ungmennaping á ári fyrir ungmenni innan sveitarfélagsins á aldrinum 14 – 25 ára, árlegur fundur með bæjarstjórn, fulltrúar ráðsins sitja sem áheyrnarfulltrúar í öllum nefndum sveitarfélagsins og svo hefur ráðið sinnt margvíslegum verkefnum svo sem alþjóðlegum ungmennaskiptum, stórar ráðstefnur fyrir allt Suðurland ásamt því að taka þátt í ráðstefnum fyrir ungmenni vítt og breitt um landið. Í ungmennaráði eru 13 ungmenni á aldrinum 14 – 22 ára. Fimm eru kjörin á ungmennapingi, þrjú koma úr grunnskólunum (eitt úr hverjum skóla), tvö frá íþróttahreyfingunni, tvö frá öðrum æskulýðsfélögum og eitt úr félagsmiðstöðinni.

Þrjú svið fara með frístundamál í sveitarfélaginu, þ.e. menningar- og frístundasvið, félagsþjónustusvið og fræðslusvið. Félagsþjónustan er með frístundastarf eftir að skóla lýkur fyrir nemendur 10 til 16 ára. Fatlað fólk á framhaldsskólaaldri á rétt á sömu frístund, þ.e. 16 ára og eldri skv. nýjum lögum.

Tómstundahúsin hafa síðan verið með opið hús fyrir fatlað fólk 16 ára og eldri tvisvar í viku fyrir utan að sinna sínu eigin frístundastarfi.

Heilt yfir eru tómstundahús Árborgar í fararbroddi á landsvísu í frístundastarfi að mati tómstunda- og frístundafulltrúa. Lögð er mikil áhersla á öflugt samstarf við félagsþjónustu og grunnskóla. Barnavernd og félagsþjónustan hefur mikið nýtt tómstundahúsin og það starf (sérstaklega hópa- og klúbbastarfið) sem fer þar fram sem úrræði fyrir börn í vanda. Viðmiðið hefur verið að starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar hefur komið börnum og ungmennum í einhvers konar úrræði á innan við tveimur vikum frá tilvísun. Það má halda því fram að fá sveitarfélög að sögn tómstunda- og forvarnarfulltrúa, ef einhver, sinna þessum málaflokki jafn vel og Sveitarfélagið Árborg. Til að mynda má þar nefna að haustið 2012 vakti fjöldi ungra karlmanna sem voru að fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu athygli. Síðan þá hefur verið sérstaklega unnið með drengi og unga karlmenn sem hafa sýnt einkenni óvirkni eða eru taldir líklegir til að stefna í þá átt í starfi félagsmiðstöðvarinnar. Staðan í dag er sú að afar fáir ungir karlmenn fá fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu að sögn tómstunda- og forvarnarfulltrúa.

Tómstunda- og forvarnarfulltrúi nefnir slæma nýtingu á húsnæði sem sveitarfélagið á. T.d. er Frístundaklúbburinn Kotið með eigið húsnæði sem hann nýtir 25 klukkustundir á viku. Að auki var samþykkt að félagsþjónustan fengi að kaupa húsnæði fyrir virkni verkefnið Auðlindina sem einnig væri nýtt 25 klukkustundir á viku. Að hans mati myndi eitt sameiginlegt húsnæði fyrir margvíslega starfsemi tengda frístundum og félagsþjónustu bæði vera hagræðing og efling starfsemi þar sem keimlík verkefni yrðu undir sama þaki og auðveldara væri að búa til full störf fyrir menntað og reynslumeira starfsfólk.

Atvinnu- og viðburðafulltrúi

Megin verkefni atvinnu- og viðburðafulltrúa eru ferðamál, þ.m.t. upplýsingamiðstöð ferðamála, og yfirumsjón með viðburðum í sveitarfélaginu, sem eru á vegum þess. Atvinnu- og viðburðafulltrúi kemur ekki að öðrum atvinnumálum en sem tengjast

ferðamálum að hans sögn. Hann sér um að koma upplýsingum um viðburði á heimasíðuna ásamt fréttum sem tengjast hans málefnum.

Í samtali við atvinnu- og viðburðafulltrúa kom fram að um nýtt starf væri að ræða sem væri í mótnun og að auk verkefna tengdum megin verkefnum fulltrúans hafi honum verið falin ýmis önnur verkefni og að hans mati gæti hann tekið að sér frekari verkefni.

Eftirfarandi voru viðburðir á árinu 2018 sem atvinnu- og viðburðafulltrú kom að samkvæmt upplýsingum frá honum:

Janúar

- Þrettándagleði á Selfossi

Apríl

- Grýlupottahlaupið
- Vor í Árborg (5 daga hátíð)
- Sumardagurinn fyrsti
- Málþing – “Framlag kvenfélaga til samfélagsins”
- Landsbankamótið í handknattleik á Selfossi
- Sumarfögnuður með Sumarhúsinu og Garðinum
- Hópslaupið, byrjar á Eyrarbakka
- 5 ára afmæli Konubókastofu á Eyrarbakka

Maí

- Verkalýðsdagurinn
- Jötunhlaup
- Sumarsýning Byggðarsafnsins
- Safnadagurinn

Júní

- Kvennahlaupið ÍSÍ
- Selfossmótið í knattspyrnu
- Sjómannadagurinn
- Lindexmótið í knattspyrnu
- Kótelettan, bæjar-, fjölskyldu- og tónlistarhátíð
- SET mótið í knattspyrnu
- 17. júní hátíðarhöld
- Jónsmessuhátíðin á Eyrarbakka
- Íslandsmótið í Mótorkross
- Landsmót Fornbílaklúbbs Íslands (aflýst 2018)

Júlí

- Bryggjuhátíð á Stokkseyri
- Stefnumót við Múlatorg

Ágúst

- Sumar á Selfossi (bæjarhátíð)
- Meistaradeild ÓB á Selfossi
- Brúarhlaupið á Selfossi
- Delludagur (akstursklúbbar á Suðurlandi)
- Veðidagur fjölskyldunnar í Ölfusá

Október

- Menningarmánuðurinn október - dagskrá yfir allan mánuðinn

Nóvember

- Jólaljósinn kveikt í Árborg

Desember

- Jólamánuðurinn í Árborg - dagskrá yfir allan mánuðinn

Upplýsingamiðstöð er í húsnæði bókasafnsins á Selfossi og rekin allt árið þar.

Opnunartími upplýsingamiðstöðvar á Selfossi er eins og hjá bókasafninu. Yfir vetrarmánuðina er einn starfsmaður í upplýsingamiðstöðinni, sem vinnur allt árið og er í 86% starfshlutfalli.

Yfir sumartímann eru tveir starfsmenn sem skipta með sér vöktum. Vinna fyrripart dags frá kl. 08:00 - 14:00 og seinniþannig dags frá kl. 14:00 - 18:00 og skipta þessum vöktum með sér á helgum, laugardaga kl. 09:00 - 16:00 og sunnudaga kl. 09:00 - 15:00. Yfir vetrarmánuðina er upplýsingamiðstöðin opin frá kl. 10:00 til 16:00 á virkum dögum og kl. 10 til kl. 14 á laugardögum. Opnunartími bókasafns er lengri á virkum dögum yfir vetrarmánuðina. Það er því enginn starfsmaður á upplýsingamiðstöð frá kl. 08 til 10 og frá kl. 16 til 19, þegar bókasafnið eru opið. Einungis aðgangur að bæklingum og kortum. Starfsfólk bókasafnsins tekur þó við fyrirspurnum ef einhverjar eru.

Yfir vetrarmánuðina er einn aukastarfsmaður sem tekur vaktir annan hvern laugardag á móti fasta starfsmanninum. Fasti starfsmaðurinn fær greitt í yfirvinnu vegna opunar á laugardögum. Auka starfsmaður fær greitt samkvæmt tímavinnutaxta vegna vinnu á laugardögum að sögn atvinnu- og viðburðafulltrúa.

Á opnunartíma bókasafnsins um helgar er einn starfsmaður frá bókasafninu. Þannig að starfsmennirnir eru að aðstoða hvor annan, þ.e.a.s. starfsmaður upplýsingamiðstöðvar og bókasafns.

Fram kom í máli atvinnu- og viðburðafulltrúa að ekki væri mikið að gera hjá starfsmanni upplýsingamiðstöðvarinnar yfir vetrarmánuðina. Hann hefur verið m.a. að fela starfsmanninum að yfirfara ferðabæklinga fyrir næsta ár. Starfsmaðurinn hefur verið að safna upplýsingum varðandi ferðatengdaþjónustu í Sveitarfélaginu Árborg fyrir Markaðsstofu Suðurlands.

Starfsmaðurinn á upplýsingamiðstöð var ráðinn í júní s.l. Fyrir þann tíma sá bókasafnið um upplýsingamiðstöðina.

Upplýsingamiðstöð er starfrækt á Eyrarbakka yfir sumarmánuðina, þ.e. júní, júlí og ágúst. Opnunartími er frá kl. 09:00 - 17:00 á virkum dögum. Lokað er um helgar.

Samningurinn um Stað, þar sem upplýsingamiðstöðin er rekin á Eyrarbakka, rennur út í lok maí 2019. Samningur snýr einungis að almennri umsjón með húsinu, ekki rekstri á upplýsingamiðstöð. Yfir sumarmánuðina hefur verið ráðinn sumarstarfsmaður til að þjónusta upplýsingamiðstöðina. Sá starfsmaður hefur verið ráðinn í gegnum Vinnuskóla Árborgar og vinnur frá kl. 13:00 - 17:00 alla virka daga.

Varðandi viðburði í sveitarfélaginu er kallað eftir upplýsingum á hverju ári frá öllum sem ætla að vera með viðburði í Sveitarfélaginu Árborg. Gert er sérstakt viðburðadagatal þar sem haldið er utan um alla viðburði í Árborg. Atvinnu- og viðburðafulltrúi annast þetta verkefni fyrir sveitarfélagið.

Sveitarfélagið er í góðu samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands. Sveitarfélagið Árborg er með sérstakan bækling um ferðatengda þjónustu í sveitarfélaginu og síðan er Markaðsstofa Suðurlands með annan bækling.

Auk framanritaðs hefur atvinnu- og viðburðafulltrúi umsjón með eftirfarandi.

Atvinnu / Upplýsingamiðstöðin

- Bæklingurinn "Selfoss Area – Stay Closer to Nature" - í samstarfi við Flóahrepp
- Götukort fyrir Árborg (Selfoss / Eyrarbakki / Stokkseyri)
- Menningarskilti í Árborg – Áhugaverðir staðir
- Uppfærsla og nýjungar fyrir heimasíðu Markaðsstofu Suðurlands (www.south.is)
- Í tengslum við nýja heimasíðu hjá Sveitarfélaginu Árborg (2019) verður lögð meiri áhersla á upplýsingagjöf til ferðaþjónustuaðila og ferðamanna
- Talning ferðamanna sem leita til upplýsingamiðstöðva (Selfoss og Eyrarbakki)

Markaðsstofa Suðurlands

- Samstarfshópur Markaðsstofu Suðurlands - Suðurland
- Aðgerðaráætlun, framtíðarsýn (DMP - Áfangastaðáætlun)
- Þjóðgarður – Miðhálandið
- Greiningarhópur um starfaprófil (ferðamálafræði)
- Ferðamenn í Árborg 2010 – 2015
- Vestnorden Travel Mart
- Ljósmyndir sem vantar frá Árborg og Flóahreppi á heimasíðu Markaðsstofu Suðurlands

Listinn er ekki tæmandi.

Upplýsingamiðstöð

Upplýsingamiðstöðin er í bókasafninu á Selfossi.

Starfstími starfsmannsins er frá kl. 10:00 til 16:00 á virkum dögum. Starfsmaðurinn tekur 30 mínútur í mat og kaffi samkvæmt kjarasamningi. Um helgar er upplýsingamiðstöðin opin frá kl. 10:00 til 14:00 á laugardögum. Þetta er opnunartími upplýsingamiðstöðvarinnar yfir vetraránuðina.

Starfsmaðurinn er í 84% starfshlutfalli. Starfsmaðurinn vinnur annan hvern laugardag og er greitt fyrir þá vinnu í yfirtíð. Sumarstarfsmaður hefur tekið laugardagana á móti starfsmanninum.

Starfsmaðurinn setur spurningarmerki við opnun upplýsingamiðstöðvarinnar á laugardögum.

Síðast liðið sumarið var upplýsingamiðstöðin opin frá kl. 8:00 til 18:00. Á móti henni var sumarstarfsmaður að vinna.

Opið var á laugardögum og sunnudögum s.l. sumar.

Starfsmaðurinn er stundum að vinna verk fyrir bókasafnið.

Bókasafn Árborgar

Bókasafn Árborgar er rekið á þremur stöðum í sveitarfélaginu, þ.e. á Selfossi, Stokkseyri og Eyrarbakka. Bókasöfnin heyra undir forstöðumann bókasafna.

Árskort fyrir íbúa Sveitarfélagsins Árborgar kostar 2.000 krónur. Fyrir aðra kostar árskortið 2.900 krónur. Safnið er mikið notað af utanað komandi fólki.

Tekjur af sölu árskorta voru 3.481.775 krónur árið 2017 samkvæmt aðalbók. Utanbæjarfólk, sem greidd fyrir kort, voru samtals 240 manns og námu greiðslur þeirra fyrir kort árið 2017 685.100 krónur, skv. upplýsingum frá forstöðumanni bókasafna. Þeir sem eru yngri en 18 ára og 67 ára og eldri eru með ókeypis kort eins og íbúar Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps, þ.e. gildir fyrir íbúa sveitarfélagsins og gesti.

Fólk fær viðvörun áður en komið er að skiladegi um að nú sé lánstími að renna út (tölvupóstur) ef það skilar ekki á réttum tíma þá leggjast sektir ofan á gögn sem ekki er skilað 20 kr. á dag á hverja bók og helmingur af gjaldi sem greiddur er fyrir dvd. Þetta er svo rukkað inn með póstum sem fara sjálfkrafa tvisvar, síðan hefur einn starfsmaðurinn það á sinni könnu að prenta út vanskilalista og hringja eftir bókum til þeirra sem ekki sinna viðvörunum.

Bókasafnið selur strætókort fyrir Ráðhúsið, Þ.e. Ráðhúsið greiðir fyrir strætókortin en bókasafnið ásamt Ráðhúsinu sér um að selja. Auk þess eru seld einstaka bækur og diskar um Árborg, en það er kannski ein bók á ári sem er seld að sögn forstöðumanns.

Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn á Selfossi er staðsett í húsnæði bókasafnsins. Að sögn forstöðumannsins gengur samstarfið við upplýsingamiðstöðina vel og var forstöðumaðurinn ánægð með að fá upplýsingamiðstöðina aftur í húsnæði bókasafnsins. Starfsemin fari vel saman við starfsemi bókasafnsins.

Bókasafnið annaðist upplýsingamiðstöðina áður fyrr. Fram kom í máli forstöðumanns í svari við fyrirspurn skýrsluhöfundar að skoða mætti að upplýsingamiðstöðin heyri undir bókasafnið en þá þurfi stöðugildið að fylgja þar sem umfang þeirrar þjónustu hafi aukist nokkuð undan farin ár.

Forstöðumaðurinn tekur vel í þá hugmynd að afgreiðsla Ráðhússins flytja í húsnæði safnsins á fyrstu hæð í Ráðhúsinu en það megi ekki bitna á þjónustu safnsins við íbúa sveitarfélagsins.

Bókasafn Árborgar, Selfossi


Opnunartími er frá kl. 8:00 til 19:00 alla virka daga yfir vetramánuðina. Á laugardögum er opið frá kl. 10:00 til 14:00 en lokað á sunnudögum. Yfir sumarmánuðina er opið á virkum dögum frá kl. 8:00 til 18:00. Á laugardögum frá kl. 9:00 til 16:00 og á sunnudögum frá kl. 9:00 til 15:00.

Dagvinnutími starfsmanna á virkum dögum er frá kl. 8:00 til 16:00. Starfsmenn taka hálfa klukkustund í mat og morgun- og síðdegiskaffi. Opnunartími utan reglubundins vinnutíma er unninn sem vaktavinna.

Fjöldi starfsmanna á Selfossi er níu, þar af er einn í hlutastarfi sem ríkið greiðir fyrir. Starfsmennirnir eru samtals í 6,57 stöðugildum, (6,37 ef starfsmaðurinn sem er launaður frá ríkinu er dreginn frá).

Síðan eru starfsmenn á Stokkseyri og Eyrarbakka, hvor um sig í 0,33 stöðugildi.

Tafla 101 og mynd 20: Útlán skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2017 og myndin sýnir útlán samtals fyrir allt árið 2017 skipt eftir klukkustundum hjá Bókasafni Árborgar á Selfossi




Heimild: Landskerfi bókasafna

Tafla 101 sýnir fjölda útlána skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2017 hjá Bókasafni Árborgar á Selfossi.

Eins og taflan sýnir voru útlán samtals 63.384 og útlán í mánuði hverjum um 5.000. Flest voru útlánin í nóvember, en þá voru þau 5.641. Fæst voru útlánin í maí 4.878. Eins og myndin sýnir voru útlánin flest á tímabilinu frá kl. 11:00 til kl. 17:59. Flest voru útlánin á einni klukkustund tímabilinu frá kl. 16:00 til 16:59, eða 9.860.


Mynd 21: Útlán hjá Bókasafni Árborgar á Selfossi skipt eftir árum árin 2007 til 2017



Heimild: Landskerfi bókasafna

Mynd 21 sýnir útlán bóka hjá Bókasafni Árborgar á Selfossi árin 2007 til 2017. Eins og taflan sýnir hefur útlánur farið fækkandi frá árinu 2009. Á þessu tímabili voru þau flest árið 2009 eða 104.067 bækur. Síðan hefur útlánur fækkað á milli ára og voru komin niður í 63.384 bækur árið 2017. Að sögn forstöðumanns bókasafnsins varð mikil aukning í útlánunum bóka í kjölfar hrunsins.

Tafla 102 og mynd 22: Skil á bókum skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2017 og myndin sýnir skil samtals fyrir allt árið 2017 skipt eftir klukkustundum hjá Bókasafni Árborgar á Selfossi



Heimild: Landskerfi bókasafna

Tafla 102 sýnir fjölda skila á bókum skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2017. Myndin sýnir skil á bókum samtals allt árið 2017 skipt eftir klukkustundum.

Það sem vekur athygli við samanburð á töflunum um útlán og skil á bókum er að samtals voru útlánin árið 2017 63.384 en skil á bókum 51.014, eða mismunur upp á 12.370, sem útlán á bókum voru fleiri en skil. Forstöðumaður telur að skýringin á fleiri útlánum en skilum er væntanlega sú að það er alltaf góður hluti af safnkosti safnsins í útláni.

Skil á bókum voru um 4.000 í mánuði hverjum árið 2017. Flest voru skilin 4.874 í ágústmánuði en fæst í febrúarmánuði, eða 3.710. Eins og myndin sýnir voru skilin mest á tímabilinu frá kl. 10 til kl. 17:59. Flest voru skilin á tímabilinu frá kl. 16:00 til 16:59, eða 7.667.


Bókasafn Árborgar, á Stokkseyri og á Eyrarbakka

Bókasafnið er opið í sex klukkustundir á viku á hvorum stað. Á mánudögum og fimmtudögum frá kl. 16:00 til 18:00 og á þriðjudögum frá kl. 19:00 til 21:00.

Á hvorum stað er einn starfsmaður, hvor í 0,33 starfshlutfalli. Viðkomandi starfsmenn sjá um allt sem þarf að sjá um á söfnunum í samvinnu við starfsmennina á Selfossi. Starfsmenn bókasafnsins á Selfossi aðstoða starfsmennina þegar átaksverkefni eru í gangi eins og grisjun eða breytingar á uppsetningu eða þess háttar. Utan reglulegs vinnutíma hafa starfsmennirnir líka séð um að þjónusta heimili fyrir aldraða á Eyrarbakka og tekið inn leikskólaheimsóknir á söfnin.

Bókasafnið á Stokkseyri er rekið í húsnæði Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri. Bókasafnið er rekið með skólabókasafninu.

Tafla 103 og mynd 23: Útlán bóka skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2017 og myndin sýnir útlán samtals fyrir allt árið 2017 skipt eftir klukkustundum hjá Bókasafni Árborgar á Stokkseyri




Heimild: Landskerfi bókasafna

Tafla 103 sýnir fjölda útlána skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2017 á Stokkseyri. Myndin sýnir útlán samtals allt árið 2017 skipt eftir klukkustundum hjá Bókasafni Árborgar á Stokkseyri.

Eins og taflan sýnir voru útlán samtals 6.151 og útlán í mánuði hverjum frá því að vera 100 bækur í ágústmánuði í það að vera 859 í janúar þegar útlánin voru flest. Eins og myndin sýnir voru útlánin flest á tímabilinu frá kl. 8:00 til kl. 8:59, eða 1.690. Eins og fram hefur komið hér að framan er bókasafnið rekið einnig sem skólabókasafn sem skýrir svo mikil útlán á öðrum tíma en þegar bókasafnið er opið fyrir almenning.

Tafla 104 og mynd 24: Skil á bókum skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2017 og myndin sýnir útlán samtals fyrir allt árið 2017 skipt eftir klukkustundum hjá Bókasafni Árborgar á Stokkseyri




Heimild: Landskerfi bókasafna

Tafla 104 sýnir fjölda skila á bókum skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2017. Myndin sýnir skil á bókum samtals allt árið 2017 skipt eftir klukkustundum hjá Bókasafni Árborgar á Stokkseyri.

Skil á bókum voru frá því að vera 69 í júlí í að vera 730 þegar þau voru flest í janúar. Eins og myndin sýnir voru skilin flest á tímabilinu frá kl. 8 til kl. 8:59, eða 1.114 bækur.

Tafla 105 og mynd 25: Útlán bóka skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2017 og myndin sýnir útlán samtals fyrir allt árið 2017 skipt eftir klukkustundum hjá Bókasafni Árborgar á Eyrarbakka




Heimild: Landskerfi bókasafna

Tafla 105 sýnir fjölda útlána skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2017. Myndin sýnir útlán samtals allt árið 2017 skipt eftir klukkustundum hjá Bókasafni Árborgar á Eyrarbakka.

Eins og taflan sýnir voru útlán samtals 1.726 og útlán í mánuði hverjum voru um 150. Fæst voru útlánin í aprílmánuði, eða 121. Flest voru útlánin í septembermánuði þegar þau voru 181 bók. Eins og myndin sýnir voru útlánin flest á tímabilinu frá kl. 16:00 til kl. 16:59, eða 546. Eins og komið hefur fram hér að framan er bókasafnið opið tvo daga í viku frá kl. 16:00 til 18:00 og einu sinni í viku frá kl. 19:00 til 21:00.

Tafla 106 og mynd 26: Skil á bókum skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2017 og myndin sýnir útlán samtals fyrir allt árið 2017 skipt eftir klukkustundum hjá Bókasafni Árborgar á Eyrarbakka




Heimild: Landskerfi bókasafna

Tafla 106 sýnir fjölda skila á bókum skipt eftir mánuðum og klukkustundum árið 2017. Myndin sýnir skil á bókum samtals allt árið 2017 skipt eftir klukkustundum hjá Bókasafni Árborgar á Stokkseyri.

Skil á bókum voru um 100 bækur í mánuði hverjum. Fæst voru skilin í júlí, eða 64 bækur. Flest voru skilin 143 bækur í ágústmánuði. Flest voru skilin á tímabilinu frá kl. 16:00 til 16:59, eða 432 bækur

Mynd 27: Útlán hjá Bókasafni Árborgar á Stokkseyri og Eyrarbakka skipt eftir árum árin 2007 til 2017



Heimild: Landskerfi bókasafna

Mynd 27 sýnir fjöldi útlána hjá Bókasafni Árborgar á Stokkseyri annars vegar og Eyrarbakka hins vegar árin 2007 til 2017.

Sama þróun á sér stað á Eyrarbakka og á Selfossi, þ.e. útlánunum fer fækkandi. Á Eyrarbakka fjölgaði útlánunum á milli árunna 2007 og 2010. Síðan hefur þeim fækkað á milli ára með einni undantekningu, þ.e. árið 2013. Flest voru útlánin árið 2010, eða 4.082 bækur. Útlánin voru komin niður í 1.726 bækur árið 2017. Þannig voru útlánin komin niður í 42% árið 2017 af því sem þau voru þegar þau voru flest árið 2010.

Frá árinu 2011 hefur útlánunum hjá bókasafninu á Stokkseyri farið fjölgaandi á milli ára með einni undantekningu, þ.e. árið 2014. Útlánin voru reyndar flest árið 2010, eða 6.162. Fækkaði svo nokkuð á milli árunna 2010 og 2011. Útlánin voru síðan komin í 6.151 árið 2017. Líklega hefur áhrif að bókasafnið á Stokkseyri er einnig rekið sem skólabókasafn, sem er ekki á Selfossi og Eyrarbakka.

Að sögn forstöðumanns bókasafnsins er Bókasafn Árborgar eitt mest notaða bókasafnið á landinu.

Forstöðumaður sundstaða

Í sveitarfélaginu eru tvær sundlaugar, á Selfossi og Stokkseyri. Heyra báðar sundlaugarnar undir forstöðumann sundstaða.

Á Selfossi er sundlaugin í samstarfi við World Class, sem á efri hæðina í nýlegri viðbyggingu við Sundlaugina. Gestir í World Class nota búningsklefa sundlaugarinnar og afgreiðslu og greiðir World Class 152 krónur frá 1. janúar 2019 fyrir hvern gest sem kemur í World Class. Gestir World Class greiða ekki aukalega fari þeir í sund. Jafnframt greiðir World Class launakostnað við einn starfsmann til sveitarfélagsins, en starfsmaðurinn er starfsmaður sveitarfélagsins. Greiðsla fyrir starfsmanninn kr. 615.557- frá 1. jan 2019.

Opnunartími sundlaugarinnar á Selfossi er frá kl. 6:30 til 21:30 á virkum dögum. Einn starfsmaður byrjar að vinna kl. 5:45 er það vegna þess að World Class opnar kl. 5:50 á virkum dögum.

Um helgar er opið frá kl. 9:00 til 19:00 á laugardögum og sunnudögum. Á rauðum dögum í miðri viku er opið frá kl. 10:00 til 18:00.

Það er lokað fjóra daga á ári, þ.e. 1. janúar, 17. júní, jóladag og annan í jólum.

Það eru starfandi þrjár vaktir við sundlaugina þar sem eru fimm á vakt. Vaktformaður mætir kl. 5:45 og hinir fjórir kl. 6:15 og eru til kl. 14:30 og síðan er kvöldvaktin frá kl. 14:15 og til kl. 22:30.

Á morgnanna eru tveir starfsmenn, karl og kona, sem skipta með sér vöktum í baðklefum frá kl. 8:00 til 11:00 og kl. 11:00 til 14:00. Í laugavörslu eru tveir starfsmenn allan tímann sem er opið. Þeir sem eru í laugavörslu eru í henni í hálfa klukkustund í senn.

Auk þessa er starfsmaður sem þrífur í tvær og hálfa klukkustund á dag. Tekur gólfín í klefum. Þessi vinna fer fram eftir að búið er að loka sundlauginni. Starfsmaður í þrífum fær fyrir það greidda fasta tímavinnu.

Gjaldskrá fyrir sundstaðina í Árborg frá og með 1. janúar 2019 er sem hér segir:

Fullorðnir (18-66 ára):

Stakt skipti	1.000 kr.
10 skipta kort	4.100 kr.
30 skipta kort	8.400 kr.
Árskort	29.500 kr.
Börn (yngri en 10 ára, miðast við 1. júní.)	0 kr.
Stakt skipti-börn	150 kr.
10 skipta barnakort	1.200 kr.
30 skipta barnakort	3.400 kr.

Börn búsett í Árborg fá gefins árskort.

Leiga sundfata	800 kr.
Leiga handklæði	800 kr.
Tilboð leiga handklæði/sundföt/sund	1.650 kr.
67 ára og eldri búsettir í Sveitarfélaginu Árborg	0 kr.
67 ára og eldri búsettir utan Árborgar	200 kr.

Öryrkjar fá frían aðgang en verða að framvísa korti

Á Stokkseyri eru tveir fastir starfsmenn, karl og kona, vegna skólasunds frá kl. 8:00 til 14:00. Annar er í 64% starfi og hinn í 60% starfi. Starfsmaður sem er í 60% starfi er jafnframt í 40% starfi við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Sundlaugin er opin fyrir almenning frá kl. 16:30 til 20:30 á virkum dögum og frá kl. 10:00 til 15:00 á laugardögum og sunnudögum yfir vetramánuðina. Að jafnaði koma 10-15 gestir hvorn dag. Það hefur verið lokað á sunnudögum undanfarin ár en bæjarstjórn ákvað vorið 2018 að opna aftur á sunnudögum yfir vetrartímann að ósk íbúa.

Á sumrin er opið frá kl. 13:00 til 21:00 fimm daga vikunnar og frá kl. 10:00 til 17:00 um helgar, þ.e. laugardaga og sunnudaga. Þá eru alltaf tveir á vakt. Yfir sumartímann eru um 3,5 stöðugildi við Sundlaug Stokkseyrar.

Við sundlaugina á Selfossi eru 15 stöðugildi. Auk þess eru ráðnir átta til níu starfsmenn yfir sumarmánuðina. Á Stokkseyri eru samtals 2,44 stöðugildi og ráðnir þrír til fjórir starfsmenn aukalega yfir sumarmánuðina.

Tafla 107: Mánaðarlaun, yfirvinna og veikindalaun hjá sundstöðum Sveitarfélagsins Árborgar árin 2015 til 2017

Selfoss:	2015	2016	2017
Mánaðarlaun	63.340	68.673	74.825
Yfirvinna	26.793	31.491	32.297
Hlutfall af mánaðarlaunum	42%	46%	43%
Veikindalaun	1.987	4.179	3.597
Hlutfall af mánaðarlaunum	3%	6%	5%
Stokkseyri:			
Mánaðarlaun	7.968	8.871	9.918
Yfirvinna	6.090	5.502	5.739
Hlutfall af mánaðarlaunum	76%	62%	58%
Veikindalaun	162	161	72
Hlutfall af mánaðarlaunum	2%	2%	1%

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 107 sýnir mánaðarlaun, greidda yfirvinnu og veikindalaun hjá sundstöðum Sveitarfélagsins Árborgar.

Eins og taflan sýnir er greidd yfirvinna nokkuð há sem hlutfall af mánaðarlaunum. Á þetta sérstaklega við sundlaugina á Stokkseyri þar sem hlutfallið var hæst árið 2015, eða 76%. Hefur síðan lækkað og var 58% árið 2017.

Ekki eru reglulegir fundir með forstöðumönnum sem heyra undir menningar- og frístundasvið. Hins vegar kemur fyrir að sviðsstjóri boði til funda. Forstöðumaður sundlauga heldur reglulega fundi með starfsmönnum sundstaðanna. Fyrsta mánudag í mánuði er haldinn starfsmannafundur, þar er farið yfir mál sundstaðarins og starfsmenn koma með ábendingar og málin rædd.

Orkunotkun hefur ekki verið skráð reglulega.

Forstöðumaður Íþróttahúss Vallaskóla

Við Íþróttahús Vallaskóla eru fimm starfsmenn í fimm stöðugildum samtals. Um er að ræða forstöðumann sem gengur klefavaktir, sinnir viðhaldi, tekur við bókunum og sér um daglegan rekstur. Þrír starfsmenn eru í 100% starfi hver. Þeir ganga vaktir, sjá um þrif og gæslu á viðburðum. Einn starfsmaður er í 50% starfi og gengur klefavaktir, annast þrif og gæslu á viðburðum. Hann er jafnframt í 50% starfshlutfalli og annast þrif á sal og stúku á kvöldin.

Fyrir hádegi á virkum dögum er skólakennsla. Eftir að skólatíma lýkur byrja yngstu iðkendur í körfubolta, frjálsum og fótboltaæfingum. Þá er einnig lögð áhersla á klefavörslu eins og á skólatíma í samvinnu við þjálfara deilda. Ásamt því er starfsfólk við gæslu í anddyri, stúku og sal, þrif á klefum og áhöldum sem unnið er eftir þrifaplani sem heilbrigðiseftirlit samþykkir. Unnið er eftir öryggis- og eftirlitshandbók fyrir íþróttahús.

Seinnipart og á kvöldin þegar og eftir að æfingar eldri iðkennda byrja í körfubolta, frjálsum, fótbolta og boccia er einn starfsmaður á vakt og sinnir hann gæslu og þrifum.

Jafnframt stunda akademíur frá Fjölbrautaskóla Suðurlands körfubolta og frjálsar æfingar í húsinu.

Á leikjum þegar meistaraflokkar keppa er notast við aðalanddyri Vallaskóla, sem kallar á aukamanneskju til gæslu þar í húsinu og einnig þarf að kaupa þrif á anddyri vegna þess. Síðast liðinn vetur var mikið af leikjum sem kölluðu á notkun á aðalanddyri þar sem þá var handbolti stundaður í húsinu og meistaraflokkur bæði hjá konum og körlum á Selfoss náði langt í bikarkeppni o.fl. Forstöðumaður sér fram á minnkandi notkun á aðalanddyri þar sem körfuboltinn er ekki með meistaraflokk kvenna og tímabilið í körfubolta er styttra og færri leikir.

Húsnæðið er jafnframt notað töluvert undir viðburði, svo sem árshátíðir, þorablót o.fl. Um er að ræða fyrir sveitarfélagið, Ungmennafélagið og annarra. Þetta fer yfirleitt fram um helgar og þá þarf að hafa starfsmann á vakt. Stundum langt fram á kvöld og einstaka nætur.

Á virkum dögum eru vaktir frá kl. 7:45 til kl. 24:00. Á laugardögum frá kl. 9:00 til 16:00 og á sunnudögum frá kl. 9:00 til 22:00.

Æfingar hætta á virkum dögum á tímabilinu frá kl. 22:30 og 23:00. Þá á eftir að þrifa klefa og ganga frá.

Forstöðumaður Íþróttahúss Sunnulækjarskóla

Forstöðumaðurinn og tveir aðrir starfsmenn eru í 100% stöðugildi hver og einn starfsmaður að auki í 18% stöðugildi, eða samtals 3,18 stöðugildi.

Vinnutími forstöðumannsins er frá kl. 8:00 til 16:00 á virkum dögum.

Hinir tveir starfsmennirnir skipta með sér viku og viku í senn, þannig að þeir vinna aðra vikuna frá kl. 8:00 til 16:00 og hina frá kl. 16:00 til 23:00 á virkum dögum. Með þessu fyrirkomulagi eru tveir starfsmenn á vakt yfir daginn, þ.e. forstöðumaður ásamt starfsmanni, og einn á kvöldvakt.

Fimleikarnir eru misjafnlega lengi á hverjum degi. Á mánudögum hafa þeir verið í vetur (2018/2019) til kl. 18:30, þriðjudaga og miðvikudaga til kl. 20:30, fimmtudaga til kl. 19:30 og föstudaga til kl. 19:00.

Laugardaga eru æfingar frá kl. 10:00 til 16:00 og sunnudaga frá kl. 9:30 til 17:30. Starfsmennirnir tveir hafa tekið helgarvakt þriðju hverja helgi og starfsmaður sem er í 18% starfi tekur eina helgi á móti starfsmönnunum.

Sunnudagar hafa verið greiddir sem yfirtíð hjá starfsmönnunum tveimur sem eru í 100% starfi. Hins vegar eru laugardagarnir hluti af vaktakerfinu hjá þeim.

Taekewondo æfingar eru á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum til kl. 19:30. Síðan á þriðjudögum og fimmtudögum til kl. 20:00. Ekkert um helgar.

Það vekur athygli að starfsmaður er á vakt alla virka daga til kl. 23:00 þó æfingum ljúki mun fyrr. Samkvæmt framanrituðu lýkur æfingum á virkum dögum sem hér segir:

Á mánudögum lýkur æfingum kl. 19:30

Á þriðjudögum lýkur æfingum kl. 20:30

Á miðvikudögum lýkur æfingum kl. 20:30

Á fimmtudögum lýkur æfingum kl. 20:00

Á föstudögum lýkur æfingum kl. 19:30

Dagar annast ræstingu á göngum og klfum. Starfsmenn þrifa salinn. Í íþróttahúsinu við Vallaskóla þrifa starfsmenn íþróttahússins allt sem tilheyrir íþróttahúsinu, þ.e. ganga, klefa og sal.

Forstöðumaður hefur ekki haft aðgang til að samþykkja reikninga né getur séð hver staðan er í bókhaldinu. Unnið er að lausn á því. Hefur aðgang að öðru sem snýr að launum þar sem hann samþykkir laun o.s.frv.


Orkunotkun hefur ekki verið skráð sérstaklega.

FRAMKVÆMDA- OG VEITUSVIÐ

Framkvæmda- og veitusvið er staðsett að Austurvegi 67, Selfossi. Samkvæmt yfirliti á vef sveitarfélagsins kemur fram að yfirmaður sviðsins er framkvæmda- og veitustjóri. Hins vegar á skipuriti yfir sviðið, sem er einnig á vefsíðu sveitarfélagsins, ber hann starfsheitið tækni- og veitustjóri.

Sviðinu er skipt í þrjár deildir.

Mynd 28: Skipurit framkvæmda- og veitusviðs



Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Mynd 28 sýnir skipurit framkvæmda- og veitusviðs eins og það er birt á vef sveitarfélagsins. Rétt er að benda á að eins og fram kemur í skipuritinu eru tveir aðilar sem bera sama starfsheitið, tækni- og veitustjóri, þ.e. æðsti yfirmaður sviðsins, sviðsstjórinn, og einnig sá sem er yfir veitum í skipuritinu.

Samkvæmt því sem fram kemur á mynd 28 heyrja 34 stöðugildi undir sviðið. Það er sviðsstjóri, síðan eru þrír umsjónarmenn eða deildarstjórar sem heyrja undir hann ásamt ritara. Undir veitum er umsjónarmaður eða deildarstjóri og undir hann heyrja verkefnastjóri og verkstjóri hita- og vatnsveitu. Undir verkstjóranum heyrja síðan 10 stöðugildi.

Undir fasteignum er umsjónarmaður í 100% starfi og eru ekki frekari stöðugildi þar.

Umhverfi og framkvæmdir þar er umsjónarmaður eða deildarstjóri. Eins og skipuritið sýnir heyrir vinnuskólinn undir umhverfi og framkvæmdir. Hins vegar í viðræðum við starfsmenn var ekki að skilja annað en að vinnuskólinn heyri undir menningar- og frístundasvið. Hins vegar er samstarf þarna á milli.

Þjónustumiðstöðin heyrir undir umhverfi og framkvæmdir. Þar er verkstjóri þjónustumiðstöðvar og undir hann heyra starfsmenn í 15 stöðugildum.

Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmda- og veitustjóra eru upplýsingar um fjárhagsstöðu einstakra nýframkvæmda ekki aðgengilegar í því viðmóti sem framkvæmda- og veitusvið hefur að bókhaldi sveitarfélagsins. Til að fá slíkar upplýsingar þarf að óska sérstaklega eftir því hjá fjármálasviði. Rekstarverkefni eru ekki í öllum tilvikum aðskilin í bókhaldi með verknúmerum en eru skilgreind niður á málaflokka, deildir og bókhaldslykil.

Móttaka og fjármál, þjónustufulltrúi

Þjónustufulltrúinn vinnur fyrir framkvæmda- og veitusvið, Selfossveitur og þjónustumiðstöðina.

Meðal verkefna þjónustufulltrúa er að annast þjónustu við þá sem koma inn á sviðið. Þjónustufulltrúinn skráir verkbókhald af handskrifuðu yfirliti frá starfsmönnum þjónustumiðstöðvar og Selfossveitna og heldur utan um vinnutíma þeirra. Í þessa skráningu fara einn til tveir dagar í viku hverri hjá þjónustufulltrúanum. Rétt er að benda á að tímaskráningakerfi, t.d. Vinnustund, bjóða upp á að þetta sé gert rafrænt af viðkomandi starfsmanni.

Auk þessa færir þjónustufulltrúinn inn teikningar fyrir Selfossveitur og gerir reikninga auk ýmissa annarra tiláfallandi verkefna.

Umsóknum til Selfossveitna um heimtaugar er skilað skriflega til þjónustufulltrúans. Ekki er boðið upp á að það sé gert rafrænt. Þegar komið er með umsókn skannar þjónustufulltrúinn hana inn og sendir á viðkomandi starfsmenn þ.m.t. í Ráðhúsinu. Að sögn þjónustufulltrúans er umsóknin send samtals á sjö starfsmenn hjá sveitarfélaginu.

Tekur við skráningu á hundum og köttum og heldur utan um skráningarnar. Ekki hefur verið boðið upp á að gera það rafrænt. Spurt er af hverju þettasé ekki gert rafrænt og merki á dýrin síðan send í pósti.

Heldur utan um reikningagerð vegna gámasvæðisins. Starfsmenn þar koma og skila peningum til þjónustufulltrúans til uppgjörs. Fyrirtæki sem koma með úrgang fá það uppgert í reikning.

Þjónustufulltrúinn tekur við umsóknum vegna sorptunna. Pantanir eru hringdar inn (símleiðis). Þegar pantað er sorpílat sendir þjónustufulltrúi tölvupóst á Gámafélagið og þjónustumiðstöð. Þjónustumiðstöð afgreiðir bláa tunnu en Gámafélagið hina.

Gámafélagið sér um að losa báðar tunnur en samt fer þjónustumiðstöðin með bláa tunnu og gámafélagið hina.

Deildarstjóri vatns- og hitaveitu

Deildarstjóri vatns- og hitaveitu hefur yfirumsjón með daglegum rekstri veitna og starfsmannamál (t.d ráðningu, yfirferð launa, viðræður við starfsmann/menn ef upp koma einhver mál o.s.frv.) ásamt því að stýra nýframkvæmdum og annast skýrslugerð

vegna Selfossveitna. Er með undir sinni stjórn verkefnastjóra, verkstjóra og aðstoðar verkstjóra. Selfossveitur er fjórða stærsta hitaveitan á landinu að sögn deildarstjórans. Selfossveitur og Vatnsveita Árborgar eru aðilar Samorku (samtök orku- og veitufyrirtækja).

Verkefnastjóri er deildarstjóranum til halds og trausts, annast viðhald á veitum, sér um að þær séu í lagi og annast önnur þau verkefni sem deildarstjórinn felur honum. Að undanfögnu hefur verkefnastjórinn verið frá vinnu vegna veikinda, sem hefur skapað aukið álag á deildarstjóranum. Verkstjóri stýrir öðrum starfsmönnum Selfossveitna og skipuleggur vinnu þeirra fyrir hvern dag.

Vegna mikils álags hefur verið nokkuð um útvistun á verkefnum bæði verklegum og hönnunarverkefnum. Að undanfögnu hefur verið mikil aukavinna hjá útivinnandi starfsmönnum Selfossveitna að sögn deildarstjórans.

Tveir starfsmenn eru á mæladeild. Þeir sjá um uppsetningu á öllum nýjum mælum og útskiptingu á biluðum mælum. Öll bilunarmál sem koma upp hjá íbúum eða fyrirtækjum og varða veiturnar byrjar hjá starfsmönnum á mæladeild. Annar starfsmaðurinn sér jafnframt um innkaup á viðhaldsbúnaði fyrir veiturnar. Starfsmennirnir sjá einnig um að lesa af mælum hjá fyrirtækjum bæði vegna heits og kalds vatns.

Eru með mikið af nýframkvæmdum í gangi og hefur deildarstjórinn verið að leiða þau verkefni. Unnið að tillögugerð o.s.frv.

Deildarstjórinn heldur utan um fjármál Selfossveitna. Hann fer yfir alla reikninga vegna veitna og gerir mánaðarlega skýrslu þar sem fjallað er almennt um reksturinn og skýrir út frávik frá rekstraráætlun. Verkstjórinn skrifar upp á reikninga og síðan samþykkir deildarstjórinn alla reikninga sem verkstjórinn hefur skrifað upp á vegna daglegs rekstrar.

Reikning sem deildarstjórinn skrifar upp á þarf sviðsstóri síðan að samþykkja. Mikill tími fer í að skrifa upp á reikninga.

Að sögn deildarstjórans verða Selfossveitur með nýframkvæmdir upp á 7 til 800 milljónir króna á árinu 2019. Deildarstjórinn mun hafa yfirumsjón með þessum framkvæmdum. Þessar miklu framkvæmdir eru vegna þess að allt hitaveitukerfið er orðið of lítið. Um er að ræða endurnýjun á stofnlögnum, dælustöð, nýtt dreifikerfi og boranir eftir heitu vatni. Hitaveitukerfið sem notast hefur verið við var ætlað fyrir 8 til 10 þúsund manna íbúabyggð og er það orðið of lítið. Hafnar eru framkvæmdir við nýtt kerfi sem ætlað er fyrir 20 til 30 þúsund manna byggð. Síðasta vetur kom upp sem dæmi að keyra þurfti allar dælur vegna hitaveitu á fullum afköstum þannig að meira heitt vatn komst ekki í gegnum stofnlagnir frá dælustöðinni. Einnig kom það nokkrum sinnum upp að loka þurfti sundlaug og grunnskóla á Stokkseyri þar sem þrýstingur féll.

Stefnt er að því að innleiða viðhaldskerfi fyrir veiturnar, sem ekki hefur verið. Innleitt verður nýtt kerfi sem tekur við af gömlu og úreltu kerfi sem heitir Arfinn. Það kerfi hefur ekki verið uppfært í áratug eða svo og hentar því engan veginn í nútímaveitu.

Fram kom í máli deildarstjórans að meira samstarf mætti vera á milli byggingarfulltrúa og veitna varðandi nýframkvæmdir.

Verkstjóri hita- og vatnsveitu

Daglegur vinnutími starfsmanna er frá kl. 8:00 til 16:10 mánudaga til fimmtudaga. Á föstudögum er unnið frá kl. 8:00 til 12:00. Tekinn er matartími í hálfa klukkustund á dag nema á föstudögum. Kaffitími er á morgnana í 20 mínútur. Samkvæmt þessu er vinnuvikan hjá starfsmönnum 35 klukkustundir og 40 mínútur.

Undir verkstjórnann heyra 10 starfsmenn. Þar af eru átta menn sem ganga bakvaktir. Tveir og tveir saman. Taka viku í senn. Byrja á mánudagsmorgni og skila af sér á mánudagsmorgni eftir viku. Fá greidda bakvakt frá kl. 16:10 til kl. 8:00 næsta dag og frá kl. 12 á föstudögum til kl. 8:00 á mánudagsmorgni. Ef kemur til útkalls fá þeir greiddar fjórar klukkustundir í yfirtíð að lágmarki fyrir útkallið. Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra veitna eru bakvaktatímar ekki dregnir frá þegar starfsmenn fá greitt fyrir útkall. Í þeim tilfellum fá starfsmenn bæði greitt fyrir bakvakt og útkall. Hver starfsmaður af þessum átta á bakvakt fjórðu hverja viku.

Selfossveitur eiga og leggja lagnir fyrir heitt og kalt vatn alveg að tengigrindum í húsum og halda lögnum við. Þegar óskað er eftir tengingu fara starfsmenn Selfossveitna og leggja inn í viðkomandi hús. Starfsmenn Selfossveitna annast þetta að mestu leyti. Kemur fyrir að fenginn er verktaki til að grafa skurð fyrir lagnir. Vegna mikilla anna að undanförunu er nokkuð um að verktakar hafa verið fengnir til að grafa fyrir heimtaugum. Það liggur rör úr aðalæð í götu inn á hverja lóð og þá inn fyrir lóðamörk. Bæði fyrir heitt og kalt vatn.

Á sama hátt eiga og leggja Selfossveitur lögn fyrir kalt vatn inn í hús og annast viðhald á þeirri lögn einnig. Þegar húsbyggjandi byggir hús þá leggur hann rör að kaldavatnslögn í lóðinni, sem kaldavatnslögnin er síðan dregin í gegnum inn í húsið. Þannig að Selfossveitur þurfa ekki að grafa skurð vegna kalda vatnsins.

Þegar beiðni kemur um heimtaug, fyrir heitt og kalt vatn, fylgja engar teikningar varðandi lagnir inn í viðkomandi hús að sögn verkstjóra. Starfsmenn Selfossveitna fara í viðkomandi hús og skoða hvar heimtaugar eiga að liggja inn í húsið. Þegar það liggur fyrir rissa þeir lögnina upp og grafa eftir rissblaðinu. Starfsmaður á skrifstofu, verkefnastjóri, teiknar síðan inn á grunn í autocat skv. rissblaðinu til að setja inn í gagnagrunn hjá Selfossveitum.

Vegna veikinda starfsmanns hafa safnast upp rissblöð sem ekki hefur verið teiknað eftir og standa yfir samningar við Verkfræðistofuna Eflu um að taka að sér að teikna lagnirnar eftir rissblöðum inn í gagnagrunn hjá Selfossveitum.

Það kemur fyrir að skemmdir verða á inntökum inn í hús. Hér áður fyrr var viðkomandi látinn greiða fyrir viðgerðir vegna skemmda. Vegna þess lét fólk oft á tíðum ekki vita af skemmdum. Með hliðsjón af því var ákveðið að ekki væri innheimt fyrir viðgerðir á heimæðum vegna skemmda. Sé um skemmdir að ræða koma Selfossveitur og laga á sinn kostnað.

Mikil vinna fer í að halda borholusvæðinu við.

Tveir starfsmenn eru á mæladeild og sjá um að setja upp mæla, bæði nýja og endurnýja eldri mæla að hluta. Jafnframt annast þeir álestur í fyrirtækjum. Fyrir Selfossveitur og einnig fyrir HS-veitur, sem Selfossveitur hafa tekið að sér í verktöku. Annar þessara starfsmanna annast birgðahald og pantar inn.

Starfsmennirnir lesa eingöngu af mælum hjá stærri notendum, fyrirtækjum og í fjölbýlishúsum. Um er að ræða um 100 mæla sem lesa þarf af í hverjum mánuði. Síðan

eru smærri fyrirtæki og dreifbýlið, t.d Tjarnarbyggð og sveitabær þar sem lesið er af einu sinni á ári.

Starfsmaður í Ráðhúsinu sér um að lesa af mælum í heimahúsum þar sem það er gert.

Staðið hefur til að endurnýja alla eldri mæla vegna hitaveitu. Gerður hefur verið samningur við verktaka um að annast þessa endurnýjun.

Þegar lokið hefur verið við að tengja nýja lögn við tengigrind í húsi koma starfsmenn mæladeildar og setja upp mæli. Að mati skýrsluhöfundar ætti að koma til greina að þeir starfsmenn, sem annast tengingu heimtaugar við tengigrind, setji jafnframt upp mæli um leið og þeir ganga frá tengingu við tengigrind í viðkomandi húsi. Spurning er hvort ekki væri hægt að koma því við í sumum tilfella.

Starfsmenn mæladeildar byrja daginn á því að keyra póst frá sviðinu í Ráðhúsið og til baka.

Komi upp að ekki er nægilegur þrýstingur á heitu vatni inn í hús er haft samband við Selfossveitur sem gagna úr skugga um hvort allt sé í lagi. Jafnframt ef sía stíflast í mæli annast Selfossveitur hreinsun.

Þeir starfsmenn sem eru á bakvakt hafa spjaldtölvu og geta skoðað bilunartilkynningar í henni heima hjá sér. Með því er hægt að hluta til að sinna öryggishringingu frá stjórnstöð heima í spjaldtölvu.

Vaktmaður sem er heima með vaktsímann stilltan á sig ákveður hvort hann kalli út þann sem er aukamaður með honum á bakvakt eftir umfangi verkefnisins í hvert sinn sé um útkall að ræða.

Þeir sem eru á bakvakt eru á bílum heima frá Selfossveitum. Selfossveitur eru með fjóra vel útbúna bíla, verkstæði í þeim öllum. Hitaveitan er með þrjá bíla og vatnsveitan einn, sem allir eru útbúnir sem verkstæði. Síðan er einn bíll til að fara á milli staða, verkstjóri hefur einn bíl og mælideildin einn.

Selfossveitur eru með eina traktorsgröfu og eina litla gröfu, beltavél, til að fara inn í garða. Jafnframt lítinn Man vörubíll til að keyra efni í burtu. Hann var keyptur 2017, gamall bíll. Voru að lenda í vandræðum vegna þess að þeir gátu ekki keyrt efni í burtu og voru að gera það á gröfunni að sögn verkstjóra.

Umsjónarmaður fasteigna

Hefur umsjón með fasteignum sveitarfélagsins öðrum en leiguíbúðum. Hann hefur yfirumsjón með öllu viðhaldi viðkomandi fasteigna, samþykkir reikninga vegna þeirra og annast samskipti við iðnaðarmenn, stjórnendur og húsumsjónarmenn. Enginn starfsmaður heyrir undir umsjónarmanninn.

Húsumsjónarmenn í grunnskólum annast allt minniháttar sem tengist því sem leigutaki á að annast í viðkomandi skóla, svo sem ljósaperuskripti o.þ.h. Annað sér umsjónarmaður fasteigna um.

Hann hefur aðgang að þremur smiðum sem heyra undir þjónustumiðstöðina. Þeir eru aðallega í skyndiútköllum. Að mati umsjónarmanns fasteigna ættu húsumsjónarmenn í skólunum að geta gert ýmislegt umfram það sem þeir gera í dag varðandi viðhaldsverkefni. En það er breytilegt á milli staða hvað hver og einn gerir. T.d. ef þarf að skipta um hurðaskrá í skóla sér umsjónarmaður fasteigna um það.

Fram kom að það gæti verið nokkuð kostnaðarsamt að fá smíði þjónustumiðstöðvar að verkum þar sem þeir væru oft tveir og þrír saman, bæði í litlum og stórum verkefnum. Að kalla til verktaka í svipuð verk væri oft ódýrara, færri menn og færri klukkustundir. Umsjónarmaður fasteigna vill þó taka fram að smíðir þjónustumiðstöðvar bregðast iðulega skjótt við beiðnum og skila af sér vönduðum vinnubrögðum. Á þenslutímum, eins og nú, eru verktakar ekki eins tilbúnir að bregðast við smáverkum með svo skjóttum hætti sem æskilegt væri.

Umsjónarmaður fasteigna fær ekki tímaskýrslur smíða til yfirferðar. Heldur fær hann einungis reikning vegna verka sem unnin eru.

Umsjónarmaður fasteigna tekur leiguíbúðir út og leggur til hvað gera skuli ef þess þarf varðandi viðhald. Síðan hefur ákvörðun verið tekin í Ráðhúsinu þar sem bæjarstjóri hefur farið með fjármál leiguíbúða og starfsmaður félagsþjónustusviðs með leigumál. Svipað háttar til með Sandvíkursetur þar er stjórn yfir húsinu. Umsjónarmaðurinn tekur ákvarðanir um smærri verk en stjórnin stærri.

Eins og staðan er núna hefur umsjónarmaður fasteigna ekki aðgang að rafrænum stjórnækjum varðandi utan um hald á fasteignum. Að mati hans fengi hann t.d. „MainManager“ til að halda utan um rekstur, viðhald og þróun eigna sveitarfélagsins gæti hann annast viðhald á öllum fasteignum sveitarfélagsins, þ.m.t. vegna leiguíbúða. Þá gæti hann m.a. raðað framkvæmdum upp og gert tillögur um hvað eigi að gera o.s.frv.

Umsjónarmaður fasteigna gerir áætlun varðandi viðhald fyrir eignadeild og fasteignafélagið. Yfirleitt er samþykkt það sem hann leggur til.

Tafla 108: Kostnaður vegna viðhalds fasteigna og lóða annarra en leiguíbúða hjá Sveitarfélaginu Árborg árin 2015 til 2017

Ár	Eignadeild:		Fasteignafélag		Samtals		Samtals	Þar af
	Verktakar	Þjónustumiðstöð	Verktakar	Þjónustumiðstöð	Verktakar	Þjónustumiðstöð	viðhald	Þjónustumiðstöð
2015	72.274.293	9.367.333	20.899.009	3.090.881	93.173.302	12.458.214	105.631.516	12%
2016	54.943.335	11.612.558	21.167.344	5.029.264	76.110.679	16.641.822	92.752.501	18%
2017	80.242.350	16.266.978	19.823.981	4.993.635	100.066.331	21.260.613	121.326.944	18%

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 108 sýnir kostnað sveitarfélagsins vegna viðhalds á fasteignum þess annarra en vegna leiguíbúða. Um er að ræða viðhald á húsnaði og lóðum viðkomandi fasteigna.

Kostnaðnum er skipt annars vegar í það sem var keypt af verktökum og hins vegar kostnað vegna þess sem þjónustumiðstöðin annaðist. Einnig er gefið upp viðhald vegna eignadeildar annars vegar og hins vegar vegna fasteignafélagsins.

Eins og taflan sýnir var heildar viðhaldskostnaður vegna fasteigna sveitarfélagsins annarra en leiguíbúða 121 milljón króna árið 2017, þar af var greitt til þjónustumiðstöðvarinnar um 18%, eða 21 milljón króna.

Vegna félagslegra íbúða hefur verið gerður samningur við verktakafyrirtæki sem annast alfarið allt viðhaldi vegna leiguíbúða. Umsjónarmaðurinn gerir tillögur til starfsmanns félagssviðs sem tekur með öðrum ákvarðanir um viðhald. Hann hefur síðan eftirlit með verktakanum. Reynir að fara yfir verk þegar verktakinn hefur lokið þeim.

Óski leigjandi leiguíbúðar um viðgerð hefur óskinni verið beint að starfsmanni félagsþjónustu og/eða bæjarstjóra, sem síðan hafa beint henni til umsjónarmannsins. Ef

um minniháttar viðgerð er að ræða hefur starfsmaður félagsþjónustu oft á tíðum snúið sér beint til verktaka.

Þegar umsjónarmaður fasteigna biður um að verk séu unnin af smiðum sveitarfélagsins sendir hann beiðni þar um á verkstjóra þjónustumiðstöðvar.

Umsjónarmaður fasteigna tekur að sér verkefni vegna nýframkvæmda að beiðni sviðsstjóra þegar það er um að ræða.

Mikilvægt er í fasteignarekstri að haldið sé utan um viðahaldssögu fasteigna, t.d. með „Main management“ væri það mögulegt, eða öðru sambærilegu kerfi.

Umhverfi og framkvæmdir

Umsjónarmaður

Deildarstjóri framkvæmda og þjónustu.

Undir deildarstjóra framkvæmda og þjónustu heyra hreinlætismál, samgöngumál og gatnaviðhald, umhverfismál, fráveita Árborgar og þjónustumiðstöð. Jafnframt hefur deildarstjórinn umsjón með leikvöllum, sem heyra undir æskulýðsmál. Um er að ræða opna leikvelli sem eru um 30 í sveitarfélaginu.

Deildarstjóri hefur yfirumsjón með rekstri og rekstarverkefnum sem tilheyra ofangreindum málaflokkum auk þess að vinna að nýframkvæmdarverkefnum sem tengjast inná þá málaflokka með einum eða öðrum hætti. Í því fellst m.a. áætlunargerð, samningagerð, útboð á verkum, rýni á teikningum, gögnum, tæknilegum útfærslum og skipulögum, eftirfylgni með verktökum og samskipti við hönnuði, íbúa, sveitarstjórn, verktaka, veitufyrirtæki og aðra hagsmunaaðila auk úrlausnar á ýmsum verkefnum tengdum opinberri stjórnsýslu s.s. skil á upplýsingum til stofnana, upplýsingamiðlun til almennings o.fl. Deildarstjóri ber fjárhagslega ábyrgð á sínum málaflokkum, sér um kostnaðareftirlit og áætlanagerðir, launaáætlanir og fjárhagsáætlunargerðir og samþykkt reikninga sem málaflokkunum tilheyra. Deildarstjóri sinnir starfsmannamálum þjónustumiðstöðvar sem ekki eru leyst af yfirverkstjóra auk tilfallandi starfsmannamála annarra deilda sem honum er falið að vinna úr.

Mikil verkefnastýring. ;ikill tími fer í að reka á eftir verktökum og fylgja verkefnum eftir.

Þegar kvartanir berast getur afgreiðslan í Ráðhúsinu oft beint á viðkomandi starfsmann í stað þess t.d. að taka við kvörtunum og koma þeim áleiðis eða gefa samband við afgreiðsluna á deildinni. Nokkur tími fer í að sinna svona símtölum og heimsóknum.

Skv. gjaldskrá fyrir losun á sorpi á Gámasvæði Árborgar eru 11 mismunandi gjaldflokkar auk 8 flokka sem eru gjaldfrjálsir. Greitt er fyrir verð/kíló og á að vigta bíla viðskiptavina á innleið og útleið og greiða þeir fyrir þyngdarmismun. Þegar viðskiptavinir koma á gámasvæðið eru þeir þó sjaldnast með einn sorpflokk/gjaldflokk í bílnum og þar af leiðandi er gjaldtaka ekki einföld. Skv. gjaldskrá er lágmarkskomugjald á gámasvæðið 500 kr. en það hefur ekki verið innheimt ef viðskiptavinir koma með sorp í gjaldfrjálsa flokka. Spurning er að athuga með að gera þessa gjaldtöku einfaldari og jafnvel að draga úr henni hvað varðar almennan úrgang frá heimilum.

Gjaldskráin er mismunandi eftir úrgangstegundum. Á gámasvæðinu er vigt en yfirleitt er fólk ekki með eina tegund af úrgangi. Þannig að starfsmaðurinn þarf að ákveða hvernig hann skiptir þessu og við hvað tegund úrgangs er miðað þegar vigtað er. Að

jafnaði eru tveir menn á gámasvæðinu. Á sumrin þurfa að vera þrír en gæti dugað tveir ef ekki væri verið að taka gjald.

Mikil vinna hjá deildarstjóra og verkstjóra þjónustumiðstöðvar fer í að stýra gámasvæðinu og svara ábendingum og kvörtunum sem berast vegna svæðisins.

Tafla 109: Tekjur af gámasvæðinu árið 2017 og janúar til nóvember 2018

Upphæð / 2017	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Samtals
Reikningsviðskipti	-177.661	-203.250	-360.050	-272.920	-133.770	-305.620	-156.490	-118.460	-182.390	-161.040	-107.310	-98.920	-2.277.881
Uppgjör gámasvæðis	-416.315	-387.826	-425.052	-545.370	-346.900	-493.170	-602.620	-495.410	-559.048	-436.200	-438.650	-393.900	-5.540.461
Leiðrétting			4.520				19.740		-6.200	-1.300	62.170	-3.140	75.790
Samtals	-593.976	-591.076	-780.582	-818.290	-480.670	-798.790	-739.370	-613.870	-747.638	-598.540	-483.790	-495.960	-7.742.552
Geymslupláss Vikurheidi						-165.500						-201.000	-366.500
Upphæð / 2018	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Samtals
Reikningsviðskipti	-173.564	-206.665	-369.344	-303.306	-196.745	-180.797	-278.114	-155.567	-151.180	-164.940	-177.080		-2.357.302
Uppgjör gámasvæðis	-597.657	-613.720	-848.080	-877.815	-420.010	-676.976	-845.230	-712.649	-684.805	-654.495	-601.353		-7.532.790
Samtals	-771.221	-820.385	-1.217.424	-1.181.121	-616.755	-857.773	-1.123.344	-868.216	-835.985	-819.435	-778.433		-9.890.092

Heimild: Sveitarfélagið Árborg

Tafla 109 sýnir tekjur af gámasvæðinu árið 2017 og janúar til og með nóvember 2018.

Eins og taflan sýnir voru tekjurnar 7.742 þúsund krónur árið 2017 og 9.890 þúsund krónur fram til nóvemberloka árið 2018.

Verkstjóri þjónustumiðstöðvar

Vinnutími starfsmanna þjónustumiðstöðvar er mánudaga til fimmtudaga frá kl. 8:00 til kl. 16:30 og föstudaga frá kl. 8:00 til kl. 12:00. Tveir starfsmenn, sem eru á helgarvakt vegna opnunartíma á gámasvæði, opna gámasvæði kl. 13:00 og eru til kl. 17:00 á föstudögum. Eftir kl. 13:00 á föstudögum er greitt fyrir í yfirtíð vegna opunarinnar.

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar taka hálfa klukkustund í mat. Taka kaffitíma að morgni í 20 mínútur. Ekki er tekið síðdegiskaffi. Samkvæmt kjarasamningum eiga að vera tveir kaffitímar á dag. Annar í 20 mínútur og hinn í 15 mínútur.

Starfsmenn fá greitt að jafnaði fyrir átta klukkustunda vinnudag á virkum dögum eða 40 klukkustunda vinnuviku í dagvinnu. Þeir sem eru að vinna við gámasvæðið um helgar fá það allt greitt í yfirtíð.

Miðað við framangreindan vinnutíma og að síðdegiskaffið er ekki tekið er samtals reglulegur vinnutími starfsmanna á viku 37 klukkustundir.

Við þjónustumiðstöð eru 16 stöðugildi, þar með talinn verkstjóri. Þar af er einn starfsmaður í umhverfismálum og þrír starfsmenn í viðhaldi og þjónustu vegna fasteigna sveitarfélagsins annarra en leiguíbúða. Starfsmenn í viðhaldi fá ákveðin verkefni yfir daginn en eru að öðru leyti nokkuð sjálfstæðir í sínum verkum. Húsumsjónarmenn í grunnskólum sjá ekki um viðhaldsverkefni heldur eru þessir þrír starfsmenn kallaðir til. Í viðræðum við forstöðumenn stofnana kom m.a. fram að það gangi oft seint að fá viðhaldsverk unnin á húseignum, að mati verkstjóra er það vegna anna hjá viðkomandi starfsmönnum. Samkvæmt lista frá umsjónarmanni fasteigna sveitarfélagsins er um að ræða um 70 húseignir, sem viðkomandi aðilar annast. Hér er allt meðtalið, bæði stórt og lítið húsnæði.

Að sögn verkstjóra heyrir umhverfisdeild að hluta undir þjónustumiðstöðina en er nokkuð sjálfstæði eining. Einn starfsmaður er á umhverfisdeild.

Einn starfsmaður sér um gámasvæðið. Einn til tveir tímar á dag fara í það að losa gáma og panta losanir og taka til á gámasvæðinu á morgnana. Gámasvæðið er opið frá kl. 13:00 til kl. 17:00 á virkum dögum. Á opnunartíma eru tveir starfsmenn á gámasvæðinu, þessi og annar til, sjá hér síðar.

Opið er á gámasvæðinu á laugardögum frá kl. 13:00 til kl. 17:00. Lokað er á sunnudögum. Tveir starfsmenn annast þennan opnunartíma. Þeir byrja kl. 8:00 á laugardagsmorgni og losa þá alla rusladalla í sveitarfélaginu og yfirfara allan bæinn ásamt því að fara yfir gámasvæðið. Öll þessi vinna fer fram í yfirvinnu og einnig vinnan eftir kl. 13:00 á föstudögum. Átta starfsmenn skipta þessari helgaropnum á milli sín. Þannig að hver tekur fjórðu hverja viku, þ.e. tveir í hvert skipti.

Fráveitan heyrir undir þjónustumiðstöðina en vatnsveita undir Selfossveitur.

Snjómokstur er að hluta til í verktöku. Þjónustumiðstöðin sér um tvær íbúðagötur ásamt stofngötum á Selfossi. Verktakar sjá um annað. Þjónustumiðstöðin annast allan snjómokstur á Eyrarbakka. Verktaki annast snjómoksturinn á Stokkseyri.

Austurvegur og Eyrarvegur eru þjóðvegir í þéttbýli og annast Vegagerðin snjómokstur á þeim vegum. Vegagerðin ryður snjóinn uppá gangstéttar og síðan hefur sveitarfélagið annast að hreinsa snjóinn í burtu skv. sérstöku samkomulagi þar um við Vegagerðina.

Ekki eru bakvaktir vegna snjómoksturs. Komið hafa upp atvik þar sem ekki hefur verið hægt að manna snjómokstur að fullu. Fram kom í máli verkstjóra að hann teldi að skoða þurfi hvort ekki ætti að setja upp bakvaktakerfi yfir vetramánuðina vegna snjómoksturs.

Bæjarverkstjóri hefur vakað þörf á snjómokstri á morgnana.

Greiðslur til verktaka vegna snjómoksturs á tímabilinu frá 1. september 2017 til 1. september 2018 voru um 26 milljónir króna. Þar af var kostnaður vegna Stokkseyrar 1,5 milljónir króna.

Bæjarverkstjóri samþykkir reikninga frá verktökum og hefur eftirlit með þeim. Reynt er að sjá til þess að verktakar í snjómokstri séu búnir að stinga í gegnum húsagötur fyrir kl. 7:30 á morgnana. Síðan að þeir nái að hreinsa hverfin fyrir kl. 17:00.

Bæjarverkstjóri er með vöktun á síma vegna tilkynninga um bilanir eða þjónustupörf hjá íbúum utan reglubundins vinnutíma. Selfossveitur eru með sérstakan síma vegna tilkynninga um bilanir.

Ef bæjarverkstjóri fer í fríi færist síminn yfir á aðstoðarverkstjóra.

Dagurinn í þjónustumiðstöðinni byrjar að jafnaði þannig að flestir starfsmenn eru komnir um kl. 7:45 og menn fá sér kaffi og létt spjall. Síðan hefst dagvinnan kl. 8:00. Bæjarverkstjóri byrjar á því að skoða tölupósta og verkbeiðnir sem liggja fyrir. Reynir að sjá til þess að allar beiðnir komi í tölvupósti.

Ekki hafa verið haldnir reglulegir fundir með yfirmönnum. Að mati verkstjóra mættu starfsmenn vera betur upplýstir um málefni sveitarfélagsins almennt.

Bæjarverkstjóri hefur reynt að upplýsa sína menn í reglulega kaffispjalli á morgnana. Bæjarverkstjóri og hans næsti yfirmaður funda ekki reglulega.

Verkstjóri fær beiðni um að senda smiðina í ákveðin verkefni. Flestar beiðnirnar koma frá umsjónarmanni fasteigna.

Starfsmenn handskrifa hver fyrir sig tímaskýrslur þar sem kemur fram hvað var gert yfir daginn. Síðan setur starfsmaður á skrifstofu upp verkbókhald úr þessum skýrslum. Starfsmaðurinn gerir þetta fyrir alla starfsmenn þjónustumiðstöðvar og Selfossveitna.

Starfsmenn stimpla sig inn og úr vinnu. Þurfa í hvort skipti að slá inn kennitölum. Kerfið býður upp á verkbókhald en það er ekki nýtt til þess.

Verknúmera listi er langur og flókin. Eldri og ónotuð verknúmerum er ekki eytt af listanum þó löngu sé hætt að nota viðkomandi verknúmer. Verknúmerin eru ekki aðgengileg rafrænt heldur þarf að leita að þeim á listum.

Útiport við þjónustumiðstöð er afgirt en hliðið alltaf opið frá kl. 8:00 og yfir allan daginn. Hefur verið að biðja um að settar verði lokanir á hliðið. Opnun að skrifstofu er lokað kl. 15:00 en allt er opið í gegnum portið inn í húsnæði, þar með talda skrifstofur.

Þegar starfsmenn þjónustumiðstöðvar eru að vinna á Stokkseyri og Eyrarbakka koma þeir í þjónustumiðstöðina í kaffi og mat. Því er mikið um keyrslu og frátafir vegna þessa. Sem dæmi um það að þá er farið af stað úr þjónustumiðstöðinni um kl. 8:00 og komið að verki á Stokkseyri eða Eyrarbakka um kl. 8:30. Síðan er farið af stað í kaffi kl. 9:15 og komið úr kaffi um kl. 10:15. Unnið til um kl. 11:45 en þá er farið í mat inn á Selfoss og komið aftur að verki um kl. 12:50. Spurning er hvort ekki væri mögulegt að leysa þetta á annan hátt en þann að starfsmenn fari þetta fram og til baka í mat og kaffi.

Dýraeftirlitsmaður er í hálfu starfi sem slíkur og í hálfu á gámasvæðinu.

Ef tæki bila hjá þjónustumiðstöðinni hefur verkstjóri greint hvað skuli gert. Einn starfsmaður er liðtækur í léttum viðgerðum, að öðru leyti fara tæki á verkstæði.

Tækjakostur þjónustumiðstöðvar er vörubíll, þrír gangstétta traktorar, litlir, sem notaðir eru til að ryðja og salta gagnstéttir á vetrum og grasslátt á sumrin, einn stór traktor sem hægt er að tengja sturtuvagn við og svo þrjár traktorsgröfur. Nýjasta traktorsgrafan kom síðasta vor. Ein er á gámasvæðinu, ein aðalvél, sem er í þjónustumiðstöðinni og ein vél er staðsett á Eyrarbakka.

Tafla 110: Fjöldi stöðugilda í þjónustumiðstöð hjá samanburðar sveitarfélögum í desember 2018

	Fjöldi íbúa 01.12.2018	Fráveita	Vatnsveita	Annað	Þjónustumiðstöð	Þjónustumiðstöð samtals	Fjöldi íbúa á hvert	Fjöldi íbúa á hvert stöðugildi án vatnsveitu
Hafnarfjarðarkaupstaður ¹⁾	29.412	3	3		18	24	1.226	1.401
Akureyrarbær ²⁾	18.787				33	33	569	569
Reykjanesbær ³⁾	17.805	1			12	13	1.370	1.370
Garðabær ⁴⁾	15.709	1	2	8	10	21	748	827
Mosfellsbær ⁵⁾	10.556	3	4		7	14	754	1.056
Sveitarfélagið Árborg ⁶⁾	8.995				16	16	562	562
Akraneskaupstaður ⁷⁾	7.259				6	6	1.210	1.210
Fjarðabyggð ⁸⁾	4.777	2	2		13	17	281	318
Seltjarnarnesbær ⁹⁾	4.575	0,5	1,5		9	11	416	482
Vestmannaeyjabær ¹⁰⁾	4.284	1		1	9	11	389	389
Sveitarfélagið Skagafjörður ¹¹⁾	3.955	1,5	9		7,5	18	220	439
Hvernig er snjómokstri háttað hjá sveitarfélaginu?								
1) Þjónustumiðstöðu sér að mesetu leyti um snjómokstur. Snjómokstur er í verktöku á aðalgönguleiðum innan sveitarfélagsins.								
2) Sveitarfélagið sér um snjómokstur og hálfuvarnir eins og það ræður við en jafnframt er samið við verktaka þegar á þarf að halda.								
3) Vatnsveita er ekki í eigu sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur tvo bíla til að annast söltun og mokstur á aðalleiðum.								
Verktakar eru ræstir út eftir þröfum. Gangstéttir og stígar eru í verktöku.								
4) Sveitarfélagið er með verktaka í snjómokstri gatna og stíga, en sveitarfélagið hefur til reiðu tæki og mannskap ef með þarf.								
Í þjónustumiðstöð er garðyrkjudeild. Starfsmanafjöldi þar er mismunandi eftir árstíðum. Undir annað eru átta starfsmenn í garðyrkjudeildar.								
5) Snjómokstur er í 80% verktöku og 20% þjónustumiðstöð.								
6) Að hluta til sér sveitarfélagið um snjómokstur og að hluta verktakar.								
7) Verktakar annast snjómokstur.								
8) Í sveitarfélaginu eru sex byggðakjarnar og veitt sambærilega þjónusta á hverjum stað. Kostnaðrsamt að koma mönnum á milli staða.								
Snjómokstur er í 75% verktöku og 25% á vegum sveitarfélagsins.								
9) Sveitarfélagið annast allan snjómokstur. Starfsmenn vatnsveitu annast einnig hitaveitu ásamt öðrum starfsmönnum í þjónustumiðstöð.								
10) Einn starfsmaður er á þjónustubífreid fyrir fatlaða. Varðandi snjómokstur er bænum skipt í þrennt. Verktakar annast tvö svæði og sveitarfélagið eitt. Sveitarfélagið annast ruðning á gangstéttum og göngustígum.								
11) Starfsmenn vatnsveitu annast líka hitaveitu. Allur snjómokstur er í verktöku.								

Heimild: Viðkomandi sveitarfélög

Tafla 110 sýnir fjölda stöðugilda í þjónustumiðstöðvum hjá samanburðar sveitarfélögum eins og það var í desember 2018.

Gerður er fyrirvari á þessum samanburði þar sem mikill mismunur er á því hvað er gert á hverjum stað, sem dæmi má nefna að Akureyrarbær rekur malbikunarstöð.

Engu að síður gefur þessi samanburður ákveðnar vísbendingar og vekur upp spurningar um hversu umfangsmikla starfsemi sveitarfélög vilji að fari fram í þjónustumiðstöð sveitarfélagsins.

Af fjölmennari sveitarfélögunum í þessum samanburði skera Akureyrarbær og Sveitarfélagið Árborg sig nokkuð úr hvað varðar fjölda íbúa á hvert stöðugildi í þjónustumiðstöð. Hjá Sveitarfélaginu Árborg voru 562 íbúar á hvert stöðugildi og hjá Akureyrarbæ 569. Til samanburðar voru íbúarnir á hvert stöðugildi hjá Reykjanesbæ 1.370, 827 hjá Garðabæ og 1.056 hjá Mosfellsbæ.

Verkstjóri umhverfiseildar

Einn starfsmaður er í umhverfismálum og hefur starfsheitið verkstjóri umhverfiseildar. Næsti yfirmaður hans er deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Vinnutími starfsmannsins er sá sami og hjá starfsmönnum þjónustumiðstöðvar.

Starfsmaðurinn tekur við kvörtunum frá íbúum, hefur umsjón með jólaþrengingum fyrir sveitarfélagið, annast trjáklippingar, gróðursetningu, að týna rusl, pantar sumarblóm, skipuleggur gróðursetningu og útskiptingu á trjám.

Á vegum þjónustumiðstöðvarinnar eru starfandi yfir sumarmánuðina blóma- og sláttuhópar sem heyra undir starfsmanninn. Hann annast tímaskráningar hjá þessum hópum og sendir á launadeildina. Jafnframt hefur starfsmaðurinn skipulagt verkefni fyrir vinnuskólann en vinnuskólinn heyrir undir vinnuskólastjóra sem jafnframt sér um félagsmiðstöðina. Starfsmaðurinn hefur aðstoðað við ráðningu á flokksstjórum fyrir vinnuskólann. Flokksstjórnarnir koma líka í vinnu hjá honum í byrjun maí fram að vinnuskóla og eins eftir að vinnuskólanum lýkur í júlí, þá koma þeir og vinna fram í miðjan ágúst undir stjórn verkstjóra umhverfiseildar.

Sveitarfélagið sjálft sér um allan slátt á Selfossi en búið er að bjóða út allan slátt á Eyrarbakka og Stokkseyri. Verkstjóri umhverfiseildar annast eftirlit með slætti á Eyrarbakka og Stokkseyri.

SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI

Skipulags- og byggingarfulltrúi heyrir beint undir bæjarstjóra.

Undir skipulags- og byggingarfulltrúa heyra aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa, ritari, þjónustufulltrúi og úttektarmaður sem ráðinn var í janúar 2018. Ritarinn og úttektarmaðurinn hafa verið nokkuð frá vinnu að undanfögnu vegna veikinda. Vegna þess hefur skapast nokkuð álag hjá skipulags- og byggingarfulltrúa. Ritarinn er að byrja að vinna aftur eftir veikindi en ekki í fullu starfi.

Vegna veikinda úttektarmanns hefur úttektum verið útvistað. Tveir aðilar hjá Verkfræðistofunni Verkís hafa annast þessar úttektir fyrir sveitarfélagið. Nokkuð hefur verið um nýbyggingar að undanfögnu í sveitarfélaginu sem hefur skapað nokkuð álag undanfarin ár.

Þessu álagi hefur verið mætt með meiri vinnu og úthýsingum á verkefnum.

Öllum mælingum hefur verið úthýst.

Þegar ritarinn veiktist fékk skipulags- og byggingarfulltrúi nýtt stöðugildi, þjónustufulltrúa, í afgreiðslu. Skipulags- og byggingarfulltrúi og aðstoðar skipulags- og byggingarfulltrúi hafa skipt með sér verkum. Þannig að skipulags og byggingarfulltrúi hefur séð um skipulagsmálin og aðstoðarmaðurinn um byggingarmál. Í sameiningu hafa þeir tekið erfið mál. Byggingarfulltrúi er leyfisveitandi fyrir byggingarleyfum skv. þar gildandi lögum og reglugerð. Skipulags- og byggingarnefnd er ráðgjafandi aðili fyrir bæjarstjórn varðandi skipulagsmál.

Á afgreiðslufundum vegna byggingarleyfa situr skipulags- og byggingarfulltrúi, aðstoðarmaður hans, fulltrúar frá eldvarnareftirliti og formaður skipulags- og byggingarnefndar.

Öll verkefni landbúnaðarnefndar voru sett undir skipulags- og byggingarfulltrúa og landbúnaðarnefnd lögð niður. Það helsta sem landbúnaðarnefnd sá um var úthlutun á beitarlendi og ræktarlendi ásamt því að sjá um viðhald áveituskurða og samskipti við stjórn Flóaáveitu um viðhald hennar. Einnig var hlutverk nefndarinnar að hafa samskipti við bændur og búalið um hverskyns skepnuhald og halda utan um fjallskil ásamt því að framfylgja samþykkt um búfjárhald í Sveitarfélaginu Árborg. Öll þessi verkefni Landbúnaðarnefndarinnar hafa verið sett undir skipulags- og byggingarnefnd.

Skipulags- og byggingarfulltrúi heldur utan um alla samninga vegna úthlutunar ræktar- og beitarlands. Jafnframt heldur skipulags- og byggingarfulltrúi utan um alla lóðaleigusamninga.

Öll stjórnsýsluleg umsýsla varðandi skipulagsmál hefur verið á hendi skipulags- og byggingarfulltrúa. Hann hefur annast grenndarkynningar, auglýsingar og svarað athugasemdum o.s.frv.

Hann hefur leitað til bæjarlögmanns, Lögmann á Suðurlandi, til að fá aðstoð um hvernig eigi að svara athugasemdum varðandi skipulagsmál.

Vegna mikils álags hefur skipulags- og byggingarfulltrúi ekki haft undan við nýskráningu á fasteignamati. Vegna þessa hefur vantað upp á að hús séu rétt skráð í fasteignaskrá, byggingarstig o.s.frv. Ákveðið hefur verið að stofna til nýs stöðugildis hjá skipulags- og byggingarfulltrúa og er viðkomandi starfsmaður tekinn til starfa. Stefnt er að því að nýr starfsmaður fari í þetta m.a. og aðstoði við að fara yfir teikningar og úttektir.

Að sögn skipulags- og byggingarfulltrúa hefur hann verið undirmannaður í nokkuð langan tíma. Mikill kostnaður skapast vegna þessa vegna kaupa á þjónustu hjá lögfræðingum, arkitektum og verkfræðingum.

Þegar aðili fær úthlutað lóð fær hann sent úthlutunarbréf þar sem gatnagerðargjöld eru m.a. tilgreind. Innan 20 daga á að greiða 10% af gjaldinu. Síðan er samið um það sem útaf stendur um greiðslu innan eins árs. Fjármálasviðið sér um útreikning gatnagerðargjalda og innheimtu þeirra.

Fulltrúi á skipulags-og byggingardeild

Helstu verkefni fulltrúans eru símasvörun, færsla á gögnum í one, skönnun teikninga og setja þær í tölvutækt form, skráning á loka- og byggingarvottorðum, gengur frá dagskrá og fundarboðum vegna byggingarnefndar og afgreiðslufunda vegna byggingarleyfa o.s.frv., skrifar bréf varðandi afgreiðslur og sendir út, annast skjalavörslu fyrir skipulags- og byggingarmál. Allar umsóknir koma skriflega sem síðan þarf að skanna og setja inn í kerfið. Tekur á móti pöntunum á úttektum byggingarfulltrúa. Samskipti við heilbrigðiseftirlit og sýslumann vegna óska um umsagnir vegna rekstrarleyfa.

Mikill tími fer í símsvörun og leiðbeiningar m.a. í síma.

Kemst ekki yfir þau verkefni sem þarf að leysa að sögn fulltrúans. Vegna þess situr m.a. skönnun teikninga á hakanum. Spurt er af hverju umsækjendum er ekki gert að skila öllum teikningum inn rafrænt þannig að ekki þurfi að skanna teikningar.

Aðaluppdrættir og byggingarnefndarteikningum er skilað inn rafrænt og á pappír. Síðan koma allar aðrar teikningar ásamt aðaluppdráttum á pappír í tvíriti sem fulltrúinn þarf að skanna.

Teikningarnar safnast upp á sviðnu en fara síðan á héraðskjallasafnið.

Til að fá að byrja á húsbyggingu þarf að skila inn byggingaleyfi, byggingastjóraleyfi og byggingarstjóratryggingu og skrá á iðnmeisturum sem allt er gert á pappír, sem fulltrúinn þarf síðan að skanna inn í kerfin.

Bréf sem fara út eru gerð í one og geymast þar. Síðan er mappa sem geymir fundargerðir og öll bréf sem fylgja málum sem tekin eru fyrir á fundum. Síðan í þriðja lagi eru afrit af öllum fundargerðum og bréfum sett í möppu og geymd einnig.

TÖLVUDEILD

Á tölvudeild starfa þrír starfsmenn, í 100% stöðugildi hver. Um er að ræða yfirmann tölvumála/kerfisstjóra og tvo starfsmenn með honum.

Verkaskipting þeirra er sem hér segir:

Yfirmaður tölvumála/kerfisstjóri: Verkumsjónarstýring, innkaup á búnaði, ákvarðanataka, stjórnunar leiðtogi, samskipti við stjórnendur, fundahöld, samskipti við verktaka og önnur tilfallandi verkefni.

Starfsmaður A: Aðgangsstýringar, öryggismál, SCCM, vírusvarnir, notendapjónusta og tilfallandi verk.

Starfsmaður B: Networking, skjámyndakerfi, vettvangspjónusta, heimasíður og tilfallandi verk.

Tölvudeildin heyrir beint undir bæjarstóra.

Þar sem deildin er lítil þurfa starfsmennirnir að geta stokkið í allt, þannig að verksvið þeirra skarast verulega og þurfa þeir því að hafa þekkingu á mörgum sviðum.

Sveitarfélagið vistar öll forrit hjá sér nema Vistor, heimasíður, Völu sem er notað hjá leikskólum og er vistað hjá Advania.

Eru með þrjú gagnaver á þremur stöðum. Um er að ræða eitt aðalgagnaver, síðan er vistun og afritun gagna á hinum tveimur stöðunum. Þetta er svona af öryggisástæðum að sögn yfirmanns tölvudeildar.

Auk þess að halda utan um alla vistun gagna er hlutverk deildarinnar að halda öllum kerfum gangandi, öllum netþjónum í kringum það og þjónusta allar stofnanir sveitarfélagsins með tölvur, ljósritunarvélar, sjónvörp, netbúnað allan, síma o.s.frv. Þess ber þó að geta að ef þurfa þykir eru kallaðir til sérfræðingar, t.a.m. Wise fyrir Navision, Advania fyrir Hlaun (H3) Vigor. Einnig ef stærri viðgerð er á ljósritunarvélum.

Hjá sveitarfélaginu eru um 900 tölvur, þar af 40 serverar, virkir prentarar um 85 á 4 serverum, ljósritunarvélar er 10 sambyggð prentun og skönnun. Einnig mikið af netbúnaði s.s. router-ar og switch-ar ásamt ljósbreytum o.fl.

Stofnanir í þjónustu hjá tölvudeildinni eru Ráðhús, Selfossveitur, Grænamörk (dagdvöl f/eldri borgara) Vinaminni, þrír grunnskólar, sex leikskólar, þrjú bókasöfn, tvær sundlaugar, tvö ungmennahús, Frístundahús, Bifröst (hluti af Vallaskóla) Valhöll (Skólavistun) og fjórar starfstöðvar undir málefni fatlaðra.

Hjá Selfossveitum er tölvudeildin með ýmiss konar tengingar við borholur til að fylgjast með þrýstingi o.þ.h.

Aðalbúnaður gagnavera er kominn yfir sjö ára aldur að sögn yfirmanns tölvudeildar. Það er að segja búnaður sem keyrir miðlæga netþjóna, ásamt sýndarvélum.

Um er að ræða netþjóna sem keyra t.d. notendasvæði og sameignasvæði (FileServer), heldur utan um Vírusvarnir og prentara, ljósritunarvélar. Einnig **Active directori users and computers, DHCP, DNS GPO** (aðalkerfi sveitarfélagsins sem heldur utan um réttindi notenda og aðgangsstýringar, hverjir geta skoðað hvað o.s.frv.) tölvupóst, og hin ýmsu forrit sem eru í notkun s.s. Onekerfi, Navision, H-laun, Lightspeed (heldur utan um Ipad tæki) BordMaker. Símsstöð og skiptiborð o.fl.

Yfirmaðurinn hefur sótt um heimild til að endurnýja þennan búnað. Rétt fyrir áramót 2018-2019 fékkst úthlutað fé til að endurnýja búnaðinn.

Sveitarfélagið á og rekur sinn eigin ljósleiðara sem liggur á milli stofnana í sveitarfélaginu þ.m.t. á Stokkseyri og Eyrarbakka. Ljósleiðarinn er í eigu Selfossveitna en í umsjón tölvudeildarinnar. Að undanfögnu hefur verið nokkur vinna hjá tölvudeildinni vegna þessa. Fyrir ári var ráðinn netsérfræðingur meðal annars til að yfirfara ljósleiðarann, er það m.a. vegna þess að það hefur ekki legið fyrir hvar ljósleiðarinn liggur og litlar upplýsingar um ljósleiðarann. Vegna þess hefur þurft að teikna hann upp og lista niður. Hann sinnir einnig fleiri störfum, s.s. notendaþjónustu, og mun væntanlega hafa umsjón með nýjum vef Árborgar sem er að fara í vinnslu.

Fram kom í máli yfirmanns tölvudeildar að að hans mati hafi deildin verið undirmönnuð árum saman.

Á s.l. ári (2018) voru haldnir starfsdagar með starfsmönnum deildarinnar þar sem fengin var ráðgjöf fyrir þá. Stefnt er að því að halda starfsdag númer tvö. Yfirmaður tölvudeildar leggur mikla áherslu á að slík ráðgjöf sé fengin reglulega til að halda starfsmönnum sem best upplýstum um nýjungar.

Í Vallaskóla eru tveir starfsmenn sem eru með tölvuumsjón og hafa haldið utan um spjalddölvur þar. Þau hafa farið þá leið að hafa milligöngu um að nemendur kaupi sjálfir Ipada, en skólinn sjálfur á um áttatíu Ipada.

Í Vallaskóla sá skólinn sjálfur um kaup á spjalddölvum fyrir nemendur og kennara. Að öðru leyti hafa tölvukaup fyrir skólana farið fram í gegnum tölvudeildina eins og fyrir aðrar stofnanir. Tölvudeildin kaupir tölvur fyrir stofnanir sveitarfélagsins og setur þær upp.

Í vetur var ráðinn starfsmaður sem hefur yfirlit með tölvumálum í Sunnulækjarskóla en tölvudeildin er með fasta viðveru einu sinni í viku og lagfærir það sem þarf. Í einhverjum tilfellum þarf að bregðast strax við. Sunnulækjarskóli á um 90 ipada og er utan um hald í samráði við skólann.

Tölvudeildin er búin að setja upp kerfi sem heldur utan um öll snjalltæki sveitarfélagsins.

Bærinn á og rekur allar ljósritunarvélar sem eru hjá sveitarfélaginu. Virkir prentarar eru um 85 á fjórum serverum, ljósritunarvélar eru tíu, sambyggð prentun og skönnun. Á síðasta ári hefur tölvudeildin verið að vinna að því að koma upp prentskýi og fækka prenturum markvist. Þá þarf fólk að auðkenna sig inn til að sækja prentun, svokölluð "follow me" prentun. Getur prentað út og náð í prentun í það tæki sem er næst.

Margir starfsmenn sveitarfélagsins eru með litla prentara hjá sér. Yfirmaður tölvudeildar hefur verið að vinna í því að fækka ljósritunarvélum og prenturum.

Fram kom í máli yfirmanns tölvudeildar að engin fræðsla væri hjá sveitarfélaginu í að kenna fólki hvað hægt er að gera með tölvukerfinu sem unnið er með hjá sveitarfélaginu. Fram kom í máli yfirmanns tölvudeildar að honum finnst að það ætti að vera eitt af hlutverkum tölvudeildar að halda eða standa að slíkum námskeiðum og kenna fólki hvað hægt væri að gera í viðkomandi kerfum.

B-HLUTA STOFNANIR

Fasteignafélag Árborgar ehf.

Félagið er 100% í eigu Sveitarfélagsins Árborgar. Engin starfsemi var í Fasteignafélagi Árborgar ehf. á árinu 2017.

Félagið á 1% eignarhlut í Fasteignafélagi Árborgar slf. Í félagssamningi fyrir samlagsfélagið er kveðið á um að hagnaði og tapi af almennum rekstri félagsins skuli skipt í réttu hlutfalli við eignaraðild félagsaðila. Eigið fé Fasteignafélags Árborgar slf. var neikvætt í árslok 2017. Eignarhluti félagsins hefur verið færður niður í núll, þar sem Fasteignafélag Árborgar ehf. ber ekki fjárhagslega ábyrgð á skuldum Fasteignafélags Árborgar slf.

Fasteignafélag Árborgar slf.

Tilgangur Fasteignafélags Árborgar slf. er eignarhald, umsýsla og rekstur fasteigna Sveitarfélagsins Árborgar. Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili.

Sveitarfélagið Árborg á 99% eignarhlut í félaginu og Fasteignafélag Árborgar ehf. 1% eignarhlut.

Í lok árs 2017 átti félagið og rak Sunnulækjarskóla, íþróttahús við Sunnulækjarskóla, leikskólana Hulduheima og Jötunheima. Einnig á félagið og rekur nýbyggingu við Barnaskóla Eyrarbakka og Stokkseyrar og sundhöll Selfoss.

Félagið hefur fengið heimild til sérstakrar skráningar og fengið endurgreiðslu virðisaukaskatts af aðföngum á byggingatíma fasteigna. Fasteignir í útleigu eru skráðar frjálsri skráningu og skilað er útskatti af leigugreiðslum.

Við móttöku endurgreiðslu innskatts í sérstakri skráningu verður til innskattskvöð sem hvílir á byggingaraðila í 20 ár vegna innskattskvaðar sem myndast á árinu 2007 og síðar. Byggingaraðili þarf að tryggja að viðkomandi framkvæmd sé í virðisaukattsskyldri starfsemi eða að leigugreiðslur séu útskattaðar, ef framkvæmd er í kjölfarið sérstakrar skráningar, skráð frjálsri skráningu, þann tíma sem innskattskvöðin er virk.

Bindandi leigusamningar eru við Sveitarfélagið Árborg vegna fasteigna félagsins.

Félagið hefur keypt ábyrgð af viðskiptabanka vegna endurgreiðslu á innskatti að fjárhæð 57 milljónir króna.

Leigubústaðir Árborgar ehf.

Engin starfsemi var hjá félaginu árið 2017 og hefur félagið hætt starfsemi samkvæmt því sem fram kemur í ársreikningi félagsins fyrir árið 2017.

Leigubústaðir Árborgar ses.

Tilgangur félagsins er kaup, bygging og sala leiguíbúða ásamt rekstri og útleigu leiguíbúða og annarra fasteigna.

Félagið á og rekur 59 almennar félagslegar leiguíbúðir og 16 félagslegar leiguíbúðir fyrir aldraða að Grænumörk 1 og 3 og eina félagslega leiguíbúð fyrir aldraða að Grænumörk 5, eða samtals 17 félagslegar leiguíbúðir fyrir aldraða.

Heildartekjur félagsins á árinu 2017 námu 91,4 milljónum króna. Tap var á rekstri þess að fjárhæð 8,4 milljónir króna. Eiginfjárstaða félagsins var neikvæð um 43,1 milljón króna í árslok 2017.

Leigutekjur félagsins árið 2017 voru samtals 74.860 þúsund krónur. Viðhaldskostnaður vegna félagslegu leiguíbúðanna var 28.740 þúsund krónur og vegna félagslegu leiguíbúðanna fyrir aldraða (Grænigarður 1 og 3) var hann 5.483 þúsund krónur, eða samtals viðhaldskostnaður 34.224 þúsundir króna, sem gerir 46% af leigutekjum félagsins.

Húsaleigan er reiknuð út frá fasteignamati sem hefur verið 7,62% af fasteignamati. Vegna mikilla hækkana á fasteignamati var farin sú leið að breyta prósentunum tímabundið og skipta upp einingum þannig að krónutölu hækkunin yrði sambærileg á alla eins og hægt er. Hlutföllin eru sem hér segir eftir þessa breytingu:

Selfoss: 6%

Stokkseyri og Eyrarbakka: 7,62%

Grænamörk 1-3: 4,8%

Grænamörk 5: 4,9%

Þar sem húsaleigan er reiknuð sem ákveðið hlutfall af fasteignamati hverrar húseignar, sem er nokkuð mismunandi er leiguverð á hvern fermetra og hverja íbúðar nokkuð mismunandi. Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu er leiguverð á almennum félagslegum íbúðum miðað við janúar 2019 frá því að vera 1.017 krónur á hvern fermetra í að vera 1.696 krónur.

Á sama hátt er leiguverð í Grænumörk 1 til 3 á bilinu frá 1.090 krónur í 1.607 krónur á hvern fermetra.

Tafla 111: Skuldir Leigubústaða Árborgar ses samkvæmt ársreikningi 2017

Skuldir

Langtímaskuldir:	6		
Skuldir við lánastofnanir		546.471.825	574.066.375
Skuldir við Sveitarfélagið Árborg		77.896.300	76.568.919
		<u>624.368.125</u>	<u>650.635.294</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuld við Sveitarfélagið Árborg		60.873.076	42.209.131
Viðskiptaskuldir		5.714.128	1.983.663
Aðrar skammtímaskuldir		1.226.294	1.263.360
Næsta árs afborganir	6	<u>22.182.608</u>	<u>22.206.109</u>
		89.996.106	67.662.263
Skuldir samtals		714.364.231	718.297.557

Heimild: Ársreikningur Leigubústaða Árborgar ses

Tafla 111 sýnir skuldir Leigubústaða Árborgar ses samkvæmt ársreikningi 2017. Eins og taflan sýnir voru heildar skuldir leigufélagsins 714.364 þúsund krónur í árslok 2017. Þar af voru langtímaskuldir við Sveitarfélagið Árborg 77.896 milljónir króna og

skammtímaskuldir 60.873 milljónir króna, eða samtals 138.769 milljónir króna, sem er 19% af heildarskuldum félagsins.

Skuldir við Sveitarfélagið Árborg hækkuðu um 19.961 milljónir króna á milli áranna 2016 og 2017.

Á árinu 2017 voru aðrar tekjur félagsins en leigutekjur 16.560 milljónir króna. Um er að ræða tekjur af sölu eigna, sem eru óreglulegar tekjur. Þannig má ljóst vera að rekstrarvandi félagsins er enn meiri en fram kemur í ársreikning félagsins fyrir árið 2017.

Langtímaskuldir við lánastofnanir aðrar en næsta árs afborgun voru samtals 546 milljónir króna. Samkvæmt því sem fram kemur í ársreikningi félagsins voru meðalvextir þessara lána 1,9% sem verða að teljast nokkuð hagstæð vaxtakjör. Auk þess eru lánin verðtryggð.

Um er að ræða lán hjá Íbúðalánasjóði. Reglan hjá sjóðnum er þannig að ef íbúðir sem bera svo hagstæð lán eru seldar þarf að gera lánin upp og þá taka við ný lán sem bera hærri vexti ef nýjar íbúðir eru keyptar í staðinn. Leggja ber áherslu á að þetta sé skoðað sérstaklega ef komi til skoðunar að selja íbúð/íbúðir sem bera svo hagstæða vexti.

Langtímalán við Sveitarfélagið Árborg er verðtryggt en ber 0% vexti samkvæmt því sem fram kemur í ársreikningi félagsins fyrir árið 2017.

Byggingarsjóður aldraðra

Byggingarsjóður aldraðra hefur ekki sér kennitölu og er því rekinn sem B-hluta stofnun í samstæðu sveitarfélagsins án sérstaks ársreiknings. Byggingarsjóðurinn er rekinn á kennitölu sveitarfélagsins.

Undir þessum rekstrarlið eru reknar 23 almennar leiguíbúðir fyrir aldraða ásamt öðru húsnæði sem sveitarfélagið á og rekur að Grænumörk 5.

Í aðalbók fyrir árið 2017 er allt húsnæðið hjá Byggingarsjóði aldraðra að Grænumörk 1, 3 og 5 bókfært saman að undanskyldum félagslegu leiguíbúðunum sem reknar eru undir Leigubústöðum Árborgar ehf., samanber hér að framan. Með hliðsjón af því er ekki hægt að skoða hvað er mikið viðhald vegna leiguíbúða.

Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu er leigan miðað við janúar 2019 á bilinu frá 1.585 til 1.682 krónur á hvern fermetra á almennum leiguíbúðum fyrir aldraða að Grænumörk 5.

Sandvíkursetur ehf.

Tilgangur félagsins er kaup, rekstur og sala fasteigna. Félagið á húseignina að Tryggvagötu 13, Selfossi. Eignin leigð að stærstum hluta til Háskólafélags Suðurlands. Sveitarfélagið nýtir hluta húsnæðisins undir íþrótt- og tómstundastarfsemi.

Heildartekjur félagsins á árinu 2017 voru 20,3 milljónir króna. Um er að ræða húsaleigutekjur og reiknaða leigu frá sveitarfélaginu. Tap var á rekstri félagsins árið 2017 að fjárhæð 27 milljónir króna og eignfjárstaða þess var neikvæð um 199,6 milljónir króna í árslok 2017.

Tafla 112: Skuldir Sandvíkurseturs ehf. samkvæmt ársreikningi 2017

Skuldir

Langtímaskuldir:	5		
Skuldir við eiganda		104.818.760	103.032.611
Skuldir við lánastofnanir		82.602.586	94.128.719
		<u>187.421.346</u>	<u>197.161.330</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuld við eiganda		340.545.108	305.058.596
Aðrar skammtímaskuldir		2.387.832	2.582.998
Næsta árs afborganir	5	13.157.926	12.425.388
		<u>356.090.866</u>	<u>320.066.982</u>
Skuldir samtals		543.512.212	517.228.312

Heimild: Ársreikningur Sandvíkurseturs ehf.

Tafla 112 sýnir skuldir Sandvíkurseturs ehf. samkvæmt ársreikningi 2017.

Eins og taflan sýnir voru skuldir Sandvíkurseturs ehf. 543.512 þúsund krónur í árslok 2017. Þar af var langtímaskuld við Sveitarfélagið Árborg 104.819 þúsund krónur og skammtímaskuldir 340.545 þúsund krónur, eða skuldir við Sveitarfélagið Árborg í lok árs 2017 samtals 445.364 þúsund krónur, eða sem nemur 82% af heildarskuldum félagsins.

Á milli áranna 2016 og 2017 jukust skuldir félagsins við Sveitarfélagið Árborg um 37.272 þúsundir króna.

Skuldir við lánastofnanir eru verðtryggðar og meðalvextir 4,05% og skuld við Sveitarfélagið Árborg er verðtryggð og ber 3% vexti samkvæmt því sem fram kemur í ársreikningi félagsins.

Verktækni ehf.

Tilgangur félagsins er kaup, rekstur og sala fasteigna. Eign félagsins er Eyrarvegur 9. Tónlistarskóli Árnesinga leigir húsnæðið.

Heildartekjur félagsins á árinu 2017 voru 12 milljónir króna. Um var að ræða leigutekjur. Hagnaður varð á rekstri félagsins að fjárhæð 1,9 milljónir króna. Eiginfjárstaða félagsins í árslok 2017 er jákvæð um 4,2 milljónir króna.

Samkvæmt efnahagsreikningi 2017 skuldar Sveitarfélagið Árborg félaginu í árslok 2017 54.467 milljónir króna. Skuldin var 51.998 í árslok 2016. Þannig hækkaði skuld sveitarfélagsins við félagið á milli áranna 2016 og 2017 um 2.469 þúsund krónur.

Í árslok 2017 skuldaði félagið langtíma skuldir við lánastofnanir 96.979 þúsund krónur og skammtímaskuldir að fjárhæð 4.255 þúsund krónur, eða samtals skuldir að fjárhæð 101.234 þúsund krónur. Engin skuld við sveitarsjóð.

Selfossveitur bs

Selfossveitur bs reka hitaveitu í Sveitarfélaginu Árborg. Á árinu 2017 var hagnaður af rekstri Selfossveitna bs sem nam 75,9 milljónum króna, sem svarar til 15% ávöxtunar eigin fjár. Eignir Selfossveitna bs í árslok 2017 voru samkvæmt efnahagsreikningi 1.573,6 milljónir króna og heildarskuldir 1.026,8 milljónir króna. Eigið fé nam því 548,8 milljónum króna og er eiginfjárlutfallið því 35%.

Arður var greiddur til Sveitarfélagsins Árborgar á árinu 2017 að fjárhæð 35,4 milljónir króna og var fært yfir eigið fé.

Samkvæmt efnahagsreikningi 2017 er færður til eigna ljósleiðari að upphæð 31.959 þúsund krónur. Um er að ræða ljósleiðara á milli stofnana sveitarfélagsins, þ.m.t. á Stokkseyri og Eyrarbakka.

Skuldir og skuldbindingar félagsins námu samtals 1.027 milljónum króna í árslok 2017, sbr. hér að framan. Þar af var skuld við aðalsjóð að upphæð 396 milljónir króna, eða sem nemur 39% af skuldum félagsins.

Á milli árunna 2016 og 2017 hækkaði skuldin úr 373 milljónum króna í 396 milljónir króna, eða um 23 milljónir króna. Sveitarsjóður skuldar Selfossveitum ekki.

Langtímalán samkvæmt ársreikningi er vertryggt og bar 3,13% vexti skv. því sem fram kemur í ársreikningi Selfossveitna. Meðalskuld við aðalsjóð var vaxtareiknuð með 6% vöxtum.

Tafla 113: Gjaldskrár hjá hitaveitum

Hitaveita	Gildistaka gjaldskár	Vatnsgjald	Fastagjald	Framrásarhiti	Notkunarsvæði
		m ³	ár	°C	
Hitaveita Egilsstaða og Fella	1.7.2016	112,00	14.965	70-74	Egilsstaðir
HS Veitur	31.8.2018	126,12	8.048	76	Grindavík, Keflavík, Njarðvík
Norðurorka	28.12.2018	120,54	23.360	74	Akureyri
Orkuveita Húsavíkur	31.5.2018	119,94	17.437	77	Húsavík
Selfossveitur	8.1.2018	123,30	16.186	72	Selfoss
Skagafjarðarveitur	3.1.2018	103,16	11.748	68	Sauðárkrókur
Veitur	28.12.2018	131,32	15.804	75	Reykjavík og nágr.

Heimild: Stjórnartíðindi

Tafla 113 sýnir gjaldskrá hjá nokkrum hitaveitum.

Eins og þar kemur fram er vatnsgjald á m³ frá 103,16 krónur þar sem það var lægst í 126,12 krónur þar sem gjaldið var hæst. Hjá Selfossveitum var gjaldið 123,30 krónur.

Tillögur

Skuldir sveitarfélagsins

1. SKULDIR B-HLUTA STOFNANA VIÐ AÐALSJÓÐ

Lagt er til að kannað verði hversu raunhæfar kröfur aðalsjóðs á B-hluta stofnanir eru. Þær kröfur, sem ekki eru taldar innheimtanlegar, verði afskrifaðar.

B-hluta stofnanir skulda aðalsjóði samtals 943 milljónir króna í árslok 2017. Til samanburðar voru tekjur þessara stofnana árið 2017 1.368 milljónir króna. Skuld Byggingasjóðs aldraðra var 145 milljónir króna og Leigubústaða Árborgar ses 61 milljón króna í árslok 2017, eða samtals skuldir við aðalsjóð vegna leiguíbúða 206 milljónir króna. Á árinu 2017 voru tekjurnar samtals 122 milljónir króna hjá Byggingasjóði aldraðra og Leigubústöðum Árborgar.

Sandvíkursetur skuldar aðalsjóði 341 milljón króna í árslok 2017. Tekjur Sndvíkurseturs ehf. ári 2017 voru 20 milljónir króna.

Það er skoðun skýrsluhöfundar að meta eigi hversu raunhæfar þessar kröfur A-hlutans eru og afskrifa þær kröfur sem ekki eru innheimtanlegar. Með hliðsjón af því er þessi tillaga sett hér fram.

Skuld Selfossveitna við aðalsjóð var 396 milljónir króna í árslok 2017. Til samanburðar voru tekjur Selfossveitna á árinu 2017 681 milljón króna. Ætla verður að Selfossveitur geti staðið við sínar skuldir við aðalsjóð.

2. LANGTÍMASKULDIR

Lagt er til að kanna hvort hægt sé að endurfjármagna eldri lán með hagstæðari kjörum.

Mikill munur getur verið á kjörum þeirra lána sem í boði eru. Fyrir sveitarfélög hafa kjör á lánum hjá Lánasjóði sveitarfélaga reynst hagstæðari en lán hjá bankastofnunum almennt.

Lán sem sveitarfélagið er með bera allt að 6,05% vexti. Lánasjóður sveitarfélaga er að bjóða verðtryggt lán sem bera allt niður í 2,5%.

Veltufé og handbært fé frá rekstri og fjárhreyfingar

3. ARÐUR B-HLUTA STOFNANA Í SAMSTÆÐU REIKNINGI

Lagt er til að skoðað verði hvort ekki gefi réttari mynd af fjárhag sveitarfélagsins að greiddur arður B-hluta stofnana sé jafnaður út í samstæðureikningi sveitarfélagsins.

Með því að jafna út arðgreiðslur B-hluta stofnana í samstæðureikningi sveitarfélagsins, þ.e. samtals tekjur sveitarfélagsins lækkaðar sem arðgreiðslunum nemur, þar sem þær hafa áður verið tekjufærðar hjá B-hlutanum og einnig hjá A-hlutanum. Farið verði með arðgreiðslurnar á sama hátt og aðrar tekjur og gjöld á milli A- og B-hluta í samstæðureikningi sveitarfélagsins. Þessi leiðrétting nái einnig til veltufjár frá rekstri í samstæðu reikningnum.

Með þessu fæst réttari mynd af eiginlegum rekstri og veltufé frá rekstri hjá sveitarfélaginu.

Fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun

4. REKSTUR B-HLUTA STOFNANA VERÐI GERÐUR SJÁLFBÆR

Lagt er til að lögð verði áhersla á að gera rekstur allra B-hluta stofnana sjálfbæran.

Með hliðsjón af því hversu mikið rekstrarfé aðalsjóður hefur þurft að leggja B-hluta stofnunum til á undanförunum árum ber að leggja áherslu á að þessar stofnanir verði gerðar sjálfbærar. Það verði gert annað hvort með því að auka tekjur eða lækka rekstrarútgjöld.

5. FJÁRHEIMILDIR SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við forstöðumenn að óheimilt er skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun.

Brýnt er að starfsmenn sveitarfélaga séu meðvitaðir um að það sé ekki heimilt skv. sveitarstjórnarlögum að fara fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun. Jafnframt verði forstöðumönnum gert skylt að tilkynna til viðkomandi sviðsstjóra og hann síðan til fjármálastjóra og/eða bæjarstjóra telji hann að rekstur viðkomandi stofnunar standist ekki áætlun.

Verði það niðurstaðan að svo sé verði málið lagt fyrir bæjarráð/bæjarstjórn sem síðan tekur ákvörðun um hvort gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun. Lögð er áhersla á að skv. sveitarstjórnarlögum þarf þetta að gerast áður en stofnað er til útgjalda, sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Ekki er heimilt skv. lögnum að samþykkja viðauka eftir á. Jafnframt, ef útgjalda aukning er samþykkt, er skylt skv. lögnum, að gera grein fyrir því hvernig henni verður mætt.

6. VINNA VIÐ GERÐ FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

Lagt er til að fjármálasvið komi meira að gerð fjárhagsáætlunar með forstöðumönnum en verið hefur.

Mikilvægt er að forstöðumenn allra stofnana, nefndir og ráð komi að gerð fjárhagsáætlunar. Forstöðumenn geri áætlun fyrir sínar stofnanir sem síðan verði unnið út frá. Mikilvægt er að fjármálasvið móti ákveðna stefnu sem unnið er eftir við fjárhagsáætlunargerðina varðandi m.a. launaáætlun o.s.frv. Jafnframt komi til greina að fjármálasviðið geri launaáætlanir fyrir sveitarfélagið sem forstöðumenn fari síðan yfir.

Gerð verði nákvæm launaáætlun fyrir hvern starfsmann hjá sveitarfélaginu.

7. GREINARGERÐ MED FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem gerð er grein fyrir hverjum útgjaldalið. Tekið sé sérstaklega fram hvernig eigi að ná fram tilsettum markmiðum.

Mikilvægt er að með fjárhagsáætlun fylgi ítarleg greinargerð þar sem þær forsendur, sem lagðar eru til grundvallar í áætluninni, komi skýrt fram. T.d. sé gerð grein fyrir því hvað stöðugildi í hverri stofnun eigi að vera mörg o.s.frv. Þar komi fram t.d. þróun

fjölda stöðugilda hjá viðkomandi stofnun t.d. fyrir a.m.k. fimm ára tímabil.

Sé um breytingar að ræða í fjárhagsáætlun frá fyrra ári komi það skýrt fram í greinargerðinni.

Í greinargerðinni verði m.a. gerð ítarleg grein fyrir öllum fjárfestingum sem gert er ráð fyrir að ráðast í.

Eftir því sem greinargerðin er ítarlegri því auðveldara verður að fylgja fjárhagsáætlun eftir. Bæjarfulltrúar og almenningur verður betur upplýstur um hvað samþykkt hefur verið með fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun sveitarfélagsins.

Hér er lagt til að greinargerð með fjárhagsáætlun verði ítarlegri en verið hefur hjá sveitarfélaginu.

8. GREIÐSLUÁÆTLUN

Lagt er til að gerð verði greiðsluáætlun fyrir hvern mánuð og hvern útgjaldalið. Launum í hverjum mánuði hjá hverri stofnun verði skipt niður á starfsmenn. Þetta verði gert strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir. Síðan verði rauntölur hvers mánaðar bornar saman við áætlun mánaðarins. Á sama hátt verði gerð áætlun um fjölda stöðugilda hjá hverri stofnun í hverjum mánuði ársins.

Með vel unninni greiðsluáætlun, sem fylgt er eftir, er hægt að koma í veg fyrir umfram eyðslu. Gerð verði áætlun um laun hvers starfsmanns fyrir hvern mánuð. Laununum verði skipt í föst laun og önnur laun. Rauntölur hvers mánaðar verði síðan bornar saman við áætlunina. Fari t.d. launakostnaður fram úr áætlun í einum mánuði verði brugðist við því.

Þannig verði einnig tekið á öðrum rekstrarútgjöldum. Virðist sem svo að útgjaldaliður sé að fara fram úr áætlun verði strax gripið til aðgerða. Það er ljóst að með þessu, miðað við reynslu annarstaðar frá, myndi nást veruleg hagræðing í rekstri sveitarfélagsins. Einnig ber að leggja áherslu á greiðsluáætlanir með hliðsjón af nýjum sveitarstjórnarlögum.

Jafnframt verði gerð greiðsluáætlun yfir framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins og áætlað hvernig þær skiptast niður á mánuði ársins.

Einnig verði gerð áætlun fyrir hvern mánuð í samræmi við fjárhagsáætlun um fjölda stöðugilda fyrir hverja stofnun. Raunfjöldi stöðugilda í hverjum mánuði verði síðan borinn saman við áætlun um fjölda stöðugilda.

Um tíunda hvers mánaðar liggi fyrir samanburður á rauntölum og áætlun um stöðuna í viðkomandi mánuði. Um er að ræða samanburð á áætlun og rauntölum bæði hvað varðar rekstur og stöðugildi. Komi í ljós að áætlun standist ekki eða svo virðist sem stefni í það verði strax gripið til aðgerða.

Í mánuði hverjum leggi fjármálastjóri fram samanburð í bæjarráði á greiðsluáætlun og rauntölum fyrir næst liðin mánuð og það sem af er árinu.

9. ÁÆTLUN UM SJÓÐSSTÖÐU

Lagt er til að á fyrsta virkum degi í hverjum mánuði leggi fjármálastjóri fyrir bæjarstjóra samanburð á áætlaðri sjóðsstöðu sveitarfélagsins og raunstöðu fyrir

viðkomandi mánuð.

Hér er lagt til að fjármálastjóri geri bæjarstjóra í byrjun hvers mánaðar grein fyrir stöðu á bankareikningum sveitarfélagsins í samburði við áætlaða stöðu þeirra. Þessi staða á að geta gefið fyrstu vísbendingu um ef eitthvað er að fara úrskeiðis í rekstri og fjármálum sveitarfélagsins.

10. REGLULEGIR FUNDIR

Lagt er til að fjármálastjóri eigi reglulega mánaðarlega fundi með forstöðumönnum, þar sem farið er yfir rauntölur í rekstri og þær bornar saman við áætlun. Virðist sem svo að kostnaður sé að fara fram úr áætlun verði tekin ákvörðun um hvernig brugðist verði við því.

Mikilvægt er að bókhaldstölur fyrir næst liðinn mánuð liggi fyrir eigi síðar en tíunda hvers mánaðar og forstöðumenn fái þær til sín og beri saman við áætlun. Til að gera þetta enn virkara er lagt til að fjármálastjóri eigi reglulega fundi með forstöðumönnum til að fara yfir rauntölur og áætlun.

Samhliða því að farið verður yfir rauntölur rekstrar og áætlun sé fjöldi stöðugilda í mánuði hverjum borinn saman við þann fjölda sem gert var ráð fyrir skv. fjárhagsáætlun. Á þetta einkum við stærri stofnanir eins og t.d. grunnskóla og leikskóla.

Sömu upplýsingar verði lagðar fyrir bæjarráð í mánuði hverjum.

11. VIKULEGIR FUNDIR ÆÐSTU STJÓRNENDA

Lagt er til að bæjarstjóri eigi reglulega vikulega fundi með sviðsstjórum.

Mikilvægt er að æðstu stjórnendur sveitarfélagsins eigi reglulega fundi til að fara yfir helstu mál á hverjum tíma. Um er að ræða sambærilega fundi eins og framkvæmdastjóra fundi hjá stærri fyrirtækjum.

Gerð verði dagskrá fyrir fundina og haldin fundargerð, sem verði trúnaðarmál þeirra sem eru á fundinum.

Mikilvægt er að það sem fram fer á þessum fundum sé skráð í fundargerðarbók.

12. REGLULEGIR FUNDIR BÆJARSTJÓRA MEÐ ÆÐSTU STJÓRNENDUM

Lagt er til að bæjarstjóri eigi reglulega fundi með hverjum sviðsstjóra fyrir sig.

Hér er lagt til að bæjarstjóri eigi reglulegan fund með hverjum sviðsstjóra. Þessir fundir gætu t.d. verið með hverjum sviðsstjóra aðra hverja viku.

Mikilvægt er að sviðsstjórar hafi möguleika á að geta hitt bæjarstjóra reglulega til að fara yfir þau ýmsu mál sem undir þá heyra. Jafnframt gefst bæjarstjóra tækifæri til þess að vera betur upplýstur um málefni sveitarfélagsins.

13. FUNDIR VEGNA FJÁRHAGSÁÆTLUNAR OG ÁRSREIKNINGS

Lagt er til að haldnir verði fundir með öllum forstöðumönnum sveitarfélagsins um fjárhagsáætlun og ársreikning sveitarfélagsins ár hvert.

Mikilvægt er, þegar ársreikningur liggur fyrir, að farið sé yfir hann með forstöðumönnum og rætt hvernig til hafi tekist og jafnvel með starfsmönnum almennt. Það sama verði gert þegar fjárhagsáætlun hefur verið samþykkt nema þá verði rætt hvernig unnið skuli eftir henni. Með því móti ættu forstöðumenn og starfsmenn að vera vel meðvitaðir um fjármál sveitarfélagsins.

Einnig er mikilvægt að forstöðumenn og nefndir komi að fjárhagsáætlunargerð og gerð greiðsluáætlana samanber hér að framan.

14. SAMÞYKKT REIKNINGA UMFRAM FJÁRHEIMILD

Lagt er til að kanna það fyrirkomulag að ekki sé hægt að samþykkja reikninga vélrænt umfram fjárheimild skv. greiðsluáætlun. Ef það er mögulegt verði því hrint í framkvæmd.

Til að virkja greiðsluáætlun enn frekar í samiburði við rauntölur er hér lagt til að kannað verði hvort hægt sé að vera með þannig fyrirkomulag, að ekki sé hægt að samþykkja reikninga ef fjárheimild er ekki til staðar. Ef það er gerlegt verði því hrint í framkvæmd.

Með þessu fyrirkomulagi verður greiðslueftirlitið virkara en ella. Þegar fjárheimild skv. greiðsluáætlun er nýtt að fullu er ekki hægt að samþykkja og fá greidda nýja reikninga umfram greiðsluáætlun. Til að fá reikning greiddan þarf að leita til fjármálastjóra og semja við hann um lausn málsins. Með þessu fyrirkomulagi verða forstöðumenn meðvitaðri um þær fjárheimildir sem þeir hafa á hverjum tíma.

15. UPPÁSKRIFT REIKNINGA

Lagt er til að forstöðumenn stofnana samþykki reikninga fyrir sína stofnun. Jafnframt að þeir samþykki alla reikninga vegna viðkomandi stofnunar, þ.m.t. vegna leigu, fyrir rafmagn og hita o.s.frv.

Leggja ber áherslu á að forstöðumenn stofnana samþykki alla reikninga viðkomandi stofnunar. Ætla verður að enginn sé betur til þess fallinn en sá aðili sem stýrir viðkomandi stofnun dagsdaglega og jafnvel stofnar til útgjalda vegna hennar. Hann á að hafa besta yfirlitið til að geta samþykkt reikninga.

Í framkvæmd hjá sveitarfélaginu hefur það verið þannig í sumum tilfella að fleiri en einn hefur verið að skrifa upp á reikninga. Má þar nefna sem dæmi að leikskólastjórar hafa samþykkt reikninga hver fyrir sína stofnun. Síðan hefur starfsmaður á fræðslusviði samþykkt reikningana einnig. Hér er lagt til að þessu verði hætt. Hins vegar er rétt að fjármálastjóri setji reglur um samþykkt reikninga þar sem m.a. komi fram að fari reikningur umfram ákveðna upphæð þurfi næsti yfirmaður viðkomandi samþykktaraðila að samþykkja viðkomandi reikning einnig.

16. LYKLUN REIKNINGA

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við starfsmenn að reikningar séu lyklaðir á réttan bókhaldslykil.

Hér er um mikilvægan þátt að ræða í bókhaldi sveitarfélagsins. Þegar útgjöld eru ekki rétt færð í bókhaldi er hætta á að ýmislegt fari úrskeiðis, m.a. kostnaðarvitund forstöðumanna o.s.frv.

17. VIÐAUKAR

Leggja ber áherslu á að lögum varðandi viðauka sé fylgt eftir, bæði hvað varðar samþykkt viðauka og tilkynningu þeirra til ráðuneytisins eins og lögín kveða á um.

Með hliðsjón af því að rauntölur rekstrar fóru fram úr fjárheimildum skv. fjárhagsáætlun árið 2017 í nokkrum tilfellum án þess að viðaukar hafi verið samþykktir ber að leggja áherslu á að unnið sé með viðauka eins og lög um sveitarstjórnarmál gera ráð fyrir. Þar sem þetta er mikilvæg lagaleg skylda þykir rétt að geta þessa hér og leggja áherslu á að þetta verði framkvæmt og gert í samræmi við lög.

Hins vegar ber jafnframt að leggja áherslu á að unnið sé með fjárhagsáætlun þannig að ekki þurfi að samþykkja viðauka, þ.e. að láta fjárhagsáætlun standast.

18. FJÁRHAGSÁÆTLUN SEGIR TIL UM FJÁRHEIMILD

Lagt er til að lögð verði áhersla á það við starfsmenn að fjárhagsáætlun er ekki einungis markmið heldur segi áætlunin til um þá fjárheimild sem viðkomandi stofnun hefur. Strax og fjárhagsáætlun liggur fyrir geri viðkomandi forstöðumenn grein fyrir því að starfsemin, eins og hún er fyrirhuguð, geti staðist fjárheimild til stofnunarinnar. Jafnframt verði lögð áhersla á að mánaðarlegri greiðsluáætlun verði fylgt. Komi fram að hún ætli ekki að standast verði strax gripið inn í með aðhaldsaðgerðum.

Leggja ber áherslu á það við starfsmenn sveitarfélagsins að fjárhagsáætlun er ekki einungis markmið heldur segir hún til um fjárheimild viðkomandi stofnunar. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum eru greiðslur umfram fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun án þess að gerður sé viðauki við fjárhagsáætlun beinlínis brot á lögum. Leggja ber áherslu á þetta.

Til að ná markmiðum laganna varðandi fjárheimildir er mikilvægt að gerð sé greiðsluáætlun og henni fylgt eftir.

Tekjur

19. JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Lagt er til að bæjarstjórn geri sveitarstjórnarráðuneytinu grein fyrir því hversu mikið hallar á Sveitarfélagið Árborg þegar skatttekjur, þ.m.t. framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á hvern íbúa eru skoðaðar og bornar saman á milli sveitarfélaga. Með það að markmiði að fá fram leiðréttingu.

Þegar skatttekjur á hvern íbúa í Sveitarfélaginu Árborg eru skoðaðar og bornar saman við skatttekjur í sambærilegum sveitarfélögum að stærð og fyrir landið allt hallar verulega á Sveitarfélagið Árborg. Í þessum samanburði er ekki að sjá að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga nái að jafna þennan mikla mun.

Gera má ráð fyrir að hluta til er skýringarinnar að leita á þessum mikla mun í hversu lágt hlutfall af íbúum eru á aldrinum 16 til 66 ára, þ.e. á því aldurskeiði sem flestir greiða skatt og gjöld til sveitarfélagsins.

Laun

20. YFIRVINNA

Lagt er til að þeirri reglu verði fylgt að föst yfirtíð nái yfir alla yfirvinnu og óþægindi utan vinnutíma.

Leggja ber áherslu á að föst yfirtíð nái yfir alla vinnu og óþægindi utan reglubundins vinnutíma. Þannig að ekki komi til þess að greiddir séu yfirvinnutímar umfram fasta yfirtíð.

21. HLUTFALL LAUNA AF TEKJUM SVEITARFÉLAGSINS

Lagt er til að bæjarstjórn setji sér ákveðið takmark um hlutfall launa af tekjum. Markmiðið verði tímasett.

Hér er lagt til að bæjarstjórn setji sér ákveðið markmið um hlutfall launa af tekjum sveitarfélagsins. Bæjarstjórn setji sér ákveðin tímamörk um hvenær markmiðinu verði náð.

Stöðugildi

22. FJÖLDI STÖÐUGILDA SAMKVÆMT FJÁRHAGSÁÆTLUN

Lagt er til að lögð verði áhersla á að fjöldi stöðugilda hjá hverri stofnun sé í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Sé metið að stöðugildi þurfi að vera fleiri en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir þurfi samþykki bæjarráðs/bæjarstjórnar fyrir því.

Hér er verið að leggja áherslu á að stöðugildi hjá stofnunum séu í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Mikilvægt er að fjöldi stöðugilda hjá hverri stofnun sé tilgreindur í greinargerð með fjárhagsáætlun. Einnig verði fjöldi stöðugilda í mánuði hverjum skv. launakeyrslu borinn saman við fjölda stöðugilda skv. áætlun í mánuði hverjum. Samþykki bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar þarf ef fjölga þarf stöðugildum.

23. FJÖLGUN STÖÐUGILDA

Lagt er til að ef komi fram ósk um fjölgun stöðugilda þá verði lagður fram rökstuðningur fyrir því sem síðan mannauðsstjóri og fjármálastjóri fari yfir og meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.

Leggja ber áherslu á að fram fari skoðun á því hvort fallast eigi á fjölgun stöðugilda sé þess óskað. Lagður verði fram sérstakur rökstuðningur fyrir óskinni sem síðan mannauðsstjóri og fjármálastjóri meti og geri tillögu um hvort fallist verði á óskina eða henni hafnað.

Þessi tillaga er hér m.a. sett fram með hliðsjón af því að á undanförunum árum hefur stöðugildum farið nokkuð fjölgandi hjá sveitarfélaginu.

Annar rekstrarkostnaður

24. ÚTBOD

Lagt er til að öll þjónustukaup, svo sem ræstingar, tryggingar, símaþjónusta (internet tenging) o.s.frv. hjá sveitarfélaginu, verði boðin út reglulega. Þetta verði gert a.m.k. á

þriggja ára fresti.

Lagt er til að öll innkaup á rekstrarvörum verði boðin út og leitað eftir hagstæðum tilboðum. Þetta verði gert reglulega.

Mikilvægt er að gætt sé aðhalds í öllum innkaupum og þess gætt að alltaf sé leitað eftir sem hagstæðustu kjörum á hverjum tíma. Með því að leita reglulega eftir tilboðum er hægt að tryggja að innkaup verði með þeim bestu kjörum sem í boði eru. T.d. verður að teljast líklegt að hagstæðari tryggingar muni fást með reglulegu útboði.

Við gerð útboðsgagna vegna ræstinga verði tíðni ræstinga tekin til endurskoðunar. Gerð verði krafa um að unnið verði samkvæmt fyrirfram gerðum gátlista, sem merkt verður inná þegar ræstingu er lokið í hvert skipti. Þannig geti eftirlitsaðili sveitarfélagsins fylgst betur með ræstingum.

Mikilvægt er að þegar hagstæðasta tilboði í rekstrarvörur hefur verið tekið verði forstöðumönnum gert að beina viðskiptum sínum til viðkomandi birgja.

Hér er um hagræðingu að ræða sem hvorki kemur niður á starfsmönnum né þjónustu. Ef eitthvað er væri jafnvel hægt að bæta þjónustuna með þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til.

25. ÖRYGGISGÆSLA

Lagt er til að kanna hvort draga megí úr kaupum á þjónustu vegna öryggisgæslu hjá Sveitarfélaginu Árborg.

Hér er lagt til að kanna hvort draga megí úr kaupum á öryggisgæslu hjá Sveitarfélaginu Árborg. Á árinu 2017 námu greiðslur til öryggisþjónustuaðila samtals 5,1 millj. kr., skv. upplýsingum frá sveitarfélaginu og 5,5 milljónir króna árið 2018.

26. ORKUNOTKUN

Lagt er til að forstöðumönnum verði falið að skrá mánaðarlega alla rafmagnsnotkun og hitunarkostnað. Rafmagnið verði skráð í kwst. Síðan verði notkunin borin saman á milli mánaða og ára.


Mikilvægt er að fylgst sé nákvæmlega með allri orkunotkun, hún sé skráð mánaðarlega og borin saman á milli mánaða og ára. Mörg dæmi eru um það hjá sveitarfélögum, þar sem þetta er gert, að komið hafi verið í veg fyrir óþarfa notkun á orku. Jafnvel hafa sum sveitarfélög farið í að skrá orkunotkun á hvern fermetra og/eða rúmmetra í húsnæði og getað þannig borið saman notkunina á milli einstakra húsa. Með þessu er hægt að grípa inn í ef frávik koma fram. Utan um hald um orkumálin liggi hjá framkvæmda- og veitubjónustu.

Fjármálaþjónusta

27. SKIPURIT FJÁRMÁLAÞJÓNUSTU

Lagt er til að fjármálaþjónusta sveitarfélagsins skiptist í fjórar deildir og yfirmaður sviðsins beri starfsheitið fjármálastjóri eins og verið hefur. Yfir hverri deild verði deildarstjóri.

Mynd 29: Skipurit fjármálaþjónusta



Hér er lagt til að fjármálaþjónusta Sveitarfélagsins Árborgar skiptist í fjórar deildir: Fjárreiðudeild sem annast greiðslu og innheimtu reikninga, bókhaldsdeild sem annast bókhald og skráningu reikninga, launadeild sem annast allar launavinnslur og hagdeild sem sér meðal annars um haggreiningu, fjárhagslegt eftirlit með rekstri stofnana, áætlanagerð og innkaupastjórnun.

Fjármálaþjónusta hefur umsjón með áætlanagerð fyrir sveitarfélagið í heild sinni og sinnir ráðgjöf og þjónustu til allra eininga innan sveitarfélagsins. Sjá fylgiskjal 3.

28. FJÁRREIÐUDEILD

Lagt er til að við fjárreiðudeild verði fjögur stöðugildi, þar af verði einn deildarstjóri fjárreiðudeildar. Deildin annist alla innheimtu og greiðslu reikninga fyrir sveitarfélagið þ.m.t. fyrir Selfossveitur bs.

Lögð er áhersla á að öll innheimta og greiðsla reikninga verði hjá fjárreiðudeild. Um er að ræða fyrir allt sveitarfélagið, þar með talið fyrir allar B-hluta stofnanir einnig.

Hér verður um flutning á verkefna til fjárreiðudeildar að ræða. Lagt er til að stöðugildi í deildinni verði fjögur.

29. BÓKHALDSDEILD

Lagt er til að bókhaldseild verði skipuð þremur stöðugildum að meðtöldum deildarstjóra. Deildin annist allt bókhald og uppgjör fyrir sveitarfélagið.

Lögð er áhersla á að allt bókhald hjá sveitarfélaginu heyri undir deildina. Deildin annist einnig uppgjör á reikningum svo sem bankareikningum o.þ.h.

30. LAUNADEILD

Lagt er til að launadeildin verði skipuð 1,73 stöðugildi eins og nú er. Annar starfsmaðurinn verði deildarstjóri launadeildar. Deildin annist öll mál er tengjast launum starfsmanna sveitarfélagsins.

Lögð er áhersla á að öll mál tengd launum heyri undir deildina og að annar starfsmaðurinn á deildinni verði deildarstjóri launadeildar.

31. HAGDEILD

Lagt er til að hagdeild verði skipuð tveimur stöðugildum, þar af verði eitt stöðugildi deildarstjóra hagdeildar.

Hér er lagt til að til verði sérstök hagdeild hjá sveitarfélaginu. Hún sjái meðal annars um fjárhagslegt eftirlit með rekstri stofnana, áætlanagerð og innkaupastjórnun.

Hagdeildin vinni að fjárhagsáætlun og geri m.a. launaáætlanir. Hagdeildin geri úttektir á rekstri stofnana sveitarfélagsins og móti tillögur í framhaldi af því um það sem betur má fara. Hagdeildin hefur yfirumsjón með innkaupum hjá sveitarfélaginu og gert verði ráð fyrir að annar starfsmaðurinn verði í hlutastarfi sem innkaupastjóri sveitarfélagsins. Hagdeildin haldi utan um ýmsar tölulegar upplýsingar fyrir sveitarfélagið sem birtar verði regluleg á vef þess.

Hagdeildin vinni einnig að greiðsluáætlun fyrir sveitarfélagið.

Hér er lagt til að stöðugildin verði tvö. Ráðinn hefur verið starfsmaður tímabundið sem er ætlað m.a. að sinna innkaupum. Gert er ráð fyrir að hann starfi á hagdeildinni og staðan metin áður en ráðningasamningi hans lýkur og metið hvort verkefni deildarinnar kalli á að stöðugildi verði þrjú en ekki tvö. Þannig verði a.m.k. fyrst um sinn þrjú stöðugild á hagdeild.

32. FJÁRMÁLA- OG STJÓRNSÝSLUKERFI

Lagt er til að öll fjármála- og stjórnsýslukerfi hjá sveitarfélaginu verði uppfærð þannig að allt sem þessi kerfi bjóða upp á verði nýtt svo sem kostur er. Jafnframt verði skoðað með önnur kerfi ef þau bjóða upp á frekari úrvinnslu en núverandi kerfi.

Eins og fram kom í viðtölum við starfsmenn er ekki verið að nýta fjármála- og stjórnsýslukerfi eins og þau bjóða upp á. Vegna þess er verið m.a. að vinna ýmis verkefni sem hægt væri að komast hjá og einnig að prenta út á pappír sem ekki er þörf á o.s.frv. Nefna má sem dæmi að verið er að færa upplýsingar á milli kerfa handvirkt sem hægt er að gera á rafrænan hátt.

Í samtali við starfsmenn sem annast innheimtu fyrir Selfossveitur kom m.a. fram að kerfi sem önnur orkufyrirtæki nota, svo sem Norðurorka, bjóði upp á meiri möguleika en það kerfi sem notast er við hjá Selfossveitum bs. Hér er lagt til m.a. að þetta verði skoðað frekar.

Það er mat skýrsluhöfundar að að hluta til sé ekki verið að nýta þau kerfi sem er verið að vinna með til fulls og að í einhverjum tilfella er verið að notast við úrelt kerfi og vinnuaðferðir. Vegna þessa er aukið álag á starfsmönnum og verið að vinna óþarfa verkefni sem hægt væri að gera á mun auðveldari hátt. Jafnframt er verið að prenta mikið út á pappír sem ekki er síðan notaður.

33. RAFRÆNAR LAUSNIR

Lagt er til að Sveitarfélagið Árborg leggi áherslu á rafrænar lausnir og dragi þannig verulegu úr notkun á pappír.

Hjá sveitarfélaginu er mikið notað af pappír. Því fylgir kostnaður, rýmisþörf, aukið álag o.s.frv. Hér er lagt til að úr þessu verði dregið og lögð áhersla á rafrænar lausnir í stað mikillar notkunar á pappír.

34. RAFRÆN EYÐUBLÖÐ

Lagt er til hægt verði að sækja um ýmsa þjónustu hjá sveitarfélaginu á heimasíðu þess á rafrænan hátt.

Hér er lagt til að sótt verði um ýmsa þjónustu hjá sveitarfélaginu á heimasíðu þess á rafrænan hátt. Í því sambandi má nefna sem dæmi ýmislegt sem snýr að byggingarfulltrúa og Selfossveitum bs. Eins og þetta er í dag þarf að sækja um til þessara aðila handskrifað. Skila inn umsóknum sem síðan eru skannaðar inn og sendar á viðkomandi aðila. Með því að þetta sé hægt að gera á rafrænan hátt er þjónustan aukin og mikil vinnuhagræðing yrði af því hjá sveitarfélaginu.

Þetta verði gert almennt hjá sveitarfélaginu.

35. SELFOSSEITUR BS., UPPLÝSINGAGJÖF

Lagt er til að upplýsingagjöf á vef sveitarfélagsins varðandi Selfossveitur verði efl.

Mikilvægt er að á vef sveitarfélagsins verði stefnt að því að vera með fullnægjandi upplýsingar um málefni þess. Hér er lögð áhersla á að upplýsingagjöf á vef sveitarfélagsins varðandi Selfossveitur bs. verði efl.

Selfossveitur bs. eru ekki með heimasíðu eða svæði á heimasíðu sveitarfélagsins. Þegar íbúa vantar upplýsingar eða sækja um þjónustu er ekki hægt að gera það rafrænt.

Jafnframt verði hægt að koma á framfæri kvörtunum og athugasemdum á rafrænan hátt á vef sveitarfélagsins.

Ávinningurinn af því að bæta upplýsingagjöfina er betri þjónusta og mikil vinnuhagræðing fyrir starfsmenn.

36. FASTEIGNASKRÁNING

Lagt er til að kannað verði hvort ekki sé hægt að draga úr vinnu við að leiðrétta fasteignaskrá innan ársins.

Samkvæmt upplýsingum frá innheimtufulltrúa er mánaðarlega, frá og með febrúar til og með nóvember, gerð breytingarálagning, þar sem breytingar hafa verið gerðar á fasteignaskrá, t.d. eigendabreytingar eða breytingar á gjöldum v/ýmissa ástæðna. Þá er líka gerð mánaðarálagning en þar koma inn eignir þar sem verið er að uppfæra byggingarstigið, t.d. fokheldisstig, en þá er heimilt að leggja öll notkunargjöld á s.s. sorphirðugjald og þá kemur uppfærður fasteignaskattur líka inn. Síðan þarf að bóka hvern gjalddaga og þá skila sér bæði breytingarálagningin og mánaðarálagningin.

Þegar eignir eru seldar þarf oft að gera breytingar á fasteignskránni að beiðni fasteignasala innan ársins. Flýtimeðferðin er vegna breytingarálagningar, þ.e. að oft dregst þinglýsing svo lengi að hún nær ekki inn fyrir þann dag sem álagningin er unnin fyrir næsta mánuð og þá hefur innheimtufulltrúi handgert breytingu á greiðendum ef óskað er eftir því, seljanda og kaupanda til hagræðingar.

Hér er lagt til að kannað verði hvernig sveitarfélög eru almennt að vinna þetta með það að markmiði að draga úr vinnu og álagi.

37. ÞJÓNUSTUVER

Lagt er til að þjónustuverið verði eftl þannig að það svari svo sem kostur er hinum ýmsu fyrirspurnum þjónustuþega.

Hér er lagt til að starfsmenn í þjónustuveri verði undirbúnir undir það að geta svarað sem flestum fyrirspurnum sem spurt eru um hjá sveitarfélaginu. Hér má nefna sem dæmi upplýsingar um eftirstöðugar af fasteignagjöldum o.s.frv.

Í samtölum við starfsmenn kom fram að mikill tími fari í að svara ýmsum fyrirspurnum símleiðis, sem hægt væri að koma í veg fyrir með því að þjónustuverið tæki að sér að svara frekar en nú er gert.

Starfsmenn í þjónustuveri fari reglulega í heimsóknir til stofnana innan sveitarfélagsins sem fyrirspurnir beinast að. Einnig fari starfsmennirnir á námskeið til að læra á þau kerfi þar sem leita má svara við hinum ýmsu fyrirspurnum.

38. INNKAUPAKORT

Lagt er til að skoðað verði að draga úr notkun innkaupakorta og deildarstjóri bókhaldsdeildar hafi yfirlýsningu með innkaupakortum. Jafnframt verði settar reglur um notkun á kreditkortum.

Hér er lagt til að skoðað verði með að draga sem mest úr notkun innkaupakorta og jafnframt að deildarstjóri bókhaldsdeildar hafi yfirlýsningu með innkaupakortum.

Sækja þurfi sérstaklega um innkaupakort til deildarstjórans sem síðan í samráði við fjármálastjóra metur þörfina fyrir viðkomandi starfsmann til að fá innkaupakort.

Með vísan til eftirfarandi er tillaga varðandi kreditkort sett fram.

Skerpa mætti á verkferlum um hvernig lykla á útgjöld sem greidd hafa verið með kreditkortu. Skólafulltrúi fær t.d. tveimur mánuðum síðar en útgjöld féllu til yfirlit yfir kreditkortuð og á þá að lykla útgjöldin. Um gæti verið að ræða t.d. kaup á appi sem kostar 300 kr. Það kemur fyrir að starfsmenn í skólum gleyma að senda skólafulltrúa kvittun (reikning) vegna útgjalda sem greidd voru með kreditkortu. Þá þarf skólafulltrúi að senda tölvupóst á alla viðkomandi í skólunum, sem geta verið margir, til að finna út hvað um var að ræða. Vegna þessa er mikil vinna fyrir skólafulltrúa og aðra sem fá tölvupósta sem þurfa að rifja upp hvort þetta séu útgjöld sem varða viðkomandi og/eða um hvað var að ræða.

Leggja ber áherslu á að notkun kreditkorta verði takmörkuð svo sem kostur er eins og verið hefur hjá sveitarfélaginu.

39. FUNDARGERÐIR

Lagt er til að skoðað verði að gera meðferð fundargerða einfaldara en nú er.

Í samtölum við starfsmenn kom fram að hver fundargerð væri geymd í a.m.k. í tveimur eintökum. Annars vegar frumeintak og hins vegar leiðrétt eintak. Telja verður eðlilegt að eingöngu sé unnið með frumeintakið og það birt á vef sveitarfélagsins. Með hliðsjón

af því er hér lagt til að skoðað verði með hætta frekari vinnslu á fundargerðum eins og lýst er hér framar í skýrslunni, sjá bl. 52.

40. SKJALAVARSLA

Lagt er til að skoðað verði hvort ekki megi draga úr geymslu á bókhaldsgögnum.

Hér er lagt til að skoðað verði hvort verið sé að geyma bókahaldsgögn umfram þann tíma sem lög gera ráð fyrir. Jafnframt að skoðað verði hvort verið sé að geyma bókhaldsgögn sem lög um skjalavörslu kveða ekki á um.

41. GÖGN FYRIR FUNDI BÆJARRÁÐS OG BÆJARSTJÓRNAR

Lagt er til að hætt verði að láta bæjarráð og bæjarstjórn hafa ljósrituð gögn send í tölvupósti fyrir hvern fund. Í stað þess fái bæjarfulltrúar aðgang að skjalakerfi bæjarins þannig að þeir geti annars vegar skoðað ný gögn varðandi viðkomandi mál og öll eldri gögn sem eru undir viðkomandi máli á dagskrá viðkomandi fundar.

Hér er lagt til að hætt verði að ljósrita og senda þannig fundargögn til bæjarráðs og bæjarstjórnar. Í stað þess fái bæjarfulltrúar aðgang að þessum gögnum rafrænt. Með þessu fyrirkomulagi fæst mikil vinnuhagraðing og aukin þjónusta fyrir bæjarfulltrúa og nefndarmenn. Auðveldar bæjarfulltrúum aðgang að öllum gögnum sem tengjast einstökum málum o.s.frv.

Þessari aðgerð verði hraðað.

42. ENDURSKOÐUN

Lagt er til að endurskoðun á reikningum sveitarfélagsins verði boðin út eins og önnur þjónustukaup hjá sveitarfélaginu.

Reynsla margra sveitarfélaga er að með því að bjóða út endurskoðun á reikningum sveitarfélagsins hefur endurskoðunarkostnaður lækkað mikið.

43. LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA

Lagt er til að kostnaður vegna lögfræðiþjónustu verði tekinn til skoðunar og þá hvort ekki sé hægt að draga úr honum.

Með hliðsjón af því að kostnaður við lögfræðiþjónustu hefur aukist umtalsvert á undanförunum árum er hér lagt til að þessi kostnaður verði tekinn til sérstakrar skoðunar.

Kostnaðurinn var 53 milljónir króna árið 2018, með hliðsjón af því verði skoðað hvort til greina komi að ráða lögfræðing til að sinna lögfræðimálum hjá sveitarfélaginu. Gera má ráð fyrir að kostnaður við hann gæti verið á bilinu 15 til 20 milljónir króna á ársgrundvelli hjá sveitarfélaginu.

Félagsþjónusta

44. GREIÐSLUR VEGNA FJÁRHAGSAÐSTOÐAR

Lagt er til að skoðað verði að fjárreiðudeild fjármálaþjónustu annist greiðslur vegna fjárhagsaðstoðar.

Hér er fylgt þeirri megin reglu sem tillögur í skýrslunni gera ráð fyrir að ekki sé verið að dreifa verkefnum á milli stofnana, sviða og starfsmanna. Með hliðsjón af því er hér lagt til að fjárreiðadeild fjármálaþjónustu annist greiðslur vegna fjárhagsaðstoðar eins og aðrar greiðslur.

45. MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKIS

Lagt er til að Sveitarfélagið Árborg taki til athugunar með samstarfs sveitarfélögum um málefni fatlaðs fólks hvort ekki fari betur á því að einn aðili sé í forsvari fyrir samrekstri sveitarfélaganna um málaflokkinn.

Það er enginn ákveðinn í forsvari fyrir þessum sameiginlega rekstri sveitarfélaganna og þar af leiðandi enginn einn samræmingaraðili. Telja verður mikilvægt með hliðsjón af því hversu umsvif eru mikil og mikilvægi málaflokksins að einn aðili sé í forsvari fyrir þessum sameiginlega rekstri. Með hliðsjón af því er þessi tillaga hér sett fram.

46. DAGGÆSLA BARNA Í HEIMAHÚSUM

Lagt er til að skólaþjónusta annist alfarið málefni daggæslu barna í heimahúsum. Jafnframt veiti fræðslunefnd leyfi til daggæslu í heimahúsum.

Hér er lagt til að daggæsla barna í heimahúsum heyri öll undir sama málaflokk og skólamál hjá sveitarfélaginu. Leikskólafulltrúi gæti t.d. annast þetta verkefni, sem starfsmaður félagsþjónustu hefur annast. Einnig er lagt til að fræðslunefnd fari einnig með úthlutun á leyfum fyrir daggæslu í heimahúsum.

Þessi tillaga er hér sett fram með það að markmiði að draga úr því að dreifa verkefnum á milli stofnana, sviða og starfsmanna.

47. LEIGUÍBÚÐIR

Lagt er til að einn aðili hjá félagsþjónustu haldi utan um umsóknir og útleigu á leiguíbúðum hjá sveitarfélaginu.

Eins og þetta er framkvæmt í dag er starfsmaður í 50% starfi hjá félagsþjónustu sem annast utan um hald á umsóknum og útleigu á almennum félagslegum leiguíbúðum. Um er að ræða 59 íbúðir. Síðan annast félagsmálastjóri og forstöðumaður heimaþjónustu utan um hald á umsóknum og úthlutun á félagslegum leiguíbúðum fyrir aldraða og almennum leiguíbúðum fyrir aldraða að Grænumörk 1, 3 og 5, samtals 40 íbúðir. Hér er lagt til að starfsmaður í 50% starfi vegna félagslegra leiguíbúða annist þetta verkefni líka vegna íbúða fyrir eldri borgara.

Hér er lögð áhersla á að vera ekki að dreifa verkefnum á milli starfsmanna. Heldur annist þetta utan um hald einn og sami aðilinn.

48. MAT Á UMSÓKNUM UM FÉLAGSLEGAR LEIGUÍBÚÐIR

Lagt er til að kannað verði hvort ekki sé hægt að meta umsóknir um félagslegar leiguíbúðir varðandi tekju og eignamörk rafrænt.

Hér er lagt til að kannað verði hvort ekki sé hægt að bera umsækjendur um félagslegar leiguíbúðir varðandi tekju- og eignamörk saman við skattskrá rafrænt til að finna út hvort viðkomandi standist tekju- og eignamörk varðandi félagslegar leiguíbúðir.

Árlega er kallað eftir þessum upplýsingum frá umsækjendum um félagslegar leiguíbúðir og unnið með þær handvirkt. Með þessum fyrirkomulagi fer mikill tími í þetta sem hægt væri að komast hjá með því að gera þetta rafrænt.

49. SAMNINGAR UM LEIGUÍBÚÐIR

Lagt er til að starfsmaður félagsþjónustu sem annast félagslegar leiguíbúðir annist jafnframt gerð leigusamninga vegna félagslegra leiguíbúða og almennra leiguíbúða fyrir aldraða.

Eins og þetta er gert í dag annast ritari á skrifstofu bæjarstjóra gerð leigusamninga. Hér er lagt til að sá aðili sem annast utan um hald á félagslegum leiguíbúðum annist jafnframt gerð leigusamninga vegna leiguíbúða.

Hér er verið að leggja áherslu á að vera ekki að dreifa verkefnum á milli sviða og starfsmanna.

50. DEILDARSTJÓRI OG HÚSUMSJÓN AÐ GRÆNUMÖRK 1, 3 OG 5

Lagt er til að skoðað verði að stöðugildi deildarstjóra og húsumsjónarmanns í Grænumörk verði lagt niður og viðkomandi verkefnum verði falin deildarstjóra heimaþjónustu og umsjónarmanni húseigna sveitarfélagsins.

Lagt er til að skoðað verði að stöðugildi deildarstjóra, húsumsjónarmanns og vegna útkeyrslu á mat verði lagt niður. Um er að ræða 90% stöðugildi samtals.

Deildarstjóri heimaþjónustu verði yfirmaður starfsmanna á vakt í Grænumörk 1, 3 og 5. Deildarstjórinn er í húsinu og er að sinna álíka verkefnum vegna annarra starfsmanna sem vinna við heimaþjónustu í sveitarfélaginu.

Umsjónarmanni fasteigna sveitarfélagsins verði falið að hafa yfirumsjón með húsnæðinu. Hann eða starfsmaður á hans vegum hafi reglulega viðveru, t.d. einu sinni í viku í eina til tvær klukkustundir í senn, þar sem íbúar geta gengið að viðkomandi vísun. Í öðrum tilfella verði haft beint samband við umsjónarmanninn gerist þess þörf.

Kannað verði með að bjóða út akstur á heimsendum mat og/eða að samið við leigubifreiðastöð um aksturinn.

51. BIFREIÐ

Lagt er til að skoðað verði að bifreið sem keypt var fyrir starfsemina í Grænumörk verði seld.

Lagt er til að skoðað verði að bifreið sem keypt var fyrir starfsemina í Grænumörk verði seld. Ekki er að sjá beina þörf fyrir bifreiðina og þá með tilliti til þess ef annar aðili verði fenginn til að keyra heimsendan mat.

52. RÆSTINGAR

Lagt er til að skoða verði hvort mögulegt sé að starfsmaður á vakt í Grænumörk 1, 3 og 5 annist að hluta til ræstingar að Grænumörk 1, 3 og 5.

Í húsnæðinu að Grænumörk 1, 3 og 5 er alltaf einn starfsmaður á vakt frá kl. 8:00 til 24:00. Hér er lagt til að skoðað verði hvort stafsmaður á vakt geti sinnt ræstingum á sameign húsnæðisins, a.m.k. að hluta í stað þess að kaupa þjónustuna af verktaka.

53. AKSTUR VEGNA DAGDVALAR

Lagt er til að skoðað verði í hverju sá mikli munur á kostnaði vegna akstursþjónustu vegna dagdvalar liggur með það að markmiði að ná niður kostnaði.

Leigubílstjóri hefur annast aksturinn með fólkið að og frá heimilinu samkvæmt sérstökum samningi þar um vegna Vinaminnis og Hópbílar vegna Árbliks. Mikill kostnaðarmunur á akstursþjónustu fyrir Árblik og Vinaminni á árinu 2017 vekur athygli. Vegna Árbliks kostaði akstursþjónustan 4.757 þúsund krónur árið 2017 og 2.278 þúsund krónur vegna Vinaminnis samkvæmt aðalbók 2017.

Rétt er að fram komi varðandi aksturinn fyrir Árblik þá var verið að sækja tvo einstaklinga á Stokkseyri fjórum sinnum í viku og einstakling í hjólastól á Eyrarbakka einu sinni í viku sem útheimti sérstakan bíl, hjólastólabíl. Það var enginn utan Selfoss í Vinaminni árið 2017.

54. REKSTRARÚTGJÖLD DAGDEILDAR

Lagt er til að leitað verði skýringa á því af hverju halli var á rekstri Árbliks árið 2017 þegar tekjur stóðu undir gjöldum vegna reksturs Vinaminnis.

Samkvæmt aðalbók vegna ársins 2017 stóðu tekjur undir útgjöldum vegna Vinaminnis en halli var á rekstri Árbliks upp á 15 milljónir króna. Ríkissjóður greiðir daggjöld vegna samþykktu dagdvala. Gert er ráð fyrir að daggjöldin eigi að standa undir rekstrarkostnaði. Með hliðsjón af því er eðlilegt að skoða í hverju þessi halli á rekstrinum vegna Árbliks liggur.

56. FRÍSTUNDAKLÚBBURINN KOTIÐ, RÆSTINGAR

Lagt er til að ræstingar hjá Frístundaklúbbnum Kotið verði teknar til skoðunar með hliðsjón af því hversu hár kostnaður er við ræstingar þar.

Með hliðsjón af því að kostnaður við ræstingar hjá Frístundaklúbbnum Kotið var 2,1 milljónir króna árið 2017 er hér lagt til að ræstingarnar verði skoðaðar með það að markmiði að ná niður kostnaði án þess að það komi niður á gæðum þjónustunnar.

Fræðslusvið

57. BREYTINGAR Á VISTUNARTÍMUM BARNNA Á LEIKSKÓLUM

Lagt er til að skoðað verði hvort draga megi úr heimildum til að breyta vistunartíma barna á milli mánaða í leikskólum sveitarfélagsins.

Fram kom í samtölum við leikskólastjóra að það kæmi fyrir að endurskipuleggja þurfi mannahald á deildum vegna þess að heimilt væri til þess að breyta vistunartíma barna á leikskólum á milli mánaða. Þessu fylgdi ýmis vandamál og óþægindi varðandi mönnun á deildum. Með hliðsjón af því er hér lagt til að þessi heimild verði tekin til endurskoðunar.

58. OPNUN LEIKSKÓLA AÐ MORGNI

Lagt er til að greiðslur til starfsmanna fyrir opnun leikskóla á morgnana verði samræmdar.

Í samtölum við leikskólastjóra kom fram að það væri mismunandi á milli leikskóla hvernig greitt væri fyrir opnun á morgnana til starfsmanna. Ýmist er ekkert greitt, álag greitt eða yfirvinna.

Eðlilegt verður að telja að það fyrirkomulag væri haft að starfsmaður sem mætir fyrr á morgnana ljúki vinnu fyrr á daginn sem nemur tímanum sem mætt var fyrir kl. 8:00. Fyrir þann tíma verði greitt álag skv. kjarasamningi. Hér er lagt til að í framkvæmd verði þessi háttur hafður á.

59. GEYMSLUR FYRIR MAT

Lagt er til að skoða verði hvort mögulegt er að stækka geymslur fyrir mat í leikskólum sveitarfélagsins og þær verði jafnframt læstar.

Við skoðun leikskóla kom fram að hjá þeim flestum er takmarkað rými til að geyma mat og matargeymslur eru opnar. Í sumum tilfella þarf að geyma mat á fleiri en einum stað í viðkomandi leikskóla. Fram kom að vegna skorts á rými til að geyma mat kæmi það niður á matarinnkaupum og einnig möguleika á því að geyma afganga í sumum tilfella. Vegna þess þurfi stundum að fleygja afgangum sem mætti nýta betur.

Mikilvægt er að allur matur sé geymdur í læstum hirslum.

60. RÆSTINGAR

Lagt er til að ræstingakostnaður hjá Leikskólanum Jötunheimum og Leikskólanum Brimver/Æskukot verði skoðaður sérstaklega með hliðsjón af því hversu hár kostnaðurinn er hjá þessum leikskólum.

Ræstingakostnaður hjá Leikskólanum Jötunheimum var 11.050 þúsund krónur árið 2017. Til samanburðar var hann 5.604 þúsund krónur hjá Leikskólanum Hulduheimum og 6.477 þúsund krónur hjá Leikskólanum Árbæ sama ár. Ræstingakostnaður hjá Brimver/Æskukoti var 9.560 þúsund krónur árið 2017 og 10.232 þúsund krónur árið 2018, eða hækkun um 7% á milli áranna.

Með vísan til þessa er hér lagt til að þetta verði skoðað sérstaklega.

61. OPNUN Í LEIKSKÓLANUM JÖTUNHEIMAR

Lagt er til að skoðað verði hvort þörf sé á að starfsmaður mæti á hverja deild, sex deildir, þegar opnað er á morgnana kl. 7:45.

Leikskólinn er sex deilda leikskóli. Hann opnar kl. 7:45 og þá mæta sex starfsmenn, einn á hverja deild. Hér er lagt til að skoðað verði hvort ekki megi fækka starfsmönnum sem mæta á morgnana til að opna. Jafnframt að þeir starfsmenn sem mæta kl. 7:45 hætti korteri fyrr en aðrir starfsmenn í lok dags.

Þetta verði jafnframt skoðað á öðrum leikskólum sveitarfélagsins eigi það við.

62. HÚSNÆÐI LEIKSKÓLANS ÁLFHEIMAR

Lagt er til að það verði forgangsverkefni að bæta húsnæðisaðstöðu Leikskólans Álfheima.

Hér er lögð áhersla á að húsnæðisaðstaða leikskólans Álfheima verði bætt sem fyrst og þá m.a. með stækkun húsnæðisins. Það þrengir verulega að starfsmönnum og börnum í húsnæðinu. Starfsaðstæður eru erfiðar í öllu rými sem ætlað er fyrir starfsmenn. Einnig er mikilvægt að öll öryggismál séu eins og þau eiga að vera samkvæmt reglum þar um.

63. NETTENGING

Lagt er til að séð verði til þess að nettenging sé fullnægjandi í öllu skólahúsnæði sveitarfélagsins.

Mikilvægt er að tryggt sé að nettenging sé fullnægjandi í öllu skólahúsnæði hjá sveitarfélaginu. Kennsla, upplýsingagjöf og -öflun á vefnum er orðin snar þáttur í starfi leik- og grunnskóla. Skráningu á börnum inn og út á leikskólum er nú gerð rafrænt, einnig á frístundaheimilum.

Með hliðsjón af framanrituðu er þessi tillaga sett hér fram. Fram kom t.d. í samtali við leikskólastjóra Leikskólans Árbæ að nettenging væri ekki í lagi hjá skólanum. Á þetta reyndi hjá skýrsluhöfundi þegar hann tók viðtal í leikskólanum.

64. ORKUKAUP

Lagt er til að orkukostnaður vegna Leikskólans Hulduheimar verði skoðaður með hliðsjón af því hversu hár hann er í samanburði við aðra leikskóla hjá sveitarfélaginu.

Orkukostnaður vegna Hulduheima var 2.269 þúsund krónur árið 2017. Til samanburðar var hann 1.504 þúsund krónur hjá Leikskólanum Árbæ og 1.843 þúsund krónur hjá Leikskólanum Jötunheimar. Með hliðsjón af þessum mikla mun er hér lagt til að þetta verði skoðað sérstaklega.

65. KAUP Á MAT

Lagt er til að skoðað verði með sameiginleg innkaup á mat fyrir leikskóla sveitarfélaga að undangengnu útboði.

Hér er lagt til að matarinnkaup verði sameiginleg fyrir leikskóla sveitarfélagsins. Þetta verði unnið þannig að sameiginlega verði gerður grunn matseðill fyrir hvern dag fyrirfram. Þannig verði ákveðið hvað verði keypt en síðan ráða matráðar á hverjum stað hvernig matargerðinni verði háttað úr því hráefni sem lagt er til.

Með þessu fyrirkomulagi verði m.a. notið góðs af magn innkaupum með það að markmiði að fá lægra verð. Einnig ætti að fást hagræðing með því að nokkrir starfsmenn eru ekki að fara í verslunarleiðangur. Jafnframt ætti að fást betri yfirsýn yfir hvernig maturinn nýtist á hverjum stað o.s.frv.

Lögð er áhersla á að áður en farið verði af stað með þessa aðgerð hafi hún ákveðinn undirbúning og aðdraganda. Fordæmi eru fyrir slíkum sameiginlegum innkaupum. Mikilvægt er að þeir sem koma að þessum málum fyrir sveitarfélagið leyti samráðs og upplýsinga hjá þeim sem hafa haft þetta fyrirkomulag.

Lögð er áhersla á að áður en farið verði af stað með þetta fyrirkomulag verði matarkaupin boðin út.

66. VEIKINDI STARFSMANNA Á LEIKSKÓLUM

Lagt er til að leitað verði skýringa á miklum forföllum starfsmanna vegna veikinda á leikskólum sveitarfélagsins með það að markmiði að farið verði í aðgerðir til að draga úr miklum veikindaleyfum. Í þessu sambandi verði m.a. skoðaðir möguleikar á því að stytta vinnutíma starfsmanna.

Mikil forföll eru hjá starfsmönnum á leikskólum sveitarfélagsins vegna veikinda. Greidd veikindalaun á árinu 2017 samsvöruðu launum fyrir 17,7 heilsárs stöðugildi, eða um 116 milljón krónum.

Hér er lagt til að fram fari athugun á því af hverju svo mikið er um forföll vegna veikinda með það að markmiði leita úrræða til að draga úr veikindum starfsmanna. Þessi staða er þekkt á meðal leikskóla almennt.

Skýrsluhöfundur hefur upplýsingar um leikskóla þar sem farið var í aðgerðir til að vinna á forföllum vegna veikinda. Í a.m.k. einu tilfelli, sem skýrsluhöfundur er kunnugt um, drógust veikindafjarvistir á viðkomandi leikskólum saman um 30% á milli ára.

M.a. var farið í að stytta vinnutíma starfsmanna. Í því sambandi má nefna að mikilvægt er að vinnutími starfsmanna sveitarfélagsins sé samræmdur.

Ljóst er að til mikils er að vinna og ekki hvað síst fyrir starfsmennina sjálfa því mikilvægt er að unnið sé að því að leita skýringa á veikindum starfsmanna til að bæta úr þeim.

67. STÖÐUGILDI Á LEIKSKÓLUM

Lagt er til að sveitarfélagið marki stefnu um fjölda stöðugilda á leikskólum sveitarfélagsins. Sett verði upp reiknilíkan sem áætli úthlutun á stöðugildum til hvers leikskóla.

Eins og komið hefur fram hér að framan í skýrslunni hefur verið ákveðin stígandi í fjölgun stöðugilda á leikskólum sveitarfélagsins og þá ekki í samræmi við fjölgun barna á leikskólunum í a.m.k. sumum tilfella.

Í samtölum við leikskólastjóra, sem hver áætla fjölda stöðugilda á viðkomandi leikskóla, kom fram að þeir hafi ekki ákveðna reglu til að vinna með um hvernig á að áætla fjölda stöðugilda. Fram kom t.d. að þegar leikskólastjóri byrjaði var engin kennsla eða leiðbeining um starfið. Vegna þess hefur leikskólastjóri verið að þreifa sig áfram. Leikskólastjóri hafi ekki upplýsingar um hvað á að vera með mikla afleysingu fyrir leikskólann o.s.frv.

Fram kom hjá einum leikskólastjóra að gert væri ráð fyrir 1,31 stöðugildi vegna veikinda og annarra forfalla við leikskólann. Hjá öðrum kom fram að gert væri ráð fyrir tveimur stöðugildum.

Fram kom í máli leikskólastjóra að hann teldi þörf á meiri fræðslu og frekari upplýsingum um gerð fjárhagsáætlunar og þá sérstaklega launaáætlunar.

Það er mat skýrsluhöfundar að hagdeild fjármálaþjónustu eigi að vinna slíkt úthlutunarlíkan (reiknilíkan) í samráði við sviðsstjóra viðkomandi sviðs. Hagdeildin

úthluti heimildum fyrir stöðugildum á hvern leikskóla sem viðkomandi leikskólastjóri vinnur síðan með.

Í reiknilíkaninu er m.a. ákveðið hvernig úthlutað er vegna veikinda, vegna starfsmanna á deildum, matreiðslu o.s.frv. Að sjálfsögðu þarf svo að skoða hvern skóla fyrir sig t.d. vegna sérþarfa.

68. SKIPTIBORÐ

Lagt er til að skoða að keypt verði sérbúin borð til að skipta á ungabörnum.

Í boði eru sérbúin borð, sem hægt er að stilla, til að skipta á ungabörnum. Hér er lagt til að keypt verði slík borð fyrir leikskóla sveitarfélagsins og aðstaðan bætt þannig að vinnuhagræðing verði sem mest fyrir starfsmenn og viðkomandi ungabarn.

69. SKÓLARITARI VIÐ BARNASKÓLANN Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI

Lagt er til að skoðað verði hvort þörf sé á að vera með skóaritari bæði á Eyrarbakka og Stokkseyri við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Skólaritari er í 75% starfi á Eyrarbakka og annar í 90% stöðugildi á Stokkseyri. Í skólanum eru samtals 135 nemendur, 85 á Stokkseyri og 50 á Eyrarbakka. Með hliðsjón af því að við skólann eru 135 nemendur er lagt til að skoðað verði hvort ekki megi minnka stöðugildi skóaritara við skólann sem er í samtals 1,65 stöðugildi.

70. BIFREIÐ VEGNA BARNASKÓLANS Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI

Lagt er til að skoðað verði að skólinn hafi ekki bifreið til afnota.

Hér er lagt til að skoðað verði hvort þörf sé á því fyrir skólann að reka bifreið. Það er mat skýrsluhöfundar að akstur vegna skólans er ekki það mikill að það réttlæti rekstur bifreiðar. Hins vegar gæti hér þurft að skoða sérstaklega akstur á mat í skólann á Eyrarbakka sem kalli á þörf bifreiðarinnar.

71. SAMKENNSLA ÁRGANGA

Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að vera með samkennslu milli árganga við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri.

Með hliðsjón af því að meðaltali eru 13 nemendur í hverri bekkjardeild við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri er hér lagt til að skoðað verði hvort til greina komi að vera með samkennslu á milli árganga við skólann.

72. RÆSTINGAR VIÐ VALLASKÓLA

Lagt er til athugað verði hvort ekki sé hægt að skipuleggja starfsemi í Vallaskóla á sumrin þannig að árleg ræsting geti farið þar fram.

Fram kom í samtali við skólastjóra að vegna anna í húsnæði skólans hafi sumarræsting ekki getað fari þar fram eins og gert er ráð fyrir og greitt hefur verið fyrir. Hér er lagt til að skoðað verði hvort ekki sé hægt að skipuleggja þessa starfsemi þannig að ræstingin geti farið fram, t.d. með nýtingu á öðru húsnæði tímabundið gerist þess þörf.

73. STUÐNINGSFULLTRÚAR VIÐ VALLASKÓLA

Lagt er til að það fyrirkomulag sem er í Vallaskóla varðandi stuðningsfulltrúa verði tekið til endurskoðunar.

Stuðningsfulltrúar eru í öllum bekkjardeildum skólans. Stuðningsfulltrúi er í hverjum bekk í fyrst til sjöunda bekk. Svo eru tveir stuðningsfulltrúar í hverjum bekk á unglingastigi.

Hér er lagt til að þetta fyrirkomulag verði tekið til endurskoðunar þannig að ekki séu stuðningsfulltrúar í bekkjardeildum með kennurum nema talin sé sérstök ástæða til þess.

74. UMSJÓNARMENN SKÓLAHÚSNÆÐIS

Lagt er til að húsumsjónarmenn í grunnskólum sveitarfélagsins taki jafnframt að sér húsumsjón í leikskólum og annist minniháttar viðhald.

Hér er lagt til að húsumsjónarmenn í grunnskólum sveitarfélagsins annist jafnframt umsjón með húsnæði leikskóla. Í framkvæmd verði þetta þannig að hver húsumsjónarmaður hafi jafnframt með tvo leikskóla að gera. Húsumsjónarmaðurinn við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri annist jafnframt húsnæði Leikskólans Brimvers/Æskukots.

Þeir annist minniháttar viðhald í grunn- og leikskólum og þá meira en verið hefur. Gert verði ráð fyrir að þeir hafi reglulega viðveru í viðkomandi leikskólum. Komi upp viðahaldspörf þá hafi leikskólastjóri samband við viðkomandi húsumsjónarmann.

Reynsla er af slíku fyrirkomulagi þar sem þetta hefur gefist vel. Mikilvægt er að leggja áherslu á að góð húsumsjón byggir á góðu skipulagi og aga.

75. REGLULEGIR FUNDIR HÚSUMSJÓNARMANNA

Lagt er til að húsumsjónarmenn eigi reglulega fundi með umsjónarmanni fasteigna sveitarfélagsins þar sem farið verði yfir viðhaldsmál o.fl.

Hér er lagt til að umsjónarmaður fasteigna eigi reglulega fundi með húsumsjónarmönnum grunn- og leikskóla. Á þessum fundum verði farið yfir hin ýmsu mál sem tengjast húsnæði skólanna. Þessir fundir gætu t.d. verið einu sinni í mánuði. Með þessum fundum væri tryggt að sem best samskipti væru á milli þeirra aðila sem fara með húsnæðismál hjá sveitarfélaginu.

76. YFIRUMSJÓN MEÐ RÆSTINGUM Í GRUNNSKÓLUM

Lagt er til að húsumsjónarmenn hafi yfirumsjón með ræstingum í grunnskólum sveitarfélagsins fyrir hönd viðkomandi skólastjóra.

Mikilvægt er að þessi þáttur í starfsemi skólanna sé skýr og þetta fyrirkomulag sé til staðar í grunnskólum sveitarfélagsins.

Sem dæmi má nefna að samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra er gert ráð fyrir því í samningi um þríf að þrifa eigi glugga að innan en það hafi verið ekki gert. Þannig má

nefna fleiri dæmi. Hér er lögð áhersla á að einn aðili innan viðkomandi grunnskóla eigi að fylgja þessum málum eftir.

Gert verði ráð fyrir að leikskólastjórar annist þessi samskipti áfram eins og verið hefur og þetta eigi einungis við varðandi grunnskólana.

Með þessu er alveg skýrt að það er húsumsjónarmaður í viðkomandi grunnskóla sem á að fylgjast með því að ræstingar eru eins og þær eiga að vera samkvæmt verksamningi í grunnskólum sveitarfélagsins.

78. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN

Lagt er til að húsumsjónarmönnum verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega vegna þeirra húsa sem þeir hafa umsjón með.

Með því að skrá orkunotkun t.d. í kwst. mánaðarlega er hægt að fylgjast með ef eitthvað fer úrskedis í notkuninni. Með þessu móti er einnig hægt að bera saman notkunina á milli mánaða og ára. Lögð er áhersla á að þetta verði gert þannig að línurit sýni niðurstöðuna, sbr. tillögur hér að framan.

79. SAMEIGINLEG INNKAUP Á MAT

Lagt er til að skoðað verði með sameiginleg innkaup á mat fyrir grunnskóla sveitarfélagsins að undangengnu útboði.

Hér er lagt til að matarinnkaup verði sameiginleg fyrir grunnskóla sveitarfélagsins. Þetta verði unnið þannig að sameiginlega verði gerður grunn matseðill fyrir hvern dag fyrirfram. Þannig verði ákveðið hvað verði keypt en síðan ráða matráðar á hverjum stað hvernig matargerðinni verði háttað úr því hráefni sem lagt er til.

Jafnframt verði skoðað hvort ekki sé hægt að gera þetta sameiginlega með innkaupum á mat fyrir leikskólana, sbr. tillögu hér að framan.

Með þessu fyrirkomulagi verði notið góðs af magn innkaupum sem á að leiða til lægra verðs. Einnig ætti að fást hagræðing með því að nokkrir starfsmenn eru ekki að fara í verslunarleiðangur. Jafnframt ætti að fást betri yfirsýn yfir hvernig maturinn nýtist á hverjum stað o.s.frv.

Lögð er áhersla á að áður en farið verði af stað með þessa aðgerð hafi hún ákveðinn undirbúning og aðdraganda. Fordæmi eru fyrir slíkum sameiginlegum innkaupum. Mikilvægt er að þeir sem koma að þessum málum fyrir sveitarfélagið leyti samráðs og upplýsinga hjá þeim sem hafa haft þetta fyrirkomulag.

Lögð er áhersla á að áður en farið verði af stað verði matarkaupin boðin út.

80. ÚTHLUTUNARLÍKAN VEGNA GRUNNSKÓLA SVEITARFÉLAGSINS

Lagt er til að sveitarfélagið marki stefnu um fjölda stöðugilda í grunnskólum sveitarfélagsins. Sett verði upp reiknilíkan sem áætli úthlutun á fjárheimildum vegna stöðugilda til hvers grunnskóla.

Eins og komið hefur fram hér að framan í skýrslunni hefur verið ákveðinn stígandi í fjölgun stöðugilda við grunnskóla sveitarfélagsins og ekki að sjá að samræmi sé í

stöðugildafjöldi við grunnskólana að minsta kosti í sumum tilfella. Á þetta bæði við um stöðugildi við kennslu og stöðugildi við önnur störf.

Það er mat skýrsluhöfundar að hagdeild fjármálaþjónustu eigi að vinna slíkt úthlutunarlíkan (reiknilíkan) í samráði við sviðsstjóra viðkomandi sviðs. Hagdeildin úthluti heimildum fyrir stöðugildum á hvern grunnskóla sem viðkomandi skólastjóri vinnur síðan með.

81. STÖÐUGILDI VIÐ FRÍSTUNDAHEIMILI

Lagt er til að samræmdar reglur verði varðandi úthlutun á fjölda stöðugilda við frístundaheimili í grunnskólum sveitarfélagsins.

Hér eins og varðandi önnur stöðugildi við grunnskóla sveitarfélagsins er lagt til að unnið verði með samræmda reglu varðandi úthlutun á stöðugildum vegna frístundaheimila í grunnskólum sveitarfélagsins. Miðað verði við ákveðin fjölda nemenda á hvert stöðugildi almennra starfsmanna og stjórnenda. Síðan verði metið í hvert eitt skipti varðandi viðbótar stöðugildi vegna t.d. sérstaks stuðnings við nemendur o.s.frv.

82. BARNASKÓLINN Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI

Lagt er til að öll kennsla vegna Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri fari fram í húsnæði skólans á Stokkseyri.

Við skoðun á húsnæði skólans á Stokkseyri er ljóst að nægt húsnæði er þar til að öll starfsemi skólans geti farið fram á Stokkseyri. Eins og staðan er núna fer hluti af kennslu nemenda á Eyrarbakka jafnframt fram á Stokkseyri, sem leitt hefur til þess að verið er að keyra nemendur nokkrum sinnum í viku hverri á milli Stokkseyrar og Eyrarbakka. Öll list-, verkgreina- og sundkennsla við Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri fer fram í húsnæði skólans á Stokkseyri.

Meirihluti af kennslu á Eyrarbakka fer fram í lausum kennslustofum á lóð skólans sem mikil viðhaldspörf er komin á. Hins vegar er ástand skólahúsnæðisins á Stokkseyri nokkuð gott. Það er mat skýrsluhöfundar að einungis minniháttar breytingar þurfi að gera á húsnæðinu á Stokkseyri til að hrinda þessari tillögu í framkvæmd.

Jafnframt má gera ráð fyrir að þetta muni hafi jákvæð áhrif á allt skólastarfið í skólanum. Bæta aðstöðu fyrir nemendur og kennara og auðvelda alla samannvinnu kennara.

83. SKRÁNING Í MAT

Lagt er til að skráning þeirra sem matast í grunnskólum sveitarfélagsins, nemendur og kennarar, verði efl.

Mikilvægt er, til þess að hægt sé að fylgjast með kostnaði, að ljóst sé á hverjum tíma hvað margir nemendur og kennarar eru skráðir í mat. Nauðsynlegt er að geta fylgst með þessu á milli mánaða, ára og skóla.

Með hliðsjón af þessu er hér lagt til að skráningin verði efl svo hægt sé að kalla fram þannig upplýsingar.

84. FRÍSTUNDAAKSTUR

Lagt er til að skoðað verði hvort hægt sé að samnýta bíla sem eru í skólaakstri og frístundaakstri.

Hér er lagt til að skoðað verði hvort hægt sé að samnýta bíla sem eru í skólaakstri og frístundaakstri. Skoðað verði sérstaklega ef verið er að greiða sérstök daggjöld vegna aksturs hvort mögulegt sé að bæta við viðkomandi akstur án viðbótarkostnaðar. Einnig verði skoðað með að bjóða þennan akstur út sameiginlega með það að markmiði að ná niður kostnaði.

85. UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ, VINNUFYRIRKOMULAG

Lagt er til að vinnutími starfsmanna við upplýsingamiðstöð verði skipulagður þannig að ekki sé verið að greiða í yfirvinnu vegna reglulegs opnunartíma upplýsingamiðstöðvar.

Leggja ber áherslu á að reglulegur opnunartími hjá sveitarfélaginu sé skipulagður þannig að starfsmenn vinni þar í dagvinnu og þá með álagi fari opnunartími fram utan reglubundins dagvinnutíma. Starfsmenn verði ráðnir þannig að þetta skipulag falli að ráðningarsamningi þeirra.

86. STARFSEMI UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐVAR SAMEINAD BÓKASAFNI

Lagt er til að skoðað verði að upplýsingamiðstöðin heyri undir bókasafnið. Starfsmaður upplýsingamiðstöðvar verði jafnframt starfsmaður bókasafnsins.

Hér er lagt til að horfið verði aftur til þess skipulags sem var að upplýsingamiðstöðin heyri undir bókasafnið. Upplýsingamiðstöðin á Selfossi er í húsnæði bókasafnsins á Selfossi og fer vel á því. Það er mat skýrsluhöfundar að nokkur hagræðing fengist með því að sameina starfsemi upplýsingamiðstöðvar starfsemi bókasafnsins. M.a. fengist betri nýting á starfsmönnum o.s.frv.

Gert verði ráð fyrir að stöðugildið sem nú er við upplýsingamiðstöðina færist yfir á bókasafnið.

87. OPNUNARTÍMI BÓKASAFNS

Lagt er til að skoðað verði hvort draga megi úr opnun bókasafnsins með hliðsjón af upplýsingum um aðsókn í bókasafnið.

Ítarlegar upplýsingar liggja fyrir um tímasetningu útlána og skil á bókum innan opnunartíma bókasafnsins. Í þessum gögnum kemur fram að verulega dregur úr aðsókn í bókasafnið á Selfossi á milli kl. 18:00 og 19:00 á daginn og einnig er ekki mikil aðsókn fyrir kl. 10:00 á morgnana. Með hliðsjón af þess er hér lagt til að opnunartíminn verði skoðaður frekar og jafnvel gerð viðhorfskönnun varðandi breyttan opnunartíma.

88. YFIRVINNA HJÁ SUNDSTÖÐUM

Lagt er til að skoða verði hvort hægt sé að skipuleggja vinnu við sundstaði sveitarfélagsins þannig að dregið verði úr yfirvinnu. Á þetta sérstaklega við sundlaugina á Stokkseyri.

Með hliðsjón af því hversu hátt hlutfall greidd yfirvinna er af föstum mánaðarlaunum er hér lagt til að það verði skoðað sérstaklega hvort hægt sé að skipuleggja vinnutímann þannig að dregið verði úr unninni yfirtíð.

89. SKRÁNING Á ORKUNOTKUN

Lagt er til að forstöðumönnum íþróttamannvirkja verði falið að skrá orkunotkun mánaðarlega vegna þeirra húsa sem þeir hafa umsjón með.

Með því að skrá orkunotkun t.d. í kwst. mánaðarlega er hægt að fylgjast með ef eitthvað fer úrskeiðis í notkuninni. Með þessu móti er einnig hægt að bera saman notkunina á milli mánaða og ára. Lögð er áhersla á að þetta verði gert þannig að línurit sýni niðurstöðuna. Þetta verði gert á sama hátt og hjá húsumsjónarmönnum skólamannvirkja, sbr. tillögu hér að framan.

90. VINNUTÍMI VIÐ ÍÞRÓTTAHÚS SUNNULÆKJARSKÓLA

Lagt er til að vinnutími starfsmanna við íþróttahús Sunnulækjarskóla verði tekið til endurskoðunar með hliðsjón af því að starfsmaður er á vakt að hluta til á kvöldin þegar engin starfsemi er í húsinu.

Með hliðsjóna af því að starfsemi í húsinu lýkur tvo daga í viku kl. 19:30, einn dag kl. 20:00 og tvo kl. 20:30 en starfsmaður á vakt til kl. 23:00 er hér lagt til að vinnutími starfsmannsins verði tekinn til endurskoðunar. Einnig að vaktavinnan verði skipulögð þannig að ekki komi til þess að það þurfi að greiða fyrir vakt á sunnudögum í yfirvinnu eins og nú er.

Framkvæmda- og veitubjónusta

91. TÍMASKRÁNING OG VERKBÓKHALD

Lagt er til að starfsmenn Selfossveitna og þjónustumiðstöðvar skrái sjálfir þau verk sem þeir vinna í tímaskráningakerfi, þ.e. skrái vinnutíma og unnin verk rafrænt.

Hér er lagt til að í stað þess að starfsmenn skrá handskrifað hvað þeir gera í verkbókhald sem þjónustufulltrúi skráir síðan inn rafrænt að þeir geri þetta sjálfir t.d. í Vinnustund. Með þessu fyrirkomulagi er nokkur hagræðing og verið að láta stjórnsýsluna þróast í takt við tímann.

Eins og þetta er í dag skráir þjónustufulltrúi verkbókhald af handskrifuðu yfirliti frá starfsmönnum þjónustumiðstöðvar og Selfossveitna og heldur utan um vinnutíma þeirra. Í þessa skráningu fara einn til tveir dagar í viku hverri hjá þjónustufulltrúanum. Rétt er að benda á að tímaskráningakerfi, t.d. Vinnustund, bjóða upp á að þetta sé gert rafrænt af viðkomandi starfsmanni.

92. RAFRÆNAR UMSÓKNIR OG TILKYNNINGAR

Lagt er til að hægt verði að sækja um þjónustu hjá framkvæmda- og veitusviði rafrænt. Ásamt því að tilkynna um bilanir o.s.frv.

Eins og þetta er í dag hjá sveitarfélaginu verður nánast að sækja um alla þjónustu á þar til gerðum eyðublöðum og handskrifa umsóknir. Sem dæmi má nefna að umsóknum til Selfossveitna um heimtaugar er skilað skriflega til þjónustufulltrúa. Ekki er boðið upp á að það sé gert rafrænt. Þegar komið er með umsókn skannar þjónustufulltrúinn hana inn og sendir á viðkomandi starfsmenn þ.m.t. í Ráðhúsinu. Að sögn þjónustufulltrúans er umsóknin send samtals á sjö starfsmenn hjá sveitarfélaginu.

Mikil vinnuhagræðing fengist með því að þetta sé gert rafrænt og jafnframt aukin þjónusta þar sem umsækjandi getur sótt um rafrænt t.d. heima hjá sér í stað þess að þurfa að fylla út eyðublað skriflega og skila því síðan inn. Mikil fyrirhöfn fyrir þjónustuþega eins og þetta er núna.

93. SORPÍLÁT

Lagt er til að skoðað verði að Gámafélagið, sem annast sorplosun, afgreiði sorpílát til þjónustuþega. Í stað þess eins og þetta er núna að bæði Gámafélagið og þjónustumiðstöð afhenda sorpílát.

Fyrirkomulagið er þannig að þjónustufulltrúi tekur við umsóknum vegna sorptunna. Pantanir eru hringdar inn (símleidis). Þegar pantað er sorpílát sendir þjónustufulltrúi tölvupóst á Gámafélagið og þjónustumiðstöð. Þjónustumiðstöð afgreiðir blátunnu en Gámafélagið hina.

Gámafélagið sér um að losa báðar tunnur en samt fer þjónustumiðstöðin með blátunnu og gámafélagið hina. Jafnframt er lögð áhersla á að sótt verði um sorpílát rafrænt en ekki símleidis eins og nú er.

94. LOSUN Á SORPI HJÁ STOFNUNUM SVEITARFÉLAGSINS

Lagt er til að fram fari nákvæm úttekt á því hvort sorpílát sem eru við stofnanir sveitarfélagsins eru af réttri stærð og losun þeirra sé í samræmi við þörf.

Verktaka er greitt fyrir losun samkvæmt stærð tunna/gáma og einnig hversu oft losað er. Með því að vera með of stór ílát eða losanir of oft er að falla til óþarfa kostnaður. Hér er lagt til að þetta verði skoðað með það að markmiði að ná niður kostnaði.

95. MÆLADEILD

Lagt er til að skoðað verði að endurskoða verkefni mæladeildar þannig að þar verði eitt stöðugildi.

Það er mat skýrsluhöfundar eftir samtöl við starfsmenn að ástæða sé til að þetta verði skoðað. Eitt af verkefnum starfsmanna mæladeildar er að fara með póst á milli framkvæmda- og veitusviðs og Ráðhússins. Þetta er gert einu sinni á dag. Því er velt hér upp hvort ekki færi betur á því að t.d. starfsmaður í þjónustumiðstöð sinni þessu verkefni.

Einnig má benda á hvort ekki væri mögulegt a.m.k. í sumum tilfella að þeir starfsmenn sem tengja lagnir inn í hús vegna heits vatns setji jafnframt upp mæla á tengigrind sé það mögulegt. Í þeim tilfella þar sem það væri ekki hægt sæi starfsmaður á mæladeild um verkið. Eins og þetta er núna sjá starfsmenn mæladeildar alfarið um þennan þátt. Hér eru nefnd tvö dæmi sem mætti skoða í þessu samhengi.

Tillaga þessi verði skoðuð samhliða breytingum sem fyrirsjáanlegar eru í starfsmannamálum hjá mæladeildinni á næstu misserum.

96. VIÐHALDSKERFI FYRIR VEITUR

Lagt er til að því verði hraðað svo sem kostur er að innleiða nýtt viðhaldskerfi fyrir veitur.

Stefnt er að því að innleiða viðhaldskerfi fyrir veiturnar. Um er að ræða nýtt kerfi sem tekur við af gömlu og úreltu kerfi sem heitir Arfinn. Það kerfi hefur ekki verið uppfært í áratug eða svo og hentar því engan veginn í nútímaveitu.

Lögð er áhersla á mikilvægi þess að innleiðingu nýs kerfis verði hraðað svo sem kostur er.

97. SAMSTARF BYGGINGARFULLTRÚA OG VEITNA

Lagt er til að tekið verði upp meira samstarf á milli byggingarfulltrúa og veitna en verið hefur og þá sérstaklega varðandi nýframkvæmdir.

Í samtölum skýrsluhöfundar við byggingarfulltrúa og forsvarsmenn veitna kom fram að með frekara samstarfi og samtali væri hægt að ná fram meiri vinnuhagræðingu en nú er. Hér er lagt til að þessir aðilar eigi t.d. með sér reglulega fundi þar sem farið er yfir hinn ýmsu verk til að ná fram vinnuhagræðingu.

Þegar beiðni kemur um heimtaug, fyrir heitt og kalt vatn, fylgja engar teikningar varðandi lagnir inn í viðkomandi hús að sögn verkstjóra. Starfsmenn Selfossveitna fara í viðkomandi hús og skoða hvar heimtaugar eiga að liggja inn í húsið. Þegar það liggur fyrir rissa þeir lögnina upp og grafa eftir rissblaðinu. Starfsmaður á skrifstofu, verkefnastjóri, teiknar síðan inn á grunn í autocat skv. rissblaðinu til að setja inn í gagnagrunn hjá Selfossveitum.

Varðandi þetta atriði kom fram í samtali við byggingarfulltrúa að hægt væri að ná fram vinnuhagræðingu með meiri samvinnu á milli byggingarfulltrúa og veitna, t.d. væru teikningar til staðar hjá byggingarfulltrúa að hluta til a.m.k.

98. BAKVAKTAGREIÐSLUR Í ÚTKÖLLUM HJÁ SELFOSSEITUM

Lagt er til að skoðað verði hvort rétt sé að starfsmaður sem er á bakvakt og fær greitt fyrir útkallsvinnu fá einnig greitt fyrir bakvaktina fyrir þann tíma sem greitt er fyrir útkallið.

Samkvæmt upplýsingum frá deildarstjóra veitna eru bakvaktatímar ekki dregnir frá þegar starfsmenn fá greitt fyrir útkall þegar þeir eru á bakvakt. Í þeim tilfellum fá starfsmenn bæði greitt fyrir bakvakt og útkall.

Hér er lagt til að þetta verði endurskoðað.

99. UMSJÓNARMAÐUR FASTEIGNA

Lagt er til að umsjónarmaður fasteigna hafi yfirumsjón með öllum fasteignum sveitarfélagsins, þ.m.t. leiguíbúðum og öllu húsnæðinu að Grænumörk 1, 3 og 5 o.s.frv. Hann í samstarfi við sviðsstjóra taki ákvarðanir um viðhald út frá fjárheimildum í fjárhagsáætlun á hverjum tíma og geri tillögur varðandi viðhald við fjárhagsáætlunargerð.

Hér er lagt til að einn aðili á vegum sveitarfélagsins hafi yfirumsjón með öllum fasteignum sveitarfélagsins. Eins og þetta er núna koma nokkrir aðilar að viðhaldsmálum varðandi leiguíbúðir o.fl.

Það er mat skýrsluhöfundar að með því að einn aðili sjái um þessi mál hjá sveitarfélaginu muni fást betri yfirsýn og hagræðing í viðhaldi á fasteignum sveitarfélagsins.

Tilkynningar um viðhald eða lagfæringar á leiguíbúðum berist beint til umsjónarmanns fasteigna. Hægt verði að tilkynna bilanir og óskir leigjenda um viðhald rafrænt.

100. UMSJÓN MEÐ VIÐHALDI Á LEIGUÍBÚÐUM

Lagt er til að skoðað verði að hætt verði að láta verktaka stýra viðhaldsframkvæmdum leiguíbúða.

Eins og þetta er núna annast verktaki umsjón með viðhaldi á leiguíbúðum. Hann kallar til aðra iðnaðarmenn o.s.frv. Hér er lagt til að þessu verði hætt og umsjónarmaður fasteigna annist þetta alfarið.

101. SMÍÐIR Í VIÐHALDSVERKEFNUM

Lagt er til að smíðir í viðhaldsverkefnum verði tveir. Þeir vinni náíð með umsjónarmanni fasteigna og skoðað verði hvort þeir heyri beint undir hann.

Hér er lagt til að smíðir vegna viðhaldsverkefna verði tveir en ekki þrír eins og nú er. Vinna þeirra verði skipulögð betur en verið hefur og í verkum sem þarf einn mann verði þeir ekki tveir.

Smíðirnir annist jafnframt viðhald á leiguíbúðum og skoðað verði hvort annar þeirra hafi meira með leiguíbúðir að gera. Jafnframt taki húsumsjónarmenn í skólum að sér að framkvæma meira af verkefnum í skólunum.

Skoðað verði hvort til greina komi að smíðirnir heyri beint undir umsjónarmann fasteigna eða þeir megi taka við fyrirmælum frá honum beint. Umsjónarmaður fasteigna fari yfir vinnuskýrslur vegna viðhaldsverkefna og samþykki.

Tillaga þessi er sett fram m.a. vegna eftirfarandi sem fram kom í samtali við umsjónarmann fasteigna: Fram kom að það gæti verið nokkuð kostnaðarsamt að fá smíði þjónustumiðstöðvar að verkum þar sem þeir m.a. væru oft tveir og þrír saman, bæði í litlum og stórum verkum. Að kalla til verktaka í svipuð verk væri oft ódýrara, færri menn og færri klukkustundir. Umsjónarmaður fasteigna vill þó taka fram að smíðir þjónustumiðstöðvar bregðast iðulega skjótt við beiðnum og skila af sér vönduðum vinnubrögðum.

Umsjónarmaður fasteigna fær ekki tímaskýrslur smíða til yfirferðar. Heldur fær hann einungis reikning vegna verka sem unnin eru.

102. BÓKUN VIÐHALDS

Lagt er til að reglur verði gerðar skýrari varðandi gjaldfærslu á viðhaldi, þ.e. hvaða viðhaldskostnaður er eignasjóðs og hvaða viðhaldskostnaður er kostnaður viðkomandi stofnunar.

Í samtölum við forstöðumenn kom fram að það væri oft ekki skýrt hvað væri viðhaldskostnaður sem gjaldfærest ætti á viðkomandi stofnun og hvaða viðhaldskostnaður væri eignasjóðs.

M.a. kom eftirfarandi fram í samtali við fræðslustjóra:

Að mati fræðslustjóra er ekki nógu skýrt hvernig útgjöld eiga að skiptast milli eignadeildar og viðkomandi skóla. Þetta snýr m.a. að viðhaldi á húsnæði, búnaði og samningum sem gerðir hafa verið milli eignasjóðs og fræðslusviðs. Stjórnendur eru allt of oft í óvissu um það hvað heyrir undir eignasjóð/fasteignafélag og hvað heyrir undir sjálfan reksturinn. Fræðslustjóri telur að skólarnir séu jafnvel stundum að gjaldfæra rangt. Þetta kallar á frekari skoðun og endurskoðun á samningum sem margir hverjir eru orðnir gamlir.

103. TILFALLANDI VERKEFNI Í VERKTÖKU

Lagt er til að reglulega, t.d. í upphafi hvers árs, fari fram útboð þar sem óskað verði eftir tilboðum frá verktökum í tímagjald vegna uppáfallandi verkefna hjá sveitarfélaginu.

Hér er lagt til að reglulega verði framkvæmt útboð þar sem verktakar geri tilboð í tímagjald vegna ýmissa viðhaldsverkefna. Viðhaldsverkefni önnur en vegna leiguíbúða hafa verið fyrir um 100 milljónir króna á ári síðustu ár.

104. MAIN MANAGER, FASTEIGNASTJÓRNUNARKERFI

Lagt er til að umsjónarmaður fasteigna fái sem fyrst MainManager, fasteignastjórnunarkerfi, eða sambærilegt kerfi.

Eins og staðan er núna hefur umsjónarmaður fasteigna ekki aðgang að rafrænum stjórnækjum varðandi utan um hald á fasteignum. Að mati hans, fengi hann t.d. „MainManager“ til að halda utan um rekstur, viðhald og þróun eigna sveitarfélagsins, gæti hann annast viðhald á öllum fasteignum sveitarfélagsins, þ.m.t. vegna leiguíbúða. Þá gæti hann m.a. ráðað framkvæmdum upp og gert tillögur um hvað eigi að gera o.s.frv.

Með vísan til þessa er tillagan sett fram.

105. VIÐHALDSSAGA FASTEIGNA

Lagt er til að haldið verði utan um viðhaldssögu fasteigna.

Í utan um haldi um viðhald fasteigna er mikilvægt að hægt sé að rekja hvað hefur verið gert og hvenær m.a. til að leita orsaka fyrir bilunum og jafnvel til að koma í veg fyrir að ekki sé verið að ráðast í sömu framkvæmd aftur og aftur vegna tiltekinna bilanna, sem koma upp á löngum tíma og þá ef til vill ekki af sömu ástæðu.

106. GJALDSKRÁ Á GÁMASVÆÐI

Lagt er til að skoðað verði að einfalda gjaldskrá fyrir gámasvæðið.

Í viðræðum við deildastjóra umhverfis og framkvæmda kom fram að flókið gæti verið fyrir starfsmenn á gámasvæðinu að fylgja eftir gjaldskrá. Skv. gjaldskrá fyrir losun á sorpi á Gámasvæði Árborgar eru 11 mismunandi gjaldflokkar auk 8 flokka sem eru gjaldfrjálsir.

Á gámasvæðinu er vigt en yfirleitt er fólk ekki með eina tegund af úrgangi. Þannig að starfsmaðurinn þarf að ákveða hvernig hann skiptir þessu og við hvað tegund úrgangs er miðað þegar vigtað er o.s.frv.

Með vísan til framanritað er hér lagt til að gjaldskráin verði einfölduð.

107. GÁMASVÆÐIÐ

Lagt er til að skoðað verði að bjóða út rekstur gámasvæðisins.

Hér er um verkefni að ræða sem fellur ekki alveg að verkefnum þjónustumiðstöðvar og opnunartími er um helgar. Losun á svæðinu er framkvæmd af verktaða.

Mikil vinna hjá deildarstjóra og verkstjóra þjónustumiðstöðvar fer í að stýra gámasvæðinu og svara ábendingum og kvörtunum sem berast vegna svæðisins.

Með hliðsjón af þessu er hér lagt til að skoðað verði með að bjóða reksturinn út.

108. LOSUN RUSLADALLA

Lagt er til að regluleg losun rusladalla fari fram á dagvinnutíma. Kannað verði hvort hægt sé að koma því við að einn starfsmaður annist losun að jafnaði og það verði gert oftar en gert hefur verið, a.m.k. á þeim stöðum þar sem álagið er mest. Kannað verði hvort til greina komi að vera með hentugra tæki við losunina en verið hefur.

Það er eðlilegt að verkefni eins og losun á rusladöllum fari fram á reglulegum vinnutíma.



Einnig að skoðað verði hvort hægt sé að koma því við að einn starfsmaður sinni þessu verkefni að jafnaði og þá jafnvel með hentugri faratæki en nú er notast við. Athugað verði hvort réttlætjanlegt sé að fjárfesta í slíku tæki og þá með hliðsjón af frekari notkun þess í önnur verk.

Jafnframt verði kannað hvort með þessari vinnuhagræðingu verði mögulegt að losa rusladalla oftar þar sem álagið er mest. Vinnutími starfsmanna verði endurskipulagður með þessari breytingu í huga þar sem það á við.

109. REGLULEGIR FUNDIR

Lagt er til að yfirmenn framkvæmda- og veitubjónustu sem tengjast útiverkum haldi reglulega fundi einu sinni í viku þar sem farið er yfir verk liðinnar viku og þau verk sem framundan eru. Á þessum fundum eru verkefnin framundan skipulögð og haft samráð.

Mikilvægt er að yfirmenn sem koma að verklegum framkvæmdum hafi sem mest samráð og skipuleggi saman þau verk sem unnið er að hverju sinni. Með því ætti að fást markvissara vinnufyrirkomulag og aðilar yrðu betur upplýstir um hvað hefur verið gert og hvað er framundan.

Þessir fundir gætu t.d. farið fram á föstudögum með áherslu á verkefni næstu viku o.s.frv.

110. VERKNÚMER

Lagt er til að verknúmer verði gerð einfaldari en nú er og þau verði aðgengileg rafrænt.

Fram kom í samtali við starfsmann þjónustumiðstöðvar að verknúmeralisti væri langur og flókinn. Eldri og ónotuðum verknúmerum er ekki eytt af listanum þó löngu sé hætt að nota viðkomandi verknúmer. Verknúmerin eru ekki aðgengileg rafrænt heldur þarf að leita að þeim á listum.

Með vísan til þessa er tillagan sett fram.

111. UPPLÝSINGAR UM FJÁRHAGSSTÖÐU FRAMKVÆMDA

Lagt er til að séð verði til þess að hægt sé að kalla fram upplýsingar um fjárhagsstöðu allra verka úr bókahaldi sveitarfélagsins á hverjum tíma.

Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmda- og veitustjóra eru upplýsingar um fjárhagsstöðu einstakra nýframkvæmda ekki aðgengilegar í því viðmóti sem framkvæmda- og veitusvið hefur að bókhaldi sveitarfélagsins. Til að fá slíkar upplýsingar þarf að óska sérstaklega eftir því hjá fjármálasviði. Rekstrarverkefni eru ekki í öllum tilvikum aðskilin í bókhaldi með verknúmerum en eru skilgreind niður á málaflokka, deildir og bókhaldslykil.

Með vísan til þessa er tillagan sett fram og lögð áhersla á að þessu verði hrint í framkvæmd strax. Erfitt getur verði að fylgja eftir fjárheimildum ef upplýsingar um stöðu verka liggja ekki fyrir á hverjum tíma.

112. VINNA ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR Á STOKKSEYRI OG EYRARBAKKA

Lagt er til að leitað verði eftir samkomulagi við starfsmenn þjónustumiðstöðvar varðandi breytt fyrirkomulag vegna kaffi- og matarhlés þegar unnið er á Stokkseyri og Eyrarbakka.

Þegar starfsmenn þjónustumiðstöðvar eru að vinna á Stokkseyri og/eða Eyrarbakka koma þeir í þjónustumiðstöðina á Selfossi í kaffi og mat. Vegna þess er mikið um keyrslu og langur tími sem fer í það. Sem dæmi má nefna að þá er farið af stað úr þjónustumiðstöð um kl. 8:00 og komið að verki á Stokkseyri eða Eyrarbakka um kl. 8:30.

Síðan er farið af stað í kaffi kl. 9:15 og komið úr kaffi um kl. 10:15. Unnið til um kl. 11:45 en þá er farið í mat inn á Selfoss og komið aftur að verki um kl. 12:50.

Hér er lagt til að skoðað verði hvort ekki sé mögulegt að leysa þetta á annan hátt en þann að starfsmenn fari fram og til baka á Selfoss í mat og kaffi. Kæmi t.d. til greina að þeir fengju kaffi og mat í grunnskólanum og/eða leikskólanum á hvorum stað?

113. AÐGANGUR AÐ FRAMKVÆMDA- OG VEITUÞJÓNUSTU OG SKIPULAGS OG BYGGINGARFULLTRÚA

Lagt er til að skoðað verði að í afgreiðslu á framkvæmda- og veitubjónustu og skipulags- og byggingarfulltrúa verði einn starfsmaður. Jafnframt að hlið að útsvæði þjónustumiðstöðvar verði með læsingum til að takmarka aðgang að svæðinu og skrifstofu á lokunartíma hennar.

Með hliðsjón af þeim breytingum á vinnufyrirkomulagi o.fl. sem lagt er til í þessari skýrslu er lagt til að skoðað verði hvort ekki nægi að vera með einn starfsmann í afgreiðslu á framkvæmda- og veitubjónustu.

Útsvæði við þjónustumiðstöð er afgirt en hliðið alltaf opið frá kl. 8:00 og allan daginn. Telja verður eðlilegt að aðgangur að geymslusvæði þjónustumiðstöðvar sé takmarkaður. Einnig hefur verið aðgangur í gegnum geymslusvæði inn á skrifstofu framkvæmda- og veitubjónustu eftir lokun kl. 15:00, sem hefur skapað óþægindi fyrir starfsmenn.

114. FJÖLDI STÖÐUGILDA Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ

Lagt er til að skoðað verði í náinni framtíð hvort til greina komi að fækka stöðugildum við þjónustumiðstöð sveitarfélagsins.

Í samanburði við önnur fjölmenn sveitarfélög vakna spurningar um hvort fækka megi stöðugildum í þjónustumiðstöð sveitarfélagsins í náinni framtíð, t.d. að þau verði 12. Þetta verði t.d. skoðað láti starfsmaður þar af störfum eða fari í annað starf á vegum sveitarfélagsins.

Af fjölmennari sveitarfélögunum sker Sveitarfélagið Árborg ásamt Akureyrarbæ sig nokkuð úr hvað varðar fjölda íbúa á hvert stöðugildi í þjónustumiðstöð. Hjá Sveitarfélaginu Árborg voru 562 íbúar á hvert stöðugildi og hjá Akureyrarbæ 569. Til samanburðar voru íbúarnir á hvert stöðugildi hjá Reykjanesbæ 1.370 , 827 hjá Garðabæ og 1.056 hjá Mosfellsbæ. Sjá töflu 110.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

115. VERKEFNI SEM HEYRÐU UNDIR LANDBÚNAÐARNEFND

Lagt er til að verkefni sem heyrðu áður undir landbúnaðarnefnd og sett voru undir skipulags- og byggingarfulltrúa verði færð frá skipulags- og byggingarfulltrúa yfir á framkvæmda- og veitubjónustu.

Öll verkefni landbúnaðarnefndar voru sett undir skipulags- og byggingarfulltrúa og landbúnaðarnefnd lögð niður. Það helsta sem landbúnaðarnefnd sá um var úthlutun á beitarlandi og ræktarlandi ásamt því að sjá um viðhald áveituskurða og samskipti við stjórn Flóaáveitu um viðhald hennar. Einnig var hlutverk nefndarinnar að hafa samskipti við bændur og búalið um hverskyns skepnuhald og halda utan um fjallskil

ásamt því að framfylgja samþykkt um búfjárhald í Sveitarfélaginu Árborg. Öll þessi verkefni landbúnaðarnefndar hafa verið sett undir skipulags- og byggingarnefnd.

Hér er um verkefni að ræða sem að mati skýrsluhöfundar eiga mun meiri samleið með verkefnum framkvæmda- og veituþjónustu en verkefnum skipulags- og byggingarfulltrúa.

Verkefnin gætu heyrt undir umhverfis- og framkvæmdadeild.

116. SKIL Á GÖGNUM TIL SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚA

Lagt er til að umsækjendum um byggingarleyfi o.s.frv. verði gert að skila inn öllum teiknum og öðrum gögnum til skipulags- og byggingarfulltrúa rafrænt. Jafnframt að allar umsóknir verði rafrænar.

Hluti af teikningum, sem skilað er til skipulags- og byggingarfulltrúa, er skilað á pappír sem síðan þarf að skanna. Hér er lagt til að öllum teikningum og gögnum vegna byggingaleyfisumsókna o.þ.h. verði skilað inn rafrænt. Á sama hátt verði hægt að sækja um hin ýmsu leyfi rafrænt.

117. SKIPULAGS- OG BYGGINGARFULLTRÚI

Lagt er til að starfi skipulags- og byggingarfulltrúa verði skipt í skipulagsfulltrúa annars vegar og byggingarfulltrúa hins vegar. Þeir vinni síðan náið saman.

Hér er lagt til að starfi skipulags- og byggingarfulltrúa verði skipt í starf skipulagsfulltrúa annars vegar og byggingarfulltrúa hins vegar. Eins og komið hefur fram í skýrslunni hafa skipulags- og byggingarfulltrúi og aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa skipt með sér verkum þannig að annar hefur meira sinnt skipulagsmálum en hinn byggingarmálum.

Tillagan miðast við að raungera þessa skiptingu eins og hún er í framkvæmd.

Tölvudeild

118. GAGNAVER

Lagt er til að skoðað verði hvort til greina komi að útvista gagnveri sveitarfélagsins.

Það er mat skýrsluhöfundar að rétt sé að skoða útvistun geymslu gagna. Í boði eru á markaðnum fyrirtæki sem sérhæfa sig í geymslu gagna. Það færist í vöxt að bæði fyrirtæki og opinberir aðilar velja þann kost frekar en að gera þetta sjálf. Með hliðsjón af því er þetta hér lagt til. Með þessu fyrirkomulagi væri að einhverju leyti létt á því mikla álagi sem er á starfsmönnum deildarinnar.

119. LJÓSLEIÐARI

Lagt er til að skoðað verði hvort mögulegt sé að selja ljósleiðara sem Selfossveitur eiga og sveitarfélagið rekur.

Hér er lagt til að sveitarfélagið skoði með að selja ljósleiðara sem Selfossveitur eiga og sveitarfélagið rekur. Skoðað verði m.a. hvort kostnaður, sem sveitarfélagið greiðir í dag

vegna tengingar almennt við ljósleiðara aukist við þetta, hvaða áhrif það muni hafa á tengingar á milli stofnana o.s.frv.

120. LJÓSRITUNARVÉLAR OG PRENTARAR

Lagt er til að skoðað verði að fækka ljósritunarvélum og prenturum samhliða því að unnið verði markvisst að því að draga úr pappírnotkun hjá sveitarfélaginu. Kannað verði jafnframt hvort til greina komi að leigja þessi tæki að undangengnu útboði.

Hér er lagt til að ljósritunarvélum og prenturum verði fækkað samhliða því að dregið verði úr notkun á pappír hjá sveitarfélaginu. Mörkuð verði stefna um það að starfsmenn hafi almennt ekki sérstakan prentara og t.d. á hverri hæð í Ráðhúsinu verði ein eða í mesta lagi tvær ljósritunarvélar sem geta einnig prentað.

Jafnframt verði kannað hvort ódýrara sé að leigja þennan búnað og greiða þannig gjald fyrir hvert blað sem er prentað út eða ljósritað. Reynsla af því fyrirkomulagi hefur reynst vel þar sem það hefur verið gert og mat viðkomandi sveitarfélags að því hafi fylgt mikil hagræðing og sparnaður.

Hér er lagt til að þetta verði skoðað.

B-hluta stofnanir

121. VIÐHALD Á FÉLAGSLEGUM LEIGUÍBÚÐUM

Lagt er til að framkvæmd við viðhald á félagslegu leiguhúsnæði verði tekið til endurskoðunar með það að markmiði að ná niður kostnaði. Verði það liður í því að gera reksturinn sjálfbæran.

Árið 2017 var viðhaldskostnaður á félagslegum leiguíbúðum sem hlutfall af leigutekjum 46%. Erfitt er að sjá hvernig hægt er að halda úti slíkum rekstri þar sem einungis 54% standa eftir til að mæta öðrum rekstrarkostnaði, fjármagnsgjöldum og afborgun lána.

Setja þarf ákveðnar umgengisreglur um félagslegt leiguhúsnæði þar sem m.a. er gert ráð fyrir að slæm umgengni geti leitt til uppsagnar á leigu.

Það er mat skýrsluhöfundar að það eigi ekki að vera sjálfsgefið að félagslegar leiguíbúðir kalli á frekari viðhald á húsnæði en almennt gerist. Þetta eins og annað í fasteignarekstri er spurning um aga og skipulag.

122. HÚSALEIGA

Lagt er til að húsaleiga á fermetra á leiguíbúðum verði endurskoðuð. Í stað þess að miða við hlutfall af fasteignamati verði fast verð á hvern fermetra. Við þessa endurskoðun verði sjálfbærni félagsins höfð til hliðsjónar.

Hér er lagt til með tilliti til þess hversu mikill verðmunur er á leiguverði á leiguíbúðum hjá sveitarfélaginu verði miðað við fast verð á fermetra í stað hlutfalls af fasteignamati.

Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélaginu er leiguverð á almennum félagslegum íbúðum hjá sveitarfélaginu miðað við janúar 2019 frá því að vera 1.017 krónur á hvern fermetra í að vera 1.696 krónur.

Leiguverðið og viðhaldið, sbr. tillaga 121 hér að framan, taki mið af því að félagið verði gert sjálfbært.

123. SANDVÍKURSETUR EHF.

Lagt er til að skoðað verði hvort mögulegt sé að hækka leiguverðið hjá félaginu til að draga úr því fjármagni sem sveitarfélagið þarf að leggja félaginu til.

Félagið skuldaði sveitarfélaginu 445 milljónir króna í árslok 2017. Á milli árunna 2016 og 2017 jukust skuldir félagsins við Sveitarfélagið Árborg um 37.272 þúsundir króna.

Með vísan til þessa er tillagan sett fram.

124. SELFOSSEITUR BS.

Lagt er til að skoðað verði að Selfossveitur bs. geri upp skuld við Sveitarfélagið Árborg.

Með hliðsjón af því að félagið skuldar aðalsjóði 396 milljónir króna í árslok 2017 er hér lagt til að skuldin verði gerð upp.

Stjórnsýslan

125. FJÖGUR SVIÐ

Lagt er til að stjórnsýsla sveitarfélagsins verði samsett af fjórum sviðum, stjórnsýsluþjónustu, fjármálaþjónustu, fjölskylduþjónustu og veitu- og framkvæmdaþjónustu. Mannauðsstjóri heyrir beint undir bæjarstjóra.



Hér er lagt til að stjórnsýslan verði samsett af fjórum sviðum. Til verði nýtt svið, stjórnsýsluþjónusta. Þrjú svið, þ.e. menningar- og frístundasvið, fræðslusvið og félagsþjónusta verði sameinuð í eitt svið, fjölskylduþjónustu.

Með því að sameina verkefni félagsþjónustu og fræðslumála er lögð áhersla á mikilvægi þess að þeir starfsmenn, sem koma að málefnum fjölskyldna vinni náið saman. Er þetta í samræmi við þá þróun sem hefur átt sér stað á undanförunum árum um mikilvægi þess að starfsmenn sem sinna þessum málum vinni náið saman og viðurkenning á mikilvægi þess.

Erfitt er að sjá fram á að markmiðið með snemmtækri íhlutun nemenda leik- og grunnskóla nást fram að ganga nema þeir, sem koma að þeim málum, vinni allir náið saman. Með því sameina þessa starfskrafta undir einni yfirstjórn má gera ráð fyrir að auðveldara verði að ná miklum árangri í þessum málum.

Mikil tengsl eru á milli mála sem hafa verið annars vegar hjá félagsþjónustu og hins vegar hjá fræðslusviði en síðan lítið eða ekkert samráð eða samvinna um einstök mál þarna á milli.

Flest af því sem menningar- og frístundasvið hefur verið að fást við tengist beint félagsþjónustu og fræðslumálum. Má þar nefna frístundir fatlaðra og nemenda, forvarnir, íþróttamál og -mannvirki o.s.frv.

Það er mat skýrsluhöfundar að með því að sameina þessi þrjú svið fáið enn meira samráð, samvinna og yfirsýn yfir öll þessi mál.


Lögð er áhersla á að starfsmenn sviðsins vinni náið saman og séu allir á sömu hæð í Ráðhúsinu.

Síðan eru fjármálaþjónusta og veitu- og framkvæmdaþjónusta. Sjá tillögu að skipuriti fyrir stjórnsýslu Sveitarfélagsins Árborgar á fylgiskjali 1.

Lagt er til að sviðin verði nefnd „þjónusta“ í lok hvers heitis í staðinn fyrir „svið.“

126. STJÓRNSÝSLUÞJÓNUSTA

Lagt er til að stjórnsýsluþjónusta skiptist í fjórar deildir, almenn skrifstofa, upplýsingamál, tölvudeild og lögfræðimál. Yfirmaður sviðsins verði sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.



Hér er lagt til að stjórnsýsluþjónusta skiptist í fjórar deildir og yfirmaður sviðsins beri heitið sviðsstjóri stjórnsýsluþjónustu, sjá fylgiskjal 2.

Stjórnsýsluþjónusta annast almenna stjórnsýslu sveitarfélagsins, skjalavörslu, lögfræðileg verkefni og málarekstur,

stafræna þróun, upplýsingatækni og tölvumál, kynningar- og markaðsmál og atvinnumál. Veitir þjónustu og upplýsingagjöf til bæjarbúa, fyrirtækja, bæjarfulltrúa og starfsmanna. Skrifstofan tryggir upplýsingaflæði um málefni bæjarins til viðeigandi aðila og er vettvangur til að koma skoðunum og hugmyndum á framfæri. Sviðið annast lögfræðilegan málarekstur. Á sviðinu er veitt innri þjónusta á sviði skjalavistunar og lögfræði.

127. UPPLÝSINGAMÁL

Lagt er til að upplýsingamál sveitarfélagsins verði efld m.a. með öflugri vefsíðu. Atvinnu- og viðburðarfulltrúi færir yfir á stjórnsýsluþjónustu og beri starfsheitið upplýsingafulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.

Hér er lagt til að upplýsingagjöf hjá sveitarfélaginu verði efld m.a. með því að efla vefsíðu sveitarfélagsins. Jafnframt að atvinnu- og viðburðarfulltrúi færir yfir á stjórnsýsluþjónustu og hafi m.a. yfirumsjón með vefsíðunni og beri starfsheitið upplýsingafulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.

128. ÞJÓNUSTUVER

Lagt er til að þjónustuverið verði efld þannig að þar fái þjónustubegar fyrstu svör og viðbrögð hjá sveitarfélaginu. Starfsmenn þjónustuversins fái reglulega starfsþjálfun þar sem þeir verði m.a. þjálfaðir til þess að geta svarað hinum ýmsu fyrirspurnum. Yfir verinu verði deildarstjóri og stöðugildi þar aukið.

Í samtölum við forstöðumenn kom ítrekað fram að mikið ónæði væri vegna fyrirspurna sem beint væri til þeirra og hægt væri að svara hjá þjónustuveri. Hér er lagt til að þekking starfsmanna þjónustuversins verði efld þannig að þeir geti svarað sem flestum

fyrirspurnum. Jafnframt að þeir fái þjálfun á hin ýmsu kerfi sem unnið er með til að geta leitað svara við fyrirspurnum. T.d. má nefna að starfsmenn þjónustuvers geti svarað fyrirspurnum varðandi stöðu fasteignagjalda o.s.frv.

Lagt er til að einn starfsmaður versins verði deildarstjóri.

Með hliðsjón af auknu álag er hér lagt til að starfsmaður, sem nú gegnir starfi ritara og hefur umsjón með heimasíðu jafnframt því að hafa starfað í þjónustuverinu, færist alfarið í þjónustuverið.


129. STAÐSETNING ÞJÓNUSTUVERS

Lagt er til að skoðað verði með að flytja þjónustuverið niður á fyrstu hæð í Ráðhúsinu og þjónustuverið deili hæðinni að hluta með bókasafninu.

Hér er lagt til að skoðað verði að þjónustuverið deili að hluta fyrstu hæð í Ráðhúsinu með bókasafninu. Með því væri gengið beint af Austurvegi að þjónustuverinu til aukinna þæginda fyrir viðskiptavinum sveitarfélagsins. Jafnframt fengist aukið rými á annarri hæð Ráðhússins fyrir aðra starfsemi.

130. FJÖLSKYLDUÞJÓNUSTA

Lagt er til að málefni fjölskylduþjónustu heyri undir fjóra verkefnastjóra (deildarstjóra), verkefnastjóra í málefnum fatlaðra, aldraðra og flóttamanna, verkefnastjóra félagslegrar ráðgjafar, verkefnastjóra í sérfræðiþjónustu grunn- og leikskóla og íþróttar- og frístundafulltrúa. Síðan heyra skólastjórar grunnskóla og leikskólastjórar beint undir sviðsstjóra fjölskylduþjónustu.



Hér er lagt til að verkefnastjórar (deildarstjórar) á fjölskylduþjónustu verði fjórir, sjá fylgiskjal 4 til 7.

Fjölskylduþjónusta samanstandi af fjórum meginstöðum, félagsmála-þjónustu, fræðsluþjónustu og íþróttar-, menningar- og frístundaþjónustu. Fjölskylduþjónusta veiti heildstæða og samþætta þjónustu þar sem þarfir íbúanna eru hafðar að leiðarljósi.

131. HÚSNÆÐI RÁÐHÚSSINS

Lagt er til að skoðað verði að endurskipuleggja fyrirkomulag í Ráðhúsinu með hliðsjón af framangreindum tillögum og Ráðhúsið verði sem mest í opnu rými.

Með vísan til þeirra tillagna sem hér hafa verið lagðar fram er lagt til að fyrirkomulag á húsnæði Ráðhússins verði endurskoðað. Æskilegt er að fá arkitekt að verkinu. Jafnframt er lagt til að skoðað verði að húsnæði Ráðhússins verði sem mest í opnu rými. Í þessu sambandi bendir skýrsluhöfundur á nýtt húsnæði höfuðstöðva Íslandsbanka sem er að mestu leyti í opnu rými og húsnæði fjármálaráðuneytisins sem nýlega hefur allt verið endurskipulagt að mestu í opnu rými með góðri fundaraðstöðu.

Skýrsluhöfundur hefur heimsótt báða þessa staði og var ekki að heyra á starfsmönnum annað en að mikil ánægja væri með þessar breytingar og fyrirkomulag á opnu rými.

Með þessu fæst m.a. enn betri nýting á húsnæðinu.

132. FRAMKVÆMDA- OG VEITUÞJÓNUSTA

Lagt er til að skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi heyri undir framkvæmda- og veitubjónustu. Jafnframt að tjaldsvæði færast undir framkvæmda- og veitubjónustu.

Hér er lagt til að skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi heyri undir sviðsstjóra framkvæmda- og veitubjónustu. Jafnframt að tjaldsvæði heyri undir Framkvæmda- og veitubjónustu. Sjá fylgisjal 8 varðandi skipurit.



Starfsmenn framkvæmda- og veitubjónustu sjá um rekstur eigna Sveitarfélagsins Árborgar og verklegar framkvæmdir ásamt allri umsýslu varðandi fasteignir, götur, veitur og opin svæði. Ábyrgð á nýbyggingum, rekstri og viðhaldi mannvirkja í eigu bæjarins er

líka á hendi sviðsins ásamt áætlanagerð og faglegum undirbúningi verkefna sem á að framkvæma hverju sinni. Umsjón með skipulagsgerð og afgreiðslu skipulagsmála. Skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi hafa umboð til að afgreiða ýmis skipulagsmál, undirbúa önnur skipulagsmál til afgreiðslu skipulags- og bygginganefnd og síðan til bæjarstjórnar ef við á. Þeir gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum mannvirkjalaga ásamt því að annast grenndarkynningu byggingarleyfa á ódeiliskipulögðum svæðum.

Lokaorð

Á undanförunum árum hefur íbúum Sveitarfélagsins Árborgar fjölgað mikið sem kallar á endurskipulagningu á rekstri og þjónustu sveitarfélagsins. Sveitarfélagið Árborg er í áttunda sæti yfir mestu hlutfallslegu fjölgun íbúa hjá sveitarfélögum með fleiri en 1.000 íbúa á milli árunna 2009 og 2018. Á þessu tímabili fjölgaði íbúum sveitarfélagsins um 13,5%. Mest hefur fjölgunin verið síðustu ár. Var 6,2% á milli árunna 2016 og 2017.

Samhliða þessu hefur sveitarfélagið átt í fjárhagsvanda sem einskorðast svo til eingöngu við rekstrarvanda. Skuldir í árslok 2017 voru 132% sem hlutfall af tekjum. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum má hlutfallið vera að hámarki 150% miðað við skuldaviðmið sveitarfélagsins, sem er lægra en skuldahlutfallið. Þannig var skuldahlutfallið innan hámarksins í árslok 2017.

Aftur á móti hefur verið halli á rekstri sveitarfélagsins nokkur undangengin ár, ekki öll, og þá sérstaklega hjá A-hluta. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum eiga sveitarfélög að jafnaði að vera rekin hallalaus.

Þetta hefur leitt m.a. til þess að veltufé frá rekstri, A- og B-hluta, hefur yfir lengra tímabil ekki getað staðið að fullu undir afborgunum lána, sem hefur þá þurft að fjármagna með nýjum lánum og/eða sölu eigna. Þannig hefur reksturinn yfir lengra tímabil engu skilað upp í nýjar fjárfestingar.

Sveitarfélagið stendur nú frammi fyrir miklum fjárfestingum, m.a. vegna mikillar íbúafjölgunar. Þannig má ljóst vera að ekki verður áfram haldið að öllu óbreyttu.

Eftir yfirferð á rekstri sveitarfélagsins er það mat skýrsluhöfundar að möguleikarnir eru margir til að bæta rekstrarafkomuna. Í skýrslunni eru settar fram 132 tillögur, sem svo til allar miðast að því að bæta stjórnýslu, rekstur, þjónustu og starfsumhverfi starfsmanna sveitarfélagsins. Lagðar eru fram fleiri tillögur en færri. Ljóst er að þær þurfa ekki allar að koma til framkvæmda til að ná tilsettu markmiði. Skýrsluhöfundur velur þann kostinn að leggja fram tillögur, þar sem hann telur mögulegt að bregðast við, síðan er það bæjarstjórnar að velja úr.

Engar af tillögum ganga lengra en mörg sveitarfélög hafa verið að framkvæma eða eru að hrinda í framkvæmd. Við gerð tillagnanna hefur verið haft að leiðarljósi að þjónusta sveitarfélagsins skerðist á engan hátt, frekar að þær leiði til betri og aukinnar þjónustu.

Í skýrslu þessari eru lagðar fram ýmsar tillögur til að bæta rekstrarafkomu Sveitarfélagsins Árborgar. Það er mat skýrsluhöfundar að ef farið verður eftir þeim í meginatriðum eigi rekstrarafkoma sveitarfélagsins að batna nokkuð og reksturinn að skila umtalsverðu auknu veltufé frá rekstri.

Frá árinu 2010 til 2017 er Sveitarfélagið Árborg fjórtanda sveitarfélagið þar sem skýrsluhöfundur hefur framkvæmt heildarúttekt á rekstri og fjármálum og gert tillögur með það að markmiði að bæta rekstur, fjárhag og þjónustu viðkomandi sveitarfélags. Um er að ræða 19% af sveitarfélögum á Íslandi.

Við vinnslu þessara verkefna hefur verið lögð rík áhersla á sömu efnistöð og úrvinnslu og áður og ekki hvað síst samstöðu um þær tillögur sem gripið hefur verið til. Það er mat skýrsluhöfundar að sá góði árangur, sem náðst hefur hjá þessum sveitarfélögum, sé ekki hvað síst að þakka þeirri samstöðu sem náðst hefur á milli meiri- og minnihluta í bæjar- og sveitarstjórnunum um þær tillögur sem ráðist hefur verið í. Leggja ber ríka áherslu á þennan mikilvæga þátt til að árangur náist.

Samkvæmt þeim tillögum, sem hér eru settar fram, þarf að grípa til ýmissa aðgerða, sem m.a. munu leiða til breytinga á starfsmannahaldi. Mikilvægt er, þegar grípa þarf til slíkra aðgerða, að samstaða sé innan sveitarstjórnar á milli meirihluta og minnihluta um þær eins og segir hér að framan. Slík samstaða er mikilvæg við framgang verkefnisins og ekki hvað síst fyrir íbúa sveitarfélagsins og starfsmenn.

Hafnarfirði, 28.1.2019,

Haraldur L. Haraldsson,
hagfræðingur

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Stjórnskipurit fyrir Sveitarfélagið Árborg


Fylgiskjal 2: Skipurit fyrir stjórnsýsluþjónustu

Fylgiskjal 3: Skipurit fyrir fjármálaþjónustu


Fylgiskjal 4 til 7: Skipurit fyrir fjölskylduþjónustu

Fylgiskjal 8: Skipurit fyrir framkvæmda- og veituþjónustu

Fylgiskjal 1: Stjórnskipurit fyrir Sveitafélagið Árborg




Fylgiskjal 2: Skipurit fyrir stjórnsýsluþjónustu




Stjórnsýsluþjónusta annast almenna stjórnsýsla sveitarfélagsins, skjalavörslu, lögfræðileg verkefni og málarekstur, stafræn þróun, upplýsingatekni og tölvumál, kynningar- og markaðsmála og atvinnumál. Veitir þjónustu og upplýsingagjöf til bæjarbúa, fyrirtækja, bæjarfulltrúa og starfsmanna. Skrifstofan tryggir upplýsingaflæði um málefni bæjarins til viðeigandi aðila og er vettvangur til að koma skoðunum og hugmyndum á framfæri. Sviðið annast lögfræðilegan málarekstur. Á sviðinu er veitt innri þjónusta á sviði skjalavistunar og lögfræði.

Fylgiskjal 3: Skipurit fyrir fjármálaþjónustu




Fjármálaþjónusta Sveitarfélagsins Árborgar skiptist í fjórar deildir: Fjárreiðudeild sem annast greiðslu og innheimtu reikninga, bókhaldsdeild sem annast bókhald og skráningu reikninga, launadeild sem annast allar launavinnslur og hagdeild sem sér meðal annars um haggreiningu, fjárhagslegt eftirlit með rekstri stofnana, áætlanagerð og innkaupastjórnun. Fjármálaþjónusta hefur umsjón með áætlanagerð fyrir sveitarfélagið í heild sinni og sinnir ráðgjöf og þjónustu til allra eininga innan sveitarfélagsins.

Fylgiskjal 4-7: Skipurit fyrir fjölskylduþjónustu




Fjölskylduþjónustan samanstandi af af þremur stöðum, félagsmálaþjónustu, fræðsluþjónustu og frístundaþjónustu.
Fjölskylduþjónustan veiti heildstæða og samþætta þjónustu þar sem þarfir íbúanna eru hafðar að leiðarljósi.


Fylgiskjal 4-7: Skipurit fyrir fjölskyldubjónustu




Fylgiskjal 4-7: Skipurit fyrir fjölskylduþjónustu



Fylgiskjal 4-7: Skipurit fyrir fjölskylduþjónustu



Fylgiskjal 8: Skipurit fyrir framkvæmda- og veitubjónustu



Starfsmenn framkvæmda- og veitubjónustu sjá um rekstur eigna Sveitarfélagsins Árborgar og verklegar framkvæmdir ásamt allri umsýslu varðandi fasteignir, götur, veitur og opin svæði. Ábyrgð á nýbyggingum, rekstri og viðhaldi mannvirkja í eigu bæjarins er líka á hendi sviðsins ásamt áætlanagerð og faglegum undirbúningi verkefna sem á að framkvæma hverju sinni. Umsjón með skipulagsgerð og afgreiðslu skipulagsmála. Skipulagsfulltrúi og byggingarfulltrúi hafa umboð til að afgreiða ýmis skipulagsmál, undirbúa önnur skipulagsmál til afgreiðslu skipulags- og byggingarráðs og síðan til bæjarsjórnar ef við á. Þeir gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum mannvirkjalaða ásamt því að annast grenndarkynningu byggingarleyfa á ódeiliskipulögðum svæðum.